

# Stjórnartíðindi

## 1942 - A-deild

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

### Athugasemdir um þessa útgáfu

Skrifað inn á bls. II.

Gallar á bls. 15, 34, 61, og 78.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# STJÓRNARTÍÐINDI

FYRIR

# ÍSLAND

ÁRIÐ 1942

---

A-DEILD

---

REYKJAVÍK 1942  
RÍKISPRENTSMÍÐJAN GUTENBERG

*Handwritten signature*

21/3/49

# Efnisyfirlit

við

Stjórnartíðindi fyrir Ísland árið 1942.

A.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
2	2. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð, útg. 2. ágúst 1941, staðfestri 12. ágúst sama árs, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útg. á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa .....	3
1	8. jan.	Bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum .....	1—2
3	17. jan.	Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl. ....	3—4
4	S. d.	Ríkisstjórabréf um breytingu á konungsbréfi 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu .....	4
5	S. d.	Bráðabirgðalög um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík .....	4—5
6	4. febr.	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942	5
7	S. d.	Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 16. febrúar 1942 .....	6
8	S. d.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör .....	6—7
9	28. febr.	Lög um breytingu á lögum nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingarsjóði .....	7—8
11	4. maí	Lög um gærumat .....	9—10
10	15. maí	Lög um notkun vegabréfa innanlands .....	8
12	S. d.	Lög um íþróttakennaraskóla Íslands .....	10—11
13	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum .....	12
14	S. d.	Lög um lækningaráð .....	12—14
15	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu .....	14

## IV

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
16	15. maí	Lög um rafveitur ríkisins .....	15 - 17
17	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör	18
18	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar .....	19
19	16. maí	Ríkisstjóraúrskurður um breyting um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl. ....	20
20	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt .....	20—26
21	S. d.	Lög um stríðsgróðaskatt .....	26—27
22	S. d.	Lög um lendingarbætur á Stokkseyri .....	27—29
23	S. d.	Hafnarlög fyrir Akranes .....	29—32
24	23. maí	Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis .....	33
25	S. d.	Ríkisstjórabréf um alþingiskosningar .....	33
26	S. d.	Ríkisstjórabréf um þingrof .....	33—34
27	27. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis .....	34
28	29. maí	Lög um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum	35 - 37
51	30. maí	Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar	81
29	11. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt .....	37
30	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 .....	38
31	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	38—39
32	S. d.	Lög um váttryggingarfélag fyrir vélbáta .....	39—48
33	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. ....	48—49
34	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitastjórnarkosningar .....	49
35	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu .....	49—50
36	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp .....	50
37	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík .....	50—52
38	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum .....	52—53
39	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla .....	53—54
40	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði .....	54
41	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnáms sjóð .....	55

## V

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
42	30. júní	Lög um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi .....	56
43	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög .....	56—57
44	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum .....	57
45	S. d.	Lög um sérleyfi til þess að veita roforku frá Sogsvíkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar .....	57—58
46	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942 .....	59
47	S. d.	Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands .....	59—78
48	S. d.	Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana ....	78—79
49	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald .....	79—80
50	S. d.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar .....	80
52	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna .....	81
53	4. júlí	Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936 .....	82—87
54	S. d.	Jarðræktarlög .....	87—98
55	S. d.	Lög um framkvæmdasjóð ríkisins .....	98—99
56	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. ....	99—102
57	S. d.	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi .....	103
58	S. d.	Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði ....	103
59	S. d.	Lög um læknavitjanasjóði .....	104—105
60	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar .....	105
61	S. d.	Lög um málflytjendur .....	105—110
62	S. d.	Lög um eftirlit með ungmennum o. fl. ....	110—111
63	S. d.	Lög um veiting ríkisborgararéttar .....	112
64	S. d.	Lög um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum .....	112—113
65	S. d.	Lög um lendingarbætur í Skipavík .....	114—115
66	S. d.	Hafnarlög fyrir Neskaupstað .....	116—118
67	S. d.	Hafnarlög fyrir Patreksfjörð .....	119—121
68	S. d.	Lög um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri .....	122
69	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð .....	122

## VI

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðatal
70	4. júlí	Lög um sölu þjóðjarðarinnar Hólms .....	123
71	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjald-eyrisverzlun o. fl. ....	123
72	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands .....	124—126
73	S. d.	Lög um Brunabótafélag Íslands .....	126—130
74	S. d.	Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglu- firði .....	130
75	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir .....	130—131
76	S. d.	Lög um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands .....	131—132
77	7. júlí	Auglýsing um breyting á aðflutningsgjöldum á vörum, sem eru taldar í 18. gr. laga nr. 62 1939, um toll- skrá o. fl. ....	132
83	17. júlí	Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 4. ágúst 1942 .....	172
84	18. ágúst	Auglýsing um samning um skipti á opinberum ritum milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, er birtist hér í frumriti og þýðingu .....	172—175
78	1. sept.	Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá konungsrikisins Íslands, 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum, nr. 22 24. marz 1934 .....	133
79	S. d.	Lög um dómnefnd í verðlagsmálum .....	134—135
80	7. sept.	Lög um kosningar til Alþingis .....	136—170
81	S. d.	Ríkisstjórabréf um almennar kosningar til Alþingis .	170
85	S. d.	Tilskipun um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld á íslenskum skipum	176
86	9. sept.	Ríkisstjórabréf um þinglausnir og þingrof .....	176
87	15. sept.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis .....	177
88	S. d.	Hafnarlög fyrir Grundarfjörð .....	177—180
89	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt .....	180
90	25. sept.	Lög um lendingarbætur á Skálum .....	181—182
91	S. d.	Lög um raforkusjóð .....	183
92	S. d.	Lög um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs	183—184
93	S. d.	Lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur .....	184
94	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar .....	185
82	29. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941, um viðauka við og breyting á þeim lögum .....	171
95	5. nóv.	Auglýsing um staðfesting ríkisstjóra á reglugerð fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands .....	185—188
96	S. d.	Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942 .....	188

## VII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
97	16. des.	Stjórnarskipunarlög um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942 .....	189
98	S. d.	Ríkisstjóraúrskurður um breyting um stundarsakir á konungsrúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. ....	189—190
99	19. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum .....	190
100	S. d.	Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun	191
101	22. des.	Ríkisstjóraúrskurður um breyting á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsrúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl. ....	191
102	28. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943 ....	192
103	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna .....	192
104	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka .....	193
105	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943 .....	193



# Yfirlit

## eftir stafrófsröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Alþingi, alþingiskosningar.</b>			
7	4. febr.	Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 16. febrúar 1942 .....	6
24	23. maí	Ríkisstjórabréf um frestun á fundum Alþingis .....	33
25	S. d.	Ríkisstjórabréf um alþingiskosningar .....	33
26	S. d.	Ríkisstjórabréf um þingrof .....	33—34
27	27. maí	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis .....	34
83	17. júlí	Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 4. ágúst 1942 .....	172
80	7. sept.	Lög um kosningar til Alþingis .....	136—170
81	S. d.	Ríkisstjórabréf um almennar kosningar til Alþingis .	170
86	9. sept.	Ríkisstjórabréf um þinglausnir og þingrof .....	176
87	15. sept.	Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis .....	177
96	5. nóv.	Ríkisstjórabréf, er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942 .....	188
<b>Alþýðutryggingar.</b>			
50	30. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar .....	80
94	25. sept.	Lög um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar .....	185
<b>Bankamál.</b>			
2	2. jan.	Reglugerð um breyting á reglugerð, útg. 2. ágúst 1941, staðfestri 12. ágúst sama árs, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa .....	3
<b>Bifreiðalög.</b>			
30	11. júní	Bráðabirgðalög um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 .....	38

## IX

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsiðutal
<b>Brunabótafélag Íslands.</b>			
72	4. júlí	Lög um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands .....	124—126
73	S. d.	Lög um Brunabótafélag Íslands .....	126—130
<b>Byggingarsamvinnufélög.</b>			
43	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög .....	56—57
<b>Bæjarmálefni.</b>			
5	17. jan.	Bráðabirgðalög um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík .....	4—5
8	4. febr.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör .....	6—7
17	15. maí	Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör .....	18
<b>Dómnefnd.</b>			
28	29. maí	Lög um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum .	35—37
79	1. sept.	Lög um dómnefnd í verðlagsmálum .....	134—135
99	19. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum .....	190
<b>Eftirlit.</b>			
68	4. júlí	Lög um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri .....	122
<b>Eignarnám.</b>			
42	30. júní	Lög um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi .....	56
57	4. júlí	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi .....	103
58	S. d.	Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði ....	103
<b>Embættismenn.</b>			
103	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna .....	192
<b>Eyrar.</b>			
69	4. júlí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð .....	122

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Fálkaorðan.</b>			
4	17. jan.	Ríkisstjórabréf um breytingu á konungsbréfi 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu . . . . .	4
<b>Fiskveiðar, fiskveiðasamþykktir.</b>			
9	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingarsjóði . . . . .	7—8
31	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip . . . . .	38—39
32	S. d.	Lög um váttryggingarfélög fyrir vélbáta . . . . .	39—48
<b>Fjárgreiðslur.</b>			
102	28. des.	Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943 . . . . .	192
<b>Framkvæmdasjóður.</b>			
55	4. júlí	Lög um framkvæmdasjóð ríkisins . . . . .	98—99
<b>Fræðslumál.</b>			
75	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir . . . . .	130—131
<b>Gerðardómar.</b>			
1	8. jan.	Bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum . . . . .	1—2
<b>Gjaldeyrisverzlun.</b>			
71	4. júlí	Lög um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl. . . . .	123
<b>Gærumat.</b>			
11	4. maí	Lög um gærumat . . . . .	9—10
<b>Hafnarmálefni.</b>			
23	20. maí	Hafnarlög fyrir Akranes . . . . .	29—32
66	4. júlí	Hafnarlög fyrir Neskaupstað . . . . .	116—118
67	S. d.	Hafnarlög fyrir Patreksfjörð . . . . .	119—121
88	15. sept.	Hafnarlög fyrir Grundarfjörð . . . . .	177—180
<b>Háskólinn.</b>			
47	30. júní	Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands . . . . .	59—78
76	4. júlí	Lög um styrk til Íslendinga vestan hafs, til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands . . . . .	131—132

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Heilbrigðismál.</b>			
14	15. maí	Lög um lækna ráð .....	12 - 14
51	30. maí	Lög um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar .....	81
52	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna .....	81
59	4. júlí	Lög um læknavitjanasjóði .....	104—105
85	7. sept.	Tilskipun um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og lækniáhöld í íslenskum skipum .....	176
<b>Hernaðaraðgerðir, sjá ófriðarráðstafanir.</b>			
<b>Hólmur.</b>			
70	4. júlí	Lög um sölu þjóðjarðarinnar Hólms .....	123
<b>Húsaleiga.</b>			
35	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941, um húsaleigu .....	49—50
82	29. sept.	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941, um viðauka við og breyting á þeim lögum .....	171
<b>Húsmæðrafræðsla.</b>			
44	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum .....	57
<b>Hverasvæði.</b>			
42	S. d.	Lög um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi .....	56
58	4. júlí	Lög um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði ....	103
<b>Íþróttakennaraskóli.</b>			
12	15. maí	Lög um íþróttakennaraskóla Íslands .....	10—11
<b>Kaupgjalds- og verðlagsmál.</b>			
1	8. jan.	Bráðabirgðalög um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum .....	1—2
28	29. maí	Lög um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum .....	35 - 37
79	1. sept.	Lög um dómnefnd í verðlagsmálum .....	134—135
99	19. des.	Lög um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum .....	190

## XII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Kirkjujarðasala.</b>			
74	4. júlí	Lög um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði	130
<b>Landbúnaður.</b>			
11	4. maí	Lög um gærumat .....	9—10
33	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl. ....	48—49
39	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla .....	53—54
41	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar og landnáttmssjóð .....	55
53	4. júlí	Lög um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936 .....	82—87
54	S. d.	Jarðræktarlög .....	87—98
<b>Launamál.</b>			
48	30. júní	Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana ....	78—79
103	28. des.	Lög um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna .....	192
<b>Lax- og silungsveiði.</b>			
40	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði .....	54
<b>Lendingarbætur, lendingarsjóðir.</b>			
9	28. febr.	Lög um breyting á lögum nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingarsjóði .....	7—8
22	20. maí	Lög um lendingarbætur á Stokkseyri .....	27—29
65	4. júlí	Lög um lendingarbætur í Skipavík .....	114—115
90	25. sept.	Lög um lendingarbætur á Skálum .....	181—182
<b>Lestrarfélög, sjá fræðslumál.</b>			
<b>Læknaráð.</b>			
14	15. maí	Lög um læknaráð .....	12—14
<b>Lækningaleyfi.</b>			
60	4. júlí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar .....	105
<b>Málflytjendur.</b>			
61	S. d.	Lög um málflytjendur .....	105—110

## XIII

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
<b>Milliríkjasamningur.</b>			
84	18. ágúst	Auglýsing um samning um skipti á opinberum ritum milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, er birtist hér í frumriti og þýðingu .....	172—175
<b>Mjólk, sjá landbúnaður.</b>			
<b>Námsstyrkur.</b>			
76	4. júlí	Lög um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands .....	131—132
<b>Ófriðarráðstafanir.</b>			
13	15. maí	Lög um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum .....	12
<b>Ólafsfjarðarhreppur.</b>			
36	11. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp .....	50
<b>Prestsmata.</b>			
15	15. maí	Lög um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu .....	14
<b>Rafmagn, rafveitur.</b>			
16	S. d.	Lög um rafveitur ríkisins .....	15—17
91	25. sept.	Lög um raforkusjóð .....	183
<b>Reykjavík.</b>			
5	17. jan.	Bráðabirgðalög um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík .....	4—5
57	4. júlí	Lög um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi .....	103
<b>Ríkisábyrgð.</b>			
36	11. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp .....	50
<b>Ríkisborgararéttur.</b>			
63	4. júlí	Lög um veiting ríkisborgararéttar .....	112
<b>Skattar, tollar.</b>			
6	4. febr.	Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942	5

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
20	20. maí	Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- skatt og eignarskatt .....	20—26
21	S. d.	Lög um stríðsgróðaskatt .....	26—27
46	30. júní	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942 .....	59
49	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald .....	79—80
56	4. júlí	Lög um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl. ....	99—102
77	7. júlí	Auglýsing um breyting á aðflutningsgjöldum á vörum, sem eru taldar í 18. gr. laga nr. 62 1939, um toll- skrá o. fl. ....	132
104	28. des.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka .....	193
105	S. d.	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943 .....	193
Sérleyfi, sjá Sogsvirkjun.			
Síld, síldarverksmiðjur.			
93	25. sept.	Lög um að reisa nýjar síldarverksmiðjur .....	184
Skip.			
31	11. júní	Lög um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip .....	38—39
32	S. d.	Lög um vátryggingarfélög fyrir vélbáta .....	39—48
38	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum .....	52—53
85	7. sept.	Tilskipun um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld á íslenskum skipum	176
Skiptimynt.			
29	11. júní	Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt .....	37
89	15. sept.	Lög um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt .....	180
Skólamál.			
37	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík .....	50—52
39	S. d.	Lög um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla .....	53—54
47	S. d.	Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands .....	59—78
95	5. nóv.	Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands .....	185—188

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Sogsvirkjun.</b>			
45	30. júní	Lög um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar	57—58
<b>Stjórnarráðið.</b>			
3	17. jan.	Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjörð 29. desember 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl. ....	3—4
19	16. maí	Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjörð 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl. ....	20
98	16. des.	Ríkisstjóraúrskurður um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjörð 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl. ....	189—190
101	22. des.	Ríkisstjóraúrskurður um breytingu á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjörð 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl. ....	191
<b>Stjórnarskrá.</b>			
78	1. sept.	Stjórnarskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum, nr. 22 24. marz 1934 ....	133
97	16. des.	Stjórnarskipunarlög um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942 ....	189
<b>Sveitarstjórnarmál.</b>			
8	4. febr.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör ....	6—7
17	15. maí	Lög um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör ....	18
18	S. d.	Lög um breytingu á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar ....	19
34	11. júní	Lög um breytingu á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar ....	49
<b>Tannlækningar.</b>			
60	4. júlí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar ....	105
<b>Tollar, sjá skattar.</b>			
<b>Ungmenna-eftirlit.</b>			
62	4. júlí	Lög um eftirlit með ungmennum o. fl. ....	110—111



Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
<b>Utánríkismál.</b>			
84	18. ágúst	Auglýsing um samning um skipti á opinberum ritum milli Íslands og Bandaríkja Norður- Ameríku, er birtist hér í frumriti og þýðingu .....	172—175
<b>Útsvör.</b>			
8	4. febr.	Bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör .....	6—7
17	15. maí	Lög um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör .....	18
<b>Veðmálabækur.</b>			
64	4. júlí	Lög um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum .....	112—113
<b>Vegabréf.</b>			
10	15. maí	Lög um notkun vegabréfa innanlands .....	8
<b>Veiði.</b>			
40	30. júní	Lög um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði .....	54
<b>Verðhækkunarbann.</b>			
100	19. des.	Auglýsing ríkisstjóra Íslands um bann gegn verðhækkun	191
<b>Verðlagsuppbót.</b>			
48	30. júní	Lög um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana ....	78—79
<b>Verzlunarskóli.</b>			
95	5. nóv.	Auglýsing um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands .....	185—188
<b>Þjóðjarðasala.</b>			
69	4. júlí	Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð .....	122
70	S. d.	Lög um sölu þjóðjarðarinnar Hólms .....	123
92	25. sept.	Lög um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs .	183—184
<b>Ölfus-hverasvæði.</b>			
42	30. júní	Lög um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi .....	56

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

1

8. jan.

**um gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum.****RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Við síðastliðin áramót kom fram ágreiningur milli vinnuveitenda og vinnuþega í nokkrum iðngreinum í Reykjavík út af kröfum um breytingu á kjarasamningum, aðallega í þá átt, að grunnkaup hækki frá því sem verið hefur. Ef sú stefna yrði tekin að hækka grunnkaup, yrði afleiðingin óhjákvæmilega sú, að dýrtíðin í landinu myndi aukast verulega, og telur ríkisstjórnin brýna nauðsyn bera til að koma í veg fyrir það, bæði með því að takmarka rétt til hækkunar á grunnkaupi, svo og með því að gera víðtækar ráðstafanir til þess að halda verðlagi á nauðsynjavörum í skefjum.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í gerðardóm í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður dómsins. Enn fremur skipar ríkisstjórnin þrjú menn til vara, og taka þeir sæti í dóminum eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.

**2. gr.**

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dóminum. Áður en dómara taka sæti í dóminum í fyrsta sinn, skulu þeir vinna drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir beztu vitund.

**3. gr.**

Allar breytingar á kaupi, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gilti á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð gerðardómsins. Í úrskurðum sínum skal gerðardómurinn fylgja þeirri meginreglu, að eigi má greiða hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941, en þó má úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar ef sérstaklega stendur á.

**4. gr.**

Verkföll og verkhönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupi eða kjörum, sbr. 3. gr., eru óheimil frá gildistöku laga þessara og nær þetta einnig til verkfalla, sem þegar eru hafin.

**5. gr.**

Ríkisstjórnin gefur út skrá um nauðsynjavörur. Vörur þær, sem taldar eru í skránni, má ekki selja hærra verði í heildsölu og smásölu en þær voru seldar í árslok 1941. Enn fremur gefur ríkisstjórnin út skrá yfir vörur, sem ekki má leggja meira á í heildsölu og smásölu, en gert var í árslok 1941. Gerðardómurinn skal þó, að fengnum tillögum hlutaðeigandi verðlagsnefnda, ákveða breytingar á verðlagi þeirra innlendra framleiðsluvara, sem felldar verða undir ákvæði 1. málsg. þessarar greinar, í samræmi við breytingar á tilkostnaði við framleiðslu þeirra. Enn fremur er gerðardóminum heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefnda, að úrskurða breytingar á verði annarra þeirra vara, sem felldar verða undir ákvæði greinarinnar.

1

8. jan. Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki gerðardómsins.

6. gr.

7. gr.

Gerðardóminum er heimilt að ákveða verðlag á innlendum iðnaðarvörum, svo og að ákveða taxta fyrir viðgerðir, smíði, saumaskap, prentun og því um líkt, í sambandi við álagningu á efnivörur og vinnulaun.

8. gr.

Gerðardómurinn getur krafist hvern sem er, allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er hann telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hann falið öðrum að afla þeirra gagna.

9. gr.

Allur kostnaður við gerðardóminn greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum frá 100 til 100000 krónum. Ef félag eða félagsamtök brjóta lög þessi, skal dæma þau í sektir og auk þess stjórnendur þeirra.

11. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

*Gjört í Reykjavík, 8. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

---

*Hermann Jónasson.  
Eysteinn Jónsson.  
Jakob Möller.  
Ólafur Thors.*

**REGLUGERÐ**

2

2. jan.

um breyting á reglugerð, útg. 2. ágúst 1941, staðfestri 12. ágúst sama árs, fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 13. flokki bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum nr. 94 9. júlí 1941, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa.

1. gr.

Við 5. gr. Í stað vaxtaákvæðisins „4½%“ í upphafi greinarinnar, komi: 4%.

2. gr.

Við 16. gr. Í stað vaxtaákvæðisins „4½%“ í síðari málsgrein, komi: 4%.

Reykjavík, 31. desember 1941.

STJÓRN LANDSBANKA ÍSLANDS

Vilhjálmur Þór. Magnús Sigurðsson.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 2. janúar 1942.*

Eysteinn Jónsson.

*Torfi Jóhannsson.*

**RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR**

3

17. jan.

um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. desember 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Auk þeirra mála, sem samkvæmt konungsúrskurði frá 29. des. 1924, heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, fer forsætisráðherra með landbúnaðarmál.

Af málum þeim, sem heyra undir forsætisráðherra, fer ráðherra Ólafur Thors með utanríkismál.

Af málum þeim, sem heyrt hafa undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, fer ráðherra Ólafur Thors með sjávarútvegsmál, önnur en sildarútvegsmál, siglingamál, önnur en strandferðamál, vegamál, sem og önnur mál, er að undanfögnu hafa heyrt undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ekki eru með úrskurði þessum lögð undir aðra ráðherra.

Af málum, sem heyra undir fjármálaráðherra, fer ráðherra Jakob Möller með öll mál önnur en bankamál og gjaldeyrismál, og enn fremur með iðnaðarmál, sveitarstjórnarmál (þar undir fátækramál og atvinnubótafé).

3 Ráðherra Eysteinn Jónsson fer með bankamál, gjaldeyrismál, verzlunarmál (þar  
17. jan. undir útflutningsnefnd), sildarútvegsfél (þar undir sildarverksmiðjur ríkisins og  
sildarútvegsnefnd), póst- og símamál, strandferðir, vitamál, hafnarmál og trygg-  
ingarmál.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

4  
17. jan.

## RÍKISSTJÓRABRÉF

um breytingu á konungsbréfi 3. júlí 1921, um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Með lögum 16. júní 1941, um ríkisstjóra Íslands, var ríkisstjóra  
falið vald það, sem konungi er falið í stjórnarskránni.

Tel ég því eðlilegt, að ríkisstjóri Íslands fari, á meðan sú skipun stendur,  
og með störf þau og vald það, sem konungi er veitt í konungsbréfi 3. júlí 1921,  
um stofnun hinnar íslensku fálkaorðu.

Forsætisráðherra skipar mann í orðunefndina í stað konungsrítara, og er  
hann jafnframt orðuritari.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

5  
17. jan.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um frestun bæjarstjórnarkosninga í Reykjavík.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það,  
sem hér fer á eftir:

Í Reykjavík er vinnustöðvun í prentsmiðjum, svo að einungis blöð eins  
stjórnmalaflokks geta komið út með venjulegum hætti. Nú er það eitt af  
grundvallaratriðum í stjórnarferli landsins, að eigi séu óeðlilegar hömlur á  
því, að menn geti látið í ljós skoðanir sínar og að almenningur eigi á þann  
veg þess kost að fylgjast með þeim atburðum, er gerast, og kynnast frjálsri  
túlkun þeirra. Þar sem komið hefur verið í veg fyrir, að svo geti orðið í Reykja-  
vík, leiðir þar af, að á meðan svo stendur, getur ekki talizt réttmætt að fram-  
fari almennar kosningar í bænum. Telur ríkisstjórnin því, að fresta beri bæj-  
arstjórnarkosningum þeim, sem áttu fram að fara 25. janúar n. k., þar til hæfi-  
legum tíma eftir að lýkur því óeðlilega ástandi, sem nú ríkir.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög  
samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa  
út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík, sem fram áttu að fara síðasta sunnudag í janúarmánuði 1942, skal frestað til næsta sunnudags fjórum vikum eftir að blöð geta á ný með venjulegum hætti komið út. Skal þá kosið um þá sömu framboðslista, sem þegar hafa komið fram og samkvæmt kjörskrár þeim, sem gilda áttu 25. jan. þ. á.

5

17. jan.

## 2. gr.

Öllum kosningum innan bæjarstjórnar Reykjavíkur í nefndir og önnur trúnaðarstörf, sem að venjulegum hætti hefðu farið fram á tímanum frá 25. janúar þar til kosningarnar eiga sér stað, skal frestað til fyrsta fundar bæjarstjórnarinnar eftir þær.

## 3. gr.

Öllum bæjarfulltrúum í Reykjavík, borgarstjóra, fulltrúum í nefndum og öðrum trúnaðarstörfum er skylt að gegna störfum sínum þar til kosningarnar hafa farið fram, enda framlengist umboð þeirra þangað til.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. janúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Jakob Möller.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

6

4. febr.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Kennslumálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að framlengja til ársloka 1942 ákvæði 4. gr. laga nr. 74, 1940, er fjallar um heimild til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927, skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 80% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

7

4. febr.

**OPIÐ BRÉF,**

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 16. febrúar 1942.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis frá 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til reglulegs fundar mánudaginn 16. febrúar 1942.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, er setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og mun ég þá setja Alþingi eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

*Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

8

4. febr.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breytingu á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Ráðherra sá, sem fer með sveitarstjórnarmál, hefur tjáð mér það, sem hér fer á eftir:

Í 17. gr. laga nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, er svo ákveðið að í kaupstöðum utan Reykjavíkur sé formaður skattanefndar jafnframt formaður niðurjöfnunarnefndar, en í Reykjavík sé skattstjóri formaður niðurjöfnunarnefndar. Hér kemur fram algert ósamræmi, þar sem lög nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, mæla svo fyrir, að bæjarstjóri, sem kosinn er af bæjarstjórn, skuli vera formaður skattanefndar. Virðist það því sanngjarnt og sjálfsagt, að í Reykjavík kjósi bæjarstjórn alla niðurjöfnunarnefndina, og einn nefndarmann sem formann. Hér við bætist að skattstjóraembættið og formannsstarfið í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur eru hvort um sig orðin svo umfangsmikil, að eigi getur lengur samrýmzt, að sami maður gegni þeim báðum, enda fer niðurjöfnun útsvara fram á sama tíma og ákvörðun tekju- og eignarskatts.

Þar sem niðurjöfnun útsvara hefst næstu daga í Reykjavík, telur ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að framangreindri skipan verði komið á tafarlaust og að ekki verði hjá því komizt að setja bráðabirgðalög í því skyni.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

**1. gr.**

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Formaður skattanefndar utan Reykjavíkur er jafnframt formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess

eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í 8  
 nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama 4. febr.  
 hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann  
 nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til  
 vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem  
 kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skytt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri  
 en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskytt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvirkusemi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört á Bessastöðum, 4. febrúar 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 86 14. nóvember 1917, um fiskveiðasamþykktir og lendingarsjóði.

9

28. febr.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu.

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum og mótorbátum, með þeim takmörkunum og skilyrðum, sem nefnd eru í lögum þessum.

Bæjarstjórnnum í kaupstöðum er og heimilt að gera samþykktir í þessu efni, hverri innan síns umdæmis, enda gilda öll ákvæði þessara laga um sýslunefndir og sýslufélög einnig um bæjarstjórnir og bæjarfélög.

2. gr.

Orðin „innan 60 smálesta“ í 6. gr. laganna (sbr. lög nr. 29 19. maí 1930) falla burt.



9

28. febr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 29 19. maí 1930 og 1. gr. laga nr. 117 29. des. 1933.

3. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. febrúar 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

10

15. maí

## L Ö G

um notkun vegabréfa innanlands.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti.

Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

11

4. maí

## um gærumat.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Allar gærun, sem fluttar eru héðan af landi, skulu metnar og vegnar af lögskipuðum gærumatsmönnum. Gærumatsmennirnir skulu einnig hafa umsjón með útskipun gæranna, og er útflytjendum skylt að hlýða fyrirmælum þeirra þar að lúandi. Hverri gærusendingu skal fylgja vottorð gærumatsmannsins um, að gærunar séu metnar og vegnar. Skal sýslumaður eða hreppstjóri votta með undirskrift sinni, að lögskipaður gærumatmaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans. Sé hreppstjóri sjálfur útflytjandi gæranna eða ekki búsettur á útflutningsstaðnum, skipar sýslumaður til þess annan hæfan mann. Í vottorði gærumatsmanns skal tilgreind þyngd gæranna saltlausra. Ekki skulu aðrar gærun teljast hæfar til útflutnings en þær, sem eru sæmilega hreinar og þurrar, þegar þær eru vegnar, og vel með farnar og óskemmdar, þegar þær eru fluttar út.

## 2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á gærun, sem út eru fluttar, skuli einnig ná til gæra, sem seldar eru á innlendum markaði.

## 3. gr.

Allar gærun skal merkja greinilega með merki kaupfélags þess eða verzlunar, er gærunar flytur út eða selur til útflutnings. Í merkinu mega aldrei vera færri en tveir bókstafir.

## 4. gr.

Nánari reglur um mat gæranna, merkingu og meðferð við útskipun setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum gærumatsmanna.

## 5. gr.

Lögreglustjóri skipar gærumatsmann á hverjum útflutningsstað, einn eða fleiri, eftir því sem þörf þykir.

## 6. gr.

Gærumatsmenn skulu áður en þeir taka til starfa undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvizkusemi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

## 7. gr.

Kaup gærumatsmanna greiða kaupfélög þau og verzlani, er gærun flytja út, eftir því sem ákveðið verður í erindisbréfi gærumatsmanna.

Ekki mega gærumatsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning gæranna eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út gærun.

11

4. maí

8. gr.  
Sá, sem flytur út eða lætur flytja út gærur án þess að gæta fyrirmæla þessara laga um mat og merkingu þeirra, skal sæta sektum frá 200 til 20000 kr. Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögglumál.

9. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**  
(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

12

15. maí

## L Ö G

### um íþróttakennaraskóla Íslands.

#### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skólinn heitir íþróttakennaraskóli Íslands. Heimili hans er að Laugarvatni.

2. gr.

Verksvið skólans er að mennta karla og konur til þess að annast íþróttakennslu í skólum og félögum.

3. gr.

Námsgreinir skólans skulu vera sem hér segir:

- A. Verklegt: Leikfimi, sund, íslenzk glíma, frjálssar íþróttir, knattleikir, leikir, skíða- og skautafimi, róður og sigling.
- B. Bóklegt: Íslenzka og íslenzkar bókmenntir, líkamsfræði, kennslufræði, efnafræði, hjálp í viðlögum, íþróttufræði, sálarfræði, uppeldisfræði.

Enn fremur hreinlæti, framkoma og kurteisisreglur, bindindisfræði, gerð íþróttamannvirkja, leikreglur og íþróttareglur, íþróttalíf og íþróttasamkeppni.

4. gr.

Kennsluár íþróttakennaraskóla Íslands er 9 mánuðir, frá októberbyrjun til júniloka. Þar skulu vera starfræktar tvær ársdeildir, önnur fyrir íþróttakennara, sem einir hafa rétt til starfa við ríkisskólana, en hin fyrir áhugamenn í íþróttum og fyrir væntanlega íþróttaleiðtoga, er starfa við ýmiss konar frjálssan íþróttafélagsskap. Auk þess má starfrækja í íþróttakennaraskóla Íslands íþróttanámskeið um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem skólanefnd ákveður og fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Um námskröfur allar, hvert skilyrði um inngöngu í skólann og burtfararpróf skulu sett ákvæði í reglugerð.

## 6. gr.

Íþróttakennaraskóli Íslands skal starfræktur á kostnað ríkisins. Heimilt er kennslumálaráðuneytinu, í samráði við skólanefnd, að ákveða kennslugjald fyrir nemendur.

## 7. gr.

Þriggja manna nefnd stjórnar skólanum, undir yfirstjórn fræðslumálastjóra og kennslumálaráðuneytisins. Í skólanefnd eiga sæti íþróttafulltrúi ríkisins, og er hann formaður, skólastjóri héraðsskólans á Laugarvatni og þriðji maður, er kennslumálaráðuneytið tilnefnir.

## 8. gr.

Ráða má þrjú fasta starfsmenn við íþróttakennaraskólann, skólastjóra og tvo fasta kennara. Skulu þessir starfsmenn hafa aflað sér þeirrar menntunar í kennslugreinum sínum, sem Íslendingar geta bezta fengið á hverjum tíma. Skólastjóri og kennarar íþróttakennaraskólans njóta sömu launakjara og hliðstæðir starfsmenn við kennaraskóla Íslands.

Aukakennara og tímakennara getur skólastjóri ráðið, með samþykki skólanefndar, eftir því sem fé er heimilað í fjárlögum.

## 9. gr.

Um ráðningu og uppsögn skólastjóra og fastrá kennara við íþróttakennaraskólann skulu gilda sömu ákvæði og um hliðstæð störf unnin við héraðsskólann á Laugarvatni.

## 10. gr.

Áður en ríkið leggur fram fé til nauðsynlegra húsakynna, íþróttavalla og íþróttatækja skólanum til handa, skal kennslumálaráðuneytið hafa gert samning við skólanefnd héraðsskólans á Laugarvatni um alla aðstöðu íþróttakennaraskólans á Laugarvatni, um leiguafnot af landi og náttúrugæðum, um skiptingu á kostnaði við sameiginleg afnot húsa og íþróttatækja, sem báðir skólarnir nota við daglegan rekstur. Sáttmála þennan skal taka til endurskoðunar fimmta hvert ár. Nú verða aðilar ekki ásáttir um skipti sín, og skal þá þriggja manna nefnd leggja á fullnádaráúrskurð, sem er bindandi um næstu fimm ár. Í þeim gerðardómi eiga sæti formaður skólanefndar héraðsskólans á Laugarvatni, íþróttafulltrúi ríkisins og formaður, sem er tilnefndur af forseta sameinaðs Alþingis.

## 11. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Með þeim eru felld úr gildi eldri lagaboð, sem ekki samrýmast þessum lögum.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

13

15. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, bætist:

Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki eftir því, sem loftvarnarnefnd, með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar, nánar ákveður.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 15. maí 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

14

15. maí

## L Ö G

um lækna ráð.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í lækna ráði eiga sæti eftirtaldir læknar.

- 1) Landlæknir, sem er forseti ráðsins,
- 2) kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann,
- 3) kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann,
- 4) kennarinn í lyfjafræði við háskólann,
- 5) yfirlæknir lyflæknisdeildar Landsspítalans,
- 6) yfirlæknir handlæknisdeildar Landsspítalans,
- 7) yfirlæknir geðveikrahælis ríkisins,
- 8) yfirlæknir Tryggingarstofnunar ríkisins,
- 9) formaður Læknafélags Íslands.

Verði ráðið á þennan hátt ekki skipað 7 eða 9 mönnum, skipar ráðherra lækni eða lækna til viðbótar í ráðið, unz 7 eru, en einn, ef 8 eru fyrir.

## 2. gr.

Það er hlutverk lækna ráðs að láta dómstólum, ákærvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni. 14 15. maí

Lækna ráð lætur meðal annars í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

Lækna ráð lætur stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt á því, hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunkonu, ljósmóður eða annarra þvilikra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki.

Lækna ráð lætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnar-ráðstafanir.

## 3. gr.

Lækna ráð lætur ekki önnur mál til sín taka en þau, er borin hafa verið undir það samkvæmt 2. gr., og af þeim aðilum, er þar greinir.

Lækna ráð lætur ekki í té umsögn um andlegt ástand eða sakhæfi manns, nema áður liggja fyrir álitsergerð sérfræðings eftir viðeigandi athugun, enda sé kostur slíkrar athugunar.

Lækna ráð lætur ekki í té umsögn um dánarmein manns, nema áður liggja fyrir álitsergerð sérfræðings eftir líkskurð eða mannskaðaskýrsla lögum samkvæmt, ef um voveiflegt mannslát er að ræða, enda sé kostur slíkra gagna.

## 4. gr.

Rétt er, að lækna ráð leiti jafnan álit sérfróðra manna utan ráðsins um mál, sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna, er ráðið skipa.

Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.

Mál, er varðar sérstaklega aðgerð, hegðun eða framkomu læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsg. 2. gr.), skal ráðið jafnan, ef því verður við komið, bera undir aðila, svo og stéttarfélag hans, áður en það lætur í té umsögn sína um það.

## 5. gr.

Enginn lækna ráðsmanna á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefur áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða í embættisnafni. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sérfræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál.

## 6. gr.

Lækna ráð getur falið tveimur eða fleiri lækna ráðsmönnum afgreiðslu máls í sínu umboði, enda heyri málið undir sérgrein eins eða fleiri þeirra, er um það fjalla. Lækna ráðsmaður getur þó krafizt þess, að umsögn verði borin undir ráðið í heild. Ákveða má nánar um verkaskiptingu ráðsins í reglugerð, er ráðherra staðfestir.

Umsögn um aðgerð, framkomu eða hegðun læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. málsg. 2. gr.) skal ætíð borin undir ráðið í heild.

Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls, skal þess getið í umsögn, enda á sá eða þeir, er ágreiningur gera, rétt á að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

- 14 Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar, og ætíð, ef sá, er umsagnar-  
15. maí innar beiðist, æskir þess sérstaklega, svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niður-  
stöðu.

7. gr.

Læknaráð sendir ráðherra skýrslu um starfsemi sína að hverju ári liðnu, og skal birta opinberlega þær niðurstöður ráðsins, er almenning varða.

8. gr.

Kostnaður af starfsemi læknaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

15  
15. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 27. júní 1921, um sölu á prestsmötu.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. laganna skal orða þannig:

Andvirði prestsmötu, sem þegar er seld eða seld verður, renni til kirkna þess prestakalls, sem naut hennar áður, og skiptist jafnt milli þeirra.

Prestlaunasjóður greiðir tekjumissi þann, er viðkomandi prestur hefur af sölu prestsmötu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

## L Ö G

## um rafveitur ríkisins.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja á stofn og starfrækja rafveitur, er vera skulu eign ríkisins og reknar sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, undir umsjón atvinnumálaráðuneytisins. Stofnunin skal heita: Rafveitur ríkisins.

## 2. gr.

Rafveitur ríkisins skulu hafa það verkefni að afla almenningi í landinu raforku með því að vinna hana sjálfar, kaupa eða taka við henni frá orkuverum eða öðrum orkuveitum, veita orkunni um hreppa, sýslur eða stærri landshluta og selja hana eða afhenda raforkuveitum í kaupstöðum, kaптúnunum eða öðrum innanhéraðs orkuveitum eða orkuveitufélögum, er stofnuð eru til þess að taka við orkunni og veita henni til neytenda innan héraðs eða á félagssvæði.

Rafveitur ríkisins geta einnig gerzt meðeigandi í orkuverum og orkuveitum annarra eða tekið þær á leigu og starfrækt þær, eða tekið þátt í starfrækslu þeirra eftir sérstökum samningi. Rafveitum ríkisins er heimilt að selja raforku beint til neytenda á þeim stöðum, þar sem innanhéraðsorkuveita eða orkuveitufélag er ekki til, eða annars staðar með samþykki innanhéraðsveitunnar eða orkuveitufélags.

## 3. gr.

Til þess að hafa á hendi forstöðu fyrir rafveitum ríkisins skal atvinnumálaráðherra skipa framkvæmdarstjóra, er vera skal rafmagnsverkfræðingur, og kallast hann rafveitustjóri ríkisins. Ráðherra setur honum erindisbréf.

Atvinnumálaráðherra skipar aðra starfsmenn rafveitna ríkisins, að fengnum tillögum rafveitustjóra, eftir því sem ákveðið kann að verða í reglugerð.

## 4. gr.

Rafveitur ríkisins mega ekki reisa, kaupa eða taka á leigu orkuver eða orkuveitu, nema undangengnar rannsóknir og nákvæmar áætlanir sýni, að virkin muni gefa þær tekjur, sem nægja fyrir öllum rekstrarkostnaði, þar með taldir vextir og afborganir stofnkostnaðar, eða nægilegt fé hafi verið veitt til virkjanna á annan hátt. Þá skal og, ef um er að ræða fleiri en eitt orkuver eða orkuveitu í senn, það orkuver eða orkuveita ganga fyrir um framkvæmd, sem áætlanir sýna, að þær sig betur fjárhagslega.

Enda þótt áætlanir sýni, að rekstrarhalli muni verða fyrstu árin á orkuveitu, skal hún talin með veitum þeim, sem bera sig fjárhagslega, ef hún samkvæmt áætlun rafveitustjóra hefur skilyrði til þess að vinna sig upp síðar og endurgreiða samansafnaðan rekstrarhalla fyrstu áranna.

## 5. gr.

Rafveitustjóri gerir, að undangengnum nauðsynlegum rannsóknum og athugunum, tillögur til ríkisstjórnarinnar um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt til



16 orkuvinnslu og orkuveitu. Hann gerir nauðsynlegar kostnaðaráætlanir um þær, at-  
 15. maí hugar skilyrði fyrir orkukaupum og orkusölu og gerir nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af virkjunum, til þess að séð verði, hvort þau fullnægja skilyrðum 4. gr. Að því er tekur til vatnsvirkja framkvæmir þó vatnamálaráðunautur ríkisins nauðsynlegar mælingar og gerir kostnaðaráætlanir og annan undirbúning að þeim, nema öðruvísi verði ákveðið. Vegamálastjóri er fyrst um sinn vatnamálaráðunautur ríkisstjórnarinnar, og skulu mælingar þessar, kostnaðaráætlanir og annan undirbúningur framkvæmdar af honum og fastlaunuðum verkfræðingum vegamála-skrifstofunnar, án sérstaks endurgjalds, eftir því sem þeim vinnst tími til frá öðrum störfum. Kostnað allan við þessar rannsóknir, svo og við annan undirbúning, skal greiða úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt í því skyni. Þó er rafveitum ríkisins heimilt, með samþykki ráðherra, að verja fé af tekjuafgangi sínum til slíkra rannsókna að svo miklu leyti, sem honum hefur ekki verið ráðstafað á annan hátt. Ef ráðizt er í framkvæmdirnar, skal þessi undirbúningskostnaður talinn með stofn-kostnaði þeirra.

Nú telur atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum rafveitustjóra, rétt að reisa ný orkuver eða koma upp nýjum orkuveitum, eða að festa kaup á slíkum mannvirkjum, og leitar hann þá til þessa samþykkis Alþingis og gerir jafnframt tillögur um það, á hvern hátt fjár til þeirra framkvæmda skuli aflað. Tillögum sínum til Alþingis lætur ríkisstjórnin fylgja nákvæmar áætlanir um væntanlegar tekjur og gjöld af þessum virkjum, sbr. 8. og 9. gr.

#### 6. gr.

Nú er ákveðið að reisa raforkuver eða koma upp raforkuveitu, og hefur þá rafveitustjóri stjórn þeirra framkvæmda. Að því er tekur til vatnsvirkja annast vatnamálaráðunautur ríkisins framkvæmd verksins. Að öðru leyti ákveður atvinnumálaráðuneytið nánar verkaskiptingu milli þeirra.

#### 7. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum rafveitustjóra, gjaldskrá um raforkusölu frá rafveitum ríkisins.

Tekjum rafveitna ríkisins skal varið til greiðslu rekstrarreikning hinna einstöku raforkuvirkja, þar með talið stjórn, gæzla, viðhald, vaxtagreiðslur og hæfilegar afborganir lána, miðað við fyrningu. Afgangurinn leggist í sérstakan sjóð, rafveitusjóð ríkisins, er rafveitustjóri varðveiti undir yfirumsjón atvinnumálaráðuneytisins.

#### 8. gr.

Rafveitusjóði ríkisins skal varið til aukningar raforkuveitum og eflingar raforkuvinnslu og raforkunotkun, sbr. 5. gr.

#### 9. gr.

Rafveitustjóri skal árlega gera efnahags- og rekstrarreikning rafveitna ríkisins, svo og kostnaðarreikning fyrir þau virki, sem eru í smíðum, enn fremur skýrslu um starfsemina, og senda atvinnumálaráðuneytinu. Hann skal og árlega gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda ráðuneytinu svo snemma, að fylgt geti fjárlagafrumvarpi til Alþingis. Í fjárhagsáætlun skal taka upp tillögur um lántökur, fjárveitingar og önnur fjárframlög, sbr. 5. gr.

#### 10. gr.

Setja skal reglugerðir um rekstur innanhéraðsveitna, sem kaupa raforku frá rafveitum ríkisins, og gjaldskrár um raforkusölu frá þeim. Í reglugerðunum skulu

vera ákvæði um rekstrarfyrirkomulag og tilhögun veituvirkja, til þess að tryggja rafveitum ríkisins greiðslu fyrir orku þá, sem þær selja, svo og til þess að stuðla að aukinni raforkunotkun og góðri hagnýtingu orkunnar. Atvinnumálaráðuneytið staðfestir reglugerðir þessar og gjaldskrár, að fengnum tillögum rafveitustjóra og rafmagnseftirlits ríkisins, og samræmir reglugerðir og gjaldskrár hinna einstöku raforkuveitna, eftir því sem þörf þykir.

## 11. gr.

Rafveitustjóri skipar fyrir um rekstur raforkustöðva ríkisins, sem starfræktar eru við skóla eða aðrar opinberar stofnanir ríkisins, nema reksturinn sé falinn þessum stofnunum sérstaklega.

## 12. gr.

Rafveitustjóri ríkisins hefur umsjón með þeim fallvötnum, sem eru í eign ríkissjóðs, heldur skrá yfir þau og annast nauðsynlegt bókhald í sambandi við þau. Um alla veiði í slíkum fallvötnum skal hann leita tillagna veiðimálastjóra. Rafveitustjóri gerir í samráði við vatnamálaráðunaut tillögur til ríkisstjórnarinnar um kaup á vatnsréttindum, sem hann telur nauðsynlegt, að ríkið eignist.

## 13. gr.

Ráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal um:

- 1) stjórn og fjárreiður rafveitna ríkisins, reikningshald, fyrningu og greiðslur í rafveitusjóð, svo og um skýrslugerðir rafveitustjóra;
- 2) starfsmannahald og verkaskiptingu starfsmanna, svo sem ákvæði, er lúta að því að aðgreina undirbúning, byggingu og rekstur í sérdeildir, undir stjórn rafveitustjóra, þegar þess verður þörf;
- 3) önnur atriði viðvikjandi starfrækslu veitnanna, kaupum og sölu á raforku;
- 4) eftirlit með og afskipti af málum innanhéraðsveitna, sbr. 10. gr.

## 14. gr.

Rísi ágreiningur milli rafveitna ríkisins og kaupenda raforku frá orkuverum þeirra út af samningum, sem gerðir eru samkvæmt þessum lögum, geta aðilar komið sér saman um að leggja hann undir úrskurð gerðardóms þriggja dómkvaddra manna.

## 15. gr.

Fyrst um sinn er forstöðumaður rafmagnseftirlits ríkisins rafveitustjóri, og er hann jafnframt ráðunautur ríkisstjórnarinnar í raforkumálum.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

17

15. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 9. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Á meðan visitala kauplagnefndar er hærri en 110, miðað við grunntöluna 100 í jan.—marz 1939, skulu fjárhæðir þær, sem um getur í 2. og 3. tölulið, hækkaðar sem nemur meðalframfærslukostnaði á skattárinu samkvæmt visitölu kauplagnefndar.

## 2. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Í kaupstöðum jafnar niðurjöfnunarnefnd niður útsvörum. Utan Reykjavíkur er formaður skattanefndar einnig formaður niðurjöfnunarnefndar. Auk þess eiga sæti í nefndinni fjórir menn, kosnir hlutbundnum kosningum af bæjarstjórn í nóvembermánuði ár hvert til eins árs í senn. Í Reykjavík kys bæjarstjórn á sama hátt og til sama tíma fimm menn í niðurjöfnunarnefnd, og einn þeirra formann nefndarinnar. Með sama hætti skal kjósa fjóra — í Reykjavík fimm — menn til vara, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna. Kjörgengir eru þeir, sem kjörgengir eru til bæjarstjórna. Skyllt er hverjum manni, sjálfum sér ráðandi, yngri en 60 ára, heilum og hraustum, konum jafnt sem körlum, að starfa í niðurjöfnunarnefnd, en óskyllt er þó sama manni að sitja í henni samfleytt lengur en 6 ár, enda þarf hann ekki að taka við endurkjöri fyrr en 6 ár eru liðin síðan hann sat síðast í nefndinni. Í Reykjavík skal skrifstofustjóri skattstjóra aðstoða við starf niðurjöfnunarnefndarinnar og veita allar upplýsingar, sem hægt er.

Áður en niðurjöfnunarnefndarmaður tekur í fyrsta skipti til starfa í nefndinni, vinnur hann skriflegt drengskaparheit um að rækja starfið með alúð og samvizkusmi.

Bæjarstjórn ákveður þóknun niðurjöfnunarnefndar.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og koma ákvæði 1. gr. þegar til framkvæmda við innheimtu útsvara, álagðra á árinu 1942.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

18

15. maí

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

33. gr. laganna orðist þannig:

Hver framboðslisti, sem hlotið hefur bæjarfulltrúa eða hreppsnefndarmenn kosna hlutbundnum kosningum, hefur rétt til varamanna, og skulu frambjóðendur á lista, þeir er ekki ná kosningu, vera varamenn.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd í þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá, flytjast burtu eða forfallast á annan hátt frá að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Nú hafa tveir eða fleiri stjórnsmálaflokkar sameiginlega lista í framboði við bæjarstjórnar- eða hreppsnefndarkosningar og sæti eins aðalfulltrúa slíks lista losnar á kjörtímabilinu, eða hann óskar að láta varamann sitja fund í sinn stað, og skal þá sá varamaður listans, sem er úr sama stjórnsmálaflokki og aðalmaður sá, er um er að ræða, var fulltrúi fyrir, er hann var kjörinn, taka sæti hans í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, án tillits til þess, hver í röðinni hann er af varamönnum listans. Sé enginn úr hópi varamanna slíks sameiginlegs lista í sama stjórnsmálaflokki og aðalfulltrúinn, sem í hlut á, var í, taka varamenn listans sæti samkvæmt ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

Varamenn hreppsnefndarmanna, kosinna óhlutbundnum kosningum, taka sæti í þeirri röð, sem þeir eru kosnir.

Ef bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður forfallast um stundarsakir vegna veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða nefndum skipuðum af bæjarstjórnnum eða hreppsnefndum, er sá bæjarfulltrúi eða hreppsnefndarmaður sat í, er þeir taka sæti fyrir.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka einnig til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga, sem fram hafa farið frá árslokum 1941.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jakob Möller.

19  
16. maí

## RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

um breytingu um stundarsakir á konungsráðsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skiptingu starfa ráðherra o. fl.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Auk þeirra mála, sem samkvæmt konungsráðsúrskurði frá 29. desember 1924 heyra undir forsætisráðherra, fer forsætisráðherra Ólafur Thors einnig með utanríkismál, landbúnaðarmál, vegamál, útvegs- og siglingamál önnur en sildarútvegs- mál og strandferðamál, svo og útflutningsverzlunarmál, þar undir útflutnings- nefnd.

Jakob Möller fer með fjármál ríkisins, skattamál, tollamál og önnur þau mál, sem samkvæmt konungsráðsúrskurði 29. desember 1924 heyra undir fjármálaráðherra og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum. Enn fremur bæjar- og sveitarstjórnarmál, tryggingamál, heilbrigðismál, dómsmál og önnur þau mál, sem samkvæmt téðum konungsráðsúrskurði heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum.

Magnús Jónsson fer með póstmál, símamál og loftskeytamál, vatnamál, iðnaðarmál, strandferðamál, verzlunarmál, önnur en útflutningsverzlun, sildarútvegs- mál, þar undir sildarverksmiðjur ríkisins og sildarútvegsnefnd og önnur þau mál, sem í téðum konungsráðsúrskurði eru falin atvinnu- og samgöngumálaráðherra og ekki er í þessum úrskurði ákveðið, að falin verði öðrum ráðherrum. Enn fremur bankamál og sparisjóðsmál, gjaldeyrismál, kirkju- og kennslumál.

*Gjört í Reykjavík, 16. maí 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

20  
20. maí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsta og önnur málsgrein 6. gr. laganna hljóði þannig:

Skattgjald þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr. og í a- og c-lið 3. gr., reiknast þannig:

Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.				20
Af	1000— 2000 kr. greiðist	10 kr. af	1000 kr. og 2 % af afganginum	20. maí
—	2000— 3000 — —	30 — —	2000 — — 3 — —	—
—	3000— 4000 — —	60 — —	3000 — — 4 — —	—
—	4000— 5000 — —	100 — —	4000 — — 5 — —	—
—	5000— 6000 — —	150 — —	5000 — — 6 — —	—
—	6000— 7000 — —	210 — —	6000 — — 7 — —	—
—	7000— 8000 — —	280 — —	7000 — — 8 — —	—
—	8000— 9000 — —	360 — —	8000 — — 9 — —	—
—	9000— 10000 — —	450 — —	9000 — — 10 — —	—
—	10000— 12000 — —	550 — —	10000 — — 11½ — —	—
—	12000— 14000 — —	780 — —	12000 — — 13 — —	—
—	14000— 17000 — —	1040 — —	14000 — — 15 — —	—
—	17000— 20000 — —	1490 — —	17000 — — 17 — —	—
—	20000— 25000 — —	2000 — —	20000 — — 18 — —	—
—	25000— 30000 — —	2900 — —	25000 — — 19 — —	—
—	30000— 40000 — —	3850 — —	30000 — — 20 — —	—
—	40000— 50000 — —	5850 — —	40000 — — 21 — —	—
—	50000— 60000 — —	7950 — —	50000 — — 22 — —	—

## 2. gr.

2. málsliður 1. málsgr. d-liðar í 7. gr. laganna orðist svo:

Til arðs af hlutabréfum telst, auk venjulegrar arðsútborgunar, úthlutuð frihlytubréf og sérhver önnur afhending verðmæta til hluthafa, er telja verður sem tekjur af hlutaeign þeirra í félaginu, enn fremur úthlutanir við félagsslit umfram upphaflegt hlutafjárframlag, þ. e. nafnverð hlutabréfanna, og skiptir ekki máli í því sambandi, fyrir hvaða verð þau hafa verið seld og keypt.

Við e-lið 7. gr. laganna bætist:

Ákvæði þessi taka ekki til þess, er skattþegn hefur eignast hið selda við arftöku, nema um fyrirframgreiðslu upp í arf sé að ræða, en þá telst söluhagnaður, miðað við upphaflegt kostnaðarverð, til skattskyldra tekna, ef hið selda hefur verið í eign arfleifanda og erfingja skemur en 5 ár samanlagt, ef um fasteign er að ræða, en ella skemur en 3 ár.

## 3. gr.

Síðasti másl. 4. málsgr. 8. gr. laganna falli niður.

Í stað 6. og síðustu málsgr. sömu lagagr. komi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í 3. gr. a, mega draga frá tekjum sínum 5% af innborguðu hlutafé eða stofnfé.

Ef nokkuð af ársarði þessara félaga er lagt í varasjóð, er sú upphæð undanþegin tekjuskatti og skal koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna, þó eigi hærrí fjárhæð en sem nemur ½ — einum fimmta — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum. Hjá þeim af þessum félögum, sem hafa sjávarútveg sem aðalvatvinnurekstur, og félögum, sem samkvæmt lögum geta ekki úthlutað varasjóði sínum við félagsslit, sbr. t. d. 3. gr. l. nr. 46 13. júní 1937, má þó draga frá tekjunum varasjóðs-tillag, sem nemur ½ — einum þriðja — af hreinum tekjum félags, áður en tekjuskattur, stríðsgróðaskattur, samvinnuskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið frá tekjunum.

Arðjöfnunarsjóði, eftirlaunasjóði og aðra sjóði, sem ekki eru beinlínis ætlaðir til að tryggja rekstur fyrirtækisins sjálfs, má ekki telja sem varasjóð.

Ef nokkurri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður er eftir 1. jan. 1941, er síðar

20. maí 20 varið til úthlutunar til hluthafa, ráðstafað til einkaþarfa þeirra á beinan eða óbeinan hátt eða varið til annars en þess að mæta hreinum rekstrarhalla fyrirtækisins, skal telja þá fjárhæð að viðbættum 20% — tuttugu af hundraði — til skattskyldra tekna á því ári. Nú er einhverri fjárhæð úr varasjóði, sem myndaður var fyrir 1. janúar 1941, varið á þann hátt, er að framan greinir, og skal þá telja ⅓ þeirrar fjárhæðar til skattskyldra tekna félagsins á því ári. Það telst ráðstöfun á fé varasjóðs samkvæmt framansögðu, ef félag, sem nýtur eða notið hefur hlunninda vegna framlags í varasjóð, ver einhverju af eignum sínum með eftirgreindum hætti:

- Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum lán í peningum eða öðrum verðmætum, sem ekki eru beinlínis viðkomandi rekstri félagsins.
- Veitir hluthöfum, stjórnendum félags eða öðrum nokkur friðindi, beint eða óbeint, umfram arðsúthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur.
- Kaupir eign óeðlilega háu verði að dómi skattanefndar. Skal þá skattanefnd meta, hvert verð geti talizt hæfilegt. Mismun hins raunverulega kaupverðs og matsverðs skattanefndar telst ráðstafað úr varasjóði, og úthlutun arðs úr félaginu, ef keypt hefur verið af hluthafa.

Nú hefur félag, sem myndað hefur varasjóð, ráðstafað fé á einhvern þann hátt, sem greinir í a—c-liðum, og fellur það þá til skattgreiðslu samkv. ákvæðum næstu málsgreinar hér á undan, þó eigi hærri fjárhæð en nemur varasjóði í lok skattársins. Skal þá miða við þá lánsfjárupphæð, sem útistandandi er um áramót af lánnum, er veitt voru á árinu, að viðbættu meðaltali þeirra lána, er veitt hafa verið og greidd á skattárinu samkv. a-lið, heildarupphæð veittra hlunninda á skattárinu samkv. b-lið, og mismun matsverðs og kaupverðs eigna samkv. c-lið. Þó ná ákvæði a—b- og c-liðar ekki til þeirra upphæða, sem islenzk útgerðarfélag áttu í varasjóði samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1939, að því leyti sem þau ganga lengra en takmarkanir um ráðstafanir á fé varasjóðs, sem giltu samkvæmt lögum nr. 6 9. jan. 1935 og lögum nr. 39 12. febr. 1940.

Nú rýrnar varasjóðseign félags, og skal þá telja, að sá hluti varasjóðs, sem til var 1. jan. 1941, eyðist á undan þeim sjóði, er síðar myndaðist, sbr. þó 62. gr.

Nú hrökkva hreinar árstekjur félags að viðbætti þeirri hreinni eign, sem félagið á umfram varasjóð og hlutafé, eigi fyrir skatt- og útsvarsgreiðslum og því varasjóðstillagi, sem undanþegið er skattgreiðslu samkv. lögum þessum, og er þá heimilt að taka þá fjárhæð, sem á vantar, úr varasjóði.

#### 4. gr.

- Fyrir „500 krónur“ í d-lið 10. gr. laganna komi: 1000 kr.
- e-liður 10. gr. laganna orðist svo: Iðgjöld til stéttarfélaga, sjúkrasjóða, styrktarsjóða og atvinnuleysissjóða, þó ekki hærri en sem svarar 5% af hreinum tekjum aðila. Enn fremur kostnað af sjúkrahúsvist og annan meiri háttar sjúkrakostnað þeirra manna, sem ekki hafa aðgang að sjúkrasamlagi, enda séu fullar sannanir færðar fyrir þeim útgjöldum, að dómi skattanefndar.
- g-liður 10. gr. laganna hljóði þannig: Eignarskatt, sem greiddur hefur verið á árinu.

#### 5. gr.

Í stað a—c-liða í 12. gr. laganna komi:

- Í Reykjavík:
 

Fyrir einstakling .....	kr.	900.00
— hjón .....	—	1800.00
— hvert barn .....	—	700.00
- Annars staðar á landinu:
 

Fyrir einstakling .....	—	900.00
-------------------------	---	--------

Fyrir hjón .....	kr. 1800.00	20
— hvert barn .....	— 600.00	20. mai

Frádráttur veitist fyrir þau börn, sem ekki eru fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er á lagður. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem ekki er greitt meðlag með. Fyrir aðra skylduómaga, sem skattgreiðandi hefur á framfæri sínu, veitist sami frádráttur og fyrir börn. Hafi hinn framfærði tekjur, lækkar frádrátturinn sem þeim nemur og fellur burt, ef tekjuupphæðin nemur lögleyfðum ómagafrádrætti eða meiru.

## 6. gr.

a. Upphaf 14. gr. laganna verði þannig:

Af skuldlausri eign skal árlega greiða skatt sem hér segir:

Ef eignin er yfir 10000 kr., en undir 15000 kr., greiðist af henni 1‰.

Af 15000—30000 kr. greiðist 15 kr. af 15000 og 2‰ af afgangi.

Af 30000—40000 kr. greiðist 45 kr. af 30000 og 3‰ af afgangi.

b. Í stað „5000“ kr. í niðurlagi 14. gr. laganna komi: 10000 kr.

## 7. gr.

b-liður 19. gr. laganna verði þannig:

Búþening skal telja svo sem hann væri framgenginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er rikisskattanefnd ákveður, að fengnum tillögum yfirskattanefnda, til 5 ára í senn, í fyrsta sinn með hliðsjón af matsverði til skatts næstliðin 5 ár.

Fyrri málsgr. e-liðar 19. gr. laganna orðist svo:

Hlutabréf skulu talin með nafnverði, ef hlutaféð er óskert, en annars með hlutfallslegri upphæð, miðað við upphaflegt hlutafé.

## 8. gr.

a- og b-liðir í 30. gr. laganna hljóði þannig:

a. Í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru hreppur fyrir sig, skal greiða skattanefnd 2‰, en annars staðar á landinu 4‰ af þeirri upphæð, sem skatturinn nemur. Þó skal borgunin ekki fara fram úr 20 kr. og ekki vera minni en 14 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarmanns.

b. Yfirskattanefndarmenn utan Reykjavíkur fá 15 krónur á dag og ferðakostnað.

## 9. gr.

Aftan við 31. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess fyrri en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa að fullu verið greiddir fyrir allan starfstíma félagsins.

## 10. gr.

Síðari málsliður 2. málsgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Komi síðar í ljós, að áætlun hefur verið of lág eða skattþegni hefur ekki verið gert að greiða skatt af öllum tekjum sínum og eignum, er heimilt að reikna skatt gjaldanda að nýju, þó ekki lengra aftur í tímann en 5 ár.

## 11. gr.

42. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra skipar lögfræðing til þess að hafa á hendi rannsóknir í skattamálum, er hafi heimild til þess að hefja rannsókn og setja rétt í hvaða umdæmi landsins sem er. Auk valds rannsóknardómara skal hann hafa sama rétt til þess að krefj-



20. maí 20 ast upplýsinga og sama aðgang að bókum og skjölum og ríkisskattanevnd hefur samkvæmt lögum þessum. Kostnaður af þessari ráðstöfun greiðist úr ríkissjóði.

Er mál er svo vaxið, að yfirskattanevnd eða ríkisskattanevnd telur sig ekki geta fengið nægar upplýsingar um tekjur og eignir skattþegns eða framtal þykir tortryggilegt, getur nefndin vísað málinu til rannsóknar samkvæmt 1. mgr. Fjármálaráðherra getur og gefið fyrirsmæli um, að rannsókn skuli hafin, er hann telur ástæðu til. Að rannsókn lokinni skal afrit af prófum málsins, ásamt greinargerð um niðurstöður rannsóknarinnar, send aðila þeim, er rannsóknar hafði beiðzt, en sá aðili hlutast síðan til um frekari afgreiðslu málsins samkvæmt þessum lögum.

#### 12. gr.

43. gr. laganna orðist svo:

Skattanevndir allar og skattstjórar bæjanna skulu halda gerðabækur, er fjármálaráðuneytið lætur gera á kostnað ríkissjóðs. Löggildir lögreglustjóri gerðabækur skattanevnda og skattstjóra, en fjármálaráðuneytið gerðabækur yfirskattanevnda og ríkisskattanevndar.

Í gerðabækur skattanevnda skal meðal annars rita skattskrárnar og úrskurði. Skattskrá skal þó eigi rita í gerðabók skattstjóra. Yfirskattanevndir og ríkisskattanevnd skrá og í gerðabækur sínar úrskurði og aðrar ákvarðanir.

Formenn skattanevnda og skattstjórar skulu árlega láta niðurjöfnunarnevnd í té ókeypis endurrit af skattskrá, til afnota við niðurjöfnun útsvara. Svo skulu og formenn skattanevnda og skattstjórar gefa hagstofunni skýrslur um skattálagninguna, í því formi, sem hún fyrirskipar.

#### 13. gr.

Aftan við 2. málslíð 45. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:

Nú er skattur eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

#### 14. gr.

Í stað 55. gr. í VI. kafla laganna komi 9 nýjar greinar, er verða 55.—63. gr., svo hljóðandi:

a. (55. gr.) Á meðan vísitala kauplagsnevndar er hærri en 110, miðað við grunn-töluna 100 í jan.—marz 1939, skal tekjuskattur einstaklinga, heimilisfastra hér á landi, reiknaður þannig:

Hreinar tekjur gjaldanda skal margfalda með 100 og deila útkomunni með meðalmánaðarvísitölu skattársins. Við ákvörðun hreinna tekna skal tekjuhæðin deilanleg með 50, en því sleppt, sem er fram yfir. Meðalvísitala þessi skal jafnan vera heil tala, og er minni hluta en  $\frac{1}{2}$  sleppt, en  $\frac{1}{2}$  eða meira hækkað.

Frá þeirri tekjuupphæð, er þannig fæst, skal dreginn persónufrádráttur samkvæmt ákvæðum 12. gr.

Pegar upphæð tekjuskatts hefur verið fundin samkv. reglum 6. gr., skal margfalda hana með meðalvísitölunni og deila útkomunni með 100.

Ofangreind ákvæði gilda um þá einstaklinga, er hafa eigi hærri hreinar tekjur en kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar á framangreindan hátt. Af hærri tekjum en hér greinir skal tekjuskattur reiknaður samkv. 6. gr. óbreyttri, en tekjuskatturinn síðan lækkaður um sömu fjárhæð og skattvildunin hefur numið hjá þeim gjaldendum með sama frádrætti eftir 12. gr., er hafa í hreinar tekjur kr. 15000.00, eftir að þær hafa verið lækkaðar samkvæmt framangreindri reglu.

- b. (56. gr.) Nú nýtur félag, er um getur í 3. gr. a og hefur sjávarútveg sem aðal- **20**  
 atvinnurekstur, hlunninda vegna framlags í varasjóð samkv. ákvæðum 8. gr., og **20. maí**  
 skal þá 50% af því fé, er það leggur í varasjóð, ráðstafað á þann hátt, að það  
 sé lagt á sérstakan reikning í banka eða keypt fyrir það opinber verðbréf og  
 þau falin banka til geymslu. Nefnist sá hluti varasjóðsins nýbyggingarsjóður, og  
 gilda um hann þær reglur, er greinir í 57.—60. gr. Áskilinn hluti af varasjóðstil-  
 laginu skal lagður í nýbyggingarsjóð á því sama ári, sem varasjóðstillagið er  
 ákveðið, en séu vanefndir á því að einhverju eða öllu leyti, skal greiða í ríkis-  
 sjóð 20% af þeirri fjárhæð, er til vantar.

Áf fé nýbyggingarsjóðs má ekki meira en  $\frac{1}{2}$  hlutar vera innstæða á bið-  
 reikningi í erlendri mynt, sbr. lög nr. 82 9. júlí 1941, nema með sérstöku leyfi  
 nefndar þeirrar, er um getur í 59. gr. Getur nefndin veitt leyfi til þess, að meira  
 en að ofan greinir sé á biðreikningi, ef aðili sýnir fram á, að hann geti ekki lagt  
 féð fram á annan hátt vegna þess, að fé varasjóðs hafi verið notað til að greiða  
 skuldir fyrirtækisins.

- c. (57. gr.) Útgerðarfélag ráðstafar sjálft því fé, er það hefur lagt í nýbyggingar-  
 sjóð, en því má eingöngu verja til aukningar og endurnýjunar á framleiðslu-  
 tækjum á sviði útgerðar, annaðhvort með nýbyggingum innanlands eða með  
 kaupum frá öðrum löndum. Þó er heimilt að verja fé nýbyggingarsjóðs til að  
 greiða tap á útgerð, ef aðrar eignir hrökkva ekki til fyrir því, en áður en það  
 er gert, skal það tilkynnt nefnd þeirri, er um ræðir í 59. gr., og lætur hún þá að-  
 ila vita, hvort hún telur slíka ráðstöfun í samræmi við lög þessi.

Sé fé nýbyggingarsjóðs veðsett eða því ráðstafað á einhvern annan hátt en  
 að framan greinir, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða af því tekjuskatt  
 jafnháan þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir,  
 ef það hefði þá verið skattskytt.

- d. (58. gr.) Útgerðarfélag lætur fylgja með skattframtali sínu yfirlýsingu frá hlut-  
 aðeigandi banka um það, hve mikið fé sé geymt þar í nýbyggingarsjóði, og yfirlit  
 um þær breytingar, sem kunna að hafa orðið á innstæðu sjóðsins síðan hann var  
 myndaður. Enn fremur vottorð um, að á fé þessu hvíli engar kvaðir.
- e. (59. gr.) Þriggja manna nefnd sú, er skipuð var samkv. g-lið (61. gr.) 4. gr. laga  
 nr. 9 5. maí 1941, skal hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum laga þessara  
 um ávöxtun og ráðstöfun á fé nýbyggingarsjóðs, en ákvæði laga þessara gilda  
 bæði um það fé, er greitt var í nýbyggingarsjóð árið 1941, og það fé, sem síðar  
 er í hann lagt. Nefndin er skipuð af ráðherra, einn eftir tilnefningu Landssam-  
 bands islenskra útvegsmanna, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands,  
 en hinn þriðji án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Nú verður  
 autt sæti nefndarmanns, og skipar þá ráðherra mann í nefndina í hans stað, eftir  
 þeirri reglu, er að framan greinir.

Skattanefndir skulu senda nefnd þeirri, er hér um ræðir, skýrslu um fram-  
 lög í nýbyggingarsjóð og innstæðu hvers fyrirtækis, svo fljótt sem unnt er, eftir  
 að upplýsingar um það bærust þeim í hendur. Um hver áramót skulu þau fyrir-  
 tæki, er fé eiga í nýbyggingarsjóði, senda nefndinni skýrslu um ráðstöfun þess  
 fjár, er þau hafa tekið úr sjóðnum á liðnu ári.

Nú telur nefndin vafa á því, að fé úr nýbyggingarsjóði hafi verið varið sam-  
 kvæmt ákvæðum laga þessara, og skal hún þá tafarlaust tilkynna það stjórn við-  
 komandi útgerðarfélags. Nefndin skal síðan úrskurða um það, hvort greiða skuli  
 skatt af fénu samkv. síðari málsg. 57. gr., og tilkynna það skattanefnd og eig-  
 anda sjóðsins.

Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til ríkisskattanefndar til fullnaðarúr-

20 . skurðar, sbr. þó 2. málsgr. 41. gr. Sé ágreiningur innan nefndarinnar, getur minni  
20. maí hlutinn einnig skotið honum til úrskurðar ríkisskattanevndar.

Þóknun fyrir störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

- f. (60. gr.) Nú hefur innstæða í nýbyggingarsjóði verið notuð samkvæmt fyrir-  
mælum laga þessara, og telst þá sú eign til varasjóðs hjá viðkomandi félagi.
- g. (61. gr.) Einstaklingar og sameignarfélög, er stunda sjávarútveg sem aðal-  
atvinnurekstur, mega draga frá skattskyldum tekjum sínum þær fjárupphæðir,  
er þau leggja í nýbyggingarsjóð af útgerðartekjum sínum, þó eigi hærri fjár-  
hæð en sem nemur 20% af hreinum árstekjum þeirra af útgerð áður en tekju-  
skattur, stríðsgróðaskattur og útsvar, sem greitt hefur verið á árinu, er dregið  
frá tekjunum, enda sé tekjum af útgerðinni haldið greinilega aðskildum frá  
öðrum tekjum gjaldanda. Um ávöxtun og ráðstöfun þessa fjár gilda ákvæði  
þessara laga, eftir því sem við á.
- h. (62. gr.) Sá hluti af tekjum félags árið 1940, sem undanþeginn var skattgreiðslu  
árið 1941 vegna tapsfrádráttar samkv. ákvæðum j-liðar (64. gr.) 4. greinar laga  
nr. 9 5. maí 1941, skal teljast til varasjóðs, og má nota þann hluta varasjóðsins  
til að mæta hreinum rekstrarhalla félagsins, að svo miklu leyti sem aðrar eignir  
þess, þar með talin önnur eign í varasjóði, hrökkva ekki til að jafna rekstrar-  
hallann. Sé nokkru af þessu fé varið til annars en að framan greinir, skal greiða  
tekjuskatt af 60% þeirrar fjárhæðar, er þannig er varið úr sjóðnum, jafnháan  
þeim skatti, sem hefði orðið að greiða af fénu, þegar það var lagt fyrir, ef það  
hefði þá verið skattskytt.
- i. (63. gr.) Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, er  
um ræðir í IV. kafla laganna, eftir því, sem þörf krefur, við álagningu  
skatts 1942.

#### 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts  
og eignarskatts á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi  
numin lög nr. 9 5. maí 1941, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt  
og eignarskatt.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

21  
20. maí

## L Ö G

um stríðsgróðaskatt.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

#### 1. gr.

Auk þess skattgjalds, sem ákveðið er í 6. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju-  
skatt og eignarskatt, skal leggja á og innheimta sérstakan stríðsgróðaskatt samkvæmt  
eftirfarandi reglum:

Ef skattskyldar tekjur nema 45000—60000 kr., greiðist 3% af því, sem er um-  
fram 45000 kr.

Af 60000— 75000 kr. greiðist	450 kr. af	60000 kr. og 6% af afganginum.	21
— 75000—100000 — —	1350 — —	75000 — — 10 — —	20. maí
— 100000—125000 — —	3850 — —	100000 — — 20 — —	
— 125000—150000 — —	8850 — —	125000 — — 30 — —	
— 150000—175000 — —	16350 — —	150000 — — 42 — —	
— 175000—200000 — —	26850 — —	175000 — — 55 — —	
— 200000 og þar yfir —	40600 — —	200000 — — 68 — —	

## 2. gr.

Stríðsgróðaskattur skal lagður á og innheimtur um leið og tekju- og eignar-skattur og af sömu aðilum. Ríkissjóður greiðir hlutaðeigandi sveitarfélagi 45% af þeim stríðsgróðaskatti, sem þar er á lagður og innheimtur, þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 2 krónum á móti hverjum 3 krónum, sem jafnað er niður í útsvörum í sveitarfélaginu á því ári.

## 3. gr.

Ríkissjóður greiðir 5% — fimm af hundraði — af stríðsgróðaskatti, sem innheimtur er eftir lögum þessum, til sýslufélaga og þeirra bæjarfélaga, er engan skatt fá samkvæmt 2. gr. Fé þessu skal skipt í hlutfalli við þann tekjuskatt, sem tilfellur í viðkomandi sýslu- og bæjarfélögum.

## 4. gr.

Meðan ákveðið er í lögum, að greiða skuli 90% — níutíu af hundraði — samtals í tekjuskatt og stríðsgróðaskatt af skattskyldum tekjum yfir 200 þús. krónur, er óheimilt að leggja tekjuútsvör á þann hluta af hreinum tekjum gjaldenda, sem er umfram 200 þús. krónur.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta á árinu 1942, miðað við tekjur ársins 1941. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 10 5. maí 1941, um stríðsgróðaskatt.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

um lendingarbætur á Stokkseyri.

22

20. maí

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til lendingarbóta á Stokkseyri skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 100 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjár-

22 hæð þessi greiðist lendingarsjóði Stokkseyrar að jafnri tiltölu og lendingarsjóður 20. maí Stokkseyrar leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 100 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Stokkseyrar kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

3. gr.

Eigendur Stokkseyrartorfu leggja fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, enn fremur grjót, möl og önnur jarðefni, og þola bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér. Land þetta má lendingarsjóður þó eigi selja.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða lendingarbótunum, eftir því, er nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Stokkseyrar komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er hreppsnefnd Stokkseyrar kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndar-kosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Stokkseyrar ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán, umfram stofnlán samkvæmt heimild 2. gr., til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Stokkseyrar allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða á Stokkseyri, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Stokkseyrarhafnar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

## 10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

22

20. maí

## 11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

## 12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Stokkseyrar semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggju-gjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

## 13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Stokkseyrar renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

## 14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði um stundarsakir.**

Umboð núverandi hafnarnefndar Stokkseyrar gildir unz nýjar hreppsnefndar-kosningar á Stokkseyri hafa farið fram. Að þeim afstöðnum skal fara um kosningu hafnarnefndar eins og segir í 5. gr. þessara laga.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**HAFNARLÖG**

fyrir Akranes.

23

20. maí

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði

23 Akraness. Með framlagi rikissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið 20. maí veittar í fjárlögum.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

## 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

## 4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjótarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

## 5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Akraness. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

## 6. gr.

Bæjarstjórn Akraness hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

## 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

## 8. gr.

23

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist 20. maí  
skuldir hafnarsjóðs, og bæjarstjórn hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

## 9. gr.

Bæjarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirkni við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

## 10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

## 11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farni þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. -- Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaupstaðnum og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn Akraness semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a, b og c.

## 12. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá bæjarstjórn, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

## 13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## 14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu-



23 og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum 20. maí skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

## 15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

## 16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að vikja megi frá áætluninni. Fyrir má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

## 17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjarsjóðs.

## 18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er bæjarstjórn semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

## 19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

## 20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 64 8. sept. 1931 og lög nr. 43 27. júní 1941.

*Gjört í Reykjavík, 20. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**RÍKISSTJÓRABRÉF**

24

23. maí

um frestun á fundum Alþingis.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis þess er nú situr, frá því er venjulegum störfum þess verður svo langt komið, að ekki þykir ástæða til lengra þinghalds að sinni, til þess dags, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***RÍKISSTJÓRABRÉF**

25

23. maí

um alþingiskosningar.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Með því að ég hef með bréfi, dagsettu í dag, rofið Alþingi frá þeim degi að telja, sem almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri, ber samkvæmt stjórnarskránni að láta almennar kosningar til Alþingis fara fram.

Fyrir því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skuli fara fram sunnudaginn 5. júlí n. k.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.***RÍKISSTJÓRABRÉF**

26

23. maí

um þingrof.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Þar eð Alþingi hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá ríkisins 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum nr. 22, 24. marz 1934, verður samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. téð stjórnarskipunarlög, að rjúfa Alþingi.

26 Fyrir því mæli ég svo fyrir, að Alþingi, sem nú situr, skuli rofið frá þeim degi að  
23. maí telja, er almennar kosningar til Alþingis fara fram á þessu sumri.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

27

27. maí

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsyn beri til að stytta fresti þá, er um ræðir í 26. og 66. gr. kosningalaganna við kosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 5. júlí 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Landlistar skulu tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

2. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningaréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 5. júlí 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

28

29. maí

## um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður nefndarinnar. Enn fremur skipar ríkisstjórnin þrjá menn til vara, og taka þeir sæti í nefndinni eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.

## 2. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnefnd. Áður en nefndarmenn taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn, skulu þeir vinna drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir beztu vitund.

## 3. gr.

Dómnefnd skal halda bók, og skal skrá í hana það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allt, er úrskurðast í nefndinni.

## 4. gr.

Í dómnefnd ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit máls. Þó má dómnefnd taka mál til meðferðar af nýju, ef aðstæður hafa breytt eða nýjar skýrslur komið fram. Dómnefnd er eigi ályktunarfær nema allir nefndarmenn séu mættir.

## 5. gr.

Allar breytingar á kaupí, kjörum, hlutaskiptum og þóknunum, sem greitt var eða gildi á árinu 1941, skal leggja undir úrskurð dómnefndar.

Dómnefnd skal beita þeirri meginreglu, að eigi skal greitt hærra grunnkaup fyrir sams konar verk en greitt var á árinu 1941. Dómnefnd hefur þó heimild til að úrskurða breytingar til samræmingar og lagfæringar, ef sérstaklega stendur á.

Leita má staðfestingar dómnefndar fyrir fram á tiltekinni kaupgreiðslu eða kauptilboði, og fer um úrskurð hennar í þeim föllum eins og segir í 4. gr.

## 6. gr.

Verkföll og verkbönn, sem gerð eru í því skyni að fá breytingar á kaupí eða kjörum, sbr. 5. gr., eru óheimil.

## 7. gr.

Dómnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur nefndin vald til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum, hámark álagningar, umboðslauna, og hvers konar þóknana, sem áhrif hefur á verðlag í landinu. Enn fremur getur dómnefnd úrskurðað um þá kostnaðarliði, er til greina koma um verðlagningu á vöru. Þá getur dómnefnd ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.

Verðlagsnefndir þær, sem fjalla um verðlag á innlendum framleiðsluvörum, skulu, þegar þeim þykir þurfa eða þegar dómnefnd óskar þess, láta henni í té tillögur um hæfilegt verð þessara vara. Skal dómnefnd, að fengnum slíkum tillögum,

28 ákveða breytingar á verðlagi þessara vara, í samræmi við breytingar á tilkostnaði 29. maí við framleiðslu þeirra.

## 8. gr.

Sala á vörum milli verzlana innbyrðis (keðjuverzlun) umfram það, sem almennt tíðkast í hverri grein, er bönnuð nema slík verzlun sé gerð án álagningar.

Bannað er að halda vörum, sem keyptar eru og tilbúnar til sölu, úr umferð í þeim tilgangi að fá á þeim hærri verzlunarágóða en venjulegt er á þeim tíma, sem þær höfðu átt að seljast.

## 9. gr.

Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki dómnefndar.

## 10. gr.

Dómnefnd getur krafist hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er hún telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hún falið öðrum að afla þeirra gagna.

## 11. gr.

Allar ákvarðanir dómnefndar skulu birtar þegar í stað, og koma þær í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi verður ákveðið. Birta skal þær á þann hátt, er hagkvæmastur þykir, annaðhvort með opinberum auglýsingum eða með bréflegum tilkynningum til þeirra, er þær eiga í hlut.

## 12. gr.

Dómnefndarmönnum og starfsmönnum hennar og öðrum þeim, sem kynni að verða falið eftirlit með framkvæmdum laga þessara, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atviki, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 10. gr., að því leyti, sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

## 13. gr.

Allur kostnaður við dómnefndina greiðist úr ríkissjóði.

## 14. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, er um ræðir í 10. gr., skal sæta 10—100 kr. dagsektum.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til dómnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglugerð, er kynni að verða sett samkv. þeim, varða sektum frá 100—100000 kr. Enn fremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum. Ef félög eða félagasamtök brjóta lög, skal dæma þau í sekt og auk þess stjórnendur félaganna.

## 15. gr.

Mál út af brotum á 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. skulu sæta meðferð sakamála. Með mál út af brotum á öðrum ákvæðum laganna skal farið sem almenn lögreglumál.

## 16. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 17. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 118 2. júlí 1940, um verðlag, á meðan lög þessi gilda.

18. gr.

28

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1942.

29. maí

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Allar þær verðlagsáskvarðanir um hámarksverð og hámarksálagningu, sem í gildi eru við gildistöku laganna, skulu haldast fyrst um sinn, þar til dómnefnd hefur afnumið þær og sett ný ákvæði í stað þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 29. maí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

29

11. júní

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að örðugt sé að fá slegna málm-skiptimynt með málmblöndu þeirri, sem ákveðin er í 3. gr. laga nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt, en notkun skiptimyntar sé mjög mikil nú, og aðkallandi þörf sé fyrir sláttu nýrra birgða af skiptimynt. Eins og sakir standa muni óráðlegt að lögbinda hlutföll málmtegundanna í myntinni, með því að fyrirvaralaust kunni að þurfa að draga úr notkun sumra málmtegundanna.

Til þess að ekki þurfi að leita lagabreytingar í hvert sinn, sem breyting þarf að verða á málmblöndunni í skiptimyntinni, telur ráðherrann ráðlegt að fela fjármálaráðuneytinu að ákveða með reglugerð stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntar.

Með því að ég tel brýna nauðsyn að tefja ekki mótun nýrra birgða af skiptimynt og að heppilegast sé að stærð, þungi og málmblöndun hennar verði ákveðin með reglugerð útgefinni af fjármálaráðuneytinu gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Í stað 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laganna komi ný grein er hljóði svo:

„Fjármálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntarinnar.“

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

30  
11. júní

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherrann hefur tjáð mér, að mikill hörgull sé nú á bifreiðastjórum og telji hann því nauðsynlegt að rýmka aldursákvæði bifreiðalaganna.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Fyrir „18 ára“ í 2. mgr. 20. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, komi: 17 ára.

2. gr.

Við 4. mgr. 20. gr. laganna bætist: Þeir, sem eru fullra 19 ára að aldri, geta þó fengið leyfi til að aka leigubifreiðum til mannflutninga fyrir allt að 10 farþegum, enda uppfylli þeir öll önnur skilyrði þessarar málsgreinar. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um bifreiðastjóra vörubifreiða, er flytja verkamenn til og frá vinnustað.

3. gr.

3. mgr. 21. gr. orðist svo: Engum má veita æfingu í akstri, sem yngri eru en svo, að vanti einn mánuð í 17 ára aldur.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

31  
11. júní

## LÖG

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Samábyrgðin má ekki hafa í eigin ábyrgð hærri upphæð en 35000 kr. í neinu skipi.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

## L Ó G

### um váttryggingarfélög fyrir vélbáta.

#### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Stofnun og verksvið.

##### 1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll skip og báta, stór og smá, sem sigla undir islenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

##### 2. gr.

Allir vélbátæigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 smálestir að stærð, sem aðallega eru ætlaðir til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir til að váttryggja þá hjá váttryggingarfélagi, sem starfar samkv. lögum þessum innan þess svæðis, sem báturinn er skrásettur í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Neiti einhver skipseigandi að váttryggja skip, sem tryggingarskyld er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og váttryggt sem önnur tryggingarskyld skip, og iðgjaldið innheimt með lögtaki samkv. 30. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er váttryggingarfélögunum að váttryggja skip, sem eru allt að 250 smál. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, áður en skip, sem er yfir 100 smál. brúttó, er tekið í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina.

Heimilt er félögunum einnig að taka til váttryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

Enn fremur er félögunum heimilt að váttryggja afla, veiðarfæri og lausa muni skips og skipshafnar, ef um algerðan skipstapa er að ræða.

##### 3. gr.

Landinu skal skipt í váttryggingarsvæði. Skulu núverandi váttryggingarsvæði haldast óbreytt, nema hentara þyki að breyta þeim. Ákveður þá atvinnumálaráðherra takmörk þeirra, í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju váttryggingarsvæði skal vera eitt váttryggingarfélag fyrir vélbáta. Allir eigendur váttryggingarskyldra vélbáta á hverju váttryggingarsvæði eru skyldir til að vera í félagi því, sem þar starfar.



32 Lög félaganna verða að vera í samræmi við lög Samábyrgðarinnar og samþykkt 11. júní af stjórn hennar.

4. gr.

Ríkissjóður ábyrgist með 800000 kr., að félögin fullnægi skuldbindingum sínum. Geti þau ekki af eigin rammleik greitt þær tjónbætur, sem þau eru skyld til að greiða, leggur ríkissjóður það til, er á vantar, en þó aldrei meira en áður nefnda upphæð.

Ef eitthvert félaganna hefur orðið að leita aðstoðar ríkissjóðs til þess að greiða tjónbætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af ríkissjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiddur smátt og smátt, eftir því sem efni þess leyfa.

5. gr.

Félög þau, sem stofnuð eru samkv. lögum þessum, skulu endur tryggja hjá Samábyrgðinni helming þess fjár að minnsta kosti, sem þau ábyrgjast.

Hæsta fjárhæð, sem félögunum sjálfum er heimilt að taka ábyrgð á í einu skipi, má þó eigi fara fram úr 40000 krónum, en það, sem fram yfir þetta er, eftir að skipt er til helminga, ábyrgist Samábyrgðin einnig, og getur hún ekki undan því skorast.

Félögin greiða Samábyrgðinni jafnhá iðgjöld af þessum fjárhæðum og þau taka sjálf.

Innheimtulaun af iðgjöldum, sem greidd eru Samábyrgðinni, skulu ákveðin í samningi, sem atvinnuáráðuneytið samþykkir.

## II. KAFLI

### Stjórn og reikningshald félaganna.

6. gr.

Vátryggingarfélagum, sem starfa samkvæmt lögum þessum, skal stjórnað af þriggja manna nefnd. Er einn þeirra formaður og tveir meðstjórnendur. Stjórnarnefndina velja eigendur hinna vátryggðu skipa, og kýs hún framkvæmdarstjóra.

Stjórnarnefndin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, og enn fremur 2 endurskoðendur til jafnlangs tíma. Stjórnarnefndarmenn og endurskoðendur má endurskjósa. Á sama hátt skal kjósa 3 menn til vara í stjórn og 2 endurskoðendur. Þóknun til stjórnar og endurskoðenda ákveður aðalfundur.

Stjórnarnefnd hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún hefur og daglegt eftirlit með rekstri félagsins, skipar skoðunar- og virðingarmenn og úrskurðar skaðabótagreiðslur. Þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef um greiðslu hærri skaðabóta en 5000 króna er að ræða.

Stjórnarnefndin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Framkvæmdarstjóri annast allan daglegan rekstur félagsins, gefur út og undirritar vátryggingarskirteini, innheimtir iðgjöld, annast reikningshald og hefur á hendi fjárvörzlu félagsins. Stjórnin ákveður þóknun til hans. Endurskoðendur skulu endurskoða reikninga félagsins, hver á sínu svæði, og hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá framkvæmdastjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

7. gr.

Til að framkvæma skoðunar- og virðingargerð þá, sem um getur í 11. gr., skal stjórn félagsins skipa 2 skoðunar- og virðingarmenn fyrir hvert félag og 2 til vara. Skál annar þeirra vera fróður um byggingu skipa og hinn vélfróður. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat. 32

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, er vátryggt skip verður fyrir, áður en aðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skip eftir að aðgerð hefur farið fram og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir aðgerðina. 11. júní

Til tryggingar því, að skilyrðum þeim, sem vátryggða eru sett, sé fullnægt, getur stjórnin skipað eftirlitsmenn, og ákveður hún þóknun til þeirra.

#### 8. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund þegar stjórnin telur þess þörf eða  $\frac{1}{5}$  hluti skipaeigenda fer þess á leit. Til aðalfundar skal boðað með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda, eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er, eftir að stjórn félagsins hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og þriðja hvert ár kosin stjórn og endurskoðendur samkv. 6. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem skip eiga í tryggingarfélaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 krónur eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn fyrir sjálfan sig og aðra en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Eitt atkvæði er fyrir hvert skip, þótt vátryggingarfjárhæð sé undir 5000 krónum.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins, þegar vátrygging fer fram eða mannaskipti verða.

Atkvæðisréttur fyrir hvert skip er tryggingarupphæð skipsins deild með 5000. Brot, sem nemur  $\frac{1}{2}$  eða meiru, gefur atkvæði.

Eigi má fela utanfélagsmanni að fara með umboð félagsmanna á fundum, nema veðhafi sé í skipi, sem vátryggt er hjá félaginu.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða á fundinum. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði mætt eru á þeim fundi.

Senda skal Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert.

#### 9. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja samkvæmt tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

#### 10. gr.

Í reikningum félaganna ár hvert skal færa til skuldar ógreiddar tjónbætur, eftir því sem stjórnir félaganna telja nauðsynlegt, til vara fyrir óbættum tjónum, og telja þá upphæð til tekna í næsta ársreikningi þar á eftir.

### III. KAFLI

#### Um vátryggingar skipa.

#### 11. gr.

Áður en skip er vátryggt, skal það skoðað og metið af þar til skipuðum skoðunar- og matsmönnum, en þeir skulu skipaðir af stjórn hlutaðeigandi félags.

32 Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en 11. júní skipið er tekið í tryggingu.

Skoðunarmenn skulu láta álit sitt og mat í ljós skriflega á þar til gerð eyðublað. Þóknun skoðunarmanna ákveður stjórn félagsins, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er stjórninni heimilt að láta skoðun og mat fara fram hvenær sem henni þykir ástæða til. Öll áhöld, sem á skipi eru, skulu talin með í virðingarupphæð skipsins. Undantekið er þó: bækur, sjókort, sjóúr. Einnig oliur, farfi og brennsluforði.

Nú er eigandi óánægður með skoðun og mat á skipi. Skal hann þá kæra mál sitt fyrir stjórn félagsins, en hún sker úr um skoðunina og matið.

Þegar skip er tryggt í fyrsta sinn í einhverju félagi, skal auk iðgjaldsins greiða félaginu stofngjald, 1% af virðingarverði skipsins. Ef virðingarverð skipsins hækkar, skal greiða viðbótarstofngjald af hækkuninni.

Vátryggja skal  $\frac{1}{10}$  hluta virðingarverðs hvers skips. Þann  $\frac{1}{10}$  hluta, sem þá verður eftir, má hvergi vátryggja.

Stjórn félagsins gefur út vátryggingarskirteini fyrir hvert skip um sig til eins árs í senn.

Nú þykir Samábyrgðinni einhver skoðunar- og matsgerð eigi framkvæmd sem skyldi, og getur hún þá krafizt yfirskoðunar og yfirmats dómkvaddra manna. Hún getur og hvenær sem henni þykir ástæða til krafizt skoðunar og endurmats á skipunum.

#### 12. gr.

Nú flyzt skip á annað vátryggingarsvæði, og skal þá eigandi þess þegar í stað sjá um flutning tryggingar skipsins í félag það, er starfar á félagssvæði því, er skipið flyzt á. Ábyrgð fyrri félagsins fellur niður jafnskjótt og skipið hefur verið skrásett. Skal skrásetningin tilkynnt báðum félögunum þegar er hún hefur farið fram. Tilkynninguna annast skrásetningarstjóri. Sá, er skip flytur, skal einnig skyldur að tilkynna flutninginn þegar í stað báðum vátryggingarfélögunum, að viðlögðum algerum missi réttinda á hendur vátryggingarfélagi því, er í hlut á. Sömu viðurlögum varðar það hann, ef hann vanrækir flutning tryggingarinnar. Jafnframt má dæma hann í fésekt fyrir vanrækslu í þessum efnunum.

### IV. KAFLI

#### Um sjótjón.

#### 13. gr.

Þar sem annað er ekki ákveðið í lögum þessum, reglugerðum, sem út kunna að verða gefnar, eða vátryggingarskirteinum, bæta félögin tjón það, sem verður af sérhverri þeirri hættu, sem skip lendir í á vátryggingartímabilinu. Félögin greiða þannig tjón, sem verður af völdum storms, sjávar, straums, íss, jarðskjálfta, elds, eldingar, árekstrar á grunn, skipbrots, veltu, ásiglingar eða sjóráns.

Það hefur engin áhrif á skaðabótaskyldu félagsins, þótt svo kunni að standa á, að tjónbóta verði krafizt af þriðja aðila, og eigi heldur þótt skipstjóri eða skipshöfn hafi valdið tjóninu (sbr. þó 25. gr.).

Óbein tjón, svo sem aflatjón og veiðarfæratjón, bæta félögin þó aldrei.

Hvert sinn, er skip verður fyrir bótaskyldu tjóni, skal það skoðað og tjónið metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags, áður en aðgerð hefst. Ef skipið er statt utan vátryggingarsvæðis síns félags, þegar það verður fyrir tjóni, getur stjórn félagsins útnefnt aðra menn til að skoða og virða tjónið. Skipaeigendur annast sjálfir aðgerðir skipa sinna.

Tjónbætur greiðast samkvæmt mati á tjóninu, nema viðgerðarkostnaður verði 32 lægri en matið. Þá skal greiða tjónið samkvæmt viðgerðarreikningi. 11. júní

## 14. gr.

Þegar greiddar eru tjónbætur fyrir viðgerðir, skal ávallt draga frá viðgerðarkostnaði eða matsverði sem hér segir:

Frá tjónbótum fyrir skip, sem er:

a. 6 rúmlesta eða minna .....	200 kr.
b. 6—12 rúmlesta .....	300 —
c. 12—20 rúmlesta .....	400 —
d. 20—30 rúmlesta .....	500 —
e. Yfir 30 rúmlesta .....	700 —

Verði viðgerð á skemmdum frestað án samþykkis félagsstjórnarinnar, bætist ekki sá tjónauki, sem af drættinum kann að hafa hlotizt.

## 15. gr.

Tjón á vélum, ásamt ásum og skrúfum eða öðrum útbúnaði, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu, sem ekki stafar frá vélinni.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

## 16. gr.

Tjón á seglum, ábreiðum, köðlum, reiða og öðrum lausum áhöldum, útbúnaði í herbergjum skipverjanna, þó ekki á föstum tré- eða málmhlutum, bætist því aðeins, að það stafi af:

1. Eldi eða sprengingu.
2. Að skipið sökkvi, strandi, því hvolfi eða það rekist á grunn.
3. Árekstri skipsins eða áhalda þess á fasta eða fljótandi hluti, þar með talinn ís.

## 17. gr.

Vátryggður hefur rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, þegar:

1. Skipið tynist algerlega.
2. Skipið sekkur, strandar eða á annan hátt verður fyrir tjóni, þannig að ekki telst hægt að bjarga því né endurbæta það á staðnum eða flytja það á annan stað til viðgerðar.
3. Skipið er löglega dæmt óbætandi, þ. e. hefur orðið fyrir svo miklum skemmdum vegna sjóttjóns, að aðgerð á því borgar sig ekki, þar eð kostnaðurinn við aðgerð á skemmdunum fer fram úr verði skipsins í viðgerðu ástandi, að frádregnu verði þess óviðgerðs.

Greiði félagið bætur fyrir algerðan skiptapa, þer því hlutfallslegur hluti af andvirði þess, er inn kann að koma fyrir leifar þess.

Félögin skulu þó ávallt hafa rétt til, ef skip verður fyrir ónýtingardómi á þennan hátt, að gera við skipið á sinn kostnað og skila eiganda því í skoðunarfæru standi.

Nú sekkur skip, strandar eða verður fyrir öðru tjóni, sem um ræðir í 2. og 3. tölul. þessarar greinar, og vátryggjandi vill eigi að síður reyna björgun á því á eigin ábyrgð og gerir slíka tilraun, án þess að óþarfur dráttur verði á, og á þá vátryggður því aðeins rétt til bóta fyrir algerðan skiptapa, að björgun skipsins sé ekki lokið í síðasta lagi 10 mánuðum eftir að áfallið varð, eða björgunartilraunum sé áður hætt.

32

11. júní

Nú hefur ekki spurzt til skips í 3 mánuði frá því það lagði síðast úr höfn til fiskveiða hér við land, og skal þá lita svo á, að það hafi farizt algerlega, og skal greiða bætur fyrir það sem algerlega tapað. Sé skipið í utanlandssiglingum, lengist þessi frestur í 6 mánuði.

Nú er skipið yfirgefið af áhöfn úti á rúmsjó og því hefur ekki verið bjargað innan 3 mánaða frá því það var yfirgefið, og á váttryggður þá kröfu til bóta sem um algerðan skiptapa væri að ræða.

19. gr.

Bætur, sem váttryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljóttandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag vegna þess, greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem váttryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til. Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru váttryggingarfélögunum óviðkomandi.

20. gr.

Sameiginlegt sjóttjón (havari grosse) skal leitt til lykta samkvæmt York-Antwerpen-ákvæðunum frá 1924.

21. gr.

Þetta skal ekki bæta sem sjóttjón:

1. Tjón, sem verður vegna þess, að skip var, þegar það lagði síðast úr höfn, ekki sjófært, hæfilega útbúið, mannað og lestað, nema ætla megj, að váttryggður hafi ekki vitað eða hlotið að sjá, að ábótavant var.
2. Tjón, sem verður vegna þess, að skipið hefur ekki verið í gildu ástandi, þegar því var lagt upp, eða ekki frá því gengið svo sem vera bar, eða haft undir nægilegu eftirliti, nema váttryggða verði ekki gefin sök á því.
3. Tjón, sem verður á skipi, sem með vitund váttryggða liggur mannaust við bryggju eða hafnarvirki. Undanþágu frá þessu geta félögin veitt með samþykki Samábyrgðarinnar.
4. Ef skip er að staðaldri notað til einhvers, sem er óviðkomandi fiskveiðum, er tjón, sem það veldur eða hlýtur, því aðeins bótaskyldt, að váttryggjandi hafi samþykkt notkunina.
5. Tjón á áhöldum eða skipshluta, sem orsakast af almennri notkun hlutaðeigandi skipshluta eða áhalds.
6. Tjón, sem orsakast af hernaði, borgarastyrjöld eða þess háttar.
7. Tjón, sem verður meðan áfallið iðgjald er ekki greitt. Félagssjórnin hefur þó heimild til að vikja frá þessu ákvæði.

Ef tjón verður vegna smiðisgalla eða efnisgalla, verður tjón á hlutum þeim, sem gallinn er á, ekki bætt.

Ef tjón verður vegna slits, fúa, ryðs, tæringar, maðkskemmda, rottu, músa eða af öðrum slíkum orsökum, verður tjón á þeim hlutum, sem áður nefndar orsakir hafa valdið, ekki bætt.

22. gr.

Ef skip þiggur hjálp af öðrum vegna bilunar á vél eða af öðrum ástæðum, greiðir váttryggjandi kostnað af því í hlutfalli við váttryggingarupphæðina, að frádregnum 25%.

Öll þau skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum, eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem Skipaútgærd ríkisins eða ríkissjóður gerir út eða sér um útgærd á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp

verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin 32 af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af 11. júní stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti. Sbr. einnig 13. gr. 3. málsgr., og aldrei getur greiðslan orðið hærri en váttryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

## 23. gr.

Þegar gert er við skip, sem orðið hefur fyrir tjóni, sem váttryggjendum ber að greiða, greiðir félagið ekki þann aukakostnað, sem stafar af eftir- eða helgidagavinnu, nema að svo miklu leyti sem við þá vinnu sparast önnur útgjöld fyrir váttryggjendum.

Leifar skips, sem farizt hefur eða dæmt hefur verið ónýtt, svo og verð braks, sem rifið er úr skipi, sem gert er við á kostnað váttryggjanda, er eign váttryggjanda að rétttri tiltölu við virðingarupphæð þess, sem váttryggt er.

## 24. gr.

Opnir vélbátar eru allir þeir vélbátar, sem ekki eru með fullu þilfari. Fyrir þá gilda þessi ákvæði sérstaklega:

Bætur fyrir tjón á opnum vélbáti skal greiða samkvæmt sömu reglu sem um aðra vélbáta, ef báturinn ferst algerlega eða er dæmdur ónýtur eða óbætanlegur af skoðunarmönnum félagsins, en hálfar ella.

Þó skal félagið ávallt greiða að sínum hluta kostnað við björgun á opnum vélbáti, sem orðið hefur fyrir áfalli, og skaða, er hlýzt af nauðlendingu, enda fari kostnaðurinn ekki fram úr váttryggingarfjárhæðinni.

Stjórn félagsins getur krafizt þess, að opnir vélbátar séu settir á land eftir hverja notkun í sjóferð. Hafi félagsstjórn krafizt þessa, verða engar bætur greiddar fyrir tjón, sem af því kann að leiða, að út af er brugðið.

## 25. gr.

Nú sannast það, að skipstjóri hafi af ásettu ráði eða í sviksamlegum tilgangi valdið tjóninu, og má þá draga allt að 20% af skaðabótafénu, enda þótt váttryggðum annars hefðu borið fullar bætur. Hafi váttryggður sjálfur í sviksamlegum tilgangi tvítryggt hið sama, eða hafi hann gerzt valdur að tjóni af ásettu ráði eða fyrir hirðuleysi, er félagið laust allra mála um skaðabótaskyldu gagnvart honum.

Hins vegar skal félaginu ávallt skylt að greiða svo mikið af skaðabótafénu sem þarf til að greiða lán, er veitt hafa verið gegn veði í skipinu eða bátnum, enda skerða ákvæði laga þessara um niðurfall skaðabótaskyldu váttryggingarfélaga að einhverju eða öðru leyti í einstökum tilfellum aldrei rétt veðhafa til innheimtu váttryggingarfjárins hjá félaginu.

Skaðabætur greiðast þó aldrei, ef tjón verður af þeim orsökum, er greinir í 21. gr., 5. og 6. tölulið.

Félagið á atíð endurgjaldskröfu á hendur þeim, sem sekur er samkvæmt fyrir hluta þessarar greinar.

## 26. gr.

Öll skjöl og reikninga snertandi tjón og aðgerð á skipi skal þegar að aðgerðinni lokinni afhenda hlutaðeigandi félagi. Skal tjónið þá gert upp innan eins mánaðar frá afhendingu skjalanna. Félagið og skipseigandi koma sér saman um það, hversu aðgerð skuli hagað, og greiða kostnaðinn í hlutfalli við áhættu sína.

32 Aðgerðarreikningar, sem ekki eru komnir í hendur stjórnar félagsins áður en  
11. júní 1 mánuður er liðinn frá því að aðgerðinni er lokið, verða ekki teknir til greina, nema sannað sé fyrir stjórn félagsins, að gildar ástæður séu, að hennar dómi, fyrir þeim drætti, sem orðið hefur á því að gera kröfu.

Sama gildir um aðrar kröfur vegna sjótljóns, ef þær eru ekki komnar félagsstjórninni í hendur innan mánaðar frá því að tjónið varð.

Afrit af tjónbótaniðurjöfnun skal ávallt senda Samábyrgðinni.

## V. KAFLI

### Skyldur váttryggða.

#### 27. gr.

Þegar váttryggt skip verður fyrir tjóni, sem bótaskyld er samkvæmt lögum þessum, skal eigandi skipsins, eða formaður þess í hans stað, þegar í stað tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi félagsstjórnar og gefa nákvæma skýrslu um atvikin. Skýrslan skal rituð á þar til gerð skýrsluform, er Samábyrgðin semur og lætur váttryggjendum í té.

Tjón, sem ekki hefur verið tilkynnt innan hálf mánaðar frá því er það vildi til, getur félagsstjórnin neitað að taka til greina, nema sannað sé fyrir henni, að óviðráðanlegar orsakir séu til dráttarins.

#### 28. gr.

Skyld er bæði skipstjóra og útgerðarmönnum að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr tjóni, svo að það verði sem allra minnst. Þeim ber að hlíta þeim ráðstöfunum, sem stjórn félagsins kann að gera í því skyni.

Á váttryggðum hvílir skylda til þess að færa sönnur á tjónið og hve miklu það hefur numið.

#### 29. gr.

Skipstjórar á hinum váttryggðu skipum verða að fullnægja þeim reglum, sem settar eru í gildandi lögum á hverjum tíma um rétt til að vera skipstjóri á slíkum skipum, sem þeir stjórna, og í þeim siglingum, er þau ganga. Skipin verða einnig að fullnægja ákvæðum laganna um útbúnað, áhöfn, ljós- og bendingarfæri o. fl.

Félögin og Samábyrgðin geta hvort um sig neitað skipstjórn þess skipstjóra, sem þrisvar, vegna ógætni eða vanrækslu, hefur orðið fyrir bótaskyldu tjóni á skipum, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum. Ef eigandi skips hlítir ekki fyrir mælum um þetta, verða ekki bætt þau tjón, er sá skipstjóri verður fyrir.

Hvert það skip, sem hefur mótor í lokuðu rúmi, skal hafa meðferðis öflugt slökkvitól, sem tekið er gilt af Samábyrgðinni, og skal það haft einhvers staðar fyrir utan vélarrúmið, þar sem auðvelt er að ná til þess. Í vélarrúmi mega ekki vera nein þau tæki, sem eldur er notaður við, að undanteknum lömpum þeim, sem nauðsynlegt er að hafa við rekstur og gæzlu mótorsins.

## VI. KAFLI

### Um iðgjöld og iðgjaldaendurgreiðslu.

#### 30. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af atvinnumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og starfandi vélbátaváttryggingarfélaga.

Þar, sem sérstaklega stendur á að dómi atvinnumálaráðuneytisins og Samábyrgðarinnar, skal heimilt að ákveða iðgjöldin með hliðsjón af því áhættusvæði, þar sem skipinu er ætlað að vera í förum.

Vátryggingarfélag hefur lögveð í skipi fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingar-  
iðgjöldum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Vátryggingin gengur í gildi þegar áskilið iðgjald og stofnsjóðsgjald er ákveðið, og eiga félögin kröfu á að fá greitt iðgjald fyrir vátryggt skip frá þeim tíma, er beðið var um vátrygginguna.

32

11. júní

## 31. gr.

Endurgreiða skal iðgjald fyrir skip, sem staðið hefur í landi eða verið lagt tryggi-  
lega fyrir festum á öruggum stað, sem stjórn félagsins telur gildan, ef slík landstaða  
eða hafnlega hefur varað að minnsta kosti einn mánuð samfleytt. Ef tjónbætur á  
vátryggingarárinu fara fram úr helmingi hins greidda iðgjalds, fellur endurgreiðsla  
niður fyrir það vátryggingarár. Sömu reglur gilda um endurgreiðslu, ef skip flyzt  
milli vátryggingarféлага eða hættir að vera vátryggingarskilyrt.

Endurgreiðslu þessa skal reikna hlutfallslega af hinu greidda ársiðgjaldi.

Vottorð tveggja manna, sem stjórn félagsins tekur gilda, um uppistöðu eða  
hafnlegu þá, er hér um ræðir, skal afhenda stjórn félagsins og er skilyrði fyrir, að  
endurgreiðsla verði látin af hendi.

Skipin eru þó ávallt tryggð fyrir venjulegri hafnaráhættu (revier), þegar þau  
liggja uppi. En fyrir þá áhættu skal greiða iðgjald eins og ákveðið verður í iðgjalda-  
skránni.

## 32. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda má leggja í gerð. Í gerðardóminn kveður  
hvor málsaðili einn mann, en héraðsdómari í því héraði, þar sem félagið á heima,  
eða fulltrúi hans, skal vera oddamaður, enda séu þeir á engan hátt við málið riðnir.  
Sé svo, skipar atvinnumálaráðherra oddamann.

Ágreining milli féлага, sem endurbyggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna  
og Samábyrgðarinnar skal leggja í gerð á sama hátt, en þá skipar atvinnumála-  
ráðherra oddamann gerðardómsins, og skal það vera einn af dómurum hæstaréttar.

Gerðardómur í ágreiningsmáli félags og skipseiganda skal háður þar, sem félagið  
á lögheimili, en sé ágreiningurinn milli tveggja féлага eða milli félags og Samábyrgð-  
arinnar, skal gerðardómurinn háður í Reykjavík.

Ef gerðardómsmenn verða ekki á eitt sáttir, ræður atkvæði oddamanns úrslitum.

Nú hefur annar hvor málsaðila ekki kvatt mann í gerðardóminn og tilkynnt það,  
svo sannanlegt sé, hinum málsaðila 30 dögum eftir að sannanlegt er, að hann hafi  
fengið vitneskju um kvaðningu andstæðings síns, og skal þá héraðsdómari í því lög-  
sagnarumdæmi, þar sem gerðardómurinn er háður, skipa gerðardómsmann í hans  
stað.

Nú hefur ágreiningurinn ekki getað orðið útkljáður vegna vanrækslu annars  
gerðardómsmanna 30 dögum eftir að hann var nefndur í dóminn, og á þá hinn gerð-  
ardómsmaðurinn rétt á að gera út um málið ásamt oddamanninum, og ræður þá at-  
kvæði oddamanns úrslitum, ef þeir verða eigi á eitt sáttir. Oddamaður sker úr því,  
hvort gerðardómsmaður hafi gert sig sekan í vanrækslu.

Í gerðardómnum skal það og ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða  
nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkvæðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

## 33. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingar-  
fjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka,  
hverjir hafi veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.



32

11. júní

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

Þetta gildir þó ekki, er einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast. Ganga eignirnar þá til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í lögum þessum.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 27 13. jan. 1938 og lög nr. 38 27. júní 1941.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðarinnar eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.
2. Bataábyrgðarfélag það, er nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

33

11. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Í stað „3000 lítra“ í 1. málsg. 3. gr. laganna komi: 2600 lítra.
- b. Í stað „½ lítra“ í 2. málsg. sömu lagagr. komi: 1 lítra.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

33

11. júní

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

34

11. júní

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1942, skal frestað, og skulu þær fara fram 12. júlí 1942.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

35

11. júní

um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 1. málsg. 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:  
Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd (fasteignamatnefnd) leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignast hefur hús á starfssvæði sínu eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnæði í húsinu, sé honum þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

Uppsögn á húsnæði, sem heimil væri eftir 1. málsg., en fram hefur farið fyrir gildistöku þessara laga, getur húsaleigunefnd (fasteignamatnefnd) metið gilda, enda hafi uppsögn miðazt við 14. maí 1942.

35

11. júní

2. gr.  
Í stað orðanna „15. júní 1942“ í 6. gr. laganna komi: 15. júní 1943.

3. gr.  
Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

36

11. júní

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast hitaveitulán fyrir Ólafsfjarðarhrepp.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tvö hundruð þúsund króna innlent lán fyrir Ólafsfjarðarhrepp í Eyjafjarðarsýslu, til að koma í framkvæmd hitaveitu fyrir Ólafsfjarðarkauptún, þó aldrei yfir 80% af stofnkostnaði hitaveitunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

37

30. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 100 23. júní 1936, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Til hins meira fiskimannaprófs útheimtist: Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur:

**Stærðfræði (munnleg):**

- a. Í reikningi: Notkun logaritma. Veldi og rót.
- b. Í flatarmálsfræði: Beinar línur. Horn. Hringurinn. Marghyrningur. Sporbaugur. Reglur um hliðar og horn í þríhyrningum og samhliðungum. Réttthyrndur þríhyrningur. Einslaga og samfalla þríhyrningur. Flatarmál hrings og marghyrninga. Uppdráttur og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
- c. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra réttthyrndra þríhyrninga eftir henni.
- d. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks, ferstrendings og sivalnings.

37

30. júní

**Siglingafræði (skrifleg og munnleg):**

- Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu á bauganeti þess, á því að ákveða afstöðu himinhnatta, á sólinni og hreyfingu hennar.
- Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans.
- Að kunna að finna ristíma, hágöngutíma og hvarftíma himinhnatta.
- Þekking á hæðarleiðréttingum himinhnatta og að kunna að finna breiddina af athugun sólar eða fastastjarna í hádegisbaug.
- Þekking á sextanti og notkun hans.
- Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju af athugun pólstjörnnunnar. Staðar-ákvarðanir með radiómiðunum.
- Að kunna að finna misvísun eða segulskekkju með viks(amplitude)athugun sólar og við azimutathugun sólar eða stjarna.
- Þekking á hallasegulskekkju.
- Að búa til vaxandi kort.

**Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):**

Hið sama og til hins minna fiskimannaprófs og enn fremur þekking á notkun alþjóðamerkjabókar og að geta lesið og gefið ljós- og hljóðmerki eftir Morsestafrófi.

**Íslenzka (skrifleg og munnleg):**

Nokkru fyllri þekking en til minna fiskimannaprófsins.

**Danska (munnleg):**

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, í lausu máli og ljóðum, sérstaklega um líf og störf sjómanna, og að geta talað dönsku nokkuð, einkum um það, er snertir sjómennsku.

**Enska (munnleg):**

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, og geta talað ensku nokkuð, einkum um það, er gerist á sjó.

**Sjóréttur (munnlegur):**

Nokkru fyllri þekking en til hins minna fiskimannaprófs.

**Hjúkrunarfræði (munnleg):**

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu sjúkdóma.

Samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Næma sjúkdóma og sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.

Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum, hirðingu þeirra og umgengni, matvæli og fæði skipverja.

- 37 Vélfræði (munnleg):**  
 30. júní Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

**Bókhald:**

Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.  
 Auk þess sé nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra í sjómennsku og veðurfræði.

## 2. gr.

Orðin „Að búa til vaxandi kort“ í kaflanum um siglingafræði í 7. gr. laganna falli burtu. Aftan við þennan kafla komi: Sigling eftir stórbaug og stórbaugskort.

Aftan við sömu lagagr. komi ný málsg., er orðist þannig:

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skólustjóra, að ákveða, að aðeins skuli kennd tvö af hinum erlendu tungumálum til farmannaprófs.

## 3. gr.

Í stað orðanna „er segir í 1.—6. lið 12. gr. þessara laga“ í 10. gr. laganna komi: er segir í 1.—5. lið 12. gr. þessara laga.

## 4. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Við stýrimannaskólann skulu auk skólustjóra vera að jafnaði þrjú skipaðir kennarar, tveir aðstoðarkennarar í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastra kennara við skólann skulu ákveðin í launalögum.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**38**

30. júní

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með skipum.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 2. málsg. 2. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Heilbrigðisnefndum í bæjum og lögreglustjórum í kaптúnunum og sjávarþorpum skal skylt að hafa eftirlit með hreinlæti í mannaibúðum og matvælagæmslum skipanna. Eftirlitið skal framkvæmt ekki sjaldnar en einu sinni á mánuði, þegar skip liggur í innlendri höfn. Í reglugerð séu ákvæði um, hvaða hreinlætisreglum skuli fylgt, þegar skip er á sjó.

## 2. gr.

38

30. júní

3., 4. og 5. málsg. 31. gr. laganna orðist svo:

Íslensk skip, sem undanskilin eru frá því að hafa alþjóðahleðslumerkjaskirteini, skulu þó hafa ákveðið minnsta hleðsluborð og hleðslumerkjaskirteini, og nær þetta ákvæði til allra skipa, sem eru farþegaskip, og skipa, sem eru í vöruflutningum innan lands, hafna á milli, eða flytja farm milli Íslands og annarra landa.

Atvinnumálaráðuneytið setur með reglugerð fyrir mælingar og skoðanir, sem gerðar skulu á skipi til ákvörðunar alþjóðahleðslumerkja, samkvæmt áður greindri alþjóðasamþykkt frá 5. júlí 1930, og reglur til ákvörðunar á minnsta hleðsluborði farþega- og vöruflutningaskipa í innanlandssiglingum og fiskiskipa, er sigla milli landa, svo og um gerð hleðslumerkjaskirteinis þessara skipa. Enn fremur setur ráðuneytið með reglugerð sérstök ákvæði um, hvernig umbúnaði undir þílfari og á skuli hagað á skipum, sem stunda sildveiðar, svo og á öðrum fiskiskipum, sem sigla milli landa.

Kostnaður allur við ákvörðun hleðslumerkja greiðist af skipseiganda, eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

## 3. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, er verður 38. gr., svo hljóðandi:

Á farþegaskipum í innan- og utanlandssiglingum skal óheimilt að flytja í farmrúmi eða á þílfari benzín eða önnur eldfim efni, sem geta valdið sprengingu.

Á öðrum skipum skal með reglugerð ákveða, hvernig skuli um slíkan farm búið, svo sem minnst hætta stafi af.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

39

30. júní

um breyting á lögum nr. 26 13. jan. 1938, um bændaskóla.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera þrjár skólar á landi hér, er veita bændæfnum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal einn skólinn vera á Hólum í Hjaltadal, annar á Hvanneyri í Borgarfirði og hinn þriðji á Suðurlandsundirlendi.

Landbúnaðarráðuneytið ákveður skólanum stað, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Skólarnir nefnast bændaskólar.

39

30. júní

2. gr.

Í stað orðanna „Við hvorn skóla“ í byrjun 1. málsgr. 4. gr. laganna komi: Við hvern skólanna, og í stað orðanna „hvorum skóla“ í 3. málsgr. sömu lagagr. komi: hverjum skólanna. — Enn fremur komi í stað orðanna „Í hvorum skóla“ í 1. málsgr. 5. lagagr.: Í hverjum skóla.

3. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

#### Sérákvæði um bændaskóla Suðurlands.

Eftir gildistöku laga þessara skal, svo fljótt sem unnt er, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, reisa bændaskóla Suðurlands.

Ef hentugt jarðnæði skortir fyrir skólann, er ríkisstjórninni heimilt að kaupa jörð fyrir hann á kostnað ríkissjóðs.

Þegar bændaskóli Suðurlands tekur til starfa, skal með reglugerð sett sérákvæði um starfshætti hans, og skal þá varðandi tilraunastarfsemi og önnur verkefni hans lögð megináherzla á það, er snertir sérstöðu Suðurlandsundirlendisins í búnaðarháttum.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

40

30. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „innan tíu ára frá því er lög þessi ganga í gildi“ í 2. málsgr. 3. gr. laganna kemur: fyrir árslok 1947.

2. gr.

Á eftir 1. málsgr. 14. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:  
Ráðherra er þó heimilt að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda hafi hlutaðeigandi fiskiræktar- og veiðifélög gert tillögu um slíka friðun og sýslunefnd mælt með henni, eða bæjarstjórn, ef veiðin er úti fyrir bæjarlandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

41

30. júní

um breyting á lögum nr. 108 9. okt. 1941, um byggingar- og landnámssjóð.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað „6 þúsund“ í síðustu málsg. 9. gr. laganna komi: 9000.

## 2. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Skilyrði fyrir byggingarstyrk eru, að umsækjandi leggi fram skilríki samkvæmt ákvæðum 1.—7. töluliðs 7. gr. og enn fremur skilríki fyrir:

1. Að húsakynni séu óhæf til íbúðar að álitum hreppstjóra og héraðslæknis.
2. Að jörðin sé í sjálfsábúð eða falli undir ákvæði laga um erfðaábúð og óðalsrétt.
3. Að fasteignamat (millimat) bæjarhúsa sé ekki yfir 3000 kr. Þó er nýbýlastjórn heimilt að víkja frá þessu ákvæði, ef sérstök nauðsyn er á og hún öll sam-mála. Samþykki ráðherra þarf þó til þess í hvert skipti.

Framlagið til hvers býlis má vera 500—1500 kr., að viðbættum þeim hundruðshluta, er byggingarkostnaður hefur, þegar húsið er reist, hækkað frá 1939, samkvæmt útreikningi teiknistofu landbúnaðarins.

Ef hús jarðar eyðast eða spillast mjög af völdum bruna eða annarra náttúruaf-la, þeirra sem hús verða ekki tryggð fyrir að fullu, og ábúandi getur ekki byggt aftur með þeirri aðstoð, sem lög þessi gera ráð fyrir, er nýbýlastjórn heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að veita hærri byggingarstyrk. Aldrei má þó framlag samkvæmt þessari grein vera meira en  $\frac{1}{3}$  af kostnaðarverði hússins, nema alveg sérstaklega standi á og ráðherra veiti samþykki sitt í hvert skipti, og þó ekki lengur en byggingar-kostnaður er meira en þrefaldur miðað við 1939.

Lokagreiðsla fer fram, þegar fullnaðarreikningur er kominn yfir byggingar-kostnaðinn.

## 3. gr.

Fyrir „4500“ í 33. og 35. gr. laganna komi: 6000.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Ólafur Thors.*



42

30. júní

## L Ö G

um heimild til þess að taka eignarnámi nokkur lönd á hverasvæði í Ölfusi.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að taka eignarnámi ríkinu til handa eftirtaldar landeignir í Ölfusi:

1. Það af landi jarðarinnar Vorsabæjar, sem ekki er eign ríkisins, með eftirgreindum landamerkjum: Að austan takmarkast landið af Varmá, að sunnan af landamerkjum Vorsabæjar, frá Varmá um fornu Vorsabæjarrúst, sjónhend- ing yfir Breiðutorfu og þaðan í Neðrasnið við Hengladalsá, að vestan landa- merki Reykjakots að Varmá, en eftir það ræður Varmá mörkum fyrir landinu að norðan.
2. Landblett Gísla Björnssonar, svonefnt Ekrubarð, háðum megin við þjóðveginn ofan við efri brúna á Varmá.

## 2. gr.

Takist ekki samkomulag við núverandi ábúanda Vorsabæjar um afnotamissi á því landi, sem væntanlegur skipulagsuppráttur nær yfir, er ríkisstjórninni heimilt að taka afnotarétt ábúandans á því landi eignarnámi.

## 3. gr.

Um framkvæmd eignarnáms samkv. 1. og 2. gr. skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

43

30. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 11. júní 1938, um byggingarsamvinnufélög.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Fyrri málsg. 10. gr. laganna orðist svo:

Nú vill félagsmaður selja íbúð, er hann hefur fengið að tilhlutun byggingarsamvinnufélags, og hefur félagið þá forkaupsrétt. Ef samkomulag næst ekki um söluverð

til félagsins, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum, og hlíti seljandi mati þessu, **43**  
 ef hann þá kys að selja og félagið vill kaupa. Næst á eftir félaginu hafa félagsmenn, <sup>30. júní</sup>  
 sem ekki eiga íbúð, forkaupsrétt við sama verði, enda hafi þeir ekki byggt íbúð með  
 aðstoð félagsins samkvæmt þessum lögum. Ekki er eiganda íbúðar heimilt að fram-  
 leigja nema nokkurn hluta íbúðarinnar. Þó getur hann leigt heila íbúð um stundar-  
 sakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi og félagsstjórnin leyfir og samþykkir  
 leigumálann.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

**44**

um breyting á lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum.

30. júní

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
 þykki mínu:

Í staðinn fyrir „Reykholt í Borgarfjarðarsýslu“ í 3. gr. laganna komi: við  
 Stafholtsveggjahver í Borgarfirði.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

**45**

um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss,  
 Eyrarbakka og Stokkseyrar.

30. júní

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
 þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogs-  
 stöðinni til Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar og til þeirra fyrirtækja og sveitabýla í  
 Árnassýslu, sem þannig eru sett, að unnt er kostnaðar vegna að veita rafmagni til  
 þeirra, og einkarétt til sölu á þessu svæði.

45 Sérleyfistíminn sé 20 ár frá því rafveitan er komin til ofanefndra kauptúna  
30. júní (sbr. þó 4. tölul. 3. gr.).

2. gr.

Nú berast óskir um raforkuveitu til Hveragerðis, og samkomulag tekst við sérleyfishafa um lagningu hennar og raforkusölu á þetta svæði, og nær þá sérleyfið einnig til lagningar þeirrar veitu.

3. gr.

Skilyrði fyrir sérleyfi og hlunnindi sérleyfishafa til handa eru þau, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði félag til að veita rafmagn og reka fyrirtækið, sem hafi hæfilegt stofnfé, að dómi ráðuneytisins, og ráði yfir að minnsta kosti 900000 kr. til framkvæmdanna.
2. Að gerð veitunnar sé þannig, að öruggt sé, að hún geti fullnægt þeim byggðarlögum, sem ætlazt er til, að fái rafmagn frá veitu þessari í framtíðinni.
3. Að ríkisstjórnin gefi út reglugerð um rekstur veitunnar. Má þar ákveða sektir fyrir brot gegn reglugerðinni.
4. Að ríkið eigi, að sérleyfistímanum liðnum, kauparétt á veitunni fyrir matsverð dómkvaddra manna. Nú telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, vegna hagsmuna almennings, að kaupa orkuveituna fyrr, og er það þá heimilt, enda fellur þá sérleyfið niður. Kaupverðið skal ákveða með mati dómkvaddra manna.
5. Að byrjað verði á veitunni þegar er ástæður leyfa og efni til hennar fæst, að dómi ráðuneytisins. Verði sérleyfið ekki notað næstu 5 árin eftir að það er veitt, fellur það niður.

Sérleyfið er ekki framseljanlegt.

6. Að sérleyfishafi hliti þeim skilyrðum öðrum, er ríkisstjórnin telur rétt að setja, þar á meðal viðurlögum.

Ríkisstjórninni er heimilað að ákveða í leyfisbréfinu:

- a. Að engum sé heimilt að vinna raforku til eigin nota á svæðinu nema með leyfi ráðuneytis.
- b. Að leyfishafi skuli vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til rikissjóðs og útsvari til sveitar. Enn fremur skal hann undanþeginn að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum, sem þarf til stofnunar veitunnar.

4. gr.

Ríkisstjórnin skal veita alla þá aðstoð, sem auðið er, við útvegum á efni til veitunnar og flutning á því til landsins.

5. gr.

Um stofnun félagsins, sérleyfisveitingu og önnur atriði, er lúta að fyrirtæki þessu, skal farið eftir ákvæðum laga nr. 15 20. júní 1923 (vatnalaga) og l. nr. 83 23. júní 1932 (um raforkuvirki) að svo miklu leyti sem hér er ekki sérstaklega kveðið á um.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**L Ö G**

46

30. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1942.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1942 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**AUGLÝSING**

47

30. júní

um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins hefur ríkisstjóri staðfest eftirfarandi

**REGLUGERÐ**  
fyrir Háskóla Íslands.

## I. Stjórn háskólans.

## 1. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor og háskólaráði.

## 2. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum og dósentum háskólans til þriggja ára í senn, en prófessorar einir eru kjörgengir.

Sá prófessor er rétt kjörinn rektor, sem fengið hefur meira hluta greiddra atkvæða, enda hafi tveir þriðju hlutar kosningarbærra kennara átt þátt í atkvæðagreiðslunni.

Rektorskosning fer fram 14. dag maímánaðar eða næsta virkan dag.

Hafi enginn fengið yfir helming atkvæða, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er sá þá rétt kosinn, sem flest atkvæði fær. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

Rektor má endurkjósa, en ekki er hann skyldur að taka við endurkjöri. Rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

47  
30. júní

Birta skal stjórnarráðinu úrslit rektorskosningar.

Nú fellur rektor frá eða verður að láta af störfum áður en rektorsár hans eru liðin, og skal þá kjósa nýjan rektor svo fljótt, sem því verður við komið, en varaforseti háskólaráðs gegni rektorsstörfum þangað til. Skal hinn nýi rektor kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast sem eitt ár.

### 3. gr.

Rektor og forsetar deildanna skipa háskólaráðið. Rektor er sjálfkjörinn forseti ráðsins, en varaforseta kys ráðið sér úr sínum hóp á fyrsta fundi sínum.

Rektor boðar fundi, er þörf krefur, svo og er tveir háskólaráðsmenn eða þriðjungur kennara óskar þess. Fundi skal boða bréflaga og með tveggja daga fyrirvara. Dagskrá fylgi fundarboði. Fundi skal jafnaðarlega halda á föstudögum.

Skyldur er hver háskólaráðsmaður að sækja fundi. Hamli forföll, skýri hann rektor frá þeim, og getur hann þá jafnframt sent tillögur sínar um fundarefni, en ekki teljast þær tillögur sem atkvæði.

Fundur er því aðeins lögmætur, að meiri hluti háskólaráðsmanna sé viðstaddur. Sé fundur haldinn að ósk kennara utan háskólaráðs, mega hvatamenn fundar senda jafnmarga fulltrúa úr sínum hóp á fundinn og margir eru menn í háskólaráðinu, og hafa þeir fulltrúar þá málfrelsi, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á háskólaráðsfundi. Séu atkvæði jöfn, sker atkvæði forseta úr. Bókfæra skal gerðir funda og gerðabók lesin og undirskrifuð í lok hvers fundar.

### 4. gr.

Háskólaráðið hefur hið æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum háskólans, að svo miklu leyti sem það vald er eigi með lögum lagt í hendur annarra stjórnarvalda.

### 5. gr.

Háskólaráðið fer með undirbúning mála þeirra, er háskólann snerta og leggja á fyrir æðri stjórnarvöld. Það lætur stjórnarráðinu í té allar þær upplýsingar, sem stjórnarráðið þarf á að halda og snerta háskólann sérstaklega.

Áður en nágildandi eða síðar settum ákvæðum um háskólann verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytinguna eða viðaukann, sem og um nýmæli. Snerti málið sérstaklega tiltekna deild, skal háskólaráðið leita álits deildarinnar.

### 6. gr.

Stjórnarráðið skipar ritara háskólans. Bókavörð, svo og dyravörð og aðra starfsmenn skipar háskólaráðið og setur öllum starfsmönnum erindisbréf.

Háskólaráðið getur vikið þeim starfsmönnum frá, er það hefur skipað. Stjórnarráðið vikur ritara frá, og skal það ætíð gert, ef rektor háskólans og meiri hluti háskólaráðs krefjast þess.

### 7. gr.

Háskólaráðið hlutast til um, að gefin verði út árlega á prenti árbók háskólans, en í henni á að vera skýrsla um starfsemi háskólans, um söfn hans og sjóði og um það, hvernig farið hefur verið með fé það, sem háskólinn hefur haft til umráða.

## II. Deildir og kennarar.

### 8. gr.

Í háskólanum eru fyrst um sinn fjórar deildir: Guðfræðideild, læknadeild, laa- og hagfræðideild og heimspekideild.

### 9. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar og aukakennarar, en aukakennarar eru þeir kennarar nefndir, sem jafnframt gegna embættum eða öðrum aðalstörfum.

Áður en fast kennaraembætti við Háskóla Íslands (prófessors- eða dósentsembætti) er veitt, skal það auglýst til umsóknar með hæfilegum umsóknarfresti.

Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmiðir og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skípa skal hverju sinni 5 manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu. Nefnir háskólaráð til þess tvo af nefndarmönnum, ráðherra sá, er fer með kennslumál, aðra tvo og hlutaðeigandi deild einn, og er sá formaður nefndarinnar. Engan má nefna í nefnd þessa, sem eigi er viðurkenndur fræðimaður í vísindagrein þeirri, sem umsækjendum er ætlað að kenna.

Telji háskólaráð sérstaka örðugleika vera á því, að fá 5 hæfa menn til dómsins, má nefndin vera skipuð þrem mönnum, og tilnefnir þá háskólaráð einn þeirra, ráðherra sá, er fer með kennslumál, annan og hlutaðeigandi deild hinn þriðja.

Nefnd þessi skal láta uppi rökstutt álit um vísindalegt gildi rita umsækjenda og rannsókna, og hvort af þeim megi ráða, að umsækjandi sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita fast kennaraembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljósi það álit, að hann sé hæfur til þess.

### 10. gr.

Hver háskóladeild velur úr sínum hópi deildarforseta (dekanus), og er hann sjálfkjörinn í háskólaráðið.

Deildarforseti er kosinn til eins árs í senn. Deildarforseta má endurkjósa, en hann getur skorast undan endurkjöri, þangað til ár er liðið frá því, er hann gegndi deildarforsetastörfum síðast.

Deildarforsetar eru kosnir í lok kennsluárs, en taka við starfi með byrjun næsta kennsluárs.

Allir deildarkennarar eiga atkvæði um kjör deildarforseta, en prófessorar einir eru kjörgengir.

### 11. gr.

Deildarfundi skal halda eftir þörfum, eða þegar meiri hluti deildarkennara óskar þess. Deildarforseti boðar fundi bréflega með eins dags fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboðinu.

Á deildarfundum eiga sæti deildarkennarar og rektor, ef honum sýnist svo. Deildarkennarar einir eru þó atkvæðisbærir. Deildarfundur er því aðeins lögmætur, að meira en helmingur deildarkennara sæki fundinn. Deildarforseti stýrir fundi. Geti forseti ekki sótt fund, kjósa fundarmenn mann úr sínum flokki til að stýra fundi.

Afl atkvæða ræður á deildarfundum. Séu atkvæði jöfn, sker atkvæði fundarstjóra úr.

Bókfærðar skulu gerðir deildarfunda og gerðabók lesin og undirskrifuð áður en fundi er slitið.

47

30. júní

12. gr.

Nú þykir ástæða til þess að setja nýmæli um deildarmál, og gerir deildin þá uppástungu um málið til háskólaráðs.

13. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig. Skal þar nákvæmlega lýst, hverjar námsgreinar séu kenndar innan hvorrar deildar, hvernig kennslugreinum sé skipt eftir kennslumissum, hve námstíminn sé langur, hvernig kennarar hagi kennslu sinni (með fyrirlestrum, yfirheyrslum eða æfingum), hvernig prófum, embættisprófum og undirbúningsprófum sé hagað o. s. frv.

14. gr.

Deildarforsetar annast um, að til sé í tæka tíð nákvæm skrá um fyrirlestra, yfirheyrslur og æfingar í kennslumissum því, sem í hönd fer. Deildarskýrslur þessar skulu prentaðir í einu lagi, enda gæti rektor þess, að skýrslurnar séu í samræmi við lestrar- og kennsluáætlanir deildanna.

15. gr.

Hver háskóladeild ákveður, hvort eða að hve miklu leyti kennsla skuli fara fram meðan á prófum stendur. Hver háskóladeild sker úr því, hvort öðrum en stúdentum sé heimilt að sækja æfingar og yfirheyrslur við háskólann.

16. gr.

Hver deild ákveður, hve margar stundir hver deildarkennari skuli kenna á viku. Auk þess er hverjum háskólakennara heimilt að halda fyrirlestra í háskólanum um sjálfvalið efni, enda segi kennari rektor til um það fyrir fram.

17. gr.

Háskólaráðið getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að hálfum mánuði. Til lausnar um lengri tíma og ferðar út úr landinu eða dvalar þar, meðan stendur á kennslu, þarf aftur á móti samþykki stjórnarráðsins, að fengnum tillögum háskólaráðs.

### III. Nemendur og kennsla.

18. gr.

Hver sá, kona eða karl, sem lokið hefur stúdentsprófi við hinn almenna menntaskóla í Reykjavík, menntaskólann á Akureyri eða annan innlenda skóla jafngildan þeim, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald til háskólans, enda sé mannorð hans óflekkað. Háskólaráðið getur veitt mönnum, sem tekið hafa próf við erlenda skóla, sem jafngildir íslenzku stúdentsprófi, rétt til að láta skrásetja sig við háskólann.

Háskólaráðið getur þó, samkvæmt tillögum hlutaðeigandi háskóladeildar, kveðið svo á í samþykkt, að aðeins ákveðinn fjöldi nýrra stúdenta skuli skráðir í deildina á ári hverju. Óski fleiri stúdentar skrásetningar en samþykkt leyfir, er háskólaráði heimilt að setja, í samráði við hverja deild, ákvæði um, eftir hverjum reglum hinni tilteknu tölu sé veittur aðgangur að deildinni.

Nú er aðgangur að háskóladeild takmarkaður, og getur háskólaráð þá mælt svo fyrir, að stúdentum þeim, sem í deildinni eru, skuli skylt að sýna í lok hvers kennslumissumis vottorð kennara deildarinnar um, að þeir hafi stundað nám í deildinni það kennslumissumis.

Nú æskir stúdent skrásetningar, og tilkynnir hann þá ritara háskólans það, 47 og hverja námsgrein hann ætlar að stunda, fyrir byrjun kennslumisseris, og greiði 30. júní jafnframt 25 kr. skrásetningargjald.

Skipti stúdent um námsgrein, ber honum að láta skrásetja sig í deild þeirri, sem hann ætlar að stunda nám í.

Skrásettur stúdent fær borgarabréf hjá rektor.

#### 19. gr.

Læknisskoðun skal fara fram á hverjum stúdent, sem æskir skrásetningar, og verður sú skoðun framkvæmd stúdentum að kostnaðarlausu, af lækni þeim, er háskólaráð ræður til þess. Skytt er hverjum stúdent að láta skoða sig með sama hætti í byrjun 3. námsárs.

#### 20. gr.

Um leið og stúdent er skrásettur, skal honum afhent námsferilsbók. Í bók þessa skal skrá undirbúningspróf þau, er stúdentinn tekur á námstímanum, þátttöku hans í fyrirskipuðum námskeiðum, svo og í fyrirskipuðum íþróttaiðkunum og tímasókn hans fyrir hvert háskólamisseri. Þar skal og getið læknisskoðunar þeirrar, er stúdentinn skal ganga undir, og annars þess, er háskólaráð telur vert, að getið sé í námsferilsbók. Námsferilsbók skal stúdent jafnan skytt að sýna, er hann lætur skrásetja sig til prófs eða sækir um styrk af fé háskólans og endrarnær, er rektor eða deildarforseti krefjast þess.

#### 21. gr.

Skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis

Verði skrásettur stúdent sekur um einhver afbrot gegn settum reglum háskólans, getur háskólaráð gert honum hegningu. Er hegningin áminning, styrkmissir, brottrekstur um lengri eða skemmri tíma eða fyrir fullt og allt.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

Brottrekstur fyrir fullt og allt, fyrir hverja sök sem er, skal þegar í stað tilkynna stjórnarráðinu.

#### 22. gr.

Sé hafin réttarrannsókn gegn háskólastúdent fyrir glæp, eða honum stefnt dómstefnu fyrir þá sök, skal valdsmaður þegar í stað skýra rektor frá því.

#### 23. gr.

Afskiptum háskólans af skrásettum stúdentum lýkur ekki fyrr en stúdent hættir námi að fullu, enda hafi hann sagt ritara til um það. Hafi stúdent ekki sótt háskólann í 4 kennslumisseri, eða 2 kennslumisseri, sé aðgangur að deild þeirri, sem hann er skrásettur í, takmarkaður samkv. 2. málsg. 18. gr., er litið svo á, að hann sé hættur við nám. Ritari skrifi athugasemd um það í skrásetningarbók háskólans.

#### 24. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri. Nær hið fyrra frá 1. október til 31. janúar og hið síðara frá 1. febrúar til 15. júní

Stúdentar skulu koma til náms við upphaf hvers kennsluárs á þeim tíma, sem háskólaráð ákveður hverju sinni.

Meðan á kennslutíma stendur mega stúdentar eigi fara í brott úr bænum, svo að þeir geti eigi sótt kennslustundir, nema þeir hafi fengið leyfi deildarforseta til þess.



47

30. júní

25. gr.  
 Á háskólaárinu eru eftirfarandi leyfi: jólaaleyfi frá 20. desember til 6. janúar, páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum og hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðjudags eftir hvítasunnu. Byrjunar- og lokadagur hvers leyfis telst með því. Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta og 1. desember.

Háskólaráð eða deildir geta gefið leyfi einstaka daga, að gefnu tilefni.

26. gr.

Fyrirlestrar fara fram í heyranda hljóði. Yfirheyrsla og æfingar til embættisnáms eru þó fyrir stúdenta eina.

27. gr.

Kennslan fer fram með fyrirlestrum, æfingum og yfirheyrslum, og skal við kennsluna nota prentaðar bækur, svo sem til vinnst. Skriflegar og verklegar æfingar skal halda eftir þörfum.

28. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að leggja stund á leikfimi og sund 4 fyrstu námsmisseri.

Í leikfimi skulu stúdentar hafa sótt 80 kennslustundir.

Í sundi skulu stúdentar hafa sótt 40 kennslustundir. Auk þess skulu þeir hafa leyst af hendi prófnaun sem hér segir:

a. 200 m bringusund,

b. 25 m björgunarsund með mann, kunna leysitök, lífgunaraðferðir og dýfingar úr eins til tveggja m hæð.

Áður en stúdent segir sig til embættisprófs skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvirkusamlega tekið þátt í leikfimi og sundæfingum og lokið prófnaun þeirri, sem getið var um.

Undanþegnir ákvæðum þessarar greinar eru þeir stúdentar einir, sem sýnt geta vottorð frá lækni háskólans, að þeir séu eigi færir til íþróttaiðkana.

29. gr.

Í guðfræðideildinni er veitt kennsla í þessum greinum:

1. Í gamlamenteisfræðum:

a. skýringar á völdum köflum úr gamlamenteinu,

b. trúarsögu Ísraels,

c. inngangsfraði gamlamenteisins og

d. stuttu yfirliti yfir Ísraelssögu.

2. Í nýjamenteisfræðum:

a. nákvæmri skýringu á þessum ritum nýjamenteisins á grísku:

Guðspjöllunum fjórum,

Rómverjabréfinu,

fyrri Korintubrési, Galatabrésí og

fyrri Pétursbrési.

b. skýringu á öðrum ritum nýjamenteisins á íslenzku. Við skýringarnar skal farið yfir guðfræði nýjamenteisins, einkum um mikilsvarðandi og sérkennileg hugtök og meginstefnur höfundanna.

c. inngangsfraði nýjamenteisins.

3. Í samstæðilegri guðfræði:

a. kristilegri trúfræði,

b. kristilegri siðfræði,

- c. trúarvarnarfræði og
- d. játningafræði.

Tvær hinar síðartöldu fræðigreinar (3 c. og d.) skulu þó því aðeins kenndar, að ekki sé tekið það tillit til þeirra í trúfræðikennslunni, er geri óþarfa kennslu í þeim sérstaklega.

4. Í kirkjusögu:
  - a. almennri kirkju- og trúarlærdómssögu og
  - b. kirkjusögu Íslands.
5. Í almennri trúarbragðafræði, að svo miklu leyti sem kennslukraftar leyfa:
  - a. almennri trúarbragðasögu,
  - b. trúarheimspeki og
  - c. trúarlífssálarfræði.
6. Í kennimannlegri guðfræði:
  - a. bóklegri tilsögn í höfuðatriðum prédíkanarfræðinnar, trúkennslufræðinnar, sálgæzlufræðinnar og helgisíðafræðinnar,
  - b. verklegri tilsögn í barnaspurningum og ræðugerð ásamt ræðuflutningi.
7. Í sérnámi því, er stúdent velur sér í samráði við kennara úr kennslugreinum þeim, sem taldar eru í 1.—4. lið.  
 Þá veitist og stúdentum tilsögn í kirkjurétti.  
 Skriflegar æfingar skulu haldnar með þeim stúdentum, sem lengst eru komnir í öllum þeim námsgreinum, sem skriflegt próf er haldið í.

30. gr.

Í læknadeildinni er kennsla veitt í þessum greinum:

- a. Til embættisprófs í læknisfræði:
  1. Efnafraeði. Kennslan er bókleg í ólífrænni og lífrænni efnafraeði og verkleg í ólífrænni efnarannsókn.
  2. Líffærafraeði. Kennslan er bókleg og verkleg. Við bóklegu kennsluna skal eftir fongum nota uppdrætti og sýnishorn af líkamspörtum. Verklega kennslan er fólgin í líkskurðaræfingum og skulu stúdentar leggja fram skilríki fyrir því, að þeir hafi samvirkusamlega tekið þátt í æfingunum, áður en þeir ganga undir fyrra hluta embættisprófs.
  3. Lífeðlisfræði. Kennslan er bókleg og verkleg. Við bóklegu kennsluna skal eftir fongum nota áhöld og tilraunir, en verklega kennslan er fólgin í æfingum á lífrænni efnarannsókn í rannsóknarstofu.
  4. Meinafraeði. Kennslan er bókleg og verkleg. Skal nota við hana eftir fongum sýnishorn af sjúkum líffærum. Auk almennrar sjúkdómafraeði skal kenna aðalatriðin í sjúkdómafraeði líffæra. Verklega skal æfa nemendur í rannsókn dánarorsaka.  
 Í sóttkveikjufræði skal kenna aðalatriðin. Kennslan er bæði bókleg og verkleg.
  5. Heilbrigðisfræði. Kennslan er bókleg. Eftir fongum skal sýna áhöld og þegar því verður við komið nauðsynlegar heilsufræðirannsóknir æfðar í rannsóknarstofu. Stúdentar skulu kynna sér aðferðina við kúabólusetningu hjá lögskipuðum bólusetjara í Reykjavík.
  6. Handlæknisfræði. Kennslan er bókleg, skrifleg og verkleg. Skriflega kennslan er fólgin í æfingum með eldri stúdentum í því að skrifa ritgerðir um ákveðin verkefni í þessari grein og í því að semja skriflegar lýsingar á sjúklíngum. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeining í rannsókn sjúklínga og meðferð, og skurðæfingum á líkum.

Nota skal eftir fongum við kennsluna það verkefni, sem fæst við ókeypis læknishjálp háskólans og í sjúkrahúsum.

47

30. júní

7. Lyflæknisfræði. Kennslan er bókleg, skrifleg og verkleg og fer fram á svipaðan hátt og í handlæknisfræði. Nota skal einnig eftir föngum alla þá verklega fræðslu, sem unnt er að fá í opinberum sjúkrahúsum í grennd við bæinn.
8. Fæðingarfræði. Kennslan er bókleg og verkleg. Verklega kennslan fer fram með æfingum á líkani.
9. Lyfjafræði. Kennslan er bókleg og verkleg. Við bóklegu kennsluna skal nota safn af lyfjum og lyfjaefnum. Verklega kennslan fer fram í lyfjabúðum í Reykjavík og er fólgin í æfingum í að búa til lyf.
10. Réttarlæknisfræði. Kennslan er bókleg og skrifleg. Við bóklegu kennsluna skal eftir föngum nota sýnishorn. Skriflega kennslan er fólgin í æfingum í að semja skýrslur um réttarlæknisfræðileg efni. Einnig skal gefa stúdentum kost á að vera við, þegar réttarkrufning fer fram.
11. Augnsjúkdómafræði. Kennslan er bókleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í æfingum við ókeypis lækning háskólans í þess konar sjúkdómum.
12. Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði. Kennslan er bókleg og verkleg og fer fram á svipaðan hátt og kennslan í augnasjúkdómafræði.
13. Tannlæknisfræði. Kennslan er verkleg æfing í tannútdrætti og fylling tanna og fer fram við ókeypis tannlækningar háskólans.
14. Minnstu kröfur um verklegt nám eru sem hér segir:
 

Til miðhluta:	3 mánuðir	í handlæknisdeild,
	3	— í lyflæknisdeild,
	2	— í rannsóknarstofu,
	1	— í röntgendeild.
Til síðara hluta:	1½ mánuður	í lyflæknisdeild,
	1½	— í handlæknisdeild.

Skulu stúdentar leggja fram skilríki um þetta nám, um leið og þeir innrita sig til embættisprófs.

b. Til prófs í tannlækningum:

1. Tannsmíði.
2. Tannfylling.
3. Krónu- og brúargerð.
4. Tannrétting.
5. Tannsjúkdómar.
6. Munnsjúkdómar.
7. Munnsjúkdómaaðgerðir.
8. Tannsjúkdómaaðgerðir.
9. Munnsjúkdómavitjun.

Kennslan er bæði munnleg og verkleg.

31. gr.

Í laga- og hagfræðideildinni eru kenndar þessar greinar:

1. Almenn lögfræði og persónuréttur.
2. Sifja- og erfðaréttur.
3. Kröfu- og hlutaréttur.
4. Sjó- og félagaréttur.
5. Stjórnlagafraedi.
6. Stjórnarfarsréttur.
7. Þjóðaréttur.
8. Refsiréttur.

9. Réttarfar.
10. Réttarsaga.
11. Lögfræðileg skjalaritun og æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.
12. Þjóðhagfræði almenn.
13. Þjóðhagfræði hagnýt.
14. Rekstrarhagfræði almenn.
15. Iðnaðarrekstrarfræði.
16. Verzlunarrekstrarfræði.
17. Bankarekstrarfræði.
18. Fjármálafræði.
19. Tölfræði.
20. Íslensk haglýsing.
21. Bókfærsla og endurskoðun.
22. Viðskiptareikningur.
23. Erlend tungumál og bréfaskriftir.
24. Vélritun.

47

30. júní

Skriflegar æfingar skulu vera í þeim greinum, sem sérstakt skriflegt próf er haldið í.

## 32. gr.

Í heimspekideildinni skal kenna:

1. Heimspeki.
  - a. Í forspjallsvisindum almenna sálarfræði, rökfræði og annaðhvort undirstöðuatriði siðfræðinnar eða valda kafla úr heimspekisögunni. Kennslan er bókleg og fer fram með fyrirlesturum og yfirheyrslum.
  - b. Almenna heimspeki. Kennslan fer fram með fyrirlesturum.
2. Íslenska málfræði. Kennslan miðar að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á öllum greinum íslenskrar málfræði (hljóðfræði, beygingafræði, orðmyndunarfræði, setningafræði, stílfræði og bragfræði og sögu málsins að fornu og nýju), og skal sérstaklega æfa nemendur í málfræðinni við lestur og skýring íslenskra rita, fornra og nýrra.
3. Bókmenntasögu og skýring íslenskra bókmennta. Kennslan miðar að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á bókmenntum Íslendinga frá elztu tímum til vorra daga.
4. Sögu og menningarsögu Íslendinga. Kennslan miðar að því að veita nákvæma þekkingu á sögu Íslands að fornu og nýju eftir heimildum.
5. Ensku, frönsku, latínu og þýzku. Kennslan miðar að því að veita stúdentum haldgóða þekkingu í þessum tungumálum, með það fyrir augum, að þeir geti lokið prófum baccalaureorum artium samkv. 52. gr.

## 33. gr.

Háskólinn veitir kennslu til fyrra hluta prófs í verkfræði. Námsgreinar eru þessar:

1. Stærðfræði.
2. Almenn aflfræði.
3. Rúmmyndafræði.
4. Teiknun.
5. Eðlisfræði.
6. Efnafræði.
7. Jarðfræði.

47

30. júní

## IV. Próf.

## 34. gr.

Öll lögskipuð háskólapróf, undirbúningspróf og fullnaðarpróf skulu að jafnaði haldin í síðasta mánuði kennslumisseris.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, hver í sinni grein, en deild ræður fyrir-  
komulagi prófa sinna.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði.

## 35. gr.

Stúdentar mega ganga undir próf, þegar þeim sýnist, þó að því áskildu, að farið sé eftir fyrirmælum þeim, sem einstakar háskóladeildir kunna að hafa sett um það, hvað lengstur eða skemmstur tími megi líða milli þess, að einstakir hlutar prófs í deildinni eru teknir, eða hversu löngu námi stúdent þurfi að hafa lokið, áður en hann má ljúka tilteknu prófi.

## 36. gr.

Þeir, sem vilja ganga undir embættispróf, skulu tilkynna ritara það að minnsta kosti 3 vikum áður en próf byrjar. Um leið og þeir gefa sig fram, skulu þeir gjalda 20 kr. til háskólasjóðs, og tekur ritari við gjaldinu. Um leið skulu þeir afhenda ritara gjald fyrir prófskírteini, sbr. 46. gr., en það gjald endurgreiðist þeim, ef þeir standast eigi prófið eða ljúka því ekki.

Stúdent greiði prófgjaldið svo oft sem hann segir sig til embættisprófs.

Hætti stúdent við að taka próf eftir að hann hefur látið innrita sig til prófs, á hann heimting á að fá prófgjaldið endurgoldið, hafi hann gefið sig fram við ritara áður en prófið byrjar.

Gangi stúdent frá embættisprófi, verður honum ekki endurgoldið prófgjaldið.

## 37. gr.

Hafi stúdent byrjað á prófi, en gengið frá því, getur hann ekki gefið sig fram til prófs að nýju fyrir en eftir eitt misseri.

## 38. gr.

Við próf þau, er koma til greina við einkunnargjafir til fullnaðarprófs, skulu vera tveir prófdómarar, og skal annar þeirra að minnsta kosti vera utanháskóla-  
maður.

Stjórnarráðið skipar prófdómara þá, sem ekki eru háskólakennarar, eftir til-  
lögum háskóladeildar, og skulu þeir gegna starfinu í 6 ár.

Stjórnarráðið ákveður borgun þeim til handa, eftir tillögu háskólaráðs.

Deildarforseti kveður til deildarprófdómara.

Við próf þau, er koma ekki til greina við einkunnargjafir fullnaðarprófs, eru ekki  
prófdómarar, en bókfæra skal nafn stúdents og prófseinkunn.

## 39. gr.

Rektor setur menn til að gæta kandidateitanna við hinar skriflegu úrlausnir.

Óheimilt er kandidateitum að veita hjálp eða leita hjálpar til hinna skriflegu úr-  
lausna. Þeim er óheimilt að tala saman, og þeir mega ekki hafa aðrar bækur hjá  
sér en deild þeirra leyfir, og skulu þær bækur, sem hver kandidateit notar, rannsaka-  
aðar fyrir fram. Kandidateitar mega ekki heldur fá leyfðar bækur léðar hverir hjá öðr-  
um. Brot gegn ákvæðum þessum varða rekstri frá prófi.

Kandidatarnir verða að vera komnir í sæti sín áður en verkefnið til skriflegrar 47  
úrlausnar er lesið upp. 30. júní

Skriflegu prófi í hverri deild skal lokið að minnsta kosti viku áður en munnlegu próf byrjar.

## 40. gr.

Sérstök einkunn er gefin fyrir hverja úrlausn. Einkunn fer bæði eftir þekkingu þeirri, sem úrlausnin lýsir, og niðurskipun og meðferð efnisins.

Deildarforseti tilkynnir kandidötum einkunnir þær, er þeir hafa hlotið fyrir hinar skriflegu úrlausnir, áður en munnlega prófið byrjar.

## 41. gr.

Prófandi og prófdómarar velja í sameiningu úrlausnarefni í hverri grein hins skriflega prófs, en munnlegum úrlausnarefnum ræður prófandi einn.

## 42. gr.

Prófandi og prófdómarar dæma í sameiningu um úrlausn í prófgrein hverri. Hver um sig gefur einkunn fyrir úrlausnina.

## 43. gr.

Deildarforseti hlutast til um að úrlausnarefni í hverri prófgrein, séreinkunnir og aðaleinkunn sé færð í sérstaka bók, er prófandi og prófdómarar undirskrifa að loknu prófi.

## 44. gr.

Prófendur og prófdómarar gefa eftirfarandi einkunnir í prófgrein hverri fyrir hverja úrlausn skriflega eða munnlega:

16 stig =	ágætlega,
13 — =	dável,
8 — =	vel,
5 — =	miður vel,
÷ 11 — =	illa,
÷ 22 — =	afarilla.

Meðaltalið af hinum gefnu einkunnum er séreinkunn í greininni. Prófandi skýrir kandidat frá greinareinkunn að loknu prófi í greininni.

## 45. gr.

Aðaleinkunnir eru:

Ágætiseinkunn (laudabilis et quidem egregie).

Fyrsta einkunn (laudabilis).

Önnur betri einkunn (haud illaudabilis I. gradus).

Önnur lakari einkunn (haud illaudabilis II. gradus).

Til aðaleinkunnar þarf þennan stigafjölda:

1. Til ágætiseinkunnar .....	14½	} Margfaldað með tölu séreinkunna.
2. — fyrstu einkunnar .....	10½	
3. — annarar betri einkunnar .....	6½	
4. — annarar lakari einkunnar .....	5	

Í þeim deildum, þar sem embættispróf er ekki tekið í einu lagi, telst sá stúdent eigi hafa staðizt prófið, sem nær eigi annarri lakari einkunn í hverjum hluta prófsins fyrir sig.

Ef einhver fær einkunnina afarilla, stenz hann eigi prófið.

47

30. júní

46. gr.  
Að loknu embættisprófi skal kandiðat fengið prófskírteini. Gjald fyrir skírteinið er 25 kr., er rennur í Háskólasjóð. Deildarforseti skrifar undir skírteinið.

47. gr.

### Próf í guðfræðideild.

#### A. Undirbúningspróf í grísku.

Stúdentum er heimilt að ganga undir próf þetta eftir eins misseris nám við háskólann.

Prófið er aðeins munnlegt. Skulu þeir stúdentar, sem undir prófið ganga, hafa að minnsta kosti lesið 100 (Teubner) blaðsíður í almennri grísku og Markúsarguðspjalli, og skal ávallt prófað í hvor tveggja grískunni.

Enginn stentz prófið, ef hann nær ekki einkunninni miður vel. Kennarinn í grísku prófar og dæmir um úrlausnirnar ásamt einum af kennurum guðfræðideildarinnar.

Kennarinn lætur af hendi prófvottorð endurgjaldslaust.

#### B. Embættispróf í guðfræði.

Áður en kandiðat segir sig til embættisprófs, skal hann hafa lokið prófi í grísku. Svo skal hann og sýna vottorð um, að hann hafi fært sér í nyt kennslu þá, sem veitt er í þeim námsgreinum, sem nefndar eru í 29. gr. og ekki er prófað í sérstaklega. Enn fremur skal hann a. m. k. þrem mánuðum áður en próf hefst að öðru leyti skila ritgerð um efni úr sérnámi sínu í samráði við kennarana, og gengur hann þá ekki undir annað skriflegt próf í þeirri grein.

Prófið er að öðru leyti haldið í þessum námsgreinum:

1. Í gamlatestamentisfræðum.
2. – nýjatestamentisfræðum.
3. – samstæðilegri guðfræði.
4. – kirkjusögu.
5. – barnaspurningum.
6. – prédikun.
7. – almennri trúarbragðafræði, þegar deildin ákveður.

Prófið í 4 fyrstu prófgreinunum er bæði skriflegt og munnlegt, í 5. og 6. prófgrein verklegt og í 7. aðeins munnlegt.

Barnaspurningar fara fram með þeim hætti, að kandiðatarnir spyrja börn í heyranda hljóði út úr efni, sem þeim hefur verið tilkynnt degi áður en spurningarnar fara fram.

Prédikun semja kandiðatarnir út af tilteknum texta og flytja hana í heyranda hljóði í kirkju að loknu prófi í öllum prófgreinum.

Prédikunartexta fá kandiðatarnir hálfum mánuði áður en skriflegt próf byrjar, og skulu þeir afhenda deildarforseta prédikunina að viku liðinni.

Fyrir ritgerð úr sérnámi og munnlegar úrlausnir í nýjatestamentisfræðum skal gefa tvöfalda einkunn.

48. gr.

### Próf í læknadeild.

#### A. Embættispróf í læknisfræði.

Embættisprófinu skal skipt í þrennt.

Áður en kandiðat segir sig til fyrsta hluta prófsins skal hann hafa lokið undirbúningsprófi í efnafræði.

Prófið í efnafræði er bæði munnlegt og verklegt. Skal taka meðaltal af eink-

unnunum fyrir báðar úrlausnirnar og telja sem eina einkunn, sem telst til aðaleinkunnar við embættispróf. 47

30. júní

Prófgreinar í fyrsta hluta embættisprófs eru þessar:

1. Liffærafræði (anatomia).
  2. Lifeðlisfræði (physiologia).
- Prófið er aðeins munnlegt.

Prófgreinar í öðrum hluta embættisprófs eru þessar:

1. Sjúkdómafræði (pathologia).
  2. Lyfjafraði (pharmacologia).
- Prófið er aðeins munnlegt.

Prófgreinar í þriðja hluta embættisprófs eru þessar:

- a. Skriflegar prófgreinar:
  1. Handlæknisfræði (chirurgia).
  2. Lyflæknisfræði (medicina).
- b. Munnlegar prófgreinar:
  1. Handlæknisfræði.
  2. Lyflæknisfræði.
  3. Fæðingarfræði (ars obstetricia).
  4. Heilbrigðisfræði (hygienica).
  5. Réttarlæknisfræði (medicina forensis).
- c. Verklegar prófgreinar:
  1. Handlæknisvitjun (clinica chirurgica).
  2. Lyflæknisvitjun (clinica medicinalis).

Velja skal við og við úrlausnarefni úr sérfræðigreinum þeim, sem kenndar eru í læknadeildinni, annaðhvort við skriflega, munnlega eða verklega prófið.

Prófi í handlæknisvitjun er hagað svo, að hver kandidat rannsakar sjúkling með handlæknissjúkdóm, í viðurvist prófanda og prófdómara og skýrir, þegar er rannsókninni er lokið, frá því, hvernig sjúkdómurinn hefur hagað sér og hvernig hann lýsir sér. Heimilt er að verja 1 klukkustund til nefndrar rannsóknar.

Prófi í lyflæknisvitjun er hagað á sama hátt.

Hver sá stúdent stenzst eigi prófið, sem nær eigi annarri lakari einkunn í skriflegri og munnlegri handlæknisfræði og skriflegri og munnlegri lyflæknisfræði.

Eigi má líða lengur en 6 kennslumisseri milli undirbúningsprófs og fyrsta hluta, 5 kennslumisseri milli fyrsta hluta og miðhluta og 5 kennslumisseri milli miðhluta og síðasta hluta. Ef lengur líður á milli, eru undangengnir prófhlutar ógildir. Undanþágu má veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Ef svo stendur á við gildistöku þessara reglugerðarákvæða, að lengra hefur liðið milli prófa en hér er gert ráð fyrir, hefur það engin áhrif á þá hluta embættisprófs, sem stúdentar hafa þegar lokið, og þótt lengra sé liðið en hér er gert ráð fyrir, skal eigi tekið tillit til þess í fyrstu tvö skipti, er prófað verður eftir að ákvæði þessi öðlast gildi.

Ef kennarar læknadeildar verða sammála um, að stúdent sé vegna persónulegra ágalla, eiturlyfjanotkunar eða annarrar alvarlegrar óreglu eigi hæfur til þess að verða læknir, einkum ef talið er, að hætta muni stafa af honum, geta þeir neitað honum um að ganga undir próf eða vísað honum úr deildinni.

Til þess að slík ráðstöfun sé framkvæmd, þurfa a. m. k. þrjú kennarar að hafa kennt viðkomandi stúdent og vera allir sammála um óhæfi hans. Skulu þeir gera grein fyrir ástæðum sínum á deildarfundi, og verður tillaga þeirra eigi talin sam-



47 þykkt, nema allir prófessorar og dósentar, ásamt föstum kennurum í geðveikralækningum og lyfjafræði veiti henni samþykki sitt.

Kennslumálaráðuneytinu skal tilkynnt, þegar slík ráðstöfun er gerð.

### B. Próf í tannlækningum.

Áður en stúdent hefur nám í tannlækningum, skal hann hafa lokið miðhlutaprófi í læknisfræði.

Eftir þriggja missera nám skal hann hafa lokið prófi í tannsmíði. Prófið er bæði verklegt og munnlegt.

Eftir fjögurra missera nám skal lokið prófi í öðrum prófgreinum, en þær eru þessar:

1. Tannfylling, verklegt próf.
2. Krónu- og brúargerð og tannrétting, munnlegt.
3. Tannsjúkdómar, munnlegt.
4. Munnsjúkdómar, munnlegt.
5. Munnsjúkdómaaðgerðir, verklegt.
6. Tannsjúkdómavitjun, verklegt.
7. Munnsjúkdómavitjun, verklegt.

49. gr.

### Próf í laga- og hagfræðideild.

#### A. Embættispróf í lögfræði.

Embættisprófinu skal skipt í tvennt, fyrra hluta og síðara hluta.

Prófgreinar í fyrra hluta embættisprófs eru þessar:

1. Almenn lögfræði og persónuréttur.
2. Sifja- og erfðaréttur.
3. Stjórnlagfræði.
4. Þjóðaréttur.
5. Réttarsaga.
6. Þjóðhagfræði.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í 2. og 3. prófgrein, en aðeins munnlegt í hinum.

Prófgreinar í síðara hluta embættisprófs eru þessar:

1. Kröfu- og hlutaréttur.
2. Sjó- og félagaréttur.
3. Refsiréttur.
4. Stjórnarfarsréttur.
5. Réttarfar.
6. Raunhæft verkefni, þar sem til úrlausnar koma atriði úr sem flestum fyrrnefndum prófgreinum, bæði í fyrra og síðara hluta embættisprófs, nema 5. og 6. grein fyrra hluta.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í 1., 3. og 5. prófgrein, aðeins munnlegt í 2. og 4. prófgrein og skriflegt í 6. prófgrein.

Áður en kandidatinn segir sig til síðara hluta prófsins skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvirkusamlega tekið þátt í æfingum í bókhaldi, vélritun og lögfræðilegri skjalritun. Enn fremur skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi unnið í lögfræðiskrifstofu undir handleiðslu lögfræðings með embættisprófi um a. m. k. tveggja mánaða skeið.

## B. Fullnaðarpróf í viðskiptafræði.

47

30. júní

Prófgreinar eru þessar:

1. Rekstrarhagfræði skrifleg.
2. Rekstrarhagfræði almenn.
3. Þjóðhagfræði skrifleg.
4. Þjóðhagfræði almenn.
5. Þjóðhagfræði hagnýt og fjármálafræði.
6. Iðnaðarrekstrarfræði.
7. Verzlunarrekstrarfræði.
8. Bankarekstrarfræði.
9. Lögfræði I. Yfirlit um borgararétt.
10. Lögfræði II. Kaflar úr kröfurétti og félagarétti.
11. Íslenszk haglýsing.
12. Tölfræði.
13. Bókfærsla almenn.
14. Samning og gagnrýni efnahagsreikninga.
15. Bókfærsla, verkleg, og endurskoðun.
16. Viðskiptareikningur.
17. Enska.
18. Þýzka og franska.
19. Ritgerð um hagfræðilegt efni, er hagfræðikennarar deildarinnar fá kandiðat-inum til meðferðar.

Auk ritgerðarinnar og skriflegrar rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði er prófið skriflegt í 12., 13., 15. og 16. prófgrein, bæði skriflegt og munnlegt í 17. og 18. prófgrein, en munnlegt í hinum. Efni í ritgerð skal fengið kandiðötunum í lok fjórða misserisins, er þeir stunda nám í viðskiptafræðum í deildinni.

Í 6., 7., 8., 9., 12., 13., 14. og 16. prófgrein skulu haldin sérstök próf í lok hvers kennslumisseris, og er stúdentum heimilt að ganga undir próf í þessum greinum, þá er þeim sýnist, og endurtaka þau á misserisfresti. Próf þessi teljast til fullnaðarprófsins, þótt þau séu ekki tekin samtímis því. Áður en stúdent tekur þátt í verklegum æfingum í bókfærslu og endurskoðun, skal hann hafa lokið prófi í almennri bókfærslu og hlotið að minnsta kosti einkunnina miður vel.

Áður en kandiðatinn segir sig til fullnaðarprófs, skal hann afhenda prófritgerð sína vélritaða og leggja fram skilríki um það, að hann hafi samvirkusamlega tekið þátt í æfingum í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði, m. a. haldið eitt erindi um efni úr hvorri greininni fyrir sig og afhent kennaranum það vélritað, og í verklegri bókfærslu og endurskoðun. Enn fremur skal kandiðatinn leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi tekið þátt í námskeiði í vélritun og öðlazi nokkra leikni í því að vélrita.

Nái kandiðatinn ekki einkunninni miður vel í 1., 2., 3., 4., 14. og 15. prófgrein, stentz hann ekki fullnaðarprófið. Við útreikning aðaleinkunnar reiknast einkunnir í 1., 2., 3., 4. og 19. prófgrein tvöfaldar.

50. gr.

### Próf í heimspekilegum forspjallsvísindum.

Stúdentum er heimilt að ganga undir próf þetta eftir tveggja missera nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minnsta kosti tveim misserum áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf. Stúdentum í verkfræðideildinni er þó ekki skylt að taka próf þetta.

Prófið er aðeins munnlegt. Enginn stentz prófið, ef hann nær ekki einkunninni miður vel. Kennarinn dæmir einn um úrlausnina.

- 47 Prófið fer fram í síðasta mánuði kennslumisseris.  
 30. júní Prófið má endurtaka á misserisfresti. Kennarinn lætur af hendi prófvottorð endurgjaldslaust.

## 51. gr.

## Próf í íslenskum fræðum.

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.
2. Íslenzk bókmenntasaga og ritskýring.
3. Saga og menningarsaga Íslendinga.

Lokapróf eru tvenns konar:

- a. Kennarapróf.
- b. Meistarapróf.

## A. Kennarapróf.

Kennarapróf skiptist í tvennt.

## Fyrri hluti:

Prófið fer fram í öllum þrem prófgreinum, samkvæmt nánari reglum, er kennararnir í íslenskum fræðum selja, og er bæði skriflegt og munnlegt. Aðaláherzla skal lögð á það að reyna, hvornig nemandinn hafi fært sér í nyt þá kennslu, sem hann hefur átt kost á, og hæfni hans til framhaldsnáms.

Engum nemanda er heimilt að ganga undir fyrra hluta prófs fyrir en fjórum misserum eftir að hann hefur innritast í heimspekideild. Vilji hann taka prófið síðar en að 6 misserum liðnum frá innritun, þarf til þess einróma samþykki kennaranna í íslenskum fræðum. Standist nemandi ekki prófið, má hann endurtaka það eftir 2 misseri. En reynist hann þá ekki hæfur, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir lokapróf.

## Síðari hluti:

Kandídatinn skal eigi síðar en þrem misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennarana, hæfilega afmarkað svið í einni af prófgreinunum (kjörsvið), sem hann kynnir sér út í æsar.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein. Að því loknu skal kandi-datin semja ritgerð um eitthvert atriði úr kjörsviði sínu, sem kennarar taka til, og er honum heimilt að verja til hennar hálfum mánuði.

Einkunnir eru gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hverri prófgrein, og auk þess tvöföld einkunn fyrir ritgerðina, alls 8 einkunnir. Enn fremur skal telja meðaleinkunn úr fyrra hluta prófi með sem tvöfalda einkunn, svo að einkunnirnar til kennaraprófs verða alls 10.

Að öðru leyti gilda bæði um fyrra og síðara hluta þessa prófs hin almennu ákvæði um embættispróf í háskólanum.

## B. Meistarapróf.

Kandídotum, sem leyst hafa af hendi kennarapróf í íslenskum fræðum, er heimilt að ganga undir þetta próf. Þeir velja sér að viðfangsefni eina af hinum þrem prófgreinum, en innan þeirrar greinar nánar afmarkað svið (kjörsvið), sem þeir skulu rannsaka visindalega. Eftir að kandi-dat hefur gengið undir munnlegt einkapróf (tentamen) hjá aðalkennara sínum, til þess að sýna, að hann hafi aflað sér nægilegrar almennrar þekkingar í sérgrein sinni, velur hann sér í samráði við kennarana verkefni úr kjörsviði sínu og semur um það ritgerð. Hann ræður sjálfur, hversu langan tíma hann tekur til ritgerðarinnar, enda sé hún vönduð að öllum frágangi. Kennararnir í íslenskum fræðum dæma einir um þetta próf. Einkunnir fyrir það eru hæfur (admissus) og ágætlega hæfur (admissus cum egregia laude).

Þeim stúdentum, sem byrjað hafa nám áður en ákvæði þessi gengu í gildi, er heimilt að ganga undir meistaraþróf samkvæmt hinum eldri reglum.

47  
30. júní

## 52. gr.

## B. A. próf.

Prófgreinar eru þessar:

1. Íslenska.
2. Enska.
3. Franska.
4. Latína.
5. Þýzka.

Nemandi, er gengur undir B. A. próf, verður að sameina þrjár námsgreinar á þann hátt, að hann taki samtals 6 stig í þrem námsgreinum, í íslenzku þó ekki minna en 3, hafi nemandi valið sér hana, en hvert stig er miðað við ákveðnar þekkingar-kröfur: 1 stig táknar minnstu kröfur, 2 stig meira, 3 stig mestar kröfur. Próf í forspjallsvisindum er reiknað 1 stig. Próf í tungumálum er bæði skriflegt og munnlegt, og verður aðaláherzla lögð á, að nemandi verði leikinn í að tala og rita nýju málin og öðlast nokkura þekking í bókmenntum þessara mála.

## 53. gr.

## Undirbúningspróf í verkfræði.

Prófinu skal skipt í tvennt. Áður en stúdent segir sig til fyrra prófsins skal hann leggja fram skilríki um það, að hann hafi lokið verklegum æfingum í efnafræði og uppdráttum, samkv. reglum, er háskólinn setur.

Prófgreinar í fyrra prófinu eru þessar:

- a. Skriflegar prófgreinar.
  1. Stærðfræði.
  2. Rúmmyndafræði.
  3. Efnafræði.
- b. Munnlegar prófgreinar.
  1. Stærðfræði.
  2. Rúmmyndafræði.
  3. Efnafræði.
  4. Jarðfræði (annaðhvert ár).

Áður en stúdent segir sig til síðara prófsins, skal hann leggja fram skilríki um það, að hann hafi fullgert þá uppdrætti, sem háskólinn setur þeim að gera til fyrra hluta prófs í verkfræði, og lokið verklegum æfingum í eðlisfræði.

Prófgreinar í síðara prófinu eru þessar:

- a. Skriflegar prófgreinar.
  1. Stærðfræði.
  2. Rúmmyndafræði.
  3. Almenn aflfræði.
  4. Eðlisfræði.
- b. Munnlegar prófgreinar.
  1. Stærðfræði.
  2. Rúmmyndafræði.
  3. Almenn aflfræði.
  4. Eðlisfræði.
  5. Jarðfræði (annaðhvert ár).

Einkunnir eru gefnar fyrir bæði munnlegar og skriflegar úrlausnir í hverri grein. Við fyrra prófið er auk þess gefin einkunn fyrir frágang við skriflegar úrlausnir og

47 við síðara prófið einkunn fyrir teiknun og frágang við skriflegar úrlausnir. Í skriflegri rúmmyndafræði, munnlegri stærðfræði, munnlegri rúmmyndafræði og í frágangi við skriflegar úrlausnir skal gefa eina einkunn í hverri grein, meðaltal af þeim einkunnum, sem stúdentinn hlýtur við fyrra og síðara prófið. Í teiknun og skriflegri og munnlegri eðlisfræði skal gefa tvær einkunnir. Einkunnir við bæði prófin verða þá samtals 17.

Fyrir hverja úrlausn, skriflega eða munnlega, skal gefa einkunnir eftir Örstedskerfi:

ágætlega	=	8	stig
ágætlega	÷	7 $\frac{2}{3}$	—
dável	+ =	7 $\frac{1}{3}$	—
dável	=	7	—
dável	÷	6 $\frac{1}{3}$	—
vel	+ =	5 $\frac{2}{3}$	—
vel	=	5	—
vel	÷	3 $\frac{2}{3}$	—
laklega	+ =	2 $\frac{1}{3}$	—
laklega	=	1	—
laklega	÷	1 $\frac{2}{3}$	—
illa	+ = ÷	4 $\frac{1}{3}$	—
illa	= ÷	7	—
illa	÷	12 $\frac{1}{3}$	—
afarilla	+ = ÷	17 $\frac{2}{3}$	—
afarilla	= ÷	23	—

Aðaleinkunnir eru:

Ágætiseinkunn.

Fyrsta einkunn.

Önnur einkunn.

Til aðaleinkunnar þarf þennan stigafjölda:

- |                               |      |                                    |
|-------------------------------|------|------------------------------------|
| 1. Til ágætiseinkunnar .....  | 7,50 | } Margfaldað með tölu séreinkunna. |
| 2. — fyrstu einkunnar .....   | 6,00 |                                    |
| 3. — annarrar einkunnar ..... | 4,00 |                                    |

54. gr.

Háskólaráðinu er heimilt, eftir tillögum háskóladeildar, að fjölga hvort heldur kennslugreinum eða prófgreinum, svo og eftir atvikum að vikja lítilsháttar frá settum reglum um kennslu eða próf.

Hins vegar verður hvorki kennslugreinum né prófgreinum fækkað án samþykkis kennslumálaráðuneytisins.

## V. Doktorar.

55. gr.

Háskóladeildirnar hafa hver um sig rétt til að veita doktorsnafnbót, og er slík nafnbót veitt annaðhvort í heiðursskyni eða að undangengnu prófi. Doktorsnafn í heiðursskyni verður þó eigi veitt, nema með samþykki háskólaráðs.

Háskólaráðið setur reglur um doktorspróf.

56. gr.

Að jafnaði skal sá, er æskir doktorsnafnbót, hafa lokið embættisprófi. Umsóku hans skal stíluð til háskólaráðs. Umsókninni á að fylgja visindaleg ritgerð, og sendir háskólaráðið hlutaðeigandi háskóladeild ritgerðina til álita og umsagnar.

Nú er ritgerð talin fullnægja þeim kröfum, sem gera ber til slikra vísindalegra ritgerða, og skal umsækjandi þá láta prenta hana. Háskólinn á heimting á allt að 100 eintökum ókeypis. Síðan skal doktorsefnið verja hana í háskólanum í heyranda hljóði, á þeim degi, sem deildin ákveður. Ritgerðin sé prentuð að minnsta kosti fjórum vikum áður en hin munnlega vörn fer fram.

Teljst vörnin fullnægjandi, fær rektor og deildarforseti honum doktorsvottorð. Fyrir vottorðið greiðir doktorinn 100 krónur, sem renna í háskólasjóð.

#### 57. gr.

Hver sá, sem hlotið hefur doktorsnafnbót, hefur rétt til að halda fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynni það háskólaráðinu. Háskólaráðið getur veitt öðrum en doktorum sams konar leyfi.

Misbeiti doktor eða leyfishafi fyrirlestrarétti sínum, getur háskólaráðið svipt hann þeim rétti.

Háskólinn leggur til ókeypis húsnæði, að svo miklu leyti, sem lögskipuð kennsla leyfir.

### VI. Vísindaleg verðlaun.

#### 58. gr.

Um úthlutun vísindalegra verðlauna fer eftir því, sem stofnskrár eða önnur þar að lútandi ákvæði áskilja.

### VII. Fjármál.

#### 59. gr.

Stjórnarráðið ávísar háskólaráðinu í upphafi hvers árs, fyrir eitt ár í senn, fjárupphæðum þeim, sem veitlar eru háskólanum í fjárlögum. Féð skal standa á vöxtum og vextir tilfærast á reikningi hvers árs.

#### 60. gr.

Háskólaráðið hefur yfirumsjón með sjóðum þeim og öðrum eignum, sem háskólinn á.

#### 61. gr.

Háskólaráðið ráðstafar fé því, sem háskólinn hefur til umráða, hvort heldur úr ríkissjóði eða öðrum sjóðum, innan þeirra takmarka, sem lög eða stofnskrár setja. Þó skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar áður en ráðstafað er fé til útgáfu kennslubóka eða styrktarfé handa námsmönnum.

#### 62. gr.

Háskólaráðið gerir stjórnarráðinu skilagrein fyrir fé því, er það hefur haft til umráða umliðið ár, innan loka næstkomandi febrúarmánaðar.

#### 63. gr.

Þeir stúdentar, sem æskja styrks af fé, sem háskólinn hefur til umráða í því skyni, skulu í desembermánuði ár hvert senda háskólaráðinu bónarbréf og láta fylgja því vottorð um ástæður þeirra, á prentuðu eyðublaði, sem fæst í skrifstofu ritara. Nú versna hagir stúdents, sem hefur eigi sótt um styrk í desembermánuði, og má hann þá sækja um styrk fyrir hina síðari styrkúthlutun.

Aðeins iðnir, reglusamir og efnalitlir stúdentar geta búizt við að fá styrk, hvort heldur námsstyrk eða húsaleigustyrk. Stúdentar þeir, sem ekki hafa lokið prófi í forspjallsvísindum, skulu láta fylgja styrkbeiðni sinni vottorð heimspekikennara.

47

30. maí

Fé því, sem lagt er stúdentum úr ríkissjóði sem húsaleigustyrkur, útbýtir háskólaráðið í janúarmánuði.

Námsstyrkjum útbýtir háskólaráðið tvisvar á ári, undir lok hvers kennslumiss-eris. Þó má veita þeim, sem ganga ætla undir embættispróf, námsstyrk um það leyti, sem upplestrartími þeirra byrjar.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 30. júní 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

48

30. júní

## L Ö G

um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Greiða skal verðlagsuppbætur á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkis og ríkisstofnana og á eftirlaun og styrktarfé samkvæmt 18. gr. fjárlaga úr ríkissjóði samkvæmt fyrirætlum þessara laga.

Heimilt er lífeyrissjóðum embættismanna, barnakennara og ljósmæðra að greiða verðlagsuppbót á lífeyri á sama hátt. Ríkissjóður endurgreiðir lífeyrissjóðunum upphæðir þær, er þeir greiða samkv. ákvæðum þessum.

Ríkisstjórninni heimilast enn fremur að greiða sérstaka uppbót til þeirra embættis- og starfsmanna, sem hafa undir 650 kr. grunnkaup á mánuði og hafa börn innan 14 ára aldurs á framfæri sínu. Uppbót þessi nemi kr. 300.00 án verðlagsuppbótar fyrir hvert barn á ári og greiðist eftir á missirislega, þó þannig, að samantölgð grunnlaun og uppbót þessi fari eigi fram úr upphæð, sem svarar til 650 kr. grunnlauna á mánuði. Sams konar heimild veitist einnig ríkisstofnunum, sveitar- og bæjarfélögum og stofnunum þeirra.

#### 2. gr.

Hagstofan, eða aðrir, ef lög ákveða svo, gerir yfirlit um breytingar á framfærslukostnaði í Reykjavík 1. dag hvers mánaðar, miðað við meðalverðlag mánuðina janúar—marz 1939.

Vísitölu þessa skal leggja til grundvallar við útreikning verðlagsuppbótar fyrir hvern mánuð.

#### 3. gr.

Verðlagsuppbótin skal nema fullri hækkun vísitölunnar, miðað við grundvöllinn janúar—marz 1939 (= 100). Uppbót greiðist þó ekki af þeim hluta launa, sem er fram yfir 650 kr. á mánuði.

#### 4. gr.

Nú tekur maður laun, eftirlaun eða fasta þóknun fyrir fleira en eitt starf eða hjá fleiri ríkisstofnunum í senn, og skal þá reikna uppbótina af launum samantölgðum og skipta hlutfallslega á þá aðila, sem launin greiða.

## 5. gr.

48

Verðlagsuppbótin greiðist á launin að viðbættri þeirri dýrtíðaruppbót, sem nú 30. júní er greidd samkvæmt lögum.

## 6. gr.

Verðlagsuppbót greiðist einnig á skrifstofufé og embættiskostnað, sem embættis- og starfsmönnum er greitt úr ríkissjóði, að undanskilinni húsaleigu og húsaleigu- styrk.

## 7. gr.

Greiða skal verðlagsuppbót á styrki þá, sem greiða ber samkv. lögum nr. 33 1940, um héraðsskóla, lögum nr. 60 1938, um húsmæðrafraeðslu í sveitum, lögum nr. 48 1930, um gagnfræðaskóla, svo og á styrki til iðnskóla.

Ríkissjóður og hlutaðeigandi bæjarsjóður greiða hvor um sig sömu verðlags- uppbót á þann styrk, sem þeim ber að greiða viðkomandi skóla, og greidd er em- bættis- og starfsmönnum ríkisins þann tíma, sem skólarnir starfa.

## 8. gr.

Hámarksákvæði niðurlags 3. gr. gilda ekki um greiðslur samkvæmt 6. og 7. gr.

## 9. gr.

Verðlagsuppbótin greiðist mánaðarlega eftir á.

## 10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvörðun og greiðslu verðlagsuppbótar samkv. lögum þessum, sker fjármálaráðherra úr til fullnaðar. Heimilt er ráðherra að setja reglu- gerð um nánari framkvæmdaratriði þessara laga.

## 11. gr.

Ákvæði laga þessara gilda frá ársbyrjun 1942. Eru jafnframt úr gildi fallin lög nr. 8 1941 og lög nr. 60 1941.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

49

30. júní

um breyting á lögum nr. 75 frá 21. júní 1921, um stimpilgjald.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam- þykki mínu:

## 1. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

Þeir, sem hafa á hendi stimplun skjala, skulu gæta þess, að hin stimpilskylda upphæð hvers skjals sé rétt tilgreind, og geta krafizt allra nauðsynlegra skýringa af hálfu þeirra, er stimplunar beiðast, og ákveða síðan gjaldið, framkvæma stimpl- unina og afhenda skjalið beiðanda. Þegar afsalsbréf eða leigusamningar greina ekki



49 hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé um það, að sölu-  
30. júní verð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

50

30. júní

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ráðherra sá, sem fer með tryggingamál, hefur tjáð mér það, að með því að breyting sú, sem gerð var á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta Alþingi, er hætt var að leyfa frádrátt á greiddum skatti og útsvari, hafi það í för með sér að fleiri gjaldendur, en búist var við eftir hinum eldri ákvæðum hafi nú meiri skattskyldar tekjur, en þær 4500 kr., sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, sem hámark fyrir því að njóta samlagsréttinda gegn einföldu iðgjaldi, þá telji ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að téð hámark verði með bráðabirgðalögum hækkað upp í kr. 5500.00.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Í 24. gr. laganna í stað „kr. 4500.00“ komi: kr. 5500.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1942.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 1. málsg. 2. greinar laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:  
Ráðherra er heimilt að gera það að skilyrði fyrir ótakmörkuðu lækningaleyfi, að umsækjendur hafi gegnt læknishéraði eða aðstoðarlæknisstörfum hjá héraðslækni allt að 6 mánuði að loknu námi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að verja úr ríkissjóði fé til að greiða laun allt að fjórum aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi lækningar aðrir en héraðslækningar. Mega launagreiðslur þessar til hvers aðstoðarlæknis nema allt að 400 kr. á mánuði auk dýrtíðaruppbótar. Landlæknir semur við héraðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna, og skal að jafnaði leitast við að vista einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslækningar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Jakob Möller.*

53  
4. júlí

## L Ö G

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

II.—V. lið 9. gr. laganna skal orða svo:

II. a.	Skurðir, 1 m og grynri	kr. 1.50	10 m <sup>3</sup>
b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m.	— 1.80	— —
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m.	— 2.50	— —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 2.25	10 m.
e.	Viðarræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 1.50	— —
f.	Hnausaræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 1.00	— —
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m. og dýpri	— 2.25	— —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	— 2.00	100 m <sup>2</sup>
b.	Græðisléttur í nýrækt	— 1.40	— —
c.	Sáðsléttur í nýrækt	— 2.50	— —
d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt	— 3.00	— —
e.	Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt	— 3.50	— —
f.	Þaksléttur í túni	— 2.00	— —
g.	Græðisléttur í túni	— 1.25	— —
h.	Sáðsléttur í túni	— 2.00	— —
i.	Matjurtagarðar	— 1.80	— —
j.	Grjótnám úr ræktunarlandi, aldrei yfir 50 m <sup>3</sup> á býli árlega	— 1.00	1 m <sup>3</sup>
IV. a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavírgirðingu	— 2.00	10 m.
b.	Sama gerð, með steypum horn- og hliðarstólpum og gegnumdreypum stólpum eða öðrum jafngóðum	— 2.50	— —
V. a.	Þurrheyshlöður, steypar með járnþaki	— 1.00	1 m <sup>3</sup>
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki	— 0.50	— —
c.	Votheyshlöður, steypar með járnþaki, hringlaga	— 4.00	— —
d.	Votheyshlöður af annarri lögun, steypar með járnþaki	— 3.50	— —

10. gr. laganna orðist svo:

## 2. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk þann, sem talinn er í 9. og 11. gr., samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Af jarðabótastyrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa. Styrkur sá, sem veittur er vegna verðlagsuppbótar, skal ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11., 13. og 16. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

## 3. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabótastyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir

upphæðir þær, er farið hafa til afgangsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgangssins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist 30% hærri styrkur.
- b. Býlum, sem fengið hafa samtals 7000—10000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem fengið hafa samtals 2000—7000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 10000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk til þeirra búa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóta aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að álitum Búnaðarfélags Íslands.

#### 4. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Nú er býli skipt, og ef jarðarpartarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða lífstíðarábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefur fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélags Íslands. Frá styrkuppheðinni skal þó draga 25% áður en skipti fara fram milli býlanna. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal leggja til grundvallar við útreikning framhaldsstyrks fyrir umbætur á býlinu. Verði býli þessi aftur sameinuð, skal leggja saman jarðræktarstyrk þann, er þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Jarðræktarstyrk annarra býla, sem sameinuð kunna að verða, skal leggja saman án hækkunar.

#### 5. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

- |   |         |             |
|---|---------|-------------|
| a. Til byggingar safngryfja og haughúsa ..... | samtals | kr. 1500.00 |
| b. Til byggingar þurrheyshlaða .....          | —       | 500.00      |
| c. Til byggingar votheyshlaða .....           | —       | 350.00      |
| d. Til jarðræktar á ári .....                 | —       | 600.00      |

#### 6. gr.

Á eftir orðunum „sem ætla má“ í 14. gr. laganna komi: að dómi Búnaðarfélags Íslands.

#### 7. gr.

Í stað „5 þús. kr.“ í 16. gr. laganna komi: 10000 kr.

#### 8. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Rétt eiga menn að stofna félag um:

- a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubýggða.
- b. Að útvega íbúum kaupstaða, kaupþúna og sveitaborpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu.

- 53 c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lög-  
4. júlí býla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun  
æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.
- d. Jarðræktarfélög, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar greinar, skulu  
því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum:
1. að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar.
  2. að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða.
  3. að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunar-  
innar.
  4. að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur.

## 9. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr. og fullnægja að öðru leyti skilyrð-  
um laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum  
9. gr.

Þegar byggt hefur verið yfir fólk og fénað á löndum félaga samkv. a-, b- og c-lið  
18. gr., fá býlin styrk samkvæmt ákvæðum 9. og 11. gr.

## 10. gr.

20. gr. laganna orðist svo:

Þeir, sem hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 18. gr., skulu á stofnfundi setja  
því samþykkt. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
- b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
- c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lög-  
mæti þeirra.
- d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félags-  
málum.
- e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða.
- f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för  
með sér.
- g. Bókhald félagsins og endurskoðun.
- h. Heimildir til lántöku og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
- i. Breytingar samþykkt, félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn  
Búnaðarfélags Íslands. Ræktunarfélög, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa  
kafla, skulu skrásett.

## 11. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 18. gr. getur, komist við  
eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra  
hreppsþúa, og hefur hún þá fyrir hönd hreppsins forkaupsrétt á löndunum. Bæjar-  
stjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt. Sbr. lög nr. 55 15. júní 1926.

## 12. gr.

24. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður skal árlega greiða 80000 krónur til verkfærakaupasjóðs.  
Búnaðarfélag Íslands annast rekstur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

## 13. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi,  
svo og búnaðarfélögum, til að eignast eftirtaldar vélar og verkfæri:

1. Hestverkfæri til jarðyrkju, forardælur, steingálga og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar. 53
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar og heybindingsvélar. 4. júlí
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum og minni skurðgröfur. Styrkurinn nemi allt að  $\frac{1}{3}$  af kaupverði þeirra verkfæra, sem talin eru í 1.—3. tölulið þessarar greinar, en allt að  $\frac{1}{4}$  af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 4. tölulið. En aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 700 krónur samtals til sama manns.

## 14. gr.

26. gr. laganna orðist svo:

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarsamböndum og búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi. Er styrkurinn þessum skilrðum bundinn:

1. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
2. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögunum nauðsynleg.
3. Að félagið hafi hús yfir áhöldin, selji þau ekki nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

## 15. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt álitinu í gerðabók félagsins og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

## 16. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Innstæður, sem einstök búnaðarfélag eiga í sjóðnum, skulu áfram vera séreign þeirra. Skal þeim varið til að styrkja verkfæra kaup viðkomandi félaga eða meðlima þeirra, og fá þessir aðilar ekki styrk úr sameiginlegum sjóði, fyrr en innstæða þeirra er eydd. Skuldir þær, sem safnast hafa hjá einstökum búnaðarfélögum, skulu greiddar úr sameiginlegum sjóði á næstu tveim árum.

## 17. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

## 18. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Eign vélasjóðs, sem var 1. jan. 1942 kr. 70471.73, verður stofnfé sjóðsins, og má ekki skerða það. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum 25000 krónur, sem verður ásamt helmingi vaxtanna rekstrarfé hans.

## 19. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal  $\frac{2}{3}$  af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

53  $\frac{1}{3}$  hluta af stofnfé sjóðsins skal nota til vélakaupa samkvæmt því, sem fyrir er 4. júlí mælt í 20. gr. þessara laga.

32. gr. laganna orðist svo: 20. gr.

Vélasjóður kaupir og gerir tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og minni skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum. Vélar þær, er að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal búnaðarsamböndum, félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

33. gr. laganna orðist svo: 21. gr.

Kostnaður við tilraunir þær, er 20. gr. (32. gr. laganna) gerir ráð fyrir, þar með talinn rekstrarkostnaður vélanna meðan tilraunir standa yfir, greiðist úr vélasjóði.

34. gr. laganna orðist svo: 22. gr.

Ríkið kaupir stærri skurðgröfur til meiri háttar framræslu, áveituframkvæmda eða breytingar vatnsfarvega, enda liggja fyrir rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands, að þeirra sé þörf.

Sé nauðsynlegt að gera tilraunir með skurðgröfur þessar, áður en þær eru teknar í notkun, greiðist sá kostnaður úr vélasjóði.

35. gr. laganna orðist svo: 23. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins. En atvinnumálaráðuneytið setur reglur um rekstur þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

36. gr. laganna orðist svo: 24. gr.

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefur rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefur umsjón með viðhaldi þeirra.

37. gr. laganna orðist svo: 25. gr.

Ríkissjóður greiðir að  $\frac{1}{3}$  kostnað þann, er leiðir af starfsemi landþurrkunar- og áveitufélaga, sem um getur í 36. gr., svo sem rekstri skurðgrafnanna (þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og vátrygging), öðrum skurðagrefti, byggingu flóðgátta og flóðgarða.  $\frac{1}{3}$  kostnaðar heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögum að taka að láni, en  $\frac{1}{3}$  skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

38. gr. laganna orðist svo: 26. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

## 27. gr.

53

4. júlí

Aftan við 45. gr. laganna bætist:

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallizt á.

## 28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 29. gr.

Í stað bráðabirgðaákvæða laganna komi svo hljóðandi

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. pr. ha., að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 2. gr. (10. gr. laganna), eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst  $\frac{1}{10}$  túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambandssvæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyrir ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirmæli til búnaðarsambandanna viðvikjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

## 30. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra og laga nr. 25 13. júní 1937 inn í lög nr. 101 frá 23. júní 1936, jarðræktarlög, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

**JARÐRÆKTARLÖG**

54

4. júlí

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt 30. gr. laga, dagsettra í dag, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 101 frá 23. júní 1936, hef látið fella meginmál þeirra og laga nr. 25 13. júní 1937 inn í lög nr. 101 frá 23. júní 1936, jarðræktarlög, og gef þau hér með út svo breytt:

**I. KAFLI****Um stjórn ræktunarmála.**

## 1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

## 2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunar-



54 mála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag 4. júlí þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

### 3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslandi eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri, með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna, undir umsjón stjórnar félagsins.

Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög um reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í um boði ríkisvaldsins, má skjóta ágrein- ingnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

### 4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn kref- ur) í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf sam- kvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefur eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skal hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því bætt, og ef miklar sakir eru, skal vikja hon- um frá starfi.

Greiðslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir regl- um, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

### 5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skal vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarfélaga skal skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skal senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

### 6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félags- maður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili.

Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfé- lagi næstu sveitar.

### 7. gr.

Kjósa skal til búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, svo og tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

### 8. gr.

Nú kýs Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem hann telur bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð.

## II. KAFLI

## Um styrki til jarðræktar og húsabóta.

54

4. júlí

## 9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir (sbr. þó 11. gr.):

I. a.	Dvaggryfjur, alsteyptar .....	kr. 8.50	m <sup>3</sup>
b.	Safnþrær, steypar með járnþaki .....	— 5.00	—
c.	Áburðarhús, alsteypt .....	— 7.00	—
d.	Áburðarhús, steyp með járnþaki .....	— 5.00	—
e.	Áburðarhús og safnþrær úr öðru efni .....	— 1.50	—
f.	Haugstæði, steyp með steypu undirlagi og 1 m veggjum ..	— 3.00	m <sup>2</sup>
II. a.	Skurðir, 1 m og grynri .....	— 1.50	10 m <sup>3</sup>
b.	Skurðir, dýpt 1—1,3 m .....	— 1.80	—
c.	Skurðir, dýpt yfir 1,3 m .....	— 2.50	—
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 2.25	10 m
e.	Víðarræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 1.50	—
f.	Hnausarræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 1.00	—
g.	Pípuræsi, dýpt 1,1 m og dýpri .....	— 2.25	—
III. a.	Þaksléttur í nýrækt .....	— 2.00	100 m <sup>2</sup>
b.	Græðisléttur í nýrækt .....	— 1.40	—
c.	Sáðsléttur í nýrækt .....	— 2.50	—
d.	Sáðsléttur í nýrækt, 1 árs forrækt .....	— 3.00	—
e.	Sáðsléttur í nýrækt, 2 ára forrækt .....	— 3.50	—
f.	Þaksléttur í túni .....	— 2.00	—
g.	Græðisléttur í túni .....	— 1.25	—
h.	Sáðsléttur í túni .....	— 2.00	—
i.	Matjurtagarðar .....	— 1.80	—
j.	Grjótnám úr ræktunarlendi, aldrei yfir 50 m <sup>3</sup> á býli árlega	— 1.00	1 m <sup>3</sup>
IV. a.	Girðingar um ræktað land, sem að vörn og varanleik jafngilda 5 strengja gaddavirgirdingu .....	— 2.00	10 m
b.	Sama gerð, með steypum horn- og hliðstólpum og gegnumdreyptum stólpum eða öðrum jafngóðum .....	— 2.50	—
V. a.	Þurrheyshlöður, steypar með járnþaki .....	— 1.00	1 m <sup>3</sup>
b.	Þurrheyshlöður úr öðru efni, með járnþaki .....	— 0.50	—
c.	Votheyshlöður, steypar með járnþaki, hringlaga .....	— 4.00	—
d.	Votheyshlöður af annarri lögun, steypar með járnþaki ..	— 3.50	—

Þar, sem salerni er ekki á bæ, skal engan styrk veita til áburðarhirðingar, fyrr en úr því er bætt.

Styrkur til hlöðuhygginga og áburðarhúsa greiðist ekki nema það sé mælt til styrks það ár, sem verkinu er lokið.

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöðu en að rúmmál hennar sé minnst 50 m<sup>3</sup>.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúabvag á býlinu.

## 10. gr.

Ríkissjóður greiðir verðlagsuppbót á jarðræktarstyrk þann, sem talinn er í 9. og 11. gr., samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar næsta ár á undan. Af jarðabóta-  
styrk þeim, sem talinn er í 9. og 11. gr., að viðlagðri verðlagsuppbót, renna 5% til

- 54 hlutaðeigandi búnaðarfélag til sameiginlegra félagsþarfa. Styrkur sá, sem veittur er vegna verðlagsuppbótar, skal ekki talinn með við útreikning hámarksupphæða þeirra, sem um getur í 11., 13. og 16. gr.

## 11. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal halda spjaldskrá yfir jarðabótastyrk hvers býlis, og skal skrásetja það, er greitt hefur verið síðan jarðræktarlög, nr. 43 23. júní 1923, gengu í gildi. Skrásetning þessi tekur og til þjóð- og kirkjujarða, að því er snertir upphæðir þær, er farið hafa til afgangsgreiðslu býlanna, og skal telja aðeins þann hluta afgangdsins, er nemur venjulegum jarðabótastyrk, miðað við þá dagsverkatölu, er jarðarafgjöldin voru reiknuð eftir.

Styrkur sá til jarðræktar og húsabóta, er 9. gr. ákveður, skal þessum breytingum háður:

- a. Býlum, sem fengið hafa samtals minna en 2000 kr., greiðist 30% hærri styrkur.
- b. Býlum, sem fengið hafa samtals 7000—10000 kr., skal greiða 50% minna fyrir hvert verk.

Býlum, sem fengið hafa samtals 2000—7000 kr., skal greiða styrk samkvæmt ákvæðum 9. gr. En býlum, sem fengið hafa fullar 10000 kr. til umbóta, greiðist enginn styrkur.

Ekki nær ákvæðið um heildarhámarksstyrk til þeirra bóa, er bæjarfélög reka vegna þess, að ókleift er að flytja nauðsynlega neyzlumjólk til bæjarins handa íbúum, að dómi Búnaðarfélag Íslands.

Hækkunar á styrk þeim, er 9. gr. ákveður, njóta aðeins jarðir samkvæmt skilgreiningu 1. gr. ábúðarlaga, nr. 87 19. júní 1933, svo og nýbýli, sem rekinn er sjálfstæður búrekstur á sem aðalatvinna, að álitni Búnaðarfélag Íslands.

## 12. gr.

Nú er býli skipt, og ef jarðarpartarnir verða í sjálfsábúð, erfðaábúð eða lífstiðar-ábúð, skiptist upphæð þess styrks, sem býlið hefur fengið, sbr. 11. gr., milli býlanna eftir mati trúnaðarmanna Búnaðarfélag Íslands. Frá styrkuppheðinni skal þó draga 25% áður en skipti fara fram milli býlanna. Þá upphæð, sem þannig er fengin, skal leggja til grundvallar við útreikning framhaldsstyrks fyrir umbætur á býlinu. Verði býli þessi aftur sameinuð, skal leggja saman jarðræktarstyrk þann, er þau hafa notið, og hækka þá tölu um 25%. Jarðræktarstyrk annarra býla, sem sameinuð kunna að verða, skal leggja saman án hækkunar.

## 13. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

- |   |         |             |
|---|---------|-------------|
| a. Til byggingar safngryfja og haughúsa ..... | samtals | kr. 1500.00 |
| b. Til byggingar þurrheyslaða .....           | —       | 500.00      |
| c. Til byggingar votheyslaða .....            | —       | 350.00      |
| d. Til jarðræktar á ári .....                 | —       | 600.00      |

## 14. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að dómi Búnaðarfélag Íslands, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til löða undir hús, fiskreita eða annars þess, sem er óviðkomandi jarðrækt.

## 15. gr.

Ábúendur þeirra jarðeigna ríkisins, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr., og reiknast þær þeim til afgangsgreiðslu helmingi herra en nemur þeim styrk, er þeim ella bæri eftir 9. gr.

## 16. gr.

Nú vinnur ábúandi á jörð, sem er ríkiseign (þjóðjörð eða kirkjujörð) af sér jarð- aðgjöld, sbr. 15. gr., og skal þá telja helming þeirrar upphæðar ár hvert, sem til afgjaldsgreiðslu fer, sem styrk veittan býlinu, ásamt þeim styrk, er ábúandi kann að njóta samkv. 9. og 11. gr., þar til komnar eru til býlisins samtals 10000 kr. Úr því fellur heimild ábúanda niður til að vinna af sér jarðargjöld.

54

4. júlí

## 17. gr.

Við fasteignamat skal meta, hvað mikið býli hefur aukizt að verðmæti fyrir styrk, greiddan býlinu samkv. II. kafla þessara laga. Skal sá hluti styrksins færður í sérstakan dálk í fasteignamatsbók sem fylgifé býlisins, og þó meðtalinn í matsverði þess samanlögðu. Telst fylgiféð sem vaxtalaust framlag ríkissjóðs til býlisins, og er óheimilt að selja eða veðsetja þann hluta fasteignarinnar, sem matsverði styrksins nemur.

Við sölu jarða skal seljandi leggja fram yfirlýsingu frá Búnaðarfélagi Íslands um, hve mikils styrks býlið hefur notið frá því er lög þessi öðluðust gildi, og skal sú verðaukning, er af styrknum leiðir, sbr. undanfarandi málsgr., tilgreind sérstaklega í kaupsamningi.

Seljist býli yfir fasteignamatsverð jarðareiganda, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið á jörðinni frá því er síðasta fasteignamat fór fram, skal verðhækkuninni skipt hlutfallslega eftir verðhæð þeirri, er seljandi á í eigninni, og því verðmæti samanlögðu, sem metið er, að stafi af styrk samkvæmt lögum þessum. Ber seljanda að greiða þann hluta verðhækkunarinnar, er af styrknum leiðir, til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóðs. Að því leyti sem söluverð jarðar er metið hækka af ástæðum, sem eru óviðkomandi þeim umbótum, er styrkur hefur verið greiddur til, skal sú verðhækkun undanþegin greiðslu til bæjar- eða sveitarsjóðs.

Nú selst jörð fyrir neðan fasteignamatsverð, að viðbættu matsverði umbóta, er gerðar hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram, og lækkar þá fylgifé jarðarinnar hlutfallslega.

Að því leyti sem meta þarf við sölu jarða umbætur, er gerðar hafa verið eftir að fasteignamat fór síðast fram, og meta og úrskurða, af hverjum ástæðum verðhækkun stafar, skal slíkt mat framkvæmt af 3 mönnum. Dómkveður sýslumaður eða bæjarfógeti 2 þeirra, en hlutaðeigandi trúnaðarmaður Búnaðarfélags Íslands skal vera oddamaður. Skal matskostnaður ákveðinn í matinu og greiddur af seljanda.

## III. KAFLI

## Um félagsræktun.

## 18. gr.

Rétt eiga menn að stofna félag um:

- Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
- Að útvega íbúum kaupstaða, kauptúna og sveitaborpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eignar eða erfðaleigu.
- Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbyla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

- 54 d. Jarðræktarfélag, sem ekki geta heyrt undir a-, b- eða c-lið þessarar greinar, 4. júlí skulu því aðeins njóta þess réttar, er 19. gr. áskilur þessum félögum:
1. að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar.
  2. að tilgangur ræktunarinnar sé aðeins framleiðsla jarðargróða.
  3. að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar.
  4. að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögum sé veittur sá réttur.

## 19. gr.

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt 18. gr. og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkvæmt ákvæðum 9. gr.

Þegar byggt hefur verið yfir fólk og fénað á löndum félaga samkv. a-, b- og c-lið 18. gr., fá býlin styrk samkvæmt ákvæðum 9. og 11. gr.

## 20. gr.

Þeir, sem hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 18. gr., skulu á stofnfundi setja því samþykkt. Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félagsins, heimili þess og varnarþing.
- b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
- c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda og skilyrði fyrir lögmati þeirra.
- d. Skipun félagsstjórnar, kosning hennar, kjörtímabil og vald hennar í félagsmálum.
- e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða.
- f. Hvernig fara skuli um greiðslu kostnaðar þess, sem félagsskapurinn hefur í för með sér.
- g. Bókhald félagsins og endurskoðun.
- h. Heimildir til lántöku og ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.
- i. Breytingar samþykkt, félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt skal vera staðfest af atvinnuáráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands. Ræktunarfélag, sem stofnuð eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skulu skrásett.

## 21. gr.

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 18. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsbúa, og hefur hún þá fyrir hönd hreppsins forkaupsrétt á löndunum. Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt. Sbr. lög nr. 55 15. júní 1926.

## 22. gr.

Skilyrði fyrir því, að jarðræktarfélag samkv. 19. og 20. gr. geti notið styrks, skulu jafnan vera þau, að félagið sendi Búnaðarfélagi Íslands staðfest eftirrit af samþykktum sínum og samningum þeim öllum, er getur um í upphafi þessa kafla. Getur Búnaðarfélag Íslands skipað fyrir um breytingar á samþykktum eða samningum, ef því þykir ástæða til, enda fellur styrkur niður, ef Búnaðarfélagi Íslands þykir ekki frá þeim gögnum gengið á fullnægjandi hátt.

## 23. gr.

Verði samningar ekki haldnir um notkun og skipting lands, svo að afnot þess verði með öðrum hætti en upphaflega var ætlað, t. d. að land komist á fárra manna hendur og ef einstakur maður hefur fengið það mikið af landi, að opinber styrkur,

er til þess hefur gengið, nemur meiru en heimilt er, að einstaklingur njóti sam- 54  
kvæmt ákvæðum 12., 19. og 20. gr., skal hann endurgreiða ríkissjóði það af styrkn- 4. júlí  
um, sem umfram er, og er landið að veði fyrir skaðlausri greiðslu.

#### IV. KAFLI

##### Um verkfærakaupasjóð.

###### 24. gr.

Ríkissjóður skal árlega greiða 80000 krónur til verkfærakaupasjóðs.  
Búnaðarfélag Íslands annast rekstur sjóðsins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

###### 25. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélagum, til að eignast eftirtaldir vélar og verkfæri:

1. Hestaverkfæri til jarðyrkju, forardælur, steingálga og verkfæri vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélar, svo sem sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar og heybindingsvélar.
3. Tóvinnuvélar til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélar, prjónavélar og vefstóla.
4. Dráttarvélar með tilheyrandi verkfærum og minni skurðgröfufur. Styrkurinn nemi allt að  $\frac{1}{3}$  af kaupverði þeirra verkfæra, sem talin eru í 1.—3. tölulið þessarar greinar, en allt að  $\frac{1}{4}$  af kaupverði vélanna eða verkfæranna, sem talin eru í 4. tölulið. En aldrei skal þó styrkurinn fara yfir 700 krónur samtals til sama manns.

###### 26. gr.

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarsamböndum og búnaðarfélagum, einu eða fleirum í félagi. Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
2. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félögunum nauðsynleg.
3. Að félagið hafi hús yfir áhöldin, selji þau ekki nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

###### 27. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem innfærir þær ásamt álitinu sínu í gerðabók félagsins og sendir þær svo ásamt umsögn sinni til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

###### 28. gr.

Innstæður, sem einstök búnaðarfélög eiga í sjóðnum, skulu áfram vera séreign þeirra. Skal þeim varið til að styrkja verkfærakaup viðkomandi félaga eða meðlima þeirra, og fá þessir aðilar ekki styrk úr sameiginlegum sjóði, fyrr en innstæða þeirra er eydd. Skuldir þær, sem safnast hafa hjá einstökum búnaðarfélagum, skulu greiddar úr sameiginlegum sjóði á næstu tveim árum.

###### 29. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI  
Um vélasjóð.

## 30. gr.

Eign vélasjóðs, sem var 1. jan. 1942 kr. 70471.73, verður stofnfé sjóðsins, og má ekki skerða það. Við stofnféð skal árlega leggja helming þess vaxtafjár, sem sjóðnum áskotnast, svo og ef afgangur verður af rekstrarfé sjóðsins.

Ríkissjóður skal árlega greiða sjóðnum 25000 krónur, sem verður ásamt helmingi vaxtanna rekstrarfé hans.

## 31. gr.

Starfsemi sjóðsins skal vera tvískipt. Skal  $\frac{2}{3}$  af stofnfé hans varið til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

$\frac{1}{3}$  hluta af stofnfé sjóðsins skal nota til vélakaupa samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 32. gr.

## 32. gr.

Vélasjóður kaupir og gerir tilraunir með vélknúðar jarðræktarvélar og minni skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðháttum. Vélar þær, er að dómi verkfæranefndar reynast nothæfar, skal búnaðarsamböndum, félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

## 33. gr.

Kostnaður við tilraunir þær, er 32. gr. gerir ráð fyrir, þar með talinn rekstrar-kostnaður vélanna meðan tilraunir standa yfir, greiðist úr vélasjóði.

## 34. gr.

Ríkið kaupir stærri skurðgröfur til meiri háttar framræslu, áveituframkvæmda eða breytingar vatnsfarvega, enda liggja fyrir rökstutt álit Búnaðarfélags Íslands, að þeirra sé þörf.

Sé nauðsynlegt að gera tilraunir með skurðgröfur þessar, áður en þær eru teknar í notkun, greiðist sá kostnaður úr vélasjóði.

## 35. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins. En atvinnumálaráðuneytið setur reglur um rekstur þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

## 36. gr.

Landþurrkunar- eða áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaganna frá 1923, 4. og 8. kafla, hefur rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og hefur umsjón með viðhaldi þeirra.

## 37. gr.

Ríkissjóður greiðir að  $\frac{1}{3}$  kostnað þann, er leiðir af starfsemi landþurrkunar- og áveitufélaga, sem um getur í 36. gr., svo sem rekstri skurðgrafanna (þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og váttrygging), öðrum skurðagrefti, byggingu flóðgátta og flóðgarða.  $\frac{1}{3}$  kostnaðar heimilast landþurrkunar- eða áveitufélögum að taka að láni, en  $\frac{1}{3}$  skulu landeigendur leggja fram sjálfir, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, geta ekki notið styrks samkvæmt II. kafla þessara laga. 54  
4. júlí

## 38. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefur á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

## VI. KAFLI

## Um búferlaflutning.

## 39. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal fela trúnaðarmönnum sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum eða eru sérlega óhægar til búrekstrar.

## 40. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugunarverðar sem framtíðarþýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja að máli skipti, eftir nánari fyrirætlum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd til umsagnar.

## 41. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu áliti hlutaðeigandi hreppsnefndar, að jörð eða þýli geti ekki talizt byggileg til frambúðar, skal það leggja málið fyrir landbúnaðarráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli framvegis styrk samkvæmt II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

## 42. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefur verið jarðabótastyrk (sbr. 41. gr.), flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, skal greiða honum úr ríkissjóði helming þess verðmunar, sem reynist á söluverði og fasteignamatsverði húsa þeirra, er hann átti á jörðinni. Vilji hann reisa nýbýli, skal enn fremur gefa honum kost á nægilegu landi, er byggt verði samkv. lögum nr. 8 1. febrúar 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, en landið skal hann hafa afgjaldslaust til lífstíðar.

## VII. KAFLI

## Um erfðaleigulönd.

## 43. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum skulu, áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða, sem leigðar hafa verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.



54

4. júlí

44. gr. Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefndum í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að álitum þeirra liggur bezt við til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, en þó eigi, ef líkur eru til, að á því þurfi að halda til byggingarlóða eða annarra framkvæmda en ræktunar. Þegar þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðarfélag Íslands tiltekur.

45. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er um getur í 44. gr., gerir Búnaðarfélag Íslands, eins fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hagnýtingar þess.

Afrít af uppdrætti með tillögum um lagning vegakerfis, vatnsæða og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýtingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

Eru jarðabætur, sem unnar eru á slíku landi, því aðeins styrkhæfar, að fylgt sé tillögum þessum eða breytingum við þær, sem Búnaðarfélag Íslands hefur fallið á.

46. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða þorp, og íbúana skortir land til afnota. Skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið. Nú takast samningar ekki um kaup eða leigu á landinu, og er þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimilt að taka landið leigu- eða eignarnámi, ef Búnaðarfélag Íslands mælir með því. Fer um framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

47. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 46. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi hefur tekið til ræktunar, né þess lands, sem eigandi hefur léð öðrum til ræktunar eða notar sjálfur á annan hátt, ef það telst þeim eða honum nauðsynlegt til hjargræðis. Sama gildir um land, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruþryði, sem skylt er að vernda.

48. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 46. gr., skulu jafnan leigð á erfðaleigu, og skal árgjaldið vera 3% af verðmæti landsins, samkv. fasteignamatí, að viðbættu virðingarverði þeirra umbóta, er gerðar hafa verið af leigusala á landinu eftir að fasteignamat fór fram.

49. gr.

Réttur til erfðaleiguabúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafla 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt.

50. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vitum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 43. gr., þegar landið er leigt.
4. Ákvæði um kaup samkv. 51. gr.

## 51. gr.

Hvenær sem ríkið telur þörf fyrir erfðaleiguland, til notkunar undir opinber mannvirki ríkis, hrepps- eða bæjarfélags, svo og til sérstaks atvinnurekstrar, er leigutaka skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn, að nokkru eða öllu leyti. Fyrir leiguréttfíndi leiguhafa, ræktun og önnur mannvirki skal greiða honum eftir mati, nema öðru vísi semji. Opinber styrkur, sem greiddur hefur verið til mannvirkjanna samkv. II. kafla laga þessara, skal dreginn frá söluverðinu.

Nú krefst ríkið meira af landinu en  $\frac{1}{4}$  hluta þess, og getur þá leigutaki krafizt, að landið verði allt tekið, með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

## 52. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 51. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðbinda það fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu, að frádregnum opinberum styrk.

## 53. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé minnst fjúndi hluti þess ræktaður á ári hverju. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, án þess að nokkuð sé greitt fyrir það, sem unnið kann að hafa verið að ræktun þess.

## 54. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

## 55. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er landbúnaðarráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

### VIII. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

## 56. gr.

Sá, er segir trúnaðarmanni eða Búnaðarfélagi Íslands vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eiginhagsmunaskyni, má þvingja refsinguna um helming.

Brjótí trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær fyrirskipanir, er honum eru settar í erindisbréfi, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu, er að ofan getur, nema þvingri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögreglumál.

## 57. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

## 58. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 43 23. júní 1923 (jarðræktarlög), lög nr. 40 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum, lög nr. 52

- 54 19. maí 1930, lög nr. 75 19. júní 1933, um breyting á þeim lögum, og lög nr. 77 8. apríl 4. júlí 1935. Sömu leiðis falla úr gildi lög nr. 35 12. maí 1930, um skurðgröfur ríkisins, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 10 ár skal þúfnasléttun í túni styrkt með 400—500 kr. á ha., að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt ákvæðum 10. gr., eftir tegund jarðabótarinnar, samkvæmt reglugerð, enda skal styrkurinn bundinn því skilyrði, að minnst  $\frac{1}{10}$  túnþýfisins sé sléttaður árlega, meðan þessi ákvæði gilda.

Ákvæði þetta skal miða að því að útrýma öllu túnþýfi á næstu 10 árum.

Búnaðarsamböndin skulu hvert á sínu svæði hafa mælt allt túnþýfi áður en fyrsta úttekt til styrkgreiðslu í þessu skyni fer fram á viðkomandi sambands­svæði.

Undir þessa mælingu heyrir aðeins það túnþýfi, sem eftir er ósléttað af hinu upprunalega túni, enda heyri ekki þar undir fitjar eða óhæfilega grýtt tún.

Búnaðarfélag Íslands gefur út nánari fyrirmæli til búnaðarsambandanna við­vikjandi mælingu túnþýfis og úttekt til styrkgreiðslu á þessar jarðabætur.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

55  
4. júlí

## L Ö G

um framkvæmdasjóð ríkisins.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Stofna skal sjóð, er heitir: **Framkvæmdasjóður ríkisins**. Hlutverk sjóðs þessa er að veita fé til nauðsynlegra framkvæmda í þarfir atvinnuveganna, að styrkjöld­inni lokinni, og skal þá fé sjóðsins sérstaklega varið til stofnunar nýrra framleiðslu­greina, svo sem framleiðslu tilbúins áburðar og steinlins, ræktunar og býlafjölgunar í sveitum landsins, byggingar verkamannabústaða, skipasmíði, byggingar verk­smíðju til herzlu sildarlýsis o. fl., sem nauðsynlegt er til að auka öryggi atvinnulífs­ins og fullnægja þörfum landsmanna.

#### 2. gr.

Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 8 milljónir króna af tekju­afgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins  $\frac{3}{5}$  hluta þess tekju­afgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.

#### 3. gr.

Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra fram­kvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.

## 4. gr.

55

Reikningur framkvæmdasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

56

4. júlí

um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:			
1. Nr. 3 í 13. kafla orðist svo:			
3 — skellakk .....	1 kg	7	8
2. Á eftir nr. 13 í 15. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
13a — tréolía .....	—	2	8
3. Nr. 8 í 25. kafla orðist svo:			
8 Grafít, óunnið, malað eða þvegið, svo og grafít tilbúið	—	7	8
4. Nr. 12 í 28. kafla orðist svo:			
12 — maurasýra, oxalsýra, vinsýra, mjólkursýra og benzóesýra .....	—	7	8
5. Á eftir nr. 56 í 28. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
56a — sölt feilisýra, ót. a. ....	—	7	8
6. Nr. 59 í 28. kafla orðist svo:			
59 Sótthreinsunarefni, ót. a., efni til varnar gegn og til útrýmingar skordýrum, illgresi og sveppum, ratin og önnur efni til útrýmingar músum og rottum, svo og efni til að hreinsa burtu eða koma í veg fyrir ketilstein, og steinsteypuvatnsþéttiefni .....	—	7	8
7. Á eftir nr. 60 í 28. kafla komi tvö ný nr., svo hljóðandi:			
60a Estur og etur, er notuð eru sem upplausnarefni og talin eru í skrá, staðfestri af fjármálaráðherra .....	—	7	8
60b Sellulósaderívatnar, ót. a. ....	—	7	8
8. Nr. 32 í 30. kafla orðist svo:			
32 — oliufennis .....	—	7	10
9. Á eftir nr. 4 í 32. kafla komi nýtt nr., svo hljóðandi:			
4a súlfórisinöt, súlfóoleöt, súlfóresinöt og alkylsúlföt ..	—	7	8
10. Nr. 1 í 33. kafla orðist svo:			

		Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
56	1 Ostaeftni (kasein) .....			
4. júlí	11. Nr. 1 í 38. kafla orðist svo:	1 kg	7	8
	1 Loðskinn, ósútuð og að öðru leyti óunnin .....	—	7	30
	12. Nr. 5 í 46. kafla B orðist svo:			
	5 — annað .....	—	20	15
	13. Nr. 11 í 46. kafla B orðist svo:			
	11 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar .....	—	20	40
	14. Nr. 12 í 46. kafla B orðist svo:			
	12 Vefnaður, ót. a. ....	—	20	30
	15. Nr. 4 í 47. kafla tollskrárinnar falli niður.			
	16. Nr. 12 í 47. kafla tollskrárinnar orðist svo:			
	12 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar .....	—	20	40
	17. Nr. 13 í 47. kafla orðist svo:			
	13 Vefnaður, ót. a. ....	—	20	30
	18. Nr. 14 í 47. kafla falli niður.			
	19. Nr. 1 í 48. kafla falli niður.			
	20. Nr. 6 í 48. kafla orðist svo:			
	6 — netjagarn .....	—	2	
	21. Nr. 14 í 48. kafla orðist svo:			
	14 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar .....	—	20	30
	22. Í stað nr. 15—17 í 48. kafla kemur:			
	15 — Segldúkur .....	—	2	5
	16 — óbleiktar og ólitaðar .....	—	20	10
	17 — einlitar og ómunstraðar .....	—	20	15
	18 — aðrar .....	—	20	20
	23. Athugasemdin á eftir 48. og 49. kafla falli niður.			
	24. Nr. 2 í 49. kafla orðist svo:			
	2 — hampur .....			
	25. Í stað nr. 5—9 í 49. kafla kemur:			
	— úr hör eða ramí:			
	5 — — netjagarn .....	—	2	2
	6 — — tvinni .....	—	20	8
	7 — — annað .....	—	20	10
	— úr hampi:			
	8 — — netjagarn .....	—	2	
	9 — — botnvörpugarn .....	—	2	2
	9a — — annað .....	—	7	8
	9b — úr jútu .....	—	7	8
	9c — úr öðrum spunaefnum þessa kafla .....	—	7	8
	26. Nr. 19 í 49. kafla orðist svo:			
	19 Bönd og borðar, sem ekki geta talizt dregilvörur eða laufaborðar .....	—	20	30
	27. Í stað nr. 20—25 í 49. kafla kemur:			
	Ofnar vörur, ót. a.:			
	20 — segldúkur .....	—	2	5
	— óbleiktar og ólitaðar:			
	21 — — úr hör, hampi eða ramí .....	—	20	10

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %	56 4. júlí
— — úr jútu:				
22 — — — umbúðastrigi .....	1 kg	2		
23 — — — aðrar .....	—	20	10	
24 — — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla .....	—	20	10	
— einlitar og ómunstraðar:				
25 — — — úr hör, hampi eða ramí .....	—	20	15	
26 — — — úr jútu .....	—	20	15	
27 — — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla .....	—	20	15	
— aðrar:				
28 — — — úr hör, hampi eða ramí .....	—	20	20	
29 — — — úr jútu .....	—	20	20	
30 — — — úr öðrum spunaefnum þessa kafla .....	—	20	20	
28. Nr. 1 og 2 í 50. kafla orðist svo:				
1 — úr silki, gervisilki og öðrum gervipráðum .....	—	7	8	
2 — úr öðrum spunaefnum .....	—	7	8	
29. Orðið „impregneruð“ í fyrirsögninni á undan nr. 29 í 50. kafla falli niður.				
30. Nr. 35 í 50. kafla orðist svo:				
35 — — — annars .....	—	20	30	
31. Nr. 39 og 40 í 50. kafla orðist svo:				
39 — ef vefnaðurinn er úr silki, gervisilki eða öðrum gervipráðum .....	—	20	45	
40 — annars .....	—	20	40	
32. Nr. 7 í 51. kafla orðist svo:				
7 — prjónavoð .....	—	20	30	
33. Nr. 8 í 51. kafla orðist svo:				
8 — sokkar og leistar .....	—	20	30	
34. Nr. 10 í 51. kafla orðist svo:				
10 — nærfatnaður .....	—	20	40	
35. Nr. 13 í 51. kafla orðist svo:				
13 — prjónavoð .....	—	20	30	
36. Nr. 14 í 51. kafla orðist svo:				
14 — sokkar og leistar .....	—	20	30	
37. Nr. 16 í 51. kafla orðist svo:				
16 — nærfatnaður .....	—	20	30	
38. Nr. 19 í 51. kafla orðist svo:				
19 — prjónavoð .....	—	20	20	
39. Nr. 20 í 51. kafla orðist svo:				
20 — sokkar og leistar .....	—	20	25	
40. Nr. 22 í 51. kafla orðist svo:				
22 — nærfatnaður .....	—	20	25	
41. Nr. 25 í 51. kafla orðist svo:				
25 — prjónavoð .....	—	20	20	
42. Nr. 26 í 51. kafla orðist svo:				
26 — sokkar og leistar .....	—	20	25	
43. Nr. 28 í 51. kafla orðist svo:				
28 — nærfatnaður .....	—	20	25	

	Toll- eining	Vöru- magns- tollur Aurar	Verð- tollur %
56 44. Í stað nr. 1—3 í 52. kafla og undirfyrirsagnar á undan þeim númerum kemur: — úr efni, sem er borið olíu, lakki, fernis, kátsjúk eða öðrum þess konar efnum:			
1 — — — úr silki, gervisilki eða öðrum gervipráðum ..	1 kg	20	60
— — — úr öðrum spunaefnum:			
2 — — — regnkápur .....	—	20	35
3 — — — sjóklæði .....	—	2	25
3a — — — önnur .....	—	20	50
45. Nr. 6 í 52. kafla orðist svo:			
6 — nærfatnaður .....	—	20	40
46. Nr. 8 í 52. kafla orðist svo:			
8 — nærfatnaður .....	—	20	40
47. Nr. 10 í 52. kafla orðist svo:			
10 — — — nærfatnaður .....	—	20	25
48. Nr. 12 í 52. kafla orðist svo:			
12 — — — nærfatnaður .....	—	20	25
49. Í stað nr. 5—8 í 63. kafla kemur: Járnplötur:			
— þynnri en 3 mm:			
— — zinkhúðaðar eða blýhúðaðar:			
5 — — — möskvaðar .....	—	2	
6 — — — báraðar .....	—	2	
7 — — — annars .....	—	2	
8 — — — aðrar .....	—	2	
— 3 mm á þykkt eða meira:			
8a — — zinkhúðaðar eða blýhúðaðar .....	—	2	
8b — — aðrar .....	—	2	
50. Nr. 63 í 72. kafla orðist svo:			
63 — aðrar .....	—	7	8

## 2. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Breytingar á aðflutningsgjöldum skal miða við það, hvenær vörur þær, sem breytingarnar taka til, eru teknar til tollmeðferðar, en vara telst tekin til tollmeðferðar, er hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vörurnar, sem afhenda skal þangað vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða vörurnar þegar í stað.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. liður 1. gr. laga nr. 105 14. maí 1940, um breyting á lögum nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

57

4. júlí

um heimild fyrir Reykjavíkurbæ til þess að taka eignarnámi hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur, fyrir hönd bæjarsjóðs, skal heimilt að taka eignarnámi spildu af landi jarðarinnar Vatnsenda í Seltjarnarneshreppi, til þess að auka við fyrirhugað friðland Reykjavíkurbæjar, Heiðmörk. Eignarnámið skal framkvæmt samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

58

um eignarnámsheimild fyrir Siglufjarðarkaupstað á heitu vatni og landi í Skútudal í Siglufirði.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Siglufjarðarkaupstað er heimilt að taka eignarnámi heitar uppsprettur og heitt vatn í Skútudal í Siglufirði, ásamt nauðsynlegu landi undir mannvirki til virkjunar heita vatnsins og með rétti til þess að grafa eða bora eftir heitu vatni hvar sem er í landareigninni.

## 2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*



## L Ö G

## um læknisvitjanasjóði.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram fé til læknisvitjanasjóða, er stofnaðir verða í læknishéruðum samkvæmt ákvæðum laga þessara, gegn þriðjungsframlagi annars staðar að. Þetta framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 2 kr. á hvern héraðsbúa, er heima á utan þess kaupstaðar eða kaupþúns, þar sem læknir situr, og ekki yfir 1500 kr. til hvers læknisvitjanasjóðs.

## 2. gr.

Læknisvitjanasjóðir, er njóta hlunninda samkvæmt lögum þessum, skulu ná til heils læknishéraðs. Einstakir hreppar mega þó vera sér um eignarhlutdeild í læknisvitjanasjóði, og rennur þá til séreignarinnar framlag hlutaðeigandi hrepps og samsvarandi hluti af framlagi ríkissjóðs samkv. 1. gr. (sbr. enn fremur ákvæði 3. gr.). Markmið læknisvitjanasjóða er að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða lækniþókn, eða létta þeim lækniþóknina á annan hátt.

Þá eru læknisvitjanasjóðir löglega stofnaðir, er allar hreppsnefndir í læknishéraði hafa gefið því samþykki sitt.

Í stjórn læknisvitjanasjóðs skulu vera bæjarfógeti, sýslumaður eða lögreglustjóri þess lögsagnarumdæmis, er meiri hluti hlutaðeigandi læknishéraðs heyrir undir, og tveir menn kosnir á sameiginlegum fundi oddvita allra hreppa læknishéraðsins. Formaður er reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins.

Stjórn læknisvitjanasjóðs setur að öðru leyti reglur um starfsemi sjóðsins, er ráðherra staðfestir. Í reglum þessum má ákveða, að þeir einir geti notið styrks úr læknisvitjanasjóði, er greiða til hans iðgjöld, er nema mega allt að 2 kr. á mann á ári, en ekki mega þau iðgjöld rýra tekjur sjóðsins, sem honum eru áskildar í 1. gr. Úr læknisvitjanasjóði, sem iðgjöld eru greidd til, eða aflað er tekna fram yfir það, sem gert er ráð fyrir í 1. og 3. gr., má veita sjúkrastyrki aðra en læknisvitjanastyrki, svo og styrki til eflingar heilbrigðismálum héraðsins, en ekki má verja til þess háttar styrkja hærri upphæðum en þeim aukatekjum nemur. Í reglum þessum skulu vera ákvæði til tryggingar hagsmunum mjög afskekktara staða. Þess skal og gætt, að samlagsmenn sjúkrasamlaga innan læknishéraðs séu eigi miður settir að því er tekur til aðstoðar sjóðsins en aðrir héraðsbúar.

## 3. gr.

Þegar læknisvitjanasjóður hefur verið stofnaður í læknishéraði, renna til hans, auk framlags þess, er um getur í 1. gr., læknisvitjanastyrkir þeir, sem veittir eru eða veittir kunna að verða á fjárlögum til sérstakra hreppa læknishéraðsins. Ef hreppur er sér um eignarhlutdeild í sjóðnum, rennur læknisvitjanastyrkur hans til séreignarinnar.

## 4. gr.

Þeir hreppar, er njóta læknisvitjanastyrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga, enda sé eigi stofnaður læknisvitjanasjóður í hlutaðeigandi læknishéraði, halda þeim styrk þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Nú er hreppur mjög afskekktur eða á af öðrum ástæðum sérstaklega óhægt um þátttöku í rekstri læknavitjanasjóðs læknishéraðs, og má ráðherra þá heimila þeim hreppi að vera sér um sjóð. Kys hreppsnefndin tvo menn til að vera í stjórn sjóðsins ásamt hlutaðeigandi hreppstjóra. Að öðru leyti fer um sjóðinn í samræmi við hin almennu ákvæði þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 49 27. júní 1941.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

60

4. júlí

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita Baldri Óla Jónssyni leyfi til að stunda tanndrátt og tannfyllingar í sambandi við tannsmíðar sínar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

61

4. júlí

um málflytjendur.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

1. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn eru opinberir sýslunarmenn og hafa skyldur og réttindi samkvæmt því, meðal annars þagnarskyldu um það, er aðili trúir þeim fyrir í starfa þeirra.

61

4. júlí

Fyrir flutning gjafsóknar- og gjafvarnarmála skal ákveða málflytjanda laun með dómi í aðalmálinu.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, þar á meðal hluta af fjárhæð máls, og herra endurgjald, ef mál vinnst, en ef það tapast.

Loforð um sýnilega ósannjarnt endurgjald fyrir málflytjungsstarf er ekki skuldbindandi.

3. gr.

Rétt er héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni að taka sér fulltrúa, hvern þann sem lokið hefur embættisprófi í lögum, er 21 árs að aldri, hefur óflekkað mannorð, er lögráður og hefur forræði fjár síns. Dómi þeim, er í hlut á, skal tilkynnt um töku fulltrúans.

4. gr.

Nú sækir héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða fulltrúi þeirra dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til, nema annað sé sannað.

Í málflytjungs- umboði felst, nema öðruvísi sé mælt, heimild til að framkvæma sérhvað það, sem venjulegt er til flytjungs slíks máls fyrir dómi. Umbjóðandi er bundinn við málflytjungsathafnir og yfirlýsingar umboðsmanns síns bæði um forms- og efnisatriði máls, enda þótt hann hafi takmarkað umboð gagnaðila sínum í óhag. Ef umbjóðandi hefur takmarkað umboð gagnaðila sínum í hag, er takmörkunin bindandi fyrir umbjóðanda sem málflytjungs- yfirlýsing fyrir dómi.

Skipun stjórnvalds eða dómara til að flytja mál felur í sér rétt og skyldu til að gera allt það, sem venjulegt er, heppilegt eða nauðsynlegt til þess að koma máli fram og til að ná sem heppilegustum málalokum fyrir aðila með öllum löglegum hætti.

5. gr.

Aðila er jafnan rétt að fara sjálfur með mál sitt fyrir dómi, ef hann er löghæfur til að ráðstafa sakarefninu. Lögráðamaður fer með mál þeirra, sem geta ekki sjálfir farið með það samkvæmt framansögðu. Nú hefur slíkur maður engan lögráðanda, og getur dómari þá skipað honum fyrirsvarsmann í því máli. Stjórnendur félags eða stofnunar fara, einn eða fleiri, með mál þeirra.

Ef aðili máls er einstakur maður, getur hann jafnan látið frændur sína að feðgatali eða niðja, maka sinn, systkini sín, tengdforeldri eða tengdabarn, stjúpfórelldri eða stjúpbarn, kjörforeldri eða kjörbarn fara með mál fyrir sig.

Ef mál er rekið fyrir héraðsdómi í Reykjavík eða á Akureyri og aðili fer ekki sjálfur með mál sitt eða lögmaður fyrirsvarsmaður eða venzlamaður samkvæmt áður sögðu, skal hann fela meðferð þess héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, og tekur þetta einnig til skipta-, fógeta- og uppboðsgerða, eftir ákvörðun dómara, ef sækja þarf þar mál eða verja með líkum hætti og fyrir venjulegum dómi. Í greindum kaupstöðum um má maður ekki ella flytja mál annars manns í hans eða sjálfs sín nafni, nema hann standi í áður nefndu sambandi við aðila eða sé héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður. Með sömu takmörkunum hafa hæstaréttarlögmennt einkarétt til málflytjungs fyrir hæstarétti.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum héraðsdómara, ákveðið, að fyrir- mæli 3. málsg. um málflytjendur í Reykjavík og á Akureyri skuli og taka til annarra kaupstaða, þar sem ekki er neinn hörgull héraðsdómslögmannna.

6. gr.

Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður missir einhvers hinna almennu skilyrða til að fá leyfi til málflytjungs, eða fullnægir ekki skilyrðum þessara laga um

skrifstofu eða búsetu, hefur hann fyrirgert rétti þeim, er leyfið veitir, meðan svo er 61  
 ástatt. Ef héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður hefur verið sektaður þrisvar sam- 4. júlí  
 kvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936, eða ef stjórn félags héraðsdóms- og hæsta-  
 réttarlögmannanna leggur einróma til, að ákveðinn félagsmaður verði sviptur leyfi vegna  
 tillekinna, óviðurkvæmilegra athafna í starfi sínu, getur dómsmálaráðherra tekið af  
 honum leyfi til málf lutnings um stundarsakir, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir  
 eru. Leita skal áður álits dóms þess, er hlut á að máli.

Nú hefur héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður verið sviptur leyfi til málf lut-  
 nings, og getur hann þá borið málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að  
 stefndum dómsmálaráðherra af hálfu ríkisvaldsins.

#### 7. gr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmenn skulu hafa með sér félag, og kemur stjórn  
 þess fram fyrir þeirra hönd gagnvart dómurum og stjórnarvöldum í málum, er stétt-  
 ina varða. Samþykktir félagsins skulu lagðar fyrir dómsmálaráðherra, sem stað-  
 festir þær eða synjar staðfestingar.

#### 8. gr.

Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannanna ber að hafa eftirlit með, að  
 félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og  
 samvizkusemi. Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málf lut-  
 ningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.

Stjórn félagsins ber að hafa eftirlit með þeim, er búa sig undir að verða héraðs-  
 dómslögmann. Dómsmálaráðuneytinu ber að leita umsagnar stjórnar félagsins, áður  
 en það veitir leyfi til málf lutnings fyrir héraðsdómi.

Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á  
 hendur allt að 5000 króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa  
 þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið.

Úrskurðir félagsstjórnarinnar samkvæmt þessari grein sæta kæru eftir 199. gr.  
 laga nr. 85 23. júní 1936.

## II. KAFLI

### Um hæstaréttarlögmenn.

#### 9. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til málf lutnings fyrir hæstarétti hverjum  
 þeim, sem

1. er 30 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur íslenzkan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðr-  
 um háskólum samkvæmt íslenzkum lögum,
6. hefur verið héraðsdómslögmaður í 3 ár samtals, eða um jafnlangan tíma gegnt  
 embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til,
7. hefur sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert  
 mál, að hann sé að dómi hæstaréttar hæfur til að vera hæstaréttarlögmaður. Eng-  
 inn má þreyta raun þessa oftár en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það,  
 leggja fyrir dóminn vottorð dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum  
 lögmæltum skilyrðum til að verða hæstaréttarlögmaður.

Hæstiréttur getur veitt manni undanþágu frá framan greindri prófraun að  
 nokkru eða öllu leyti, ef dómnum er það kunnugt af lögfræðilegum störfum hans, að  
 hann sé hæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti.

61

4. júlí

Áður en manni sé veitt leyfi til málflyttings fyrir hæstarétti, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvirkusemi þau málflyttingsstörf, sem honum verða falin.

10. gr.

11. gr.

Fyrir leyfi til málflyttings fyrir hæstarétti skal greiða 1000 kr. í ríkissjóð.

12. gr.

Hæstaréttarlögmenn skulu hafa skrifstofu í Reykjavík og vera búsettir þar eða í grennd við borgina.

Skýlt er þeim að inna sjálfir af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim; þó er þeim rétt að fela þau öðrum hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Þegar mál er flutt skriflega eða ef hæstaréttarlögmaður getur eigi sótt sjálfur þing sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

13. gr.

Skýlt er hæstaréttarlögmönnum að flytja opinber mál, er forseti skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim eigi skýlt að taka að sér fyrir hæstarétti.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli eða gjafsóknar- eða gjafvarnarhafi sér skipaðan ákveðinn hæstaréttarlögmann, og skal honum þá skipaður sá maður, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli gegn því.

### III. KAFLI

#### Um héraðsdómslögmenn.

14. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi hverjum þeim, sem

1. er 25 ára gamall,
2. er lögráður og hefur forræði fjár síns,
3. hefur óflekkað mannorð,
4. hefur islenskan ríkisborgararétt,
5. hefur lokið embættisprófi í lögfræði í háskóla Íslands eða jafngildu prófi í öðrum háskólum samkvæmt islenskum lögum,
6. hefur sýnt það með flutningi 4 munnlega fluttra mála, að hann sé hæfur til að vera héraðsdómslögmaður. Enginn má þreyta raun þessa oftast en þrisvar, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dómara vottorð dómsmálaráðuneytisins um það, að hann fullnægi öðrum lögmaletum skilyrðum til að verða héraðsdómslögmaður.

Dómsmálaráðherra setur prófdómendur til að dæma um málflyttingsraun samkvæmt 1. málsg. Héraðsdómari ákveður þóknun fyrir þetta starf, og greiðist hún úr ríkissjóði.

Þeir, er skipaðir hafa verið í fasta dómaraastöðu, eru undanþegnir ákvæðum 6. tölul. þessarar greinar.

15. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málflyttings fyrir héraðsdómi, skal hann heita því skriflega og að viðlögðum drengskap, að hann skuli rækja með trúmennsku og samvirkusemi þau málflyttingsstörf, sem honum verða falin.

## 16. gr.

Fyrir leyfi til málflytninga fyrir héraðsdómi skal greiða 100 kr. í rikissjóð.

61

4. júlí

## 17. gr.

Héraðsdómslögmonnum er heimilt að fara með mál fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

## 18. gr.

Héraðsdómslögmonnum er skylt að flytja þau opinber mál og gjafsóknar- og gjafvarnarmál, sem þeim verða falin, þar í kaupstað, sem þeir hafa skrifstofu, eða þar í grennd, enda hafi þeir opna skrifstofu á tilteknum stað og tilkynni dómara það. Annars ráða þeir því sjálfir, hvaða málflytningastörf þeir taka að sér.

Nú óskar aðili, er skipa skal talsmann, að fá sér skipaðan ákveðinn héraðsdómslögmann, og skal þá veita honum það, nema einhverjar sérstakar ástæður mæli á móti því.

Ef mál er flutt munnlega, ber héraðsdómslögmanni að gera það sjálfur; þó er honum rétt að fela það öðrum héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni, ef nauðsyn krefur. Annars er héraðsdómslögmanni heimilt að láta fulltrúa sinn flytja mál fyrir dómi.

## IV. KAFLI

## Um málflytningarmenn.

## 19. gr.

Ef mál er rekið utan þeirra kaupstaða, er einkaréttur héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannanna nær til, getur aðili falið hverjum lögráða manni, sem hefur óflekkað mannorð og almennan andlegan þroska, meðferð máls síns.

## 20. gr.

Málflytningarmenn verða að sanna umboð sitt, ef það er vefengt. Hafi þeir lokið embættisprófi í lögfræði, mega þeir ganga í félag héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannanna, en hvorki hafa þeir atkvæðisrétt um samþykktir eða gjaldskrá félagsins né kosningarrétt eða kjörgengi í stjórn félagsins.

## 21. gr.

Félög eða stofnanir, sem hafa embættisgenga lögfræðinga í fastri þjónustu sinni, geta látið þá fara með mál sín fyrir héraðsdómi hvar sem er á landinu.

## 22. gr.

Ef málflytningismaður sætir sektum samkvæmt 188. gr. laga nr. 85 23. júní 1936 eða reynist óhæfur til málflytninga vegna vankunnáttu, getur héraðsdómari, þar sem málflytningismaður er búsettur, tekið af honum heimild til að fara með mál í umboði annarra fyrir fullt og allt eða um stundarsakir, en bera má hann málið undir dómstóla með venjulegum hætti og að stefndum dómara þeim, er í hlut á.

## V. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 23. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannanna, hvort málflytjandastarf er samrímamlegt öðru opinberu starfi. Ef það mezt ósamrímamlegt, skal málflytjandi afhenda dómsmálaráðuneytinu leyfi sitt, ef því er að skipta, meðan svo er ástatt.

61

4. júlí

Lögfræðingar þeir, er stundað hafa málflytning að staðaldri frá 1. janúar 1937, skulu hafa rétt til að þreyta málflytningarsaun samkvæmt 9. gr., enda hafi þeir fengið löggildingu til málflytninga fyrir héraðsdómi fyrir 1. janúar 1942.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 112 18. maí 1935, III. kafli, um málflytningarmenn fyrir hæstarétti, lög nr. 85 23. júní 1936, V. kafli, um málflytjendur, og lög nr. 3 11. jan. 1940, um breyting á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

62

4. júlí

## L Ö G

um eftirlit með ungmennum o. fl.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Barnaverndarnefndir og skólanefndir hafa eftirlit með uppeldi og hegðun ungmenna innan 18 ára aldurs. Ber löggæzlumönnum að aðstoða nefndir þessar eftir þörfum og gera þeim við vart, ef þeir verða visir athugaverðs framferðis ungmenna.

2. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd eða skólanefnd þess vís, að hegðun ungmennis sé ábótavant, svo sem vegna lauslætis, drykkjuskapar, slæpingsháttar, óknyttu eða annarra slíkra lasta, og skal hún þá gera foreldri eða lögráðamanni við vart, áminna ungmennið, reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut og aðstoða það við atvinnuleit eða útvega því vist á góðu heimili, ef því er að skipta. Ef ungmenni er í skóla, ber barnaverndarnefnd að ráðgast við kennara um betrun á hegðun þess. Ef framferði ungmennis er refsivert að lögum, skal barnaverndarnefnd starfa í sambandi við héraðsdómara.

3. gr.

Ef úrræði þau, sem í 2. gr. getur, koma ekki að haldi eða telja má þau óframkvæmanleg, má beita hæfilegum uppeldisráðstöfunum og öryggis, t. d. vistun ungmennis á góðu heimili, hæli eða skóla. Vist á slíkum stöðum má koma í stað refsivistar, ef framferði ungmennis er refsivert. Veitist ríkisstjórninni heimild til að koma upp stofnunum í nefndu skyni og setja reglugerð um framkvæmd uppeldis þar. Kostnaður við vist ungmennis samkvæmt grein þessari greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Héraðsdómari fer ásamt tveimur meðdómendum, er viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórn velur til 4 ára í senn, með mál samkvæmt 3. gr. Skal dómur þessi halda

réttarrannsókn um mál og kveða upp í þeim rökstuddan úrskurð, ef ungmenni er úrskurðað í hælsvist eða heimilis. Héraðsdómari hefur forsæti í dómnum. Dómsmálaráðherra ákveður þóknun meðdómenda, er greiðist úr rikissjóði. 62  
4. júlí

## 5. gr.

Úrskurður um vistun ungmennis á stofnun samkvæmt 3. gr. skal gilda um ótiltekinn tíma. Dómur sá, sem í 4. gr. getur, leysir ungmenni úr hælsvist eða heimilis, ef slíkrar vistar þykir ekki lengur þörf. Greind vist má þá ekki fara fram úr tveimur árum, nema nýr úrskurður sé upp kveðinn. Aðili eða lögráðamaður hans getur og krafizt nýs úrskurðar, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá uppkvaðningu síðasta úrskurðar.

## 6. gr.

Úrskurðum um hælsvist eða heimilis samkvæmt 3. gr. má áfrýja til hæstaréttar innan fjögurra vikna frá birtingu þeirra af hálfu dómsmálaráðuneytisins eða aðila eða lögráðamanns hans. Áfrýjun frestar ekki framkvæmd úrskurðar.

## 7. gr.

Kennurum skal rétt og skylt að fylgjast eftir fögum með hegðun og uppeldi þeirra ungmenna, sem á vegum þeirra eru, og gera foreldrum, lögráðamönnum og barnaverndarnefnd eða skólanefnd við vart, ef þeir fá grun um ábótavant framferði ungmennis.

## 8. gr.

Nú telur ríkisstjórnin, að fengnum tillögum barnaverndarnefndar eða ungmennadóms, hættu á því, að tilgreind störf séu, miðað við aðstæður á tilteknum stað, skaðsamleg þroska eða siðferði ungmenna, og getur hún þá bannað ungmennum innan tilgreinds aldurs að stunda þar slík störf. Ef fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækis brjóta gegn banni þessu, varðar það refsingu og réttindamissi samkvæmt 9. gr.

## 9. gr.

Ef maður leiðir ungmenni innan 21 árs á siðferðislega glapstigu eða lætur saurlífi viðgangast í húsum, skipum, bifreiðum eða öðrum stöðum, sem hann ræður yfir, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum. Auk refsingar má svipta hann réttindum samkvæmt 68. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

## 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*



63

4. júlí

## L Ö G

## um veiting ríkisborgararéttar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Hansen, Jannet Vivian, ungrú, Flatey á Breiðafirði, fædd í Noregi.
2. Hansen, Neils William Larchmont, verkamaður í Flatey á Breiðafirði, fæddur í Bandaríkjunum.
3. Johansen, Freidar Marselius, matsveinn á Akureyri, fæddur í Noregi.
4. Júlíus Ámundi Jónsson, innheimtumaður í Reykjavík, fæddur á Íslandi.
5. Korshamn, Johan Ludviksen, bóndi á Kúskerpi í Blönduhlíð, fæddur í Noregi.
6. Kristensen, Alfred Viggo, verkamaður, Fagraskógi í Arnarneshreppi, fæddur í Danmörku.
7. Rasmussen, Lauritz Alfred, verkstjóri í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
8. Sölvberg, Jostein, verkstjóri á Hjalteyri, fæddur í Noregi.
9. Toft, Hartwig, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
10. Torp, Evald Christian, veitingaþjónn í Reykjavík, fæddur í Danmörku.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

64

4. júlí

## L Ö G

## um sérstaka heimild til að afmá veðskuldbindingar úr veðmálabókum.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar, og í Reykjavík lögmaður, skulu þegar eftir að lög þessi öðlast gildi gera skrá, hver fyrir sitt umdæmi, um þau þinglýst veðbréf í fasteignum, sem dagsett eru fyrir 1. janúar 1920 og ekki hafa verið afmáð úr veðmálabókunum.

Í skrár þær, sem um er getið í 1. málsgr., skal þó ekki taka þau fasteignaveðsbréf, er standa skulu um aldur og ævi eða alla lífstíð eins eða fleiri eða tiltekinn tíma svo langan, að þau hafi ekki átt að vera greidd að fullu fyrir 1. janúar 1940.

## 2. gr.

Þegar skrár þær, sem í 1. gr. getur, eru fullgerðar, skal hlutaðeigandi dómari senda eigendum þeirra fasteigna, sem veðsettar eru, og eigendum veðbréfananna fyrirspurn um, hvort veðskuldin muni vera greidd eða ekki.

Nú bera afsals- og veðmálabækur ekki með sér, hver er eigandi fasteignar, og er dómara þá ekki skylt að senda honum fyrirspurn eftir 1. málsgreinar, nema hann á annan hátt viti um eigandann. Hið sama er, ef veðbréf sýnir ekki, hver er eigandi þess, eða hann er látinn eða óvíst er um bústað hans eða hann er fluttur af landi burt, eða stofnun á í hlut, sem liðin er undir lok. 64  
4. júlí

### 3. gr.

Nú berst dómara svar eða svör við fyrirspurn, sem hann hefur sent samkvæmt 2. gr., og skal hann þá, ef það eða þau að álit hans sýna, að veðbréf það, sem við er átt, sé ekki greitt að fullu, gera athugasemd um þetta í veðmálabókina, þar sem veðbréfið er skráð, og í fasteignaskrána. Jafnframt gerir hann athugasemd um þetta í skrá þá, sem í 1. gr. getur.

### 4. gr.

Nú eru liðnir 4 mánuðir frá því er fyrirspurnir þær, sem um er rætt í 2. gr., voru sendar, og skal þá dómari gefa út opinbera stefnu í samræmi við reglurnar um ógildingingu viðskiptabréfa með dómi, til ógildingar þeirra veðbréfa, sem í skrá eru tekin samkvæmt 1. gr. og ekki falla burt eftir reglum 2. og 3. gr. Stefna skal í einni stefnu í lögsagnarumdæmi hverju, og birtir dómari stefnuna þrisvar í Lögbirtingablaði. Fyrir birtinguna greiðist ekkert gjald.

Stefnur samkvæmt þessari grein skal birta fyrir 1. apríl 1943.

### 5. gr.

Þau mál, sem 4. gr. ræðir um, skulu rekin fyrir aukarétti, þar sem dómari er búsettur. Réttargjöld greiðast ekki í þeim málum. Kostnaður við framkvæmd laganna greiðist úr rikissjóði.

### 6. gr.

Nú gefur einhver sig fram á þeim degi, sem til er tekinn í stefnunni, eða áður, og færir þær líkur eða sannanir, er dómari tekur gildar, fyrir því, að það veðskuldabréf, sem um ræðir, sé ekki að fullu greitt, og fellur þá málið niður, að því leyti sem það bréf snertir, en dómari gerir athugasemd í veðmálabók um þetta eftir reglum 3. gr.

### 7. gr.

Nú gefur einhver sig fram og skýrir frá, að umstefnt veðskuldabréf sé enn í gildi, en að það hafi glatazt fyrir honum, og skal honum þá veittur frestur, ekki styttri en 1 mánuður og ekki lengri en 6 mánuðir, til þess að færa sönnur á það, að eigandi hinnar veðsettu eignar kannist við veðskuldbindinguna eða að veðhafi hafi undirbúið málssókn til ógildingar bréfinu. Ef veðhafi gerir hvorugt, fer um bréfið eins og segir í 8. gr., en kannist eigandi fasteignarinnar við veðskuldbindinguna, fer um það eftir 6. gr., ella skal biðja dóms í hinu nýja máli, og fer þá um bréfið eftir úrslitum hans.

### 8. gr.

Um þau veðskuldabréf, sem enginn gefur sig fram sem eigandi að í síðasta lagi á þeim degi, er stefna tilgreinir, skal með dómi ákveða, að þau megi afmá úr veðmálabókum, og skal það síðan gert ókeypis og vísað til heimildar í dóminum.

### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

## um lendingarbætur í Skipavík.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til lendingarbóta í Skipavík, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 60 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Kaldrananeshrepps að jafnri tiltölu og lendingarsjóður Kaldrananeshrepps leggur fram til lendingarbótanna.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 60 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

## 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði Kaldrananeshrepps.

## 4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar eða lendingarbótunum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Kaldrananeshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

## 5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Kaldrananeshrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Kaldrananeshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

## 6. gr.

65

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Kaldrananeshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

4. júlí

## 7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

## 8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Kaldrananeshrepps allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða úr Skipavík, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skipavíkurlendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

## 9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

## 10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

## 11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

## 12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Kaldrananeshrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

## 13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## HAFNARLÖG

fyrir Neskaupstað.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til hafnargerðar í Neskaupstað veitist úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun. sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 300000.00 — þrjú hundruð þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{5}$  hlutum frá hafnarsjóði Neskaupstaðar.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 450000.00 — fjögur hundruð og fimmtíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð bæjar sjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

## 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkveðnum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Neskaupstaðar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

## 4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra, að fengnum tillögum hafnarnefndar Neskaupstaðar.

## 5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki bæjarstjórnar Neskaupstaðar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefndin öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til bæjarstjórnar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Nú hefur bryggja eða annað mannvirki í sjó fram legið ónotað 5 ár samfleytt, og er þá hafnarnefnd heimilt að taka það burt, án endurgjalds til eiganda.

## 6. gr.

66

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmensjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

## 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd eiga sæti 5 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er bæjarstjórn kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina 2 menn, er ekki eiga sæti í bæjarstjórn.

## 8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og bæjarstjórnin hefur ábyrgð á eignum og fé hafnarinnar.

## 9. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

## 10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land við höfnina, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

## 11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
  - a. Lestargjald (hafnargjald).
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald frá skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem hafnarnefnd Neskaupstaðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2. a. og b.

## 12. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tollum þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd.

Þetta gjald sem og gjöldin samkvæmt 11. gr. má taka lögtaki.

## 13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

66

4. júlí

14. gr. Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir bæjarstjórn frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Bæjarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefur bæjarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það bæjarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir lok febrúarmánaðar, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á liðna árinu og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og bæjarreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, er risa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## HAFNARLÖG

fyrir Patreksfjörð.

67

4. júlí

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Til hafnargerðar á Patreksfirði veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði Patreksahrepps.

#### 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 225000 — tvö hundruð og tuttugu og fimm þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Patreksahrepps kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Vestur-Barðastrandarsýslu, enda sé lánið tekið fyrir milligöngu Landsbankans, ef það er tekið erlendis. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

#### 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Patreksahrepps. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Patreksahrepps.

#### 4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

#### 5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Patreksahrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því.



67 Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur 4. júlí látið nema burt mannvirkni á kostnað eiganda.

## 6. gr.

Hreppsnefnd Patreksahrepps hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirmumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

## 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

## 8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

## 9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirkni við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

## 10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Patreksfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaup-túninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Patreksfjarðar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a, b og c.

## 11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 10. gr., má taka lögtaki.

## 12. gr.

67

4. júlí

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## 13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

## 14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

## 15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhóllans.

## 16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarsjóðs.

## 17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

## 18. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

## 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

68

4. júlí

## L Ö G

um afnám laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 31 frá 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, skulu úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

69

4. júlí

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, land það úr þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, sem svonefnd Thorsteinssens-stöð stendur á og hefur til afnota fyrir sildarverksmiðjubyggingu.

2. gr.

Lóðarkaupendur eru skyldir að yfirtaka skyldur ríkissjóðs gagnvart núverandi lóðarleigjendum, meðan samningur þeirra er í gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**L Ö G**

70

4. júlí

**um sölu þjóðjarðarinnar Hólms.****RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja bæjarsjóði Reykjavíkur þjóðjörðina Hólm í Seltjarnarneshreppi í Gullbringusýslu. Námuréttindi í landi Hólms eru undanskilin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**L Ö G**

71

4. júlí

**um breyting á lögum nr. 82 9. júlí 1941, um viðauka við lög nr. 73 31. des. 1937, um gjaldeyrisverzlun o. fl.**

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laga nr. 82 9. júlí 1941 bætist:

Má í reglugerðinni ákveða um viðurlög fyrir brot gegn henni og um málsmeðferð út af brotum á henni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag váttryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða.

## 2. gr.

Úr 2. gr. laganna falli burt orðin „utan Reykjavíkur“.

## 3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kaupþúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kaupþúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

Ákvæði fyrri málsliðar þessarar greinar um váttryggingarskyldu í félaginu nær þó ekki til húseigna í Reykjavíkkaupstað.

## 4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. um váttryggingarskyldu í félaginu.

Svo er félaginu og heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoðaábyrgð á húsum í Reykjavík, með sérstökum samningi við bæjarstjórn, og að taka þátt í váttryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum váttryggingarfélögum.

Enn fremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hvers konar lausafé, þar með taldar hvers konar afurðir í vörzlu framleiðenda, nema verzlunarbirgðir.

## 5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Váttryggingum skal haldið aðgreindum í 5 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kaupþúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.
4. Tryggingarflokkur fasteigna í Reykjavík.
5. Tryggingarflokkur stríðstryggingar íslenzkra skipshafna.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna, sem og aðrar tekjur félagsins, fellur til sam-eiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum í 1.—4. flokki, en hefur takmarkaða ábyrgð fyrir 5. flokki.

## 6. gr.

72

Ákvæði 7. gr. laganna um hámark eigin ábyrgðar á áhættueiningu verði sem 4. júlí hér segir:

	Í kaupúnum og kaupstöðum	Í sveitum
1. Steinhús .....	kr. 40000.00	kr. 24000.00
2. Timburhús, eldvarnarklædd .....	— 30000.00	— 20000.00
3. Önnur hús .....	— 20000.00	— 16000.00

## 7. gr.

Fyrri málsgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Allir þeir, sem skyldir eru til váttryggingar hjá félaginu samkvæmt 3. gr., eru félagsmenn þess. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem váttryggðar eru í félaginu, sbr. 3. gr.

## 8. gr.

9. gr. laganna falli niður, og greinatala breytist samkvæmt því.

## 9. gr.

Aftan við 13. gr. laganna bætist: eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

## 10. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu, svo og skirteinisgjöld, hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda, með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrir en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

## 11. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein:

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi  $\frac{1}{2}\%$  fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregið.

## 12. gr.

Á eftir 16. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, og breytist greinatala samkvæmt því:

a. (16. gr.) Félagið skiptist í deildir. Bæjarfélag hvert eða sveitarfélag telst sérstök deild í félaginu.

b. (17. gr.) Þegar varasjóður félagsins er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdarstjórnar um fjárhagsafkomu þess, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildunum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum, enda hafi brunatjón ekki farið fram úr 80% af iðgjöldunum á því ári, sem ágóða er úthlutað fyrir. — Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af félagsstjórn og miðast við það, að félaginu safnist fé í minnsta lagi hlutfallslega við aukningu váttryggingarverðmætisins.

Nánari reglur um ágóðaúthlutun skulu settar með reglugerð. Má þar ákveða,

72  
4. júlí

að úthlutunin sé í tveim flokkum, annars vegar af fasteignavátryggingum í kaupstöðum og kauptúnum, hins vegar af fasteignavátryggingum í sveitum, og geti verið misjöfn til hinna einstöku deilda innan hvors flokks, eftir því hve tjónin hafa orðið mikil á móts við iðgjöld þeirra.

- c. (18. gr.) Heimilt er félaginu að efna til eftirlaunasjóðs fyrir fasta starfsmenn félagsins, ekkjur þeirra og börn.

13. gr.

22. gr. laganna falli niður. Greinatala breytist eftir því.

14. gr.

Síðari málsgr. 23. greinar laganna orðist svo.

Brjótí aðrir en vátryggjendur gegn lögnum, eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 10—500 krónum eftir málavöxtum.

15. gr.

25. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 22-1. febr. 1936.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í meginmál laga nr. 26-23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, að slepptri 25. gr. laganna, og gefa þau síðan út þannig breytt.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

73  
4. júlí

## L Ö G

### um Brunabótafélag Íslands.

#### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 16. gr. laga, dags. í dag, um breyting á lögum nr. 26-23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, hef látið fella meginmál þeirra inn í meginmál laga nr. 26-23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, að slepptri 25. gr. laganna, og gef þau hér með út þannig breytt:

1. gr.

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Félagið tekur að sér eldsvoðatryggingar á húseignum og á lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir setja.

3. gr.

Skylt er að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst

ibúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. **73**

Ákvæði fyrri málslíðar þessarar greinar um váttryggingarskyldu í félaginu nær 4. júlí þó ekki til húseigna í Reykjavíkurborg.

#### 4. gr.

Heimilt er félaginu að taka í eldsvoðaábyrgð öll hús í sveitum, sem ekki falla undir ákvæði 3. gr. um váttryggingarskyldu í félaginu.

Svo er félaginu og heimilt, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka eldsvoða-ábyrgð á húsum í Reykjavík, með sérstökum samningi við bæjarstjórn, og að taka þátt í váttryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum váttryggingarfélögum.

Enn fremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hvers konar lausafé, þar með taldar hvers konar afurðir í vörzlu framleiðenda, nema verzlunarbirgðir.

#### 5. gr.

Váttryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og váttryggir félagið allt verð húsaanna. Þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í ábyrgð eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

#### 6. gr.

Váttryggingum skal haldið aðgreindum í 5 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.
4. Tryggingarflokkur fasteigna í Reykjavík.
5. Tryggingarflokkur stríðstryggingar íslenskra skipshafna.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna, sem og aðrar tekjur félagsins, fellur til sameiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum í 1.—4. flokki, en hefur takmarkaða ábyrgð fyrir 5. flokki.

#### 7. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtryggingar („coassurance“) hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, þannig að upphæðir þær, sem félagið hefur í eigin ábyrgð, fari ekki fram úr því, sem hér segir, á hverri einstakri áhættueiningu:

	í kauptúnum og kaupstöðum	í sveitum
1. Steinhús .....	kr. 40000.00	kr. 24000.00
2. Timburhús, eldvarnarklædd .....	— 30000.00	— 20000.00
3. Önnur hús .....	— 20000.00	— 16000.00

Áhættueining getur hér verið einstakt hús eða fleiri en eitt hús, ef um sambrunahættu er að ræða, hvorttveggja að meðtöldu lausafé, sem tryggt kann að vera í húsunum.

#### 8. gr.

Allir þeir, sem skyldir eru til váttryggingar hjá félaginu samkvæmt 3. gr., eru félagsmenn þess. Félagmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem váttryggðar eru í félaginu, sbr. 3. gr.

Skaðabóta má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé inn aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunaskírteininu.

#### 9. gr.

Váttryggingar á lausafé og húseignum samkvæmt 4. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í váttryggingarskírteini.



73 Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að ið-  
4. júlí gjald sé eigi greitt.

## 10. gr.

Félagið tekur ekki ábyrgð á tjóni, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur af tjóni, sem af því leiðir, að váttryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er váttryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögnum, eða ef hann hefur gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

## 11. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefur verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meiru en 500 kr.

## 12. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefur við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefur, eða þar sem félagið, í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum og kaupstúnum og hreppsnefndir í sveitum, ákveður, og er félaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið. Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar þessarar greinar. Þó svo, að 10—20% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

## 13. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sinum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra, svo sem með þarf til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

## 14. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu, svo og skírteinisgjöld, hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til rikissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan 6 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina váttryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, satta eða lögtaks, en tilkynna skal váttryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda, með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

## 15. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir váttryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta váttryggingartímabilið teljast til 15. okt. þess, er næstur kemur eftir að váttryggingin byrjar, nema váttryggt sé til skemmri tíma. Öll iðgjöld greiðast fyrirfram fyrir váttryggingartímabilið.

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregizt.

## 16. gr.

73

Félagið skiptist í deildir. Bæjarfélag hvert eða sveitarfélag telst sérstök deild í félaginu. 4. júlí

## 17. gr.

Þegar varasjóður félagsins er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdarstjórnar um fjárhagsafkomu þess, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildunum ágóðahluta af skyldubundnum fasteignatryggingum, enda hafi brunatjón ekki farið fram úr 80% af iðgjöldunum á því ári, sem ágóða er úthlutað fyrir. — Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af félagsstjórn og miðast við það, að félaginu safnist fé í minnsta lagi hlutfallslega við aukningu váttryggingarverðmætisins.

Nánari reglur um ágóðaúthlutun skulu settar með reglugerð. Má þar ákveða, að úthlutunin sé í tveim flokkum, annars vegar af fasteignaváttryggingum í kaupstöðum og kaupstúnum. Hins vegar af fasteignaváttryggingum í sveitum, og geti verið misjöfn til hinna einstöku deilda innan hvors flokks, eftir því hve tjónin hafa orðið mikil á móts við iðgjöld þeirra.

## 18. gr.

Heimill er félaginu að efna til eftirlaunasjóðs fyrir fasta starfsmenn félagsins, ekkjur þeirra og börn.

## 19. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjöld, endurtryggingu, brunatjón og brunabætur, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á málum þess, setur ríkisstjórnin með reglugerð.

## 20. gr.

Félagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík og stendur undir umsjón ríkisstjórnarinnar.

## 21. gr.

Félaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, er skipaður er af ríkisstjórninni. Félagið greiðir laun framkvæmdarstjóra og annan starfrækslukostnað.

## 22. gr.

Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

- a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum, sem fjármálaráðherra samþykkir.
  - b. Að öðru leyti í tryggunum handhafaverðbréfum, sem fjármálaráðherra samþykkir.
- Heimilt er þó, með samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, að verja af fé sjóðanna til sérstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

Ársreikningur brunabótafélagsins skal endurskoðaður samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 8. sept. 1931, um ríkishókhald og endurskoðun.

## 23. gr.

Félagið hefur umboðsmann í kaupstöðum og kaupstúnum, sem eru sérstakur hreppur. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

## 24. gr.

Brjótí váttryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Brjótí aðrir en váttryggjendur gegn lögum, eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 10—500 krónum eftir málavöxtum.

73

4. júlí

25. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 22 1. febr. 1936.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

74

4. júlí

## L Ö G

um sölu kirkjujarðarinnar Hvanneyrar í Siglufirði.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Siglufjarðarkaupstað kirkjujörðina Hvanneyri frá 1. jan. 1943 að telja.

Land það, er Siglufjarðarkaupstaður eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að selja, en heimilt er honum að leigja það, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er ríkisstjórnin samþykkir. Leigumáli lóða þeirra, er sildarverksmiðjur ríkisins nú hafa á leigu, skal þó framlengjast áfram óbreyttur, að núverandi leigutíma loknum, ef stjórn sildarverksmiðja ríkisins krefst þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

75

4. júlí

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 29. des. 1937, um lestrarfélög og kennsluvíkmyndir.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna bætist: Þó er heimilt að greiða styrk lestrarfélögum í kaптúnum, þótt sýslubókasafn sé þar starfandi, ef það hefur eigi sams konar bóka-kost.

## 2. gr.

75

4. júlí

5. gr. laganna skal orða svo:

Fræðslumálastjóri úthlutar styrk til lestrarfélaga ár hvert, svo fljótt sem auðið er, fyrir næsta ár á undan, eftir því sem tekjur sjóðsins hrökkva til.

## 3. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Úthluta skal tekjum sjóðsins milli lestrarfélaga, hlutfallslega eftir tekjum þeirra, og má greiða hverju þeirra fjárhæð, sem nemur allt að helmingi af samanlögðum félagsmanna- og afnotagjöldum og styrk úr hrepps- og sýslusjóði. Þó má eigi greiða neinu félagi hærri fjárhæð en sem svarar 2 kr. fyrir hvern félagsmann, sem árgjald hefur greitt, eða 4 kr. á heimili. Enn fremur má veita lestrarfélagi aukastyrk, ef tekjur sjóðsins leyfa, og skal miða hann við bókakaup félagsins, útlán bóka og aðra aðstöðu.

## 4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Fræðslumálastjóri ákveður um skýrsluskil lestrarfélaga.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

76

4. júlí

um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Kennslumálaráðherra skal heimilt að veita manni af íslenskum ættum, einum í senn, sem búsettur er í Kanada eða Bandaríkjum Norður-Ameríku og lokið hefur stúdentsprófi þar, styrk úr ríkissjóði til náms í íslenskum fræðum í heimspekideild Háskóla Íslands.

## 2. gr.

Námsstyrkur samkvæmt 1. gr. skal miðaður við það, að nemandinn fái greiddan hæfilegan kostnað af húsnæði, fæði og kaupum nauðsynlegra námsbóka. Ráðherra úrskurðar kostnað þennan, að fengnu álitu heimspekideildar háskólans, og skal fæðis- og húsnæðiskostnaður greiddur á mánuði hverjum fyrirfram.

## 3. gr.

Ráðherra ákveður, hver styrks þessa skuli verða aðnjótandi í hvert sinn, að fengnum tillögum stjórnar Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og heimpekideildar Háskóla Íslands.

**76** Sá, er styrk hlýtur, skal njóta hans meðan hann stundar nám í deildinni, þó 4. júlí aldrei lengur en 4 ár.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

**77**

7. júlí

## AUGLÝSING

**um breyting á aðflutningsgjöldum á vörum, sem eru taldar í 18. gr. laga nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.**

Frá deginum í dag að telja og þar til öðruvísi verður ákveðið er úr framkvæmd sérákvæði það, sem um ræðir í 18. gr. laga nr. 62/1939, um tollskrá o. fl. Af þessu leiðir, að af vörum þeim, sem taldar eru í nefndri 18. gr. tollskrálaganna og eftirleiðis eru teknar til tollmeðferðar, ber að greiða aðflutningsgjöld eftir því, sem segir í 1. gr. tollskrálaganna, en vara telst tekin til tollmeðferðar, er hlutaðeigandi tollstofnun hefur tekið við skjölum þeim yfir vörurnar, sem afhenda skal þangað vegna tollmeðferðarinnar, enda fullnægi skjölin þeim skilyrðum, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að afgreiða vörurnar þegar í stað.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 7. júlí 1942.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

## STJÓRNARSKIPUNARLÖG

78

1. sept.

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920,  
og stjórnarskipunarlögum, nr. 22 24. marz 1934.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

26. grein stjórnarskrárinnar hljóði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

- a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
- b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
- c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímamum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

- d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 3. gr.

## Ákvæði um stundarsakir.

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.

*Gjört í Reykjavík, 1. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## L Ö G

## um dómnefnd í verðlagsmálum.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 5 menn í dómnefnd í verðlagsmálum, og skal einn þeirra skipaður formaður nefndarinnar. Enn fremur skipar ríkisstjórnin þrjá menn til vara, og taka þeir sæti í nefndinni eftir því, sem ákveðið er í skipunarbréfinu.

## 2. gr.

Það er borgaraleg skylda að taka sæti í dómnefnd. Áður en nefndarmenn taka sæti í nefndinni í fyrsta sinn, skulu þeir vinna drengskaparheit að því, að þeir muni rækja starfið eftir beztu vitund.

## 3. gr.

Dómnefnd skal halda bók, og skal skrá í hana það, sem gerist á nefndarfundum, svo og allt, sem úrskurðað er í nefndinni.

## 4. gr.

Í dómnefnd ræður afl atkvæða, og eru úrskurðir hennar og ályktanir fullnaðarúrslit máls. Þó má dómnefnd taka mál til meðferðar að nýju, ef aðstæður hafa breytt eða nýjar skýrslur komið fram. Dómnefnd er eigi ályktunarfær nema allir nefndarmenn séu mættir.

## 5. gr.

Dómnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur nefndin vald til að ákveða hámarksverð á hvers konar vörum, hámark álagningar, umboðslauna og hvers konar þóknana, sem áhrif hefur á verðlag í landinu. Enn fremur getur dómnefnd úrskurðað um þá kostnaðarliði, er til greina koma um verðlagningu á vöru. Þá getur dómnefnd ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.

Undanþegnar eru hér frá þær vörutegundir, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökkum lögum, enn fremur allar vörur, sem seldar eru úr landi.

## 6. gr.

Sala á vörum milli verzlana innbyrðis (keðjuverzlun) umfram það, sem almennt tíðkast í hverri grein, er hönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar.

Bannað er að halda vörum, sem keyptar eru og tilbúnar til sölu, úr umferð í þeim tilgangi að fá á þeim hærri verzlunarágóða en venjulegt er á þeim tíma, sem þær höfðu átt að seljast.

## 7. gr.

Farmgjöld má ekki hækka frá því, sem þau voru í árslok 1941, nema með samþykki dómnefndar.

## 8. gr.

Dómnefnd getur krafðið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annarra gagna, er hún telur nauðsynlegar í starfi sínu, og getur hún falið öðrum að afla þeirra gagna.

## 9. gr.

Allar ákvarðanir dómnefndar skulu birtar þegar í stað, og koma þær í gildi jafn-skjótt og gilda þar til öðruvísi er ákvæðið. Birta skal þær á þann hátt, er hagkvæm-astur þykir, annaðhvort með opinberum auglýsingum eða með bréflægum tilkynning-um til þeirra, er þar eiga í hlut.

79

1. sept.

## 10. gr.

Dómnefndarmönnum og starfsmönnum dómnefndarinnar og öðrum þeim, sem kynni að verða falið eftirlit með framkvæmd laga þessara, er hannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 8. gr., að því leyti, sem þær varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

## 11. gr.

Allur kostnaður við dómnefndina greiðist úr ríkissjóði.

## 12. gr.

Sá, sem vanrækir skyldur þær, er um ræðir í 8. gr., skal sæta 10—100 kr. dag-sektum.

Sá, sem gefur rangar skýrslur til dómnefndar, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara og reglugerð, er kynni að verða sett samkvæmt þeim, varða sektum frá 100—100000 kr. Enn fremur er upptækur sá ágóði, sem fæst við brot á lögum þessum. Ef félag eða félagasamtök brjóta lögin, skal dæma þau í sekt og auk þess stjórnendur félaganna.

## 13. gr.

Mál út af brotum á 10. gr. og 2. mgr. 12. gr. skulu sæta meðferð sakamála. Með mál út af brotum á öðrum ákvæðum laganna skal farið sem almenn lögreglumál.

## 14. gr.

Með reglugerð má setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

## 15. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 28 29. maí 1942, um dómnefnd í kaupgjalds- og verðlagsmálum, og lög nr. 118 2. júlí 1940, um verðlag.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Allar þær verðlagsákvæðanir um hámarksverð og hámarksálagningu, sem í gildi eru við gildistöku laganna, skulu haldast fyrst um sinn, þar til dómnefnd hefur af-numið þær og sett ný ákvæði í stað þeirra.

Heimilt er verkalyðsfélögum og atvinnurekendum að segja upp gildandi kaup- og kjarasamningum með minnst viku fyrirvara frá gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 1. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*



## L Ö G

## um kosningar til Alþingis.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## Kosningarréttur og kjörgengi.

## 1. gr.

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis eiga allir, karlar og konur, sem:

1. eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram;
2. eiga ríkisborgararétt hér á landi;
3. hafa verið búsettir hér á landi síðustu 5 árin áður en kosning fer fram;
4. hafa óflekkað mannorð og
5. eru fjárráðir.

## 2. gr.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

## 3. gr.

Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum. Maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum.

## 4. gr.

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver sá, karl eða kona, sem kosningarétt á samkv. 1. gr., nema þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

## II. KAFLI

## Kjördæmi.

## 5. gr.

Kjósendur neyta kosningarréttar síns í sérstökum kjördæmum eftir þeim reglum og með þeim skilyrðum, er lög þessi setja, og er landinu skipt í kjördæmi sem hér segir:

- A. Kjördæmi, þar sem kosinn er einn þingmaður í hverju, óhlutbundnum kosningum (einmenningskjördæmi):
  1. Borgarfjarðarsýsla ásamt Akraneskaupstað.
  2. Mýrasýsla.
  3. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
  4. Dalasýsla.
  5. Barðastrandarsýsla.
  6. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
  7. Ísafjarðarkaupstaður.
  8. Norður-Ísafjarðarsýsla.

9. Strandasýsla.
  10. Vestur-Húnavatnssýsla.
  11. Austur-Húnavatnssýsla.
  12. Siglufjarðarkaupstaður.
  13. Akureyrarkaupstaður.
  14. Suður-Þingeyjarsýsla.
  15. Norður-Þingeyjarsýsla.
  16. Seyðisfjarðarkaupstaður.
  17. Austur-Skaftafellssýsla.
  18. Vestur-Skaftafellssýsla.
  19. Vestmannaeyjakaupstaður.
  20. Hafnarfjarðarkaupstaður.
  21. Gullbringu- og Kjósarsýsla.
- B. Kjördæmi, þar sem kosnir eru tveir þingmenn í hverju, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir varamenn (tvímenningskjördæmi):
1. Skagafjarðarsýsla.
  2. Eyjafjarðarsýsla.
  3. Norður-Múlasýsla.
  4. Suður-Múlasýsla ásamt Neskaupstað.
  5. Rangárvallasýsla.
  6. Árnessýsla.
- C. Reykjavíkurkaupstaður er sérstakt kjördæmi, þar sem kosnir eru 8 þingmenn, hlutbundnum kosningum, og jafnmargir varamenn.

### III. KAFLI

#### Kjördeildir.

##### 6. gr.

Hverju kjördæmi skal skipt í kjördeildir, og er hver hreppur eða kaupstaður ein kjördeild, nema honum hafi verið skipt í fleiri kjördeildir.

Heimilt er bæjarstjórn og hreppsnefnd, með samþykki yfirkjörstjórnar, að skipta kaupstað eða hreppi í kjördeildir. Hreppum má þó ekki skipta í fleiri kjördeildir en fjórar.

Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 20 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að álitu yfirkjörstjórnar.

Kjördeildir skal að jafnaði kenna við kjörstaði í sveitum, en tölusetja þær til aðgreiningar í kaupstöðum.

### IV. KAFLI

#### Kjörstjórnir og kjörstjórar utan kjörfunda.

##### 7. gr.

Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar:

1. Landskjörstjórn.
2. Yfirkjörstjórnir.
3. Undirkjörstjórnir.

80

7. sept.

8. gr.

Sameinað Alþingi kýs, eftir hverjar almennar alþingiskosningar, fimm manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og jafnmarga til vara. Landskjörstjórn velur sér sjálf oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

9. gr.

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skipa hana 3 menn.

Þar, sem sýslumaður eða bæjarfógeti (lögmaður) er heimilisfastur í kjördæmi, skal hann vera oddviti yfirkjörstjórnar. Annars staðar skipar ráðherra oddvita, er sé kjósandi í kjördæminu. Ráðherra skipar og varamann oddvita. Í Suður-Múla-sýslu er sýslumaður oddviti yfirkjörstjórnar.

Hina yfirkjörstjórnana og tvo til vara kjósa sýslunefndir, en bæjarstjórnir þar, sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi, til eins árs í senn. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef sýslunefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess.

10. gr.

Í hverri kjördeild hrepps eða kaupstaðar skal vera undirkjörstjórn, skipuð 3 mönnum, er hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem í hlut á, kýs til eins árs úr hópi kjósenda hreppsins eða kaupstaðarins og jafnmarga til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef hreppsnefndarmaður eða bæjarfulltrúi krefst þess. Hreppstjóri skal þó jafnan vera formaður kjörstjórnar þess hrepps eða kjördeildar, sem hann er búsettur í. Annars velur kjörstjórn sér oddvita og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

11. gr.

Sá, sem á sæti í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skal víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis. Sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skal víkja sæti, þegar úthlutað er uppþótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina við skipun í uppþótarþingsæti.

12. gr.

Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í föllum aðalmanna eftir venjulegum reglum, þegar hlutfallskosningar eru viðhafðar, en annars eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir. Ef einhver kjörstjórn verður ekki á þennan hátt fullskipuð, kveður hún sjálf til þann eða þá, sem þarf til þess að talan sé fyllt.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.

13. gr.

Kjörstjórar við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda samkv. lögum þessum eru sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður), fulltrúar þeirra, hreppstjórar og skipstjórar á íslenskum skipum. Nú eru sýslumaður og hreppstjóri búsettir á sama stað, og skal þá sýslumaður vera kjörstjóri.

## V. KAFLI

### Kjörskrár.

14. gr.

Kjörskrár til alþingiskosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum, en hreppsnefndir í hreppum. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrá skal samin í febrúarmánuði ár hvert og gildir frá 15. júní það ár til 14. júní næsta ár á eftir.

## 15. gr.

Á kjörskrá skal taka:

1. Þá, sem fullnægja öllum skilyrðum 1. gr. þessara laga og eru, þegar kjörskrá er samin, heimilisfastir í þeirri kjördeild, sem kjörskráin nær til.

2. Þá, sem skortir það eitt á að fullnægja skilyrðum 1. töluliðs þessara gr., að þeir hafa ekki fyllt 21 árs aldur eða 5 ára búsetu í landinu, ef þeir ná að fullnægja þeim skilyrðum áður en kjörskráin gengur úr gildi.

Um þann, sem settur er á kjörskrá og hefur ekki fullnægt skilyrðunum um aldur eða 5 ára búsetu í landinu, skal þess getið í athugasemd við nafn hans á kjörskránni, hvaða mánaðardag hann hefur náð að fullnægja öllu þessu, og skal rita framan við mánaðardaginn: Fær atkvæðisrétt.

Nöfn þeirra, sem standa á kjörskrá með slíkum athugasemdum, skal undirstrika eða auðkenna greinilega á annan hátt.

## 16. gr.

Kjörskrár skal rita á eyðublöð, er dómsmálaráðuneytið lætur í té, og skal farið nákvæmlega eftir þeim leiðbeiningum, sem ráðuneytið lætur skrá á þau.

Þegar kjörskrá hefur verið samin, skal oddviti í hreppum undirrita hana og að minnsta kosti einn maður annar úr hreppsnefndinni með honum, en í kaupstöðum borgarstjóri eða bæjarstjóri.

## 17. gr.

Nú hefur kjörskrá ekki verið samin eða lögð fram í tæka tíð, eða um það hefur ekki verið fylgt ákvæðum laga þessara, og skal þá sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), jafnskjótt sem hann fær vitneskju um það, gera nauðsynlegar ráðstafanir til, að kjörskrá verði tafarlaust samin og leiðrétt það, sem skort hefur á, að færi lögum samkvæmt.

## 18. gr.

Frá því að kjörskrá hefur verið samin og þangað til hún gengur í gildi skal almenningur eiga aðgang að staðfestu eftirriti af henni hjá oddvita hreppsnefndar eða í skrifstofu borgar- eða bæjarstjóra. Skriflegar aðfinnslur við kjörskrána, sem koma fram á þessum tíma, skal taka til meðferðar, er kjörskrá hefur legið frammi samkvæmt 19. gr., og á þann hátt, sem fyrir er mælt um aðrar kjörskrárkærur í 20. og 21. gr.

## 19. gr.

Nú eiga alþingiskosningar að fara fram, og skal þá tveimur mánuðum áður leggja kjörskrá fram til sýnis á hentugum stað, einum eða fleirum, í hverri kjördeild utan kaupstaða. Kjörskrá skal jafnan liggja frammi að minnsta kosti á einum stað í hverjum kaupstað eða kaupsíni.

Fjórtán dögum áður en kjörskrá er lögð fram skal auglýsa, hvar það verður gert, og á þann hátt á hverjum stað, sem venja er þar að birta opinberar auglýsingar. Þegar auglýst er í blöðum um þetta innan kaupstaða, nægir þó þriggja daga frestur. Heimilt er ráðherra að stytta frest þennan eða fella hann alveg niður.

Kjörskrá skal liggja frammi frá dagmálum til miðaftans dag hvern næstu fjórar vikur eftir að hún var lögð fram. Staðfest eftirrit af kjörskrá má hafa til að leggja fram.

## 20. gr.

Þegar 3 vikur eru til kjördags, skal hver sá, sem kæra vill, að einhverni vanti á kjörskrá eða sé ofaukið þar, hafa afhent oddvita hreppsnefndar eða borgar- eða bæjarstjóra kæru sína, með þeim rökum og gögnum, sem hann vill fram færa til stuðnings máli sínu. Sé kæran um það, að einhver sé á skrá tekinn, sem ekki hafi rétt til

80 að standa þar, skal oddviti hreppsnefndar eða borgarstjóri eða bæjarstjóri innan 3 daga gagngert senda þeim, sem yfir er kært, eftirrit af kærunni.

## 21. gr.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem þannig eru fram komnar, sbr. 18. og 20. gr., skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn sé eigi síðar en 2 vikum fyrir kjördag. Til þess fundar skulu með 3 daga fyrirvara kvaddir bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinnslurnar, og þeir, sem mælt er á móti. Samkvæmt þeim skjölum, sem aðilar málsins leggja fram, og framburði vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreininginn og rita hann með fáum orðum í gerðabók hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Þegar búið er að leiðrétta og bæta við kjörskrána samkvæmt þessu, skal öll hreppsnefndin eða bæjarstjórnin rita nafn sitt undir hana. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni, nema dómur sé á undan genginn.

## 22. gr.

Kjörskrá skal samin í tveim eintökum, og skal annað eintakið sent oddvita yfirkjörstjórnar þeirrar, er í hlut á, jafnskjótt sem kjörskráin er endanlega undirrituð, en 2 mánuðum fyrir kjördag skal tilkynna honum tölu þeirra, sem á kjörskrá verða, eftir því, sem næst verður komið.

## 23. gr.

Nú eru fyrirskipaðar kosningar til Alþingis með svo stuttum fyrirvara, að ekki er unnt að láta kjörskrá liggja jafnlengi frammi eða veita þá fresti og fyrirvara, sem hér er gert ráð fyrir, og má þá stytta þetta allt hlutfallslega, eftir nánari fyrirætlum ráðherra í auglýsingu um kosningarnar.

Ráðherra er og heimilt að stytta alla fresti, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera, þegar gera þarf ráðstafanir út af vanrækslu hreppsnefndar eða bæjarstjórnar um samning kjörskrár, sbr. 17. gr.

## 24. gr.

Sá, sem er óánægður með úrskurð bæjarstjórnar eða hreppsnefndar út af kæru hans yfir kjörskrá, á kröfu til, að sér verði fengið eftirrit af úrskurðinum ókeypiss, og getur hann sótt málið fyrir dómi. Á sama hátt getur sá, sem vegna fjarvistar eða af öðrum ástæðum hefur ekki átt kost á að koma fram með kæru út af kjörskrá áður en kærufrestur er liðinn, sótt málið fyrir dómi, hvort sem málið varðar hann sjálfan eða ekki. Máli út af þessu skal dómara skylt að hraða svo, að því verði lokið fyrir kjördag, ef unnt er. Réttargjöld skulu engin greidd fyrir undirrétti, og skal dómari skipa mann fyrir hönd þeirrar bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, sem stefnt er. Falli dómur þannig, að kjörskrá beri að breyta, skal fullnægja dóminum þegar er sækjandi málsins leggur fram eftirrit af honum, og frestar áfrýjun ekki fullnægingu dómsins.

## 25. gr.

Allar kosningar til Alþingis skulu fara fram samkvæmt gildandi kjörskrá. Ekki má kjósandi greiða atkvæði nema í einu kjördæmi eða einni kjördeild við sömu kosningu til Alþingis. Ef maður er á kjörskrá í fleiri kjördæmum en einu eða fleiri kjördeildum en einni, ræður hann sjálfur, hvar hann neytir kosningaréttar síns.

Sá, sem stendur á kjörskrá með athugasemd við nafn sitt (sbr. 15. gr.), skal hafa rétt til að greiða atkvæði, ef hann samkvæmt athugasemdinni hefur öðlazz atkvæðisrétt á kjördegi, en annars ekki.

## VI. KAFLI

## Framboð.

80

7. sept.

## 26. gr.

Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram, skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri, sem í hlut á, eigi síðar en 4 vikum og 3 dögum fyrir kjördag. Þegar landslistar eru bornir fram, skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 4 vikum og 2 dögum fyrir kjördag.

Gæta skal þess um öll framboð, hvort sem um er að tefla einstakan frambjóðanda eða framboðslista, að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því, hverjir í boði eru.

## 27. gr.

Hver einstakur frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal láta fylgja framboði sínu skriflega yfirlýsingu eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 kjósenda í því kjördæmi, þar sem hann býður sig fram, að þeir styðji kosningu hans.

Framboðslista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra, sem á listanum eru, að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, svo og skrifleg yfirlýsing um stuðning við listann frá eigi færri en 100 og eigi fleiri en 200 kjósendum í Reykjavík og eigi færri en 12 og eigi fleiri en 24 í tvímenningskjördæmum.

Framboði einstaks frambjóðanda skal fylgja skrifleg yfirlýsing hans og meðmælenda hans um það, fyrir hvern stjórnmalaflokk frambjóðandinn býður sig fram. Framboðslista í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal fylgja skrifleg yfirlýsing meðmælenda listans um það, fyrir hvern stjórnmalaflokk listinn sé boðinn fram. Ef yfirlýsingar þessar vantar, telst frambjóðandi eða listi utan flokka.

## 28. gr.

Landslista skal fylgja til landskjörstjórnar skrifleg skýrsla um það, hver stjórnmalaflokkur ber hann fram, undirrituð af flokksstjórninni. Slík skýrsla ein nægir, þegar um stjórnmalaflokk er að ræða, sem átt hefur fulltrúa á síðast háðu Alþingi, eða náð hefur 1000 atkvæðum við síðustu alþingiskosningar, þar af að minnsta kosti 20% greiddra atkvæða eða 500 atkvæðum í einu og sama kjördæmi.

Nú uppfyllir stjórnmalaflokkur ekki þessi skilyrði, og skal hann þá láta fylgja lista sínum og skýrslu til landskjörstjórnar skriflega yfirlýsingu frá eigi færri en 500 kjósendum, þar af eigi færri en 20% kjósenda á kjörskrá eða 250 kjósenda í einu og sama kjördæmi, um að þeir fylli flokkinn, enda séu þeir ekki í öðrum stjórnmalaflokki, er þátt tekur í þeim alþingiskosningum, er í hönd fara.

## 29. gr.

Við hinar sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram í fleiri kjördæmum en einu, vera á fleiri framboðslistum en einum í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða vera í kjöri fyrir fleiri stjórnmalaflokka en einn. Maður má ekki vera á landslista, ef hann er í kjöri utan flokka í kjördæmi. Stjórnmalaflokkur má eigi bera fram nema einn landslista við sömu alþingiskosningar.

Nú berst yfirkjörstjórn í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, listi, er nafn manns stendur á, án þess að skriflegt leyfi hans fylgi, eða maður hefur skriflega leyft nafn sitt á fleiri listum en einum, og skal þá yfirkjörstjórn nema það nafn burt af listanum eða listunum. Hið sama gerir landskjörstjórn, ef henni berast landslistar með sömu ágöllum.

80

7. sept.

Á framboðslista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skulu að jafnaði vera tvöfalt fleiri nöfn frambjóðenda en kjósa á þingmenn í hvert skipti, en aldrei fleiri. Nú berst yfirkjörstjórn í slíku kjördæmi listi með fleiri nöfnum en tilskilið er, og skal þá nema burtu af listanum öftustu nöfnin, sem fram yfir eru tilskilda tölu.

Á landslista skulu vera nöfn frambjóðenda flokks í kjördæmum, þó eigi fleiri frambjóðenda úr einu kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn og varaþingmenn.

Nú eru fleiri frambjóðendur af hálfu flokks í kjördæmi en þar á að kjósa þingmenn, og sker þá flokksstjórnin, sbr. 28. gr., úr því, hver eða hverjir þeirra skuli teknir á landslista. Á landslista skulu nöfn frambjóðendanna sett eftir stafrofsröð.

Stjórnmalaflokkur er heimilt að láta fylgja landslista sínum til landskjörstjórnar skrá yfir frambjóðendur flokksins í kjördæmum í þeirri röð, er flokkurinn óskar, að þeir hljóti uppþótarþingsæti.

Röðina á landslista að kosningu lokinni ákveður landskjörstjórn samkvæmt ákvæðum 128. gr.

Frambjóðanda í kjördæmi er heimilt að afsala sér rétti til landslistasætis, enda tilkynni hann það landskjörstjórn áður en framboðsfrestur fyrir landslista er liðinn, sbr. 26. gr., og verður hann þá ekki tekinn á listann.

## 31. gr.

Það er ekki nauðsynlegt, að kjörgengi frambjóðanda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn, en Alþingi úrskurðar um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru, jafnframt því sem það úrskurðar um, hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir.

## 32. gr.

Nú deyr frambjóðandi, áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þremur sólarhringum, áður en framboðsfrestur er liðinn, og má þá, ef þetta er frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, annar maður innan viku bjóða sig fram í hans stað, er fullur helmingur meðmælenda hins látna er meðal meðmælenda hans, enda sé fullnægt öðrum almennum skilyrðum um framboðið. Ef um frambjóðanda á lista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, er að tefla, má á sama hátt setja mann í sæti hins látna á listanum, ef fullur helmingur meðmælenda listans krefst þess.

Nú deyr frambjóðandi í einmennings- eða tvímenningskjördæmi innan viku fyrir kjördag, og skal yfirkjörstjórn þá aflýsa kosningunni, en dómsmálaráðuneytið stofna til kosninga á ný á þann hátt, sem mælt er í 135. gr. þessara laga.

## VII. KAFLI

## Umboðsmenn.

## 33. gr.

Hver frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, á rétt á að gefa einum manni eða tveimur í hverri kjördeild umboð sitt til að gæta hagsmuna sinna við kosninguna á hinum einstöku kjörstöðum. Á sama hátt má frambjóðandi gefa einum eða tveimur mönnum umboð til að vera fyrir sína hönd og í sama skyni viðstaddir, er talning atkvæða fer fram.

Hverjum lista, bæði framboðslista í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, og landslista, skal fylgja til yfirkjörstjórnar eða landskjörstjórnar skrifleg tilkynning frá frambjóðendum listans eða, þegar um landslista er að tefla, frá stjórn þess stjórnmalaflokks, sem ber hann fram, um það, hverjir tveir

menn séu umboðsmenn listans. Ef umboðsmenn listans eru ekki tilgreindir eða nauðsynjar hamla umboðsmanni, eru þeir, sem fremstir standa frambjóðenda á listanum, réttir umboðsmenn hans. Þessir umboðsmenn gæta réttar lista þeirra, sem þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun listanna. Þeir gefa þar upplýsingar um listana, er yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn óskar. Þeim er heimilt að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir kosningar á hinum einstöku kjörstöðum, talningu atkvæða og úthlutun uppþótarþingsæta. Skyldir eru umboðsmenn að hlíta þeim fundarreglum, sem kjörstjórnir setja.

## 34. gr.

Nú hefur stjórnmalaflokkur, sem þátt tekur í alþingiskosningum, ekki landslista í kjöri, og á hann engu síður rétt á að hafa tvo umboðsmenn viðstadda, er úthlutun uppþótarþingsæta fer fram, til þess að gæta þar réttar flokksins.

## VIII. KAFLI

## Kosningaundirbúningur.

## 35. gr.

Allar kjörstjórnir skulu halda gerðabækur og bóka gerðir sínar.

Landskjörstjórn bókar um viðtöku landslista og ráðstafanir og úrskurði þeim viðvikjandi, samtölu atkvæða hinna einstöku stjórnmalaflokka og úthlutun uppþótaræta o. s. frv.; yfirkjörstjórnir um viðtöku framboða, útsending og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar; undirkjörstjórnir um allt, sem fyrir er mælt í lögum þessum eða skiptir máli um kosningaathöfnina.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té og löggildir gerðabækur landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnna, en yfirkjörstjórnir láta í té og löggilda gerðabækur undirkjörstjórnna.

Dómsmálaráðuneytið lætur kjörstjórnnum í té embættisinnsgli

## 36. gr.

Dómsmálaráðuneytið heldur bók yfir utankjörfundarkjörgögn og bókar, hve mörg kjörblöð með umslögum það sendir hverjum sýslumanni og bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni), og tölusetningu þeirra (sbr. 44. gr.).

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) halda sams konar bækur og færa til bókar á sama hátt utankjörfundarkjörgögn þau, er þeir láta frá sér til hreppstjóra og skipstjóra.

## 37. gr.

Yfirkjörstjórn skal tilkynna dómsmálaráðuneytinu væntanlega tölu kjósenda í kjördæmi sínu, jafnskjótt sem henni hefur borizt áætlun um það (sbr. 22. gr.) og eigi síðar en 6 vikum fyrir kjördag.

## 38. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð landslista, heldur landskjörstjórn fund á næsta degi, og skal umboðsmönnum listanna gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist þá gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum gefinn kostur á að leiðrétta þá, og má veita frest í því skyni eftir því, sem tími og atvik leyfa. Séu gallar, er landskjörstjórn hefur bent á, ekki leiðréttir innan tilsetts frests, kveður hún upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast. Verði ágreiningur innan landskjörstjórnar um úrskurð, ræður afl atkvæða úrslitum.



80 Sé listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlut-  
7. sept. aðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum, ásamt eftirriti af listanum, sem rækur er ger.

## 39. gr.

Þegar úrskurðað er, hverjir landslistar verði í kjöri, merkir landskjörstjórnin þá með bókstöfum, A, B, C o. s. frv., eftir þeirri röð, er heiti stjórnmalaflokkanna, sem listana bjóða fram, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð.

Því næst gerir landskjörstjórnin þegar í stað almenningi kunna landslistana með auglýsingu í útvarpi og í Lögbirtingablaðinu, þannig að greindur er bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðendanna á hverjum lista í stafrófsröð. Þess skal getið sérstaklega, ef frambjóðandi hefur afsalað sér rétti til landslistasætis, sbr. 30. gr. Jafnframt skal þess getið, hvort stjórnmalaflokkur hefur notað heimild 4. málsg. 30. gr., og skráin birt.

## 40. gr.

Jafnframt því, sem landslistar eru auglýstir samkv. ákvæðum 39. greinar, sendir landskjörstjórn öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórnnum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni) í landinu skriflega tilkynningu um landslista og lætur fylgja tilkynningunni nægilega mörg eintök af landslistunum prentuðum þannig, að festa meggi upp eitt eintak á hverjum kjörstað og í hverjum kjörklefa.

Listana skal prenta alla á sama blað, hvern við annars hlið, í röð eftir bókstöfum sínum, en greina þá sundur með strikum. Fyrir ofan hvern lista skal standa bókstafur hans og neðan við bókstafinn: Listi ..... flokksins. Þar fyrir neðan skal prenta nöfn frambjóðenda listans í stafrófsröð og með eins stórum bókstöfum, að minnsta kosti, og nöfn frambjóðenda á kjörseðlum við óhlutbundnar kosningar.

## 41. gr.

Þegar frestur sá er liðinn, sem ákveðinn er um framboð í kjördæmum, halda yfirkjörstjórnir í þeim kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, fund á næsta virkum degi og taka framboðslistana til meðferðar og úrskurðar í samræmi við það, sem mælt er í 38. gr. um landslistana.

## 42. gr.

Þegar listar í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, hafa verið úrskurðaðir, merkir yfirkjörstjórn þá með bókstöfum á sama hátt og landslistar hafa verið merktir, og skal þess gætt, að listi hvers stjórnmalaflokks sé merktur sama bókstaf og landslisti flokksins við sömu alþingiskosningar.

Nú eru fleiri en einn listi boðnir fram fyrir sama stjórnmalaflokk í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, og skal þá merkja þá: A, AA ..., B, BB ..., C, CC ..., o. s. frv. eftir þeirri röð, sem þeir berast í til kjörstjórnar.

Listi, sem boðinn er fram utan flokka, er merktur bókstaf í áframhaldandi stafrófsröð á eftir flokkslistum.

Síðan gerir yfirkjörstjórn þegar í stað almenningi kunna listana með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði og auk þess framboðslista í Reykjavík í dagblöðum þar á þann hátt, að greindur sé bókstafur hvers lista og nöfn frambjóðenda á hverjum lista í rétttri röð.

## 43. gr.

Yfirkjörstjórnir í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, taka á sama tíma sem í 41. gr. segir til meðferðar og úrskurðar framboð hinna einstöku frambjóðenda þar. Séu gallar á framboði, þar á meðal ef vantar yfirlýsingar samkv. 27. gr., sem ætla má, að hefðu átt að fylgja framboði, skal tilkynna

það hlutaðeigandi frambjóðanda og gefa honum kost á að leiðrétta þá, í samræmi við það, sem fyrir er mælt um galla á listum. 80

Ef frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað, samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., skal hlutaðeigandi yfirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það dómsmálaráðuneytinu, sem birtir framboðið í útvarpinu og tilkynnir það öllum yfirkjörstjórnnum, svo og öllum hreppstjórnnum, sýslumönnum og bæjarfógetum (í Reykjavík lögmanni).

## 44. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í té kjörseðla þá, ásamt fylgibréfum og umslögum, er þar til heyra og notuð verða við atkvæðagreiðslu utan kjörfunda.

Kjörgögn þessi skal dómsmálaráðuneytið afgreiða svo tímanlega, að þau geti verið komin í hendur kjörstjóra utan kjörfunda 4 vikum fyrir kjördag.

## 45. gr.

Kjörgögn til atkvæðagreiðslu utan kjörfunda skulu vera þannig gerð:

Kjörseðill, fylgibréf og stofn skulu vera samföst á einu kjörblaði, en aðgreind með riflínunum. Kjörblöð skulu vera úr haldgóðum pappír, með mismunandi lit við hverjar kosningar, og svo þykkum, að skrift verði ekki greind í gegnum hann, þó að borið sé upp við birtu. Stofn og fylgibréf sama kjörblaðs skulu auðkennd sömu tölu, og öll kjörblöð, sem notuð eru við hverjar almennar kosningar um land allt, tölusett áframhaldandi tölum. Hver 10 kjörblöð skulu vera heft saman. Kjörseðillinn skal vera alveg auður, brotinn í miðju og jaðrar hans límbornir, svo að honum megi loka eins og spjaldbréfi. Jaðrarnir skulu aðgreindir frá sjálfum seðlinum með riflínunum, svo að auðvelt sé að rífa þá frá og opna þannig seðilinn. Á fylgibréfinu skulu vera vottorð kjósenda og kjörstjóra. Kjörblað skal vera svipað þessu:

Nr. ....

kaus .....

(Nafn og föðurnafn kjósenda.)

.....

(Staður, dagsetning og ár.)

.....

hjá .....

(Staða.)

.....

Nr. ....

Ég undirritaður, sem á heima

.....

(Heimili, hreppsnafn eða kaupstaðar.)

og vegna fjarveru get ekki sótt kjörfund á kjörstað mínum, legg það undir drengskap minn og mannorð, að ég þvingunarlaust, aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess að nokkur maður hafi séð, hef útfyllt viðfestan kjörseðil og límt hann aftur. Á sama hátt lýsi ég því yfir, að ég hef engan annan kjörseðil frá mér sent og hef ekki kosið annars staðar.

.....

(Staður, dagsetning og ár.)

.....

(Undirskrift kjósenda.)

Að .....

(Fullt nafn kjósenda.)

.....

(Heimili kjósenda.)


- 80 hafi undirskrifað fylgibréfið, sem er rétt dagsett, og að þar umgetinn kjörseðill sé 7. sept. útfylltur aðstoðarlaust og í einrúmi, vottar undirritaður.

.....  
(Embættisstaða vottorðsgefanda og heimili.)

Vitundarvottar

(Embættisstimpill nægir ekki.)

.....  
(Nafn.)



Umslögín skulu gerð úr þykkum, mislitum pappír, hæfilega stór utan um fylgibréfið og kjörseðilinn, eftir að kjörseðlinum hefur verið lokað, og fylgibréfið með honum áföstum einbrotið saman. Þau skulu tölusett sömu tölum og kjörblöðin, og hverju 10 blaða hefti fylgja 10 umslög með sömu tölum.

46. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda nægilegar birgðir utan-kjörfundarkjörgagna til annarra kjörstjóra, hver í sínu umdæmi, og færa hverja sendingu til bókar samkv. 36. gr.

Forðast skal að láta óviðkomandi sjá kjörgögnin.

47. gr.

Sérhver skipstjóri á íslenzku skipi skal gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Í híbýlum skipshafnarinnar í skipinu skal vera að minnsta kosti 1 eintak af bók þeirri, er í 63. gr. getur.

Enn fremur er það skylda skipstjóra á íslenzkum skipum, þá er fyrirskipaðar eru almennar alþingiskosningar, aukakosningar eða uppkosningar, að láta skipshöfnina vita um kjördaginn, jafnskjótt og þeir vita um kosninguna.

48. gr.

Þá er skipstjóri veitir viðtöku utankjörfundarkjörgögnum, skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) taka af honum drengskaparfyrirlýsingu um, að kosning í skipi hans skuli fara fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga og að engir aðrir greiði þar atkvæði en lögskráðir skipverjar.

49. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur í tæka tíð yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð undir kjörseðla þá, sem notaðir verða við atkvæðagreiðslu á kjörfundi.

## 50. gr.

Kjörseðlar til atkvæðagreiðslu á kjörfundi skulu vera úr haldgóðum pappír, sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Gerð þeirra og litur skal vera þrenns konar, í fyrsta lagi kjörseðlar handa kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, í öðru lagi kjörseðlar handa Reykjavík og í þriðja lagi kjörseðlar handa tvímenningskjördæmum, en hver tegundin um sig skal vera nákvæmlega eins. Skipta skal um lit kjörseðla við hverjar alþingiskosningar.

## 51. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar skal vera ca. 11 cm á breidd. Þvi skal vera skipt í tvo hluta með ca.  $\frac{1}{2}$  cm breiðum, svörtum borða þvert yfir seðilinn. Efri hlutanum skal aftur skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 2 cm háar og svo margar sem ætla má, að frambjóðendur verði flestir í kjördæmi. Neðri hlutanum skal einnig skipta með feitum þverstrikum í skákir ca. 1 cm háar og svo margar sem ætla má, að landslistar verði flestir.

Efri hluti eyðublaðsins er fyrir kjörseðil í kjördæmi, en neðri hlutinn er landskjörseðill.

## 52. gr.

Eyðublað undir kjörseðil til atkvæðagreiðslu á kjörfundi í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal gera þannig, að hægt sé að prenta listana á það, hvern við annars hlið, og skal ætla ca. 6 cm breidd handa hverjum lista. Eyðublaðinu skal skipta í tvo hluta, efri og neðri hluta, á sama hátt sem eyðublaði undir kjörseðil við óhlutbundnar kosningar samkv. 51. gr.

Fyrir ofan borðann skal ætla nægilega lengd fyrir þann lista, sem hefur frambjóðendur svo margi sem frekast má.

## 53. gr.

Að liðnum framboðsfresti skulu yfirkjörstjórnir, hver fyrir sitt kjördæmi, láta fullgera kjörseðla þá, sem notaðir verða á kjörfundi, ef kosning á að fara fram í kjördæminu. En kosning fellur niður við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, er þar er einungis einn frambjóðandi. Svo fellur og kosning niður við aukakosningar í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, ef ekki er nema einn listi þar í kjöri. Við almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær, fellur kosning hins vegar ekki niður, þó að þannig standi á.

## 54. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við óhlutbundnar kosningar, skal fullgera á þennan hátt:

Á kjörseðlana skal prenta með skýru, stóru letri nöfn allra frambjóðendanna í kjördæminu, eitt nafn í hverja skák, á efri hluta eyðublaðsins, og skal greina við nafn hvers frambjóðanda, fyrir hvern stjórnmaflokki hann er í kjöri, á þann hátt að prenta neðan við nafn hans jafnframarlega, en með smærra letri: **Frambjóðandi** . . . . . flokksins.

Nú er frambjóðandi utan flokka, og skal þá á sama hátt prenta neðan við nafn hans: **Frambjóðandi utan flokka**.

Báðar línurnar skulu sem næst fylla út í hæð skákarinnar.

Frambjóðendum skal raða á kjörseðil eftir þeirri röð, er heiti stjórnmaflokka, sem frambjóðendur eru í kjöri fyrir, verða í, er þeim er raðað í stafrófsröð, þannig að frambjóðandi eða frambjóðendur þess stjórnmaflokks, sem á heiti, er fyrst verður í röðinni, standi efstir á seðlinum o. s. frv. Nöfn frambjóðenda sama stjórnmaflokks í sama kjördæmi skulu jafnan standa saman, en innbyrðis skal þeim raðað eftir stafrófsröð.

80

7. sept.

Nöfn frambjóðenda utan flokka skulu standa neðst á seðlinum eftir stafrófsröð. Eigi tveir eða fleiri frambjóðendur að öllu leyti samnefnt, skal einkenna þá með heimilisfangi eða stöðu.

Á neðri hluta eyðublaðsins skal ætla hverjum landslista eina skák. Í henni skal standa með skýru, stóru letri bókstafur landslista og aftan við hann í sömu línu: **Landslisti . . . . . flokksins**. Landslistum skal raðað í skákirnar í stafrófsröð.

Að minnsta kosti eins cm breitt bil skal vera fyrir framan hvert nafn frambjóðanda og listabókstaf.

Landskjörstjórn skal sjá um, að landskjörseðlar séu fullgerðir á fyrirskipaðan hátt.

55. gr.

Kjörseðla, sem notaðir verða á kjörfundi við kosningar í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal fullgera þannig:

Prenta skal listana á efri hluta eyðublaðsins hvern við annars hlið í röð eftir bókstöfum þeirra. Niður undan bókstaf hvers lista, sem skal vera stór og greinilegur og standa yfir miðjum listanum, skulu vera nöfn frambjóðenda listans í réttri röð, ásamt stöðu og heimili, ef nauðsyn þykir til auðkenningar. Listarnir skulu aðgreindir með feitum langstrikum, og skal að minnsta kosti  $\frac{1}{2}$  cm breitt bil vera fyrir framan nöfnin á hverjum lista.

Þess skal getið um hvern lista, fyrir hvern stjórnmaflokki hann er í kjöri, á þann hátt að prenta með skýru letri neðan við listabókstafinn, en ofan við nöfnin á listanum: **Listi . . . . . flokksins**. Ef listi er boðinn fram utan flokka, skal á sama hátt prenta neðan við listabókstafinn: **Listi utan flokka**.

Neðri hluta eyðublaðsins skal fullgera eins og segir í 54. gr.

56. gr.

Kjörseðlana skal brjóta saman þannig, að óprentaða hliðin snúi út.

Ekki skal fullgera fleiri seðla en þá, sem sendir eru undirkjörstjórnnum, og skal yfirkjörstjórn varast að láta óviðkomandi sjá seðlana, áður en hún sendir þá frá sér.

57. gr.

Tíu dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlarnir fullgerðir, og skal yfirkjörstjórnin eins fljótt og verða má afhenda til flutnings á næstu pósthöndum sem ábyrgðarsending þá seðla, sem senda skal undirkjörstjórn hverri, nema nauðsynlegt sé að senda hraðboða með þá, en undirkjörstjórn hverri skal senda jafnmarga seðla sem kjósendur eru á kjörskrá í hennar kjördeild og minnst 10% fram yfir.

Seðlarnir skulu sendir í vönduðum umbúðum, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsgli sínu svo vandlega, að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsglið.

Seðlum, sem eigi eru afgreiddir til undirkjörstjórnar, gerir yfirkjörstjórn grein fyrir, þegar atkvæði eru talin.

58. gr.

Jafnframt og yfirkjörstjórnin sendir undirkjörstjórnnum kjörseðla, skal hún láta hverri sendingu fylgja sterk umslög með áprentaðri utanáskrift til yfirkjörstjórnarinnar. Hverri undirkjörstjórn skulu fengin 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: **Ónýttir seðlar**, á tvö: **Ágreiningsseðlar** og á tvö: **Afgangsseðlar**.

Umslög þessi skulu vera svo stór, að allir seðlar af hverri þessari tegund komist í eitt umslag, en hin umslögin séu til vara. Auk þess skal yfirkjörstjórnin láta fylgja stórt og sterkt umslag, með áprentaðri utanáskrift sinni, og á efra framhorni nafn kjördeildarinnar, og skal í það umslag leggja hin umslögin. Yfirkjörstjórn skal jafn-

framt senda hverri undirkjörstjórn löggilta kjörbók til afnota við kosninguna, ef hún hefur hana ekki fyrir, og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram.

80  
7. sept.

## IX. KAFLI

### Kjördagur.

#### 59. gr.

Þá er almennar reglulegar alþingiskosningar fara fram, skal kjördagur vera hinn sami um land allt, síðasti sunnudagur í júnímánuði.

Bæði er þetta á sér stað og þegar almennar kosningar fara fram eftir þingrof, skulu allar kosningar gilda frá hinum almenna kjördegi, þó að einstöku kosningar hafi ekki fram farið á þeim degi.

Kjörtímabilið er 4 ár.

## X. KAFLI

### Kjörstaðir. Atkvæðakassar. Handbók kosningalaga.

#### 60. gr.

Kjörstað í hverri kjördeild ákveða hreppsnefndir eða bæjarstjórnir.

Sé þingstaður innan kjördeildar, skal hann að jafnaði vera kjörstaður. Kjörstað skal auglýsa almenningi á undan kjörfundi með nægum fyrirvara, nema hann sé öllum kjósendum innan kjördeildar nægilega kunnur.

#### 61. gr.

Þar, sem kosning fer fram, skal vera herbergi áfast kjörfundarstofunni og svo um búíð, að ekki verði í það gengið né séð utan frá, og er herbergið kjörklefi. Sé eigi á slíku vól, má í þess stað tjalda fyrir eitt hornið í kjörfundarstofunni, svo að ekki sjáist þangað inn.

Tjald skal festa fyrir glugga, er vera kynnu á kjörklefanum, svo að ekki verði inn þangað séð að utan, og skal tjaldið ná svo langt út fyrir gluggann, að ekki sé auðið að stinga kjörseðli út að glugganum, svo að hann sjáist að utan. Tjald þetta skal á hæfilega mörgum stöðum fest niður á jöðrum með innsigli undirkjörstjórnar.

Kjörklefar mega vera fleiri en einn. Í hverjum kjörklefa skal vera lítið borð, sem skrifa má við.

#### 62. gr.

Í hverjum hreppi varðveitir hreppstjóri, en í kaupstað bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður), atkvæðakassana og poka, sem þeim fylgja, milli kosninga og sér um, að þeir séu til taks í tæka tíð, þar sem þarf að nota þá við kosningar. Skulu kassarnir allir vera með sömu gerð, eigi minni en 31,5 cm að lengd, 21 cm að breidd og 15,7 cm á hæð, með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Langs eftir miðju lokinu skal vera rifa, er sé 15,7 cm löng að minnsta kosti, en 6,5 mm víð að ofan, en víðari að neðan. Kössunum skulu fylgja sterkir strigapokar, saumlausir, hæfilega stórir til að hafa utan um kassana. Dómsmálaráðuneytið lætur í té atkvæðakassa og poka.

Yfirkjörstjórn ber ábyrgð á, að jafnan séu til nægir atkvæðakassar með pokum til afnota í kjördæminu.

#### 63. gr.

Dómsmálaráðuneytið lætur hverri kjördeild í té tvö eintök af lögum þessum, sem það lætur gefa út, ásamt stjórnarskránni, í handhægri útgáfu, með skýringum og leiðbeiningum, ef þurfa þykir.

- 80 Formenn undirkjörstjórna geyma eintök þessi, og skulu þau jafnan vera við 7. sept. höndina á kjörstað meðan kjörfundur stendur yfir.

## XI. KAFLI

### Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

#### 64. gr.

Þeir, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram, og af þeim ástæðum geta ekki sótt kjörfund, hafa heimild til að greiða atkvæði við kosningar til Alþingis utan kjörfundar, eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

#### 65. gr.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar er því aðeins gild, að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörblöð og umslög og að kosningin fari fram í skrifstofu sýslumanns eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanns) eða í skrifstofu eða heimili hreppstjóra eða um borð í íslenzku skipi, þar sem skipstjóri hefur fengið afhent kjörgögn samkvæmt 48. gr., enda sé þá kjósandinn skrásettur á skipinu.

#### 66. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar sins utan kjörfundar, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 4 vikur eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæðið telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

Enginn má við sömu alþingiskosningar senda frá sér nema einn kjörseðil. Þegar svo stendur á, að frambjóðandi hefur dáið og annar boðið sig fram í hans stað samkvæmt heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., má þó kjósandi, sem þegar hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, endurtaka kosninguna, og eins þó að hann eigi ekki kost á að heimta þá þegar aftur hið fyrra atkvæði sitt (sbr. 75. gr.), annaðhvort af því að það sé í fjarlægð eða varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa.

#### 67. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar eigin hendi á kjörseðilinn fullt nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

#### 68. gr.

Þegar kjósandi á kosningarrétt í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, fer kosning utan kjörfundar svo fram, að kjósandi ritar á kjörseðilinn bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vilji hafa röðina á listanum.

#### 69. gr.

Nú vill kjósandi utan kjörfundar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, kjósa landslista, og ritar hann þá bókstaf listans á kjörseðilinn.

Nú vill kjósandi í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, kjósa landslista, en ekki lista kjördæmisins, og ritar hann þá **Landslisti** framan við lista-bókstafinn.

#### 70. gr.

Þá, er greiða vill atkvæði utan kjörfundar samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal hjá kjörstjóra utan kjörfundar fá afhent tölusett fylgibréf með áföstum kjör-

seðli og síðan aðstoðarlaust, í einrúmi og án þess, að nokkur maður sjái, rita atkvæði sitt á kjörseðilinn á þann hátt, er að framan greinir, loka honum síðan, þannig að það verði innan á, er hann hefur skrifað á seðilinn, og líma hann vandlega aftur.

Kjörstjóri útfyllir því næst vottorð á fylgibréfinu, og kjósandi undirskrifar það, en kjörseðilinn má ekki undirskrifa eða einkenna á nokkurn hátt, né losa hann frá fylgibréfinu.

Því næst útfyllir og undirskrifar kjörstjórinn vottorð á fylgibréfinu um, að kjörseðillinn sé útfylltur í einrúmi og án aðstoðar. Einnig ritar hann á stofn kjörblaðsins nafn og heimili kjósanda og kjördæmis hans og hvaða dag kosningin fór fram. Hann skal gæta þess vandlega, að stofn, fylgiblað og umslag, sem notað er við kosninguna, sé allt auðkennt sömu tölu.

Loks skulu vitundarvottar rita á fylgibréfið, og eins þó að kosið sé hjá sýslumanni eða bæjarfógeta (í Reykjavík lögmanni).

Nú vill skipstjóri sjálfur greiða atkvæði utan kjörfundar og getur ekki náð til annars kjörstjóra, og skal þá atkvæðagreiðsla hans vottuð af þeim, er í hans stað gengur á skipinu, er hans missir við.

#### 71. gr.

Þegar gengið hefur verið frá fylgibréfinu samkv. ákvæðum 70. gr., skal kjósandinn láta það með kjörseðlinum áföstum í tilheyrandi umslag og loka því vandlega. Síðan skal rita utan á það til hreppstjórans í þeim hreppi eða bæjarfógetans í þeim kaupstað (í Reykjavík lögmanns) eða kjörstjórnarinnar í þeirri kjördeild, þar sem kjósandinn telur sig standa á kjörskrá. Síðan innsiglar kjörstjóri umslagið með lakki og þar til gerðu innsigli. Þó gildir sú meðferð ekki um þá atkvæðaseðla, er getur í 2. mgr. 74. gr. Á umslaginu skal þess getið, að í því liggi atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu með nafni sínu og kjördæmi.

Stofn kjörblaðsins geymir kjörstjóri.

#### 72. gr.

Nú ónýttist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins.

Ónýtta seðilinn ásamt fylgibréfinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýttur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórnar ásamt hinum gildu atkvæðum.

Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýtt.

#### 73. gr.

Kjósandi annast sjálfur og kostar sendingu atkvæðisbréfs síns. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst.

#### 74. gr.

Hreppstjórar og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) innfæra á sérstaka skrá atkvæðabréf þau, er þeir veita móttöku, í áframhaldandi töluröð. Skal þess getið við hvert bréf, frá hvaða kjósanda það sé, hvenær og af hverjum það hafi verið afhent og hversu það er tölusett. Skulu bréf þessi varðveitt í venjulegum atkvæðakassa, innsigliðum af kjörstjóra ásamt undirkjörstjórn, og er framþjóðendum eða umboðsmönnum þeirra, svo og umboðsmönnum lista, heimilt að setja á hann innsigli sín.

Þeir kjösendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta (lögmanni) í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir bréf með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta bréfin í atkvæðakassann.

Skrá þessa ásamt kassanum með bréfunum sendir hreppstjóri eða bæjarfógeti



80 síðan hlutaðeigandi undirkjörstjórn svo tímanlega, að hún sé komin henni í hendur 7. sept. áður en kjörfundur er settur.

Þau bréf, er koma þar á eftir til kjörstjórnarinnar, en þó áður en atkvæðagreiðslu er lokið, skulu tölusettt með áframhaldandi töluröð, án þess þó að innfærast á skrána, og skal tölu þeirra getið í kjörbókinni.

75. gr.

Kjósandi getur jafnan krafizt þess af hverjum þeim, er varðveitir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigliðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hefur verið tekið gilt af undirkjörstjórn.

## XII. KAFLI

### Atkvæðagreiðsla á kjörfundi.

76. gr.

Kjörfundur skal setja á kjörstað eigi síðar en kl. 12 á hádegis, en í kaupstöðum kl. 10 árdegis, og skal þá viðstödd öll kjörstjórnin. Sé hún ekki öll viðstödd, taka varamenn sæti, en séu þeir eigi heldur viðstaddir, kveður sá eða þeir, sem við eru úr kjörstjórninni, valinkunnan mann eða menn af kjósendum til að taka sæti í kjörstjórninni, og halda þeir sæti sínu, unz hinir koma.

Sé kjörfundur settur fyrr en kl. 12 á hádegis, skal það auglýst með þeim fyrirvara og á þann hátt, sem segir í 19. gr. 2. málsg. r.

77. gr.

Á meðan á kosningarathöfninni stendur má aldrei nema einn úr kjörstjórninni ganga út í senn, og felur hann öðrum úr kjörstjórninni verk sitt á meðan.

78. gr.

Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni. Auk frambjóðenda og umboðsmanna (sbr. 33. gr.) má enginn vera inni í kjörfundarstofunni, nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.

Athöfnin byrjar með því, að oddviti kjörstjórnar leggur fram seðlaböggul þann, sem hann hefur fengið frá yfirkjörstjórn, og skulu allir, sem við eru, gæta þess vel, hvort innsiglin eru heil eða böggullinn ber þess merki, að hann hafi verið opnaður. Skal þess getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn undir. Því næst opnar oddviti böggullinn og telur seðlana, en meðkjörstjórar og frambjóðendur eða umboðsmenn telja líka. Skal þess gætt, hvort tala seðlanna kemur heim við tölu þá, sem tilgreind er í bréfi því, sem yfirkjörstjórn skal láta fylgja hverjum seðlaböggli. Þess skal getið í kjörbókinni, og riti kjörstjórn og frambjóðendur eða umboðsmenn þar undir.

79. gr.

Nú hefur kjörstjórn horizt atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar, og skal þá athuga á sama hátt og að framan segir, hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð. Oddviti opnar síðan kassann, og telur kjörstjórnin bréfin og her þau saman við skrána, sem fylgir (sbr. 74. gr.). Bréfin leggur hún til hliðar og varðveitir þau meðan atkvæðagreiðsla fer fram, ásamt þeim atkvæðum, greiddum utan kjörfundar, er henni kunna að berast meðan á atkvæðagreiðslunni stendur.

80. gr.

Kjörstjórn athugar, hverjir kjósendur, sem standa á kjörskrá, hafa afsalað sér rétti til að greiða atkvæði í kjördeildinni, í því skyni að greiða atkvæði í annarri

kjördeild (sbr. 85. gr.), og gerir athugasemd um það við nöfn hlutaðeigenda á kjörskránni og þeim afritum af henni, sem notuð eru við atkvæðagreiðsluna.

80  
7. sept.

## 81. gr.

Í kjörfundarstofu, svo og annars staðar á kjörstað, skal á áberandi stað festa upp kosningaleiðbeiningar, er dómsmálaráðuneytið gefur út í því skyni. Sendir dómsmálaráðuneytið yfirkjörstjórnnum í tæka tíð nægilega mörg eintök, en þær aftur undirkjörstjórnnum.

## 82. gr.

Nú er landslisti í kjöri eða landslistar, og skal þá í kjörfundarstofunni, svo og í hverjum kjörklefa, festa þá upp í hæfilegri hæð fyrir kjósendurna til að kynna sér þá (sbr. 40. gr.).

## 83. gr.

Kjörstjórn skal, áður en atkvæðagreiðsla hefst, skipa til dyravörzlu 1 mann eða fleiri, sem skiptast á.

Nú segir kjörstjórn dyraverði til, að atkvæðagreiðsla hefjist, og skal dyravörður þá hleypa inn kjósendum, og eigi fleirum í senn en kjörklefar eru margir.

Sé ágreiningur um, í hverri röð kjósendur komist að, skal röðin á kjörskrá ráða, þannig að dyravörður hleypir þeim fyrr inn, sem framar stendur á kjörskrá af þeim, sem gefa sig fram.

## 84. gr.

Er kjósandi kemur inn í kjörfundarstofuna, gengur hann fyrir oddvita, sem fær honum einn kjörseðil, ef hann á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni.

Telji kjörstjórnin vafa á, hver maðurinn sé, er honum kostur ger að fá inn með sér 2 kjósendur, sem kjörstjórnin þekkir, og ef þeir vilja lýsa yfir því, að viðlögðum drengskap sínum, að maðurinn sé sá, er hann kveðst vera, þá er það næg sönnun, en geta skal þess í kjörbókinni. Að því búnu ganga vitni þessi út, en kjósandi verður eftir.

## 85. gr.

Engum manni, sem á kjörskrá stendur, má kjörstjórnin meina að greiða atkvæði, nema hann samkvæmt athugasemd við nafn hans hafi annaðhvort ekki fengið atkvæðisrétt á kjördegi eða þá að hann hefur afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild og greitt atkvæði annars staðar.

Engum manni, sem ekki stendur á kjörskrá, má kjörstjórn leyfa að greiða atkvæði, nema hann sanni með vottorði, að nafn hans standi á kjörskrá í annarri kjördeild innan sama kjördæmis og hafi afsalað sér þar kosningarrétti, og sé vottorðið gefið af undirkjörstjórn þeirrar kjördeildar. Undirkjörstjórn, eða oddviti undirkjörstjórnar fyrir hennar hönd, sem gefur slíkt vottorð, færir það til bókar í kjörbók undirkjörstjórnar, og fylgja skal það í frumriti til yfirkjörstjórnar kjörbók þeirrar kjördeildar, þar sem það er lagt fram og notað, enda einnig getið um það í kjörbókinni og nafn og heimili kjósenda tilgreint. Vottorð er einnig gilt, sé það undirritað af hreppsnefnd í þeim hreppi, þar sem kjósandi er á kjörskrá, eða oddvita fyrir hennar hönd. Ber oddvita að tilkynna undirkjörstjórn kjördeildar fyrir kjördag, hvaða kjósendum í kjördeildinni hreppsnefnd hafi gefið vottorð.

## 86. gr.

Þá er kjósandi hefur tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann og að borði því, er þar stendur. Á borðinu skulu vera ekki færri en 2 venjuleg, dökk ritblý, er kjörstjórn lætur í té og sér um, að jafnan séu nægilega vel ydd.

80

7. sept.

Við óhlutbundnar kosningar greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar með riðblýi kross á kjörseðilinn fyrir framan nafn þess frambjóðanda, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

88. gr.

Við kosningar í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, greiðir kjósandi atkvæði á þann hátt, að hann markar á sama hátt kross á kjörseðilinn fyrir framan bókstaf þess lista, sem hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

Vilji kjósandi breyta nafnaröð á lista þeim, er hann kys, setur hann tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, er hann vill hafa efst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa annað í röðinni, töluna 3 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa það þriðja, o. s. frv. að svo miklu leyti sem hann vill breyta til.

Sé frambjóðandi eða frambjóðendur á þeim lista, er hann kys, sem hann vill hafna, strikar hann yfir nafnið eða nöfnin.

89. gr.

Ef landslisti eða landslistar eru í kjöri og kjósandi vill greiða landslista atkvæði, en ekki frambjóðanda í kjördæmi eða ekki lista kjördæmisins, ef um er að tefla kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, setur hann kross fyrir framan bókstaf þess landslista, er hann vill kjósa af þeim, sem í kjöri eru.

90. gr.

Kjósandi gætir þess, hvernig sem hann kys, að gera engin merki á kjörseðilinn fram yfir það, sem segir í lögum þessum.

Við óhlutbundnar kosningar má kjósandi ekki strika yfir nafn neins frambjóðanda, og við kosningar í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, má hann ekki haggja neitt við hinum listunum, sem hann kys ekki, hvorki strika yfir nöfn á þeim né breyta á þeim nafnaröð.

Kjósandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, má ekki gera hvort tveggja, að kjósa frambjóðanda og landslista, heldur einungis annaðhvort frambjóðanda eða landslista, og í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, má hann ekki kjósa bæði lista kjördæmisins og landslista, heldur einungis annaðhvort lista kjördæmisins eða landslista. Ef hann greiðir landslistanum atkvæði, má hann ekki haggja neitt við þeim hluta kjörseðilsins, sem nöfn frambjóðendanna standa á, eða lista kjördæmisins.

91. gr.

Þegar kjósandi hefur gengið frá seðlinum inni í kjörklefanum samkvæmt framansögðu, brýtur hann seðilinn í sama brot, er hann var í, þegar hann tók við honum, svo að letrið snúi inn, gengur út úr kjörklefanum og að kjörborðinu, stingur sjálfur seðlinum í atkvæðakassann gegnum rifuna á lokinu og gætir þess, að enginn sjái, hvað á seðlinum er. Þess gætir hann engu síður, jafnvel þótt hann skili auðum seðli.

92. gr.

Ef kjósandi skýrir kjörstjórn frá því, að hann sé eigi fær um að kjósa á fyrirskipaðan hátt sakir sjónleysis eða þess, að honum sé hönd ónothæf, skal sá úr kjörstjórninni, er kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum, enda er sá, sem aðstoðina veitir, bundinn þagnarheiti um að segja ekki frá því, sem þeim fer þar á milli. Um aðstoðina skal bóka í kjörbókina, að tilgreindum ástæðum. Kjörstjórnarmanni er með öllu óheimilt að bjóða þeim aðstoð sína, er þarfnast hjálpar samkvæmt grein þessari.

## 93. gr.

Oddviti kjörstjórnar skal hafa fyrir sér frumrit kjörskrárinnar, en meðkjörstjórar hvor sitt eftirrit. Meðkjörstjórar gera merki við nafn hvers kjósanda, um leið og hann hefur nýtt kosningarréttar síns.

80

7. sept.

## 94. gr.

Áður en fyrsti kjósandi lætur seðil í kassann, skal kjörstjórnin og frambjóðendur eða umboðsmenn gæta þess, að kassinn sé tómur, og síðan læsa honum.

## 95. gr.

Láti kjósandi sjá, hvað á seðli hans er, er seðillinn ónýtur, og má ekki leggja hann í atkvæðakassann. Ef kjósanda verður þetta á, eða ef hann setur skakkt kjörmerki á seðil eða seðill krotast hjá honum af vangá, á hann rétt á að fá nýjan kjörseðil. Skal hann þá afhenda kjörstjórninni hinn fyrri seðil. Heimilt er að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvæðagreiðslunni áfram, unz aðrir kjósendur þeir, er viðstaddir eru, hafa átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki.

Þá er kjósandi hefur látið seðilinn í atkvæðakassann, vikur hann út úr kjörfundarstofunni.

## 96. gr.

Nú er kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og skilið eftir atkvæði sitt hjá hreppstjóra, sýslumanni, bæjarfógeta eða lögmanni, eða sent það til þeirra eða komið því á annan hátt til undirkjörstjórnar, staddur á kjörstaðnum á þeim tíma, er kjörfundur stendur yfir, þ. e. innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar, og er hann þá skyldur að tilkynna nærveru sína áður en atkvæðagreiðslu er lokið. Getur hann þá greitt atkvæði á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina við kosninguna.

## 97. gr.

Atkvæðagreiðslu má ekki slíta fyrr en 8 klukkustundir eru liðnar frá því að byrjað var að taka við atkvæðum, og aldrei fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Atkvæðagreiðslu má þó slíta, er allir, sem á kjörskrá standa, hafa greitt atkvæði og eftir 5 klukkustundir, ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það, enda sé þá hálf klukkustund liðin frá því kjósandi gaf sig síðast fram. Nú hefur kjörfundur staðið 12 klukkustundir, og má þá slíta kjörfundi, þegar fjórðungur klukkustundar er liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

## 98. gr.

Þegar allir viðstaddir kjósendur hafa átt kost á að greiða atkvæði, greiðir kjörstjórnin atkvæði á sama hátt og aðrir kjósendur. Því næst skulu þeir kjósendur aftur kallaðir fram eftir stafrófsröð, ef nokkrir eru, sem látnir hafa verið mæta afgangi samkvæmt heimild 95. gr. fyrri málsg. og þeim fengnir nýir kjörseðlar til að greiða atkvæði á, meðan seðlaforðinn endist.

## 99. gr.

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar oddviti umslög þeirra bréfa, sem kjörstjórninni hafa borizt með utankjörfundar atkvæðaseðlum og ekki hafa verið aftur heimt.

Kjörstjórn, frambjóðendur og umboðsmenn athuga fylgibréfin, bera saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsaka, hvort sá, sem bréfið er frá, stend-

80 ur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefur greitt atkvæði á kjörfundi. Ef svo  
7. sept. reynist, að sá, sem bréfið er frá, standi á kjörskrá og eigi rétt á að greiða atkvæði  
og hafi ekki greitt atkvæði á kjörfundi, setja meðkjörstjórnar merki við nafn kjós-  
andans á eftirritin af kjörskránni.

Komi fram umslag með ónýttum seðli (sbr. 72. gr.), skal kjörstjórn athuga  
fylgibréfið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ónýtta seðla, er hún  
sendir yfirkjörstjórn.

#### 100. gr.

Komi það í ljós, að sá, er sent hefur utankjörfundaratkvæði, standi ekki á  
kjörskrá, eða hafi samkvæmt henni ekki rétt til að greiða atkvæði, eða sé búinn  
að greiða atkvæði, eða hafi afsalað sér atkvæðisrétti í þeirri kjördeild (sbr. 85. gr.),  
eða það sannist fyrir kjörstjórn, að hann sé staddur á kjörstaðnum (sbr. 96. gr.),  
eða hafi dáið á undan kjördegi, leggur kjörstjórnin fylgibréfið með kjörseðlinum  
áföstum aftur í umslagið, og kemur það þá ekki frekar til greina við kosninguna.  
Eins skal fara að, ef í umslaginu er eitthvað annað en eitt fylgibréf með áföstum  
kjörseðli, eða umslag og fylgibréf er ekki tölusett sömu tölu, eða ef sjáanlegt er,  
að ekki hafi verið notuð hin fyrirskipuðu kjörgögn, er dómsmálaráðuneytið hefur  
látið gera, eða ekki hefur verið farið eftir reglum þeim við atkvæðagreiðsluna,  
sem settar eru í þessum lögum.

Nú berast fleiri en eitt atkvæði greidd utan kjörfundar frá hinum sama kjós-  
anda (sbr. 32. og 66. gr.), og skal þá aðeins hið síðast greidda atkvæði koma til  
greina.

#### 101. gr.

Nú verður ágreiningur innan kjörstjórnar eða milli kjörstjórnar og einhvers  
frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort utankjörstaðaratkvæði sé gilt eða  
ógilt, og skal þá bóka nákvæmlega í kjörbókina, í hverju ágreiningurinn er fól-  
ginn, en leggja atkvæðið, þ. e. fylgibréfið með áföstum kjörseðlinum, aftur í um-  
slagið og senda það til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

#### 102. gr.

Þá utankjörfundarkjörseðla, sem enginn ágreiningur er um, að gildir séu, rífur  
kjörstjórn frá fylgibréfunum, gætir þess vandlega, að þeir opnast ekki né skaddist,  
og lætur þá í atkvæðakassann.

#### 103. gr.

Frambjóðendur og umboðsmenn eiga rétt á að gæta þess, að kjörstjórn og  
kjósendur hegði sér lögum samkvæmt við kosningarathöfnina, og má hver þeirra  
átelja við kjörstjórnina það, er honum þykir áfátt.

Nú þykir frambjóðanda eða umboðsmanni eitthvað ólöglegt við kosningarathöfnina og fær það ekki leiðrétt, og á hann þá rétt á að fá ágreiningsálitid bókad þegar í stað í kjörbókina, og sker Alþingi úr því síðar, hver áhrif það skuli hafa á kosninguna.

Neiti kjörstjórn að bóka eitthvað fyrir frambjóðanda eða umboðsmann áhrærandi kosningargerðina, á hann rétt á að bóka það sjálfur, og riti hann nafn sitt undir.

#### 104. gr.

Þá er atkvæðagreiðslu er slitid og utankjörfundaratkvæðaseðlar þeir, er gildir hafa verið teknir, hafa verið látnir í atkvæðakassann, skal oddviti jafnskjótt ganga frá í umslagi sér öllum þeim seðlum, sem ónýttir hafa verið (sbr. 72. og 95. gr.), í öðru umslagi öllum þeim utankjörfundaratkvæðum, sem ágreiningur er um (sbr. 101. gr.), og í hinu þriðja öllum þeim seðlum, sem afgangur eru ónotaðir. Þegar umslög-

unum hefur verið lokað, skal ganga frá þeim öllum þremur, ásamt lyklinum að atkvæðakassanum, í aðalumslaginu og loka því. Til þess skal nota umslög þau, sem yfirkjörstjórn hefur sent í þessu skyni. Því næst skal oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og frambjóðendum eða umboðsmönnum, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjörbók, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, binda vandlega fyrir með snæri eða sterku seglgarni, sem ekki eru hnútar á, og setja innsigli kjörstjórnarinnar á fyrirbandið sem næst hnútnum. Frambjóðendur eða umboðsmenn eiga rétt á að setja innsigli sín á enda fyrirbandsins. Þokann skal merkja til yfirkjörstjórnar og senda henni þegar í stað í pósti, ef ferð fellur þá þegar, en annars með áreiðanlegum sendimanni. Skal yfirkjörstjórn gefa viðurkenningu fyrir móttöku.

Eftir að kjörstjórn hefur gengið frá kjörgögnum samkvæmt fyrirráðum þessarar greinar, mega hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörzlu sama manns.

#### 105. gr.

Ef yfirkjörstjórn er viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis, má undirkjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn atkvæðakassann óinnsiglaðan, að viðstöddum frambjóðendum eða umboðsmönnum.

### XIII. KAFLI

#### Kosningaúrslit í kjördæmum.

#### 106. gr.

Ef einungis einn maður hefur boðið sig fram við aukakosningar í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum (sbr. 53. gr.), úrskurðar yfirkjörstjórn hann þegar í stað að loknum framboðsfresti rétt kjörinn og gefur honum kjörbréf. Hið sama gerir yfirkjörstjórn við aukakosningu í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, ef þar er ekki nema einn listi í kjöri.

#### 107. gr.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa stund og stað, þá er hún komi saman til að opna atkvæðakassana og telja atkvæðin. Undirkjörstjórnnum er skylt að sjá um, að þá séu atkvæðakassarnir og þau kjörgögn, sem þeim eiga að fylgja, komin í hendur yfirkjörstjórnar, nema gild forföll banni. Ætíð skal talning fara fram svo fljótt sem verða má, að dómi yfirkjörstjórnar.

#### 108. gr.

Talning atkvæða skal fara fram fyrir opnum dyrum, svo að kjósendum gefist kostur á að vera við, eftir því sem húsrúm leyfir.

Sé frambjóðandi ekki viðstaddur né umboðsmaður hans, skal yfirkjörstjórn kveðja valinkunnan mann úr sama stjórnmalaflokki, ef unnt er, til að vera talsmaður hans og gæta réttar hans. Í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal sama skipun höfð á, ef umboðsmaður lista er ekki viðstaddur.

Sé landslisti í kjöri og enginn sérstakur umboðsmaður hans viðstaddur, skal frambjóðandi þess stjórnmalaflokks, sem landslistann hefur í kjöri, eða umboðsmaður þess frambjóðanda eða skipaður talsmaður, vera sjálfsgætur til að gæta réttar landslistans. Sama skipun skal á höfð í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, um umboðsmenn eða skipaðan talsmann lista þar.

80

7. sept.

Í viðurvist þessara manna opnar svo yfirkjörstjórn atkvæðasendingarnar úr hverri kjördeild kjördæmisins, eftir að þeim hefur verið gefinn kostur á að sannfæraast um, að öll innsigli séu ósködduð. Jafnótt og hver atkvæðakassi er opnaður, skal seðlum þeim, sem í honum eru, óskoðuðum, hellt í hæfilegt tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, unz allir atkvæðakassarnir eru tæmdir. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að seðlarnir úr hinum einstöku kjördeildum blandist vel saman.

Því næst skulu kjörseðlar teknir úr ílátinu, og les oddviti upp nafnið, sem við er merkt á hverjum seðli, eða listabókstaf, ef um lista er að ræða, og réttir hann jafnótt frambjóðendum eða umboðsmönnum til athugunar, en meðkjörstjórar merkja á meðan á blað atkvæðatöluna við nafn hvers frambjóðanda eða lista.

## 110. gr.

Atkvæði skal meta ógilt:

1. ef kjörseðill er auður;
2. ef ekki verður séð, við hvern frambjóðanda eða lista er merkt, eða ef ekki verður séð með vissu, hvort það, sem stendur á utankjörfundarseðli, getur átt við nokkurn af frambjóðendum þeim eða listum, er í kjöri eru (sbr. þó 112. gr.);
3. ef merkt er við nafn fleiri en eins frambjóðanda eða fleiri listabókstafi en einn, eða tölumerkt nöfn á fleiri listum en einum eða skrifað nafn fleiri en eins frambjóðanda á utankjörfundarseðil, eða fleiri en einn listabókstafur;
4. ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það, sem fyrir er mælt, eða annarleg merki, sem ætla má, að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan, eða ef eitthvað er innan í utankjörfundarseðli, sem ætla má, að hafi verið sett þar í því skyni;
5. ef merkt er á sama kjörseðil við landslista eins flokks og frambjóðanda annars flokks eða utan flokka, eða í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, við landslista eins flokks og kjördæmislista annars flokks eða utan flokka, eða ef merkt er á sama kjörseðli við fleiri en einn landslista;
6. ef kjörseðill er annar en kjörstjórn eða kjörstjóri hefur löglega afhent.

## 111. gr.

Atkvæði skal ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við nafn eða listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur, þó að á utankjörfundarseðli sé sleppt föðurnafni eða ættarnafn eitt sett, ef greinilegt er eftir sem áður, við hvern átt er, þó að titill og heimili fylgi nafni, þó að orðið listi eða landslisti fylgi listabókstaf að óþörfu, þó að í stað listabókstafs standi heiti stjórnmalaflokks, sem landslista hefur í kjöri, o. s. frv.

Lista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, telst atkvæði, þó að láðst hafi að merkja við listabókstaf, ef nafn eða nöfn á honum eru tölusett eða krossað við nafn, enda séu ekki aðrir gallar á.

## 112. gr.

Nú hefur kjósandi kosið frambjóðanda eða lista flokks í kjördæmi og jafnframt orðið á að merkja við landslista hins sama flokks, og skal þá að visu taka seðilinn gildan sem atkvæði greitt frambjóðanda, eða í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, lista kjördæmisins, en landslistann skal þá telja ókosinn.

Utankjörfundaratkvæði greitt látnum frambjóðanda skal, ef annar hefur boðið sig fram í hans stað samkv. heimild og að fullnægðum skilyrðum 32. gr., teljast greitt hinum síðari frambjóðanda. 80  
7. sept.

## 113. gr.

Komi öllum saman um, yfirkjörstjórn, frambjóðendum og umboðsmönnum, að einhver kjörseðill sé ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur meðal kjörstjórnar um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða úrslitum.

Úrskurða skal ágreiningsseðla jafnóðum og þeir koma fyrir og stöðva talningu atkvæða, unz úrskurður er felldur.

Nú verður ágreiningur milli kjörstjórnar og einhvers frambjóðanda eða umboðsmanns um það, hvort kjörseðill sé gildur eða ógildur, og skal þá leggja þá seðla í tvö sérstök umslög, í annað þá seðla, sem kjörstjórn hefur úrskurðað gilda, og í hitt þá seðla, sem hún hefur úrskurðað ógilda.

Þá er allir kjörseðlar eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur yfirkjörstjórnin atkvæðin saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda og umboðsmanna, og skal þess gætt, að samtölu atkvæða beri saman við tölu þeirra, sem atkvæði hafa greitt samtals í kjördæminu samkvæmt skýrslum undirkjörstjórna, og að allt komi heim við samtölu afgangsseðla.

Umslögnum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar, og eiga frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni, ásamt ágreiningsseðlunum, sem dómsmálaráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim.

## 114. gr.

Til þess að finna, hver frambjóðandi nái kosningu í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal leggja við persónulega atkvæðatölu hvers frambjóðanda tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórn­má­laflokks, sem frambjóðandinn er í kjöri fyrir. Ef frambjóðendur flokks í slíku kjördæmi eru fleiri en einn, teljast þó landslistaatkvæðin aðeins þeim, sem flest hefur persónuleg atkvæði. Ef frambjóðendur, sem gera þarf upp á milli, hver skuli hljóta landslistaatkvæði, hafa jafna tölu persónulegra atkvæða, skal úr því skorið með hlutkesti eftir reglum 119. gr.

Þann frambjóðanda, sem hæstri tölu nær, lýsir yfirkjörstjórn kosinn.

## 115. gr.

Í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal telja saman, hve margir hafi kosið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna hvers um sig.

Til þess að finna, hve margir frambjóðendur hafa náð kosningu af hverjum lista, skal leggja við atkvæðatölu hvers lista tölu þeirra atkvæða, sem í kjördæminu hafa fallið á landslista þess stjórn­má­laflokks, sem listinn er í kjöri fyrir. Ef fleiri listar en einn eru í kjöri fyrir hinn sama stjórn­má­laflokk, skal aðeins telja landslistaatkvæðin þeim listanum, sem hæsta hefur atkvæðatölu. Þessar tölur skal síðan skrifa hverja fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming talnanna, þá þriðjung þeirra, þá fjórðung o. s. frv., eftir því, hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern lista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á þingmenn, og fær hver listi jafnmarga þingmenn kosna sem hann á af tölum þessum.

Standi ekki svo mörg nöfn á lista sem honum ber fulltrúar eftir útkomutölum, skal taka þau, sem vantar, af hinum listunum eftir sömu reglu.



80

7. sept.

## 116. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur hafa náð kosningu á hverjum lista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, skal telja saman atkvæði hvers einstaks frambjóðanda á þann hátt, sem nú skal greina:

Kjörstjórnin telur saman alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa enga breytingu gert á röð frambjóðenda á listanum, og á efsti frambjóðandi hvers lista jafnháa atkvæðatölu samanlagt á þeim kjörseðlum og seðlarnir eru margir, en hver hinna frambjóðendanna það brot af hinni sömu atkvæðatölu, að í teljara þess sé tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á, að frádreginni tölu þeirra frambjóðenda, sem frammar standa á listanum, og í nefnara þess tala þeirra þingmanna og varaþingmanna, sem kjósa á.

Síðan tekur kjörstjórnin alla þá kjörseðla hvers lista, þar sem kjósendur hafa gert meiri eða minni breytingar við röð frambjóðendanna á listanum, og reiknar saman atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum eftir framangreindri reglu. Hafi kjósandi aðeins sett tölu við eitt nafnið eða nokkuð af þeim, eða strikað yfir nafn eða nöfn, telst hann una við röðina að öðru leyti, og þokast þeir frambjóðendur, sem ekki er merkt við, aðeins til við tilfærslu eða brottfall hinna; sé strikað yfir nafn frambjóðanda á kjörseðli, telst honum ekkert atkvæði né hluti úr atkvæði á þeim seðli.

Kjörstjórnin leggur samanlagða atkvæðatölu hvers frambjóðanda á þessum kjörseðlum við samanlagða atkvæðatölu hans á þeim kjörseðlum, þar sem engin breyting var gerð á röð frambjóðendanna á lista hans, og er þar með fundin endanleg atkvæðatala hvers frambjóðanda.

Þeir frambjóðendur, sem hæsta hafa fengið samanlagða atkvæðatölu á hverjum lista samkvæmt því, sem að framan segir, hafa náð kosningu sem þingmenn listans í þeirri röð, sem atkvæðatölur þeirra segja til, og svo margir sem listanum ber eftir atkvæðamagni hans. Ef tveir eða fleiri frambjóðendur hafa fengið jafnmörg atkvæði, sker hlutkesti úr á milli þeirra eftir reglum 119. gr.

## 117. gr.

Framboðslisti í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, sem hlotið hefur þingmann eða þingmenn, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna, en sá listi, sem ekki hefur hlotið þingmann, hefur ekki rétt til varamanns, þó að hann hefði atkvæðatölu til. Varamennina á hverjum lista skal tilnefna á sama hátt sem aðalmennina, þannig að þeir eru tilnefndir varamenn, sem hæstar atkvæðatölur hafa, næst á eftir þeim, sem þingmannskjöri hafa náð. Nú hreppir varaþingmaður af lista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, uppbótarþingsæti, og skal yfirkjörstjórn sú, er í hlut á, þá koma saman að nýju og gefa næsta frambjóðanda á þeim lista, ef til er, kjörbréf sem varaþingmanni.

## 118. gr.

Hafi ekki við almennar kosningar eða uppkosningar í sambandi við þær fleiri en einn frambjóðandi verið í kjöri í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, skal yfirkjörstjórn lýsa hann kosinn án tillits til þess, hver atkvæði honum hafa verið greidd, og eins þó að enginn hafi greitt honum atkvæði. Hið sama skal og yfirkjörstjórn í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, gera, ef ekki hefur verið nema einn listi þar í kjöri.

## 119. gr.

Hafi tveir frambjóðendur eða fleiri jöfn atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri sem þingmenn, varpar yfirkjörstjórn hlutkesti á þann hátt, að hún ritar nöfn þeirra frambjóðenda, sem jöfn hafa atkvæði, á sams konar seðla hvert um sig,

latur seðlana samanbrotna í hylki og breiðir yfir og kveður til einhvern af óvið- 80  
komandi áhorfendum að draga einn seðil úr hylkinu, og segir nafnið á seðlinum 7. sept.  
til, hver sé kosinn.

## 120. gr.

Þegar búið er að telja atkvæðin að fullu, skal yfirkjörstjórn þegar í stað fá hinum kjörna þingmanni eða þingmönnum, svo og varaþingmönnum, kjörbréf, samið samkv. fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um, og senda dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úrslit kosningarinnar í kjördæminu, og skal það birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

## 121. gr.

Sé atkvæðasending frá einhverri kjördeild ekki komin til yfirkjörstjórnar á þeim tíma, sem nefndur er í 107. gr., skal yfirkjörstjórn engu að síður opna atkvæðakassa og önnur kjörgögn á ákveðnum degi, svo sem auglýst hafði verið, en aðeins eigi lýsa neinn þingmann kosinn fyrr en atkvæðasending sú, er vantaði, er komin og þau atkvæði talin með. En auglýsa skal frambjóðendum eða umboðsmönnum, eftir því sem auðið er, hvenær sendingin verður opnuð, til þess að þeir eigi kost á að vera þá viðstaddir.

## 122. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu tafarlaust senda landskjörstjórn skýrslur um atkvæðatölurnar, hver úr sínu kjördæmi. Í skýrslunum skal tilgreina:

1. Hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern þeirra landslista, sem í kjöri voru.
2. Í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, hve mörg gild atkvæði hafi fallið á hvern frambjóðanda persónulega.
3. Í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, hvaða atkvæðatala hafi fallið á hvern lista fyrir sig og hvernig atkvæðatala hvers lista skiptist milli frambjóðendanna á hverjum lista fyrir sig samkv. 116. gr.

Skýrslunum skulu fylgja skilríki frambjóðendanna og í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, listanna um það, fyrir hvern stjórnmálaflokk þeir hafi verið í kjöri, þau er fylgdu framboðum þeirra.

Landskjörstjórn latur yfirkjörstjórninni í té eyðublöð undir þessar skýrslur.

## 123. gr.

Yfirkjörstjórnir senda Hagstofnuni, hver úr sínu kjördæmi, skýrslu um kosninguna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan latur í té.

## XIV. KAFLI

## Úthlutun uppbótarþingsæta.

## 124. gr.

Þegar landskjörstjórn hafa borizt skýrslur allar um kosningaúrslit í kjördæmum eftir almennar alþingiskosningar (sbr. 122. gr.), skal hún koma saman til að úthluta allt að 11 uppbótarþingsætum til jöfnunar milli þingflokka, þannig að hver þeirra fái þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við kosningarnar. Landskjörstjórn auglýsir með hæfilegum fyrirvara stað og stund, er hún kemur saman í þessu skyni, svo að umboðsmönnum gefist kostur á að vera viðstaddir (sbr. 33. gr.).

## 125. gr.

Landskjörstjórn tekur til meðferðar og úrskurðar, að öllum skilríkjunum athuguðum, hverjum stjórnmálaflokkum skuli telja frambjóðendur þá og framboðslista,

80 er í kjöri hafa verið við kosningarnar, og hverja utan flokka, einnig hverjir stjórn-  
7. sept. málaflokkar hafi náð þingsæti og teljist því þingflokkar, en aðrir flokkar koma ekki til greina við úthlutun uppþótarþingsæta.

Atkvæði, sem fallið hafa á frambjóðendur utan flokka, koma ekki til greina við úthlutun uppþótarþingsæta.

## 126. gr.

Landskjörstjórn telur nú saman atkvæðatölur hvers þingflokks og fjölda þingmanna þeirra hvers um sig, kosinna í kjördæmum.

Hverjum þingflokki teljast atkvæði á þessa leið:

1. Samanlögð atkvæði greidd frambjóðendum flokksins í kjördæmum, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum.
2. Samanlögð atkvæði greidd framboðslistum flokksins í kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum.
3. Samanlögð atkvæði greidd landslista flokksins.

## 127. gr.

Til þess að finna, hvornig uppþótarþingsætum ber að skipta milli þingflokka, skal fara þannig að: Fyrst skal finna meðaltal atkvæða á hvern kjördæmiskjörinn þingmann þess þingflokks, er fæst hefur atkvæði á hvern þingmann, og er það hlutfallstala kosningarinnar. Síðan skal skrifa atkvæðatölur hinna annarra þingflokka, hverja aftur undan annarri í sömu línu, og deila í þær hverja um sig tölu þingmanna hlutaðeigandi flokks kosinna í kjördæmum, fyrst að viðbættum 1, síðan 2, þá 3 o. s. frv., unz síðustu útkomur geta á þennan hátt ekki orðið jafnari hlutfallstölunni. Útkomurnar skal skrifa í röð niður undan atkvæðatölunum. Uppþótarþingsætum skal úthluta til þingflokka eftir tölum þessum þannig, að fyrsta uppþótarþingsætið fellur til þess þingflokks, sem hæsta á útkomuna, annað til þess, sem á hana næsthæsta, og síðan áfram eftir hæð talnanna, unz eitt uppþótarþingsæti hefur fallið á hverja þeirra, nema 11 uppþótarþingsætum hafi verið úthlutað áður. Þó skal því aðeins úthluta uppþótarþingsæti á tölu lægri en hlutfallstalan, að enginn annar þingflokkur hefði fengið hærri atkvæðatölu á hvern þingmann, ef hann hefði bætt við sig því þingsæti.

Verði útkomur tveggja eða fleiri flokka jafnar áður en lokið er úthlutun uppþótarþingsæta, og eigi báðir eða allir tilkall til uppþótarþingsætis, skal varpa hlutkesti um, hverjum flokknum skuli úthluta uppþótarþingsæti, og haga hlutkestinu á þann hátt, sem fyrir er mælt í 119. gr.

## 128. gr.

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa náð uppþótarþingsæti, skal fara þannig að: Fyrst skal nema af landslista flokksins alla þá frambjóðendur, sem náð hafa kosningu í kjördæmum. Þá frambjóðendur, sem kunna að hafa náð kosningu sem varþingmenn, skal þó eigi nema af listanum að svo stöddu. Því næst skal skrá við nöfn frambjóðendanna persónuleg atkvæði þeirra hvers um sig í kjördæmum. Þó skulu frambjóðanda, kosnum hlutbundinni kosningu, eigi talin fleiri atkvæði en sæti því, er hann skipaði á framboðslistanum, ber samkv. 115. gr. Ef eftir eru á listanum tveir eða fleiri, sem í kjöri hafa verið í sama kjördæmi, skal nema þá alla burt, nema þann einn fyrir hvert kjördæmi, sem hæsta hefur atkvæðatölu. Því næst skal raða þeim frambjóðendum, sem eftir eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefur, verði efstur, sá, sem að honum frágengnum hefur atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi sínu, næstefstur, o. s. frv. á víxl.

Hafi þingflokkur notað sér heimild 30. gr. til ihlutunar um röð frambjóðenda á landslista, skal á sama hátt og áður segir nema af skrá flokksins alla þá, sem ekki

koma til greina við úthlutun uppþótarþingsæta. Þeir, sem þá eru eftir á skránni, skipast í þriðja hvert sæti landslistans í þeirri röð, sem þeir nú eru, þannig að efsti framþjóðandi á skránni verður þriðji á landslistanum, annar framþjóðandi hinn sjötti o. s. frv., hafi hann eigi áður hlotið sæti á honum samkvæmt reglum 1. málsg. þessarar gr. Að öðru leyti skipast sæti landslistans samkvæmt reglum 1. málsg. Ef þingflokkur hefur ekki haft landslista í kjöri, en á þó tilkall til uppþótarþingsæta, skal landskjörstjórn gera þeim flokki uppþótarþingsætalista, er sé skipaður öllum framþjóðendum flokksins í kjördæmum, þó ekki fleiri framþjóðendum fyrir neitt kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn og varaþingmenn. Hafi fleiri verið í kjöri af hálfu þess flokks í kjördæmi en þar átti að kjósa þingmenn, tekur sá eða þeir framþjóðenda sæti á uppþótarþingsætalistanum, sem hefur hæsta eða hærri atkvæðatölu í kjördæminu. Því næst nemur landskjörstjórn þá framþjóðendur af listanum, sem hafa náð kosningu í kjördæmi, og skipar þeim, sem þá eru eftir, í röð á listanum samkvæmt reglum 1. málsg. þessarar gr. Ef framþjóðendur hafa jöfn atkvæði við niðurskipun á lista eða til uppþótarþingsætis, ræður hlutkesti milli þeirra eftir reglum 119. gr.

Skorti nú á, að eftir séu á lista þingflokks tvöfalt fleiri nöfn en listanum hafa hlotnast uppþótarþingsæti, nefnir hlutaðeigandi flokksstjórn til menn, sem koma næst á listann, eftir því sem til þarf til viðbótar á listann, og skal veita henni hæfilegan frest til þess.

Þeir, sem nú standa eftir á landslista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landslista sem hlutaðeigandi þingflokki hafa hlotnast uppþótarþingsæti.

#### 129. gr.

Þingflokkur, sem hlotið hefur uppþótarþingsæti, hefur rétt til jafnmargra varaþingmanna og hann hefur hlotið uppþótarþingsæti.

Varasætum er úthlutað á sama hátt sem aðalsætunum, þannig að úthlutað er, samkvæmt framangreindum reglum, tvöfalt fleiri sætum til hvers þingflokks en honum ber af uppþótarþingsætum, og verði þeir, sem umfram eru rétta tölu landskjörinna þingmanna hvers flokks, varamenn þeirra.

#### 130. gr.

Þegar úthlutað hefur verið uppþótarþingsætum samkvæmt 128. gr., skal landskjörstjórn tafarlaust gefa þeim, sem kosningu hafa náð í uppþótarþingsæti, svo og varamönnum, kjörbréf sem 1., 2., 3. o. s. frv. landskjörnum þingmönnum eða varaþingmönnum, eftir þeirri röð, sem þeir hafa náð kosningu. Kjörbréfin skulu gerð eftir fyrirmynd, er dómsmálaráðuneytið segir fyrir um.

Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu tilkynning um úthlutun uppþótarþingsætanna, og skal birta nöfn hinna landskjörnu þingmanna í B-deild Stjórnartíðindanna.

#### 131. gr.

Landskjörstjórn sendir Hagstofunni skýrslu um atkvæðatölur flokkanna og úthlutun uppþótarþingsætanna, ritaða á eyðublað, er Hagstofan lætur í té.

#### 132. gr.

Nú er ágreiningur milli umboðsmanna landslista eða stjórnmalaflokks, sem þátt hefur tekið í alþingiskosningum, og landskjörstjórnar um felldan úrskurð, og eiga þá umboðsmenn rétt á að fá bókaðan ágreining sinn í gerðabók landskjörstjórnar. Landskjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni um landslista og úthlutun uppþótarþingsæta, svo og skýrslur þær og skilríki frá yfirkjörstjórnunum, sem ágreiningur kann að vera um, en dómsmálaráðuneytið leggur það fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og það tók við því.

80

7. sept.

Nú hefur Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefur fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefur farið fram (sbr. 142. og 143. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarpingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefur ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarpingsætis.

## XV. KAFLI

### Kosningum frestað, uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof.

134. gr.

Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna degi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju. Í kaupstöðum og kauptúnum skal birta fundarboðið á sama hátt og venja er þar að birta opinberar auglýsingar, en í sveitum skal senda með það gagnert á hvert heimili.

Farist kosning fyrir af því, að kjörseðlasending kemur eigi til skila, skal undirkjörstjórn tafarlaust tilkynna það yfirkjörstjórn, sem endurnýjar sendinguna svo fljótt sem verða má. Undirkjörstjórn kveður síðan til kjörfundar að nýju á þann hátt, sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar greinar.

Komi atkvæðasending frá kjördeild ekki til skila til yfirkjörstjórnar, en kosning hefur farið fram, lætur yfirkjörstjórn nýja kosning fara fram í kjördeildinni, og fer um hana að öllu leyti á sama hátt og fyrr segir.

135. gr.

Nú deyr frambjóðandi í einmenningskjördæmi eða tvímenningskjördæmi innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.) eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 142. og 143. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og ákveða kjördag, svo fljótt sem því verður við komið, og eigi síðar en innan mánaðar, ef kosningu hefur verið frestað sökum þess, að frambjóðandi hefur látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir þann tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

136. gr.

Nú er þing rofið og boðað til nýrra kosninga, og ákveður konungur þá kjördag, sem skal tilkynna yfirkjörstjórnnum í tæka tíð, svo að þær geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn.

Að öðru leyti fara þessar kosningar fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

## XVI. KAFLI

## Skil á utankjörfundarkjörgögnum.

80

7. sept.

## 137. gr.

Hreppstjórar og skipstjórar skulu tafarlaust eftir kjördag senda bæjarfógeta þeim eða sýslumanni (í Reykjavík lögmanni), sem þeir hafa fengið kjörgögn hjá, öll ónotuð kjörblöð með tilheyrandi umslögum, svo og stofna af notuðum kjörblöðum. Hafi kjörblað eða umslag glatazt, skal þess getið sérstaklega og umslag eða kjörblað, tölusettt sömu tölu, sent með. Skal hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti (í Reykjavík lögmaður) ganga stranglega eftir því, að skil þessara kjörstjóra utan kjörfunda séu svo greinileg, að séð verði með fullri vissu, til hvers hvert einasta kjörblað með tilheyrandi umslagi, sem ekki er skilað aftur, hefur verið notað.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) senda síðan dómsmálaráðuneytinu afrit bóka þeirra, sem þeir halda yfir kjörgögnin (sbr. 46. gr.), ásamt skilagrein yfir notuð kjörgögn og skýrslu um það, sem ónotað er. Skulu sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) varðveita hin ónotuðu kjörgögn til notkunar við uppkosningar og aukakosningar, er fyrir kunna að koma. En fyrir hverjar almennar kosningar skulu þeir senda dómsmálaráðuneytinu eftirstöðvar kjörgagna og gera grein fyrir því, sem notað hefur verið, ef nokkuð er. Dómsmálaráðuneytið skal ganga stranglega eftir glöggum skilum af hendi bæjarfógeta og sýslumanna (í Reykjavík lögmanns).

## 138. gr.

Yfirkjörstjórnir skulu þegar að lokinni atkvæðatalningu taka alla utankjörfundarseðla aðra en þá, sem ágreiningur kann að vera um og teknir hafa verið frá samkvæmt ákvæðum 113. greinar, húa um þá í sterku umslagi eða umbúðapappír, innsigla bréfið eða böggulinn vandlega og senda til sýslumanns þess eða bæjarfógeta, sem úthlutaði utankjörstaðagögnum í kjördæminu (í Reykjavík lögmanns). Geta skal þess með greinilegri áritun, að í bréfinu eða bögglinum séu notaðir utankjörfundarseðlar og frá hvaða kosningu.

Sýslumenn og bæjarfógetar (í Reykjavík lögmaður) skulu geyma þessi bréf og böggla óopnaða í tvö ár, og hafi kjörseðlanna þá ekki verið krafizt af rannsóknardómara í sakamáli út af grun um atkvæðafölsun, skal brenna þá í óhreyfðum umbúðum.

## XVII. KAFLI

## Óleyfilegur kosningaróður og kosningaspjöll.

## 139. gr.

Það er óleyfilegur kosningaróður eða kosningaspjöll:

1. Að safna undirskriftum undir áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi, svo og að undirskrifa slíkar áskoranir, fram yfir það, sem tekið er fram um meðmælendur með frambjóðendum og framboðslistum í 27. gr. og um yfirlýsingar um fylgi við nýja stjórnmalaflokka í 28. gr. Þó er stjórnmalafélagi, sem gert hefur ályktun um áskorun um framboð til þingmennsku innan héraðs, heimilt að koma ályktuninni á framfæri.
2. Að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum, ef kosning fari svo eða svo, að torvelða hjúi sínu eða öðrum, sem meñn hafa yfir að segja, sókn á kjörfund eða til utankjörfundarkjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningar.

- 80 3. Að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skrifuðum ávörpum eða auglýsingum á sjálfum kjörstaðnum, þ. e. í kjörfundarstofu, kjörklefa eða annars staðar í eða á þeim húsakynnum, þar sem kosning fer fram, svo og í næsta nágrenni.
7. sept. 4. Að gefa ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra, svo sem um nafn, aldur, búsetu í landinu, heimilisfang eða annað, sem leiðir eða leitt getur til þess, að maður verði settur á kjörskrá, sem ekki á rétt á að vera þar, eða maður ekki settur á kjörskrá eða tekinn út af kjörskrá, sem á rétt á að vera þar, eða maður verði látinn greiða atkvæði í stað annars manns, er stendur á kjörskrá, eða fyrr en manni ber samkv. kjörskránni.
- Hér undir heyrir sérstaklega, ef maður telur sig til málamynda heimilisfastan í kjördæmi, aðeins til þess að verða settur þar á kjörskrá.
5. Að gefa út villandi kosningaleiðbeiningar.
6. Að rangfæra atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með því að eyðileggja eða breyta atkvæði, sem greitt hefur verið, eða á annan hátt.

### XVIII. KAFLI

#### Kosningakærum.

##### 140. gr.

Nú kærir einhver kjósandi, að þingmann þann, er kosningu hlaut, skorti einhver kjörgengisskilyrði, eða að þingmaður eða framboðslisti hafi verið ólöglega framboðinn eða kosinn, svo að ógilda beri kosninguna, og skal hann þá innan 4 vikna frá því að kosningaúrslit voru auglýst, en þó áður en næsta Alþingi kemur saman, senda dómsmálaráðuneytinu kæru í tveimur samritum. Dómsmálaráðuneytið sendir þegar í stað frambjóðandanum, sem kæran varðar, eða ef um framboðslista er að ræða, umboðsmönnum listans, annað samritið, en hitt skal lagt fyrir Alþingi þegar í þingbyrjun.

##### 141. gr.

Kærum út af brotum á lögum þessum, að svo miklu leyti sem þau heyra ekki undir úrskurð hreppsnefnda og bæjarstjórna, kjörstjórna eða Alþingis, skal beina til hlutaðeigandi dómara, og fer um málareksturinn að hætti almennra lögreglu-mála, með þeirri undantekningu, er getur í 24. gr., nema um brot sé að ræða á hinum almennu hegningarlögum.

Enginn kjósandi, sem greitt hefur atkvæði við kosningar til Alþingis, skal skyldur að skýra frá því fyrir rétti í nokkru máli, hvernig hann hefur greitt atkvæði.

### XIX. KAFLI

#### Úrskurður Alþingis um gildi kosninga.

##### 142. gr.

Ef Alþingi berst kæra um að nýkosinn þingmann skorti skilyrði fyrir kjörgengi eða sé á annan hátt ólöglega framboðinn eða kosinn, rannsakar það kærana og fellir úrskurð um hana jafnframt því sem það rannsakar kjörbréf hvers nýkosins þingmanns ásamt gögnum þeim, er Alþingi berast frá yfirkjörstjórn viðvikjandi kosningu hans, og úrskurðar um gildi kosningarinnar á þann hátt, sem nánar er fyrir mælt í þingsköpum.

Ef þingmaður er ekki kjörgengur, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns, sem ætla má, að hafi

haft áhrif á úrslit kosningarinnar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda, og einnig án þess, ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafa vísitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Þegar um lista er að ræða, fer um alla þingmenn, kosna af listanum, eins og annars um einstakan þingmann, ef misfellurnar varða listann í heild.

Ef þingmaður hefur verið í kjöri í tveimur kjördæmum, eða á tveimur listum, eða fyrir fleiri stjórnmalaflokka en einn eða fyrir stjórnmalaflokk og jafnframt utan flokka við hinar sömu alþingiskosningar, úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda.

Eigi varðar það ógildingunni kosningar, þó gilt hafi verið metið atkvæði kjósanda utan kjörfundar, sem síðar hefur verið upplýst um, að hafi verið staddur á kjörstað á kjördegi (sbr. 96. og 100. gr.).

#### 143. gr.

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Ef kosning heils lista í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin þar endurtekin.

### XX. KAFLI

#### Hvernig varamenn taka þingsæti.

#### 144. gr.

Varamenn þingmanna í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, taka þingsæti eftir þeirri röð, sem þeir eru kosnir, þegar þingmenn þess lista, sem þeir eru kosnir á, falla frá eða forfallast, og án tillits til þess, hver þingmaður listans það er. Varamenn landskjörinna þingmanna taka þingsæti eftir hið stæðri reglu.

Ef þingmaður í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða landskjörinn þingmaður deyr, segir af sér þingmennsku eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti sem þingmaður út kjörtímabilið.

Ef þingmaður í kjördæmi, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, eða landskjörinn þingmaður forfallast sökum veikinda eða annars, á hann rétt á að láta varamann taka sæti sitt á meðan, en tilkynna skal hann forseta þeirrar deildar, er hann á sæti í, eða forseta sameinaðs Alþingis, ef Alþingi hefur ekki skipt sér í deildir, í hverju forföllin eru fólgin og hversu lengi þau munu vara. Ef varamaður tekur þingsæti í forföllum þingmanns, skal hann ekki sitja skemur en tvær vikur, nema Alþingi hafi verið rofið eða því slitið eða frestað áður.

Varamenn taka sæti í þeim nefndum innan Alþingis, er sá þingmaður sat í, er þeir taka sæti hans.

### XXI. KAFLI

#### Kostnaður.

#### 145. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna framkvæmda á lögum þessum fer sem hér segir:

1. Ríkissjóður greiðir framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf landskjörstjórnar og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er dómsmálaráðuneytið eða landskjörstjórn lætur í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði til afnota fyrir landskjörstjórn.



- 80 2. Sýslusjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf  
7. sept. yfirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er yfirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, svo og fyrir húsnæði, þar sem talning atkvæða fer fram.
3. Hreppssjóðir eða bæjarsjóðir greiða framlagðan nauðsynlegan kostnað við störf undirkjörstjórna og fyrir kjörgögn þau og áhöld, er undirkjörstjórnir láta í té samkvæmt lögum þessum, fyrir húsnæði til kjörfunda, svo og fyrir viðhald og endurnýjun atkvæðakassa með tilheyrandi pokum.

## XXII. KAFLI

### Refsiákvæði.

#### 146. gr.

Það varðar sektum frá 50—1000 kr., ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum, ef hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn, kjörstjórn, utankjörfundarkjörstjóri eða embættismaður haga fyrirskipaðri framkvæmd laga þessara vísitandi á ólöglegan hátt eða vanrækja hana.

Refsingunni má beita við hvern einstakan í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn eða kjörstjórn.

#### 147. gr.

Það varðar sektum frá 20—200 kr.:

1. Ef maður býður sig fram til þingmennsku, vitandi að hann er ekki kjörgengur.
2. Ef maður býður sig fram í fleiri kjördæmum en einu, eða á fleiri listum en einum, eða fyrir fleiri en einn stjórnmalaflokk eða fyrir stjórnmalaflokk og jafnframt sem utanflokkamaður.
3. Ef maður safnar undirskriftum um áskoranir um framboð til þingmennsku eða loforð um kjörfylgi fram yfir það, sem heimilað er í lögum þessum. Sömu refsingu sætir sá, sem undirskrifar slíkar áskoranir eða loforð, vitandi að lögleyfðri hámarkstölu er náð.
4. Ef kjósandi ónýtir af ásettu ráði atkvæðaseðil sinn við kosningu á kjörfundi eða við kosningu hjá utankjörfundarkjörstjóra (sbr. 72. og 95. gr.).
5. Ef kjósandi sýnir af ásettu ráði, hvernig hann kys eða hefur kosið (sbr. þó 92. gr.).
6. Ef maður njósna um, hvernig kjósandi kys eða hefur kosið.
7. Ef kjósandi gerir sér upp sjónleysi eða önnur forföll til þess að fá aðstoð við kosningu.
8. Ef maður aðstoðar kjósanda við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar eða ef kjósandi þiggur slíka aðstoð.
9. Ef kjósandi, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar og komið atkvæðinu til undirkjörstjórnar, er staddur innan þess kaupstaðar, þar sem atkvæðagreiðslan fer fram, eða í sveitum innan kjördeildarinnar og á þeim tíma, sem atkvæðagreiðslan fer fram, vanrækir að tilkynna undirkjörstjórn nærveru sína (sbr. 96. gr.).
10. Ef maður vanrækir af ásettu ráði að koma til skila atkvæðabréfi, sem honum hefur verið trúað fyrir, eða tefur vísitandi fyrir sendingu atkvæða og kjörgagna.
11. Ef maður sendir frá sér tvo eða fleiri kjörseðla með atkvæðum greiddum utan kjörfundar við hinar sömu alþingiskosningar (sbr. þó 66. gr.).
12. Ef maður gefur ónákvæmar eða villandi upplýsingar um sig eða aðra á þann hátt, sem greint er í 139. gr. 4. tölulið, ef ekki liggur þyngri refsing við eftir öðrum ákvæðum þessara laga eða eftir öðrum lögum.
13. Ef maður gefur út villandi kosningaleiðbeiningar.

## 148. gr.

80

7. sept.

- Það varðar 100—1000 króna sekt, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum:
1. Ef kjörstjórnarmaður eða utankjörfundarkjörstjóri njósnar um, hvernig kjósandi kys eða hefur kosið, eða gefur vísitandi villandi kosningaleiðbeiningar.
  2. Ef kjörstjórnarmaður segir frá, hvernig kjósandi, sem hann hefur aðstoðað, hefur greitt atkvæði.
  3. Ef kjörstjórnarmaður, utankjörfundarkjörstjóri, póstur eða sá, sem tekið hefur að sér flutning kjörgagna samkvæmt 57. gr. eða atkvæðakassa samkvæmt 104. gr., tefur fyrir, að það komist til skila.
  4. Ef maður torveldar hjúi sínu eða öðrum, sem hann á yfir að segja, sókn á kjörfund eða atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.
  5. Ef maður greiðir atkvæði á tveim stöðum við hinar sömu alþingiskosningar.

## 149. gr.

Það varðar 50—1000 króna sekt og missi kosningarréttar í 5 ár og fyrir fullt og allt við ítrekuð brot:

1. Ef maður ber fé eða friðindi á mann eða heitir manni fé eða friðindum til að hafa áhrif á, hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, eða ef maður sviptir mann eða ógnar manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni.
2. Ef maður tekur fé eða friðindi fyrir að greiða atkvæði, láta vera að greiða atkvæði eða að greiða atkvæði á ákveðinn hátt.

## 150. gr.

Það varðar betrunarhúsvinnu eða fangelsi og missi kosningarréttar:

1. Ef maður beitir þvingunarráðstöfunum eða ofbeldi eða hótunum um ofbeldi til að raska kosningafrelsi manns, annaðhvort á þann hátt að meina honum að greiða atkvæði eða að neyða hann til að greiða atkvæði á annan veg en hann vill.
2. Ef maður vísitandi rangfærir atkvæðagreiðslu, annaðhvort á þann hátt að glata atkvæði, breyta atkvæði, skemma eða glata atkvæðasendingu, búa til kjörseðla, er líkjast mjög þeim, sem notaðir eru við kosningu, og hagnýtir þá sjálfur eða lætur þá frá sér til þess að aðrir geti hagnýtt þá, rugla úrslit talmengar atkvæða eða á annan hátt.

## 151. gr.

Sektir allar samkvæmt lögum þessum renna í rikissjóð.

## XXIII. KAFLI

## Hvenær lögín öðlast gildi.

## 152. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskrárbreytingu þeirri, sem samþykkt er af Alþingi vorið 1942, og falla þá jafnframt úr gildi:

1. Lög nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.
2. Lög nr. 8 1937, um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis.
3. Lög nr. 15 1938, um breyting á lögum nr. 18 1934, um kosningar til Alþingis, svo og öll önnur ákvæði í lögum, er í bága kunna að koma við þessi lög.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Í kosningum þeim, sem fram fara næst eftir gildistöku þessara laga, skulu vera tveir kjördagar, þó ekki í þeim kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupþúns. Þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal í öllu svo

80 að farið sem fyrir er mælt í 104. gr., að því viðbættu, að kjörskráin og þau eftirrit  
7. sept. hennar, sem kjörstjórn hefur haft til afnota, skulu lögð með öðrum kjörgögnum í poka þann, sem innsiglaður er. Eftir að kjörfundur er settur hinn síðari kjördag, opnar kjörstjórn hinn innsiglaða poka og umslög, sem í honum eru, í viðurvist fram-  
bjóðenda eða umboðsmanna þeirra. Sé frambjóðandi eigi mættur eða umboðsmaður hans, kveður hún til valinkunnan mann að vera umboðsmaður frambjóðanda. Sé eigi unnt að fullnægja þessu ákvæði, má þó rjúfa innsigli, opna umslögin og hefja kosningu, þegar klukkustund er liðin frá setningu kjörfundar. Um hinn síðari kjördag gilda ákvæði XII. kafla laganna eftir því, sem við á.

Ef öll kjörstjórnin er sammála og allir frambjóðendur eða umboðsmenn þeirra, sem mættir eru, samþykkja, má kjörstjórn, þegar kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, ákveða, að eigi skuli vera fleiri kjördagar í kjördeildinni, enda sé kjörbókin undirrituð af frambjóðendum og umboðsmönnum, sem samþykkt hafa. Hafi 80% eða fleiri af kjósendum í kjördeildinni kosið eða fengið vottorð samkv. 85. gr., nægir einróma samþykki kjörstjórnar til slíkrar ákvörðunar.

Hinn fyrri kjördag skal setja kjörfund kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag kl. 12 á hádegi.

Við kosningar þessar skal hvergi á landinu hefja talningu atkvæða fyrr en kosningu er alls staðar lokið.

Fyrir kosningar þær, er fyrstar fara fram eftir lögum þessum, skal sinna kröfum um stofnun nýrra kjördeilda samkv. 6. gr., þótt þær komi ekki fram fyrr en 3 vikum á undan kosningum, enda skal þá nota staðfest eftirrit af kjörskrá hreppa eða hreppshluta, sem skipt hefur verið.

*Gjört í Reykjavík, 7. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## RÍKISSTJÓRABRÉF

um almennar kosningar til Alþingis.

81

7. sept.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt stjórnarskipunarlögum 1. sept. 1942, um breytingu á stjórnarskrá konugsríkisins Íslands, 18. maí 1920, og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934, ber að láta almennar alþingiskosningar fara fram.

Því mæli ég svo fyrir, að almennar kosningar til Alþingis skul fara fram sem hér segir:

Í kjördeildum, sem eru að öllu leyti innan takmarka kaupstaðar eða kaupsþings, sunnudaginn 18. október n. k.

Annars staðar sunnudaginn 18. október og mánudaginn 19. október n. k.

*Gjört í Reykjavík, 7. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

82

29. sept.

um breyting á lögum nr. 106 1941, um húsaleigu, og lögum nr. 126 1941,  
um viðauka við og breyting á þeim lögum.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur ljáð mér, að rannsókn hafi farið fram um núverandi húsnæðisvandræði í Reykjavík. Rannsókn þessi hefur leitt í ljós, að á annað hundrað fjölskyldur verði húsnæðislausar 1. október næstkomandi.

Til þess að ráða bót á þessu vandræða ástandi telur fjármálaráðherrann nauðsynlegt að breyta núgildandi húsaleigulögum í nokkrum atriðum.

Með því að ég fellst á að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni. tel ég það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessi leið:

**1. gr.**

Á tímabilinu frá 1. október 1942 til 14. maí 1943 getur bæjarstjórn Reykjavíkur tekið leigunámi handa húsnæðislausu fólki sumarhústaði og annað húsnæði í nágrenni bæjariðs (Gullbringu-, Kjósar- og Árnessýslum), sem er eða gera má hæft til íbúðar, enda sé húsnæðisþörf eigenda (notenda) ekki skert með leigunáminu.

Húsaleigunefnd Reykjavíkur ákveður leigumála eftir húsnæði það, sem um ræðir í 1. mgr., nema að samkomulag verði milli aðilja.

**2. gr.**

Samkvæmt kröfu bæjarstjórnar Reykjavíkur skal húsaleigunefnd láta framkvæma útburð á þeim utanhéraðsmönnum, sem tekið hafa húsnæði á leigu án leyfis húsaleigunefndar, sbr. 2. gr. laga nr. 126 1941, og skal þessu húsnæði ráðstafað til afnota handa húsnæðislausum innanhéraðsmönnum.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 29. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

83

17. júlí

**RÍKISSTJÓRABRÉF**

er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 4. ágúst 1942.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:*

Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis, 18. maí 1920, hefi ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar þriðjudaginn 4. ágúst n. k., kl. 14.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni.

*Gjört í Reykjavík, 17. júlí 1942.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

84

18. ágúst

**AUGLÝSING**

um samning um skipti á opinberum ritum milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, er birtist hér í frumriti og þýðingu.

Frumrit.

August 17th, 1942.

17. ágúst 1942.

Excellency:

I have the honor to refer to Your Excellency's notes of March 26, 1942 (Db. 4 nr. 174/1048), and August 12, 1942 (Db. 4 nr. 174/2614), concerning the exchange of official publications between the United States of America and Iceland.

I have been instructed to inform Your Excellency that my Government will be glad to undertake an exchange of official publications with the Government of Iceland, which shall be carried out in accordance with the following provisions:

1. The official exchange offices for the transmission of publications shall be, on the part of the United States of America, the Smithsonian Institution; and on the part of Iceland, the National Library of Iceland (Landsbókasafn Íslands).

2. The publications exchanged shall be received on behalf of the United States of America by the Library of Congress; and on behalf of Iceland by the National Library of Iceland.

Hr. ráðherra:

Ég leyfi mér virðingarfyllst að skirskota til erinda yðar dagsettra 26. marz 1942 (db. 4 nr. 174/1048) og 12. ágúst 1942 (db. 4 nr. 174/2614) varðandi skipti á opinberum ritum milli Bandaríkja Norður-Ameríku og Íslands.

Mér hefur verið falið að tjá yður, herra ráðherra, að ríkisstjórn mín muni fúslega vilja hafa skipti á opinberum ritum við íslensku ríkisstjórnina, sem fari fram samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Hinar opinberu stofnanir, sem hafa skulu á hendi framsendingu þeirra rita, sem skipzt skal á, skulu vera, af hálfu Bandaríkjanna the Smithsonian Institution og af hálfu Íslands Landsbókasafn Íslands.

2. Ritum þeim, sem skipzt er á, skal Library of Congress veita viðtöku af hálfu Bandaríkjanna, og Landsbókasafn Íslands af hálfu Íslands.

3. The Government of the United States of America shall furnish regularly one copy of each of the publications included in the attached List No. I.

4. The Government of Iceland shall furnish regularly one copy of each of the publications included in the attached List No. II.

5. Each party to the agreement shall bear the postal, railroad, steamship, and other charges arising in its own country.

6. Both parties express their willingness as far as possible to expedite shipments.

7. This agreement shall not be understood to modify any agreements concerning the exchange of official publications which may be in effect between departments or instrumentalities of the two Governments.

Since Your Excellency's notes of March 26 and August 12, 1942, expressed the approval of the Government of Iceland of the foregoing procedure, my Government will, upon the receipt of a corresponding note from Your Excellency, consider the agreement concluded and in effect from August 17, 1942.

Accept, Excellency, the renewed assurance of my highest consideration.

**Carlos J. Warner**  
Chargé d'Affaires ad interim.

His Excellency Ólafur Thors,  
Prime Minister of Iceland.  
Minister for Foreign Affairs etc., etc.

3. Ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku skal láta reglulega af hendi 1 eintak af sérhverju því riti, sem ræðir um í meðfylgjandi lista nr. I.

4. Íslenzka ríkisstjórnin skal láta reglulega af hendi 1 eintak af sérhverju því riti, sem ræðir um í meðfylgjandi lista nr. II.

5. Hvor samningsaðiljanna um sig skal bera þann póstkostnað, járnbrautarkostnað, gufuskipakostnað og annan kostnað, sem á kann að falla í þeirra eigin landi.

6. Báðir samningsaðiljar lýsa yfir vilja sínum til þess að hraða afgreiðslum að svo miklu leyti, sem það er á þeirra valdi.

7. Ekki ber að skilja samning þennan þannig að hann á nokkurn hátt rýri gildi samkomulaga, sem í gildi kunna að vera milli stjórnardeilda eða stofnana hinna tveggja ríkisstjórna varðandi skipti á opinberum ritum.

Þar sem erindi yðar, dagsett 26. marz og 12. ágúst 1942, létu í ljósi samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar á undanfarandi málsmeðferð, þá mun ríkisstjórn mín, herra ráðherra, þegar hún hefur veitt viðtöku hliðstæðu bréfi af yðar hálfu, líta svo á, að samningsgerðinni sé lokið, og að samningurinn gangi í gildi þann 17. ágúst 1942.

Ég bið yður, herra ráðherra, að vera fullviss um sérstaka virðingu mína.

**Charles J. Warner**  
sendifulltrúi.

Herra forsætisráðherra,  
utanríkisráðherra  
Ólafur Thors,  
Reykjavík.

#### Listi nr. I.

**Opinber rit, sem ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku ber að láta reglulega af hendi.**

Congress of the United States: House Journal, Senate Journal, Code of Laws and Supplements.

President of the United States: Annual Messages to Congress.

Department of Agriculture: Annual Report of the Secretary of Agriculture, Farmers' Bulletins, Yearbook.

- 84 Department of Commerce: Annual Report of the Secretary of Commerce, Bureau of the Census: Reports, Abstracts, Statistical Abstract of the United States (annual), Bureau of Foreign and Domestic Commerce: Foreign Commerce (weekly), Foreign Commerce and Navigation of the United States (annual), Survey of Current Business (monthly), Trade Information Bulletins, National Bureau of Standards: Technical News Bulletin, Weather Bureau: Monthly Weather Review.
- Department of Justice: Annual Report of the Attorney General.
- Department of Labor: Annual Report of the Secretary of Labor, Bureau of Labor Statistics: Bulletins, Monthly Labor Review.
- Department of State: Department of State Bulletin, Inter-American Series, Foreign Relations of the United States (annual), Statutes at Large, Treaty Series.
- Department of the Interior: Annual Report of the Secretary of the Interior, Fish and Wild Life Service: Bulletins, Investigational Reports, Bureau of Mines: Minerals Yearbook, Bureau of Reclamation: New Reclamation Era (monthly), National Park Service: General Publications.
- District of Columbia: Annual Report of the Government of the District of Columbia, Annual Report of the Public Utilities Commission.
- Federal Security Agency: Office of Education: School Life (monthly), Public Health Service: Public Health Reports (weekly), Social Security Board: Social Security Bulletin (monthly).
- Federal Works Agency: Public Roads Administration: Public Roads (monthly).
- Interstate Commerce Commission: Annual Report.
- Library of Congress: Annual Report of the Librarian of Congress.
- National Advisory Committee for Aeronautics: Annual Report with technical reports.
- National Archives: Annual Report.
- Navy Department: Annual Report of the Secretary of the Navy, Nautical Almanac Office: American Ephemeris and Nautical Almanac.
- Post Office Department: Annual Report of the Postmaster General.
- Smithsonian Institution: Annual Report.
- Treasury Department: Annual Report on the State of the Finances, Bureau of Internal Revenue: Annual Report of the Commissioner, Bureau of the Mint: Annual Report of the Director, Comptroller of Currency: Annual Report.
- War Department: Annual Report.

#### Listi nr. II.

**Opinber rit, sem íslenzku ríkisstjórninni ber að láta reglulega af hendi.**

- Alþingistiðindi (Parliamentary Gazette).
- Búnaðarbanki Íslands: Ársreikningur (Agricultural Bank of Iceland: Annual Report).
- Búnaðarfélag Íslands: Búnaðarrit (Agricultural Society of Iceland: Agricultural Bulletin).
- Eimskipafélag Íslands h.f.: Aðalfundur, Fundargerð og fundarskjöl, Reikningur, Skýrsla félagsstjórnarinnar (The Iceland Steamship Co., Ltd.: Minutes of Annual Meeting Constitution and Bylaws, Report of Balance, Report of Board of Directors).
- Fiskifélag Íslands: Ársrit, Íslenskt sjómannaalmanak. (Fisheries Association of Iceland: Annual Bulletin, Icelandic Seaman's Almanac).
- Fræðslumálaskrifstofan: Skýrslur (Bureau of Education: Reports).
- Hagstofan: Hagskýrslur Íslands, Hagtiðindi, Statistical Bulletin (Statistical Bureau of Iceland: Icelandic Statistical Reports, Statistical Bulletin in Icelandic, Statistical Bulletin in English).

Háskóli Íslands: Árbók, Kennsluskrá, Skýrslur atvinnudeildar (University of Ice- 84  
land: Annual Bulletin, Curriculum, Reports of University Research Institute of 18. ágúst  
Applied Science).

Hæstaréttardómar (Decisions of the Supreme Court).

Landsbanki Íslands (The National Bank of Iceland's Annual Report).

Landsbókasafnið: Ritaukaskrá (The National Library of Iceland: Catalogue of Ac-  
cessions).

Landssími Íslands (Annual Reports of the National Telephone and Telegraph System).

Póst- og símatíðindi (Post and Telegraph Gazette).

Rafmagnseftirlit ríkisins (Report of the State Supervisor of Electrical Services).

Skógræktarfélag Íslands: Ársrit (Forestry Association of Iceland: Annual Bulletin).

Stjórnarráðið: Lögbirtingablaðið, Ríkisreikningurinn, Stjórnartíðindi fyrir Ísland  
(Government of Iceland: Law Gazette, State Accounts, Government Gazette for  
Iceland).

Tryggingarstofnun ríkisins: Ársreikningur (Icelandic State Insurance Institution:  
Annual Report).

Útvegsbanki Íslands h.f.: Reikningur (The Fisheries Bank of Iceland, Ltd.: Annual  
Report).

Verzlunarráð Íslands: Skýrsla (The Chamber of Commerce of Iceland: Report).

August 17th, 1942.

Monsieur le Chargé d'Affaires,

I have the honour to refer to your note of today's date concerning the exchange of official publications between Iceland and the United States of America.

At the same time I have the honour to state that the Icelandic Government are pleased to undertake an exchange of official publications with the Government of the United States, and that they concur in the provisions outlined in your note under reply and do consider an agreement of the same content concluded and in effect as from August 17, 1942.

I have the honour to renew to you, Monsieur le Chargé d'Affaires, the assurance of my highest consideration.

Ólafur Thors.

M. Carlos J. Warner,  
American Chargé d'Affaires,  
Reykjavík.

17. ágúst 1942.

Herra sendifulltrúi,

Ég leyfi mér virðingarfyllst að skirskota til erindis yðar dagsetts í dag, varðandi skipti á opinberum ritum milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku.

Ég leyfi mér samtímis að staðfesta, að íslensku ríkisstjórninni er ánægja að því að stofna til skipta á opinberum ritum við ríkisstjórn Bandaríkjanna, og að hún er samþykk reglum þeim, sem gert er grein fyrir í fyrrnefndu erindi yðar, og lítur enn fremur svo á, að samningsgerðinni sé lokið, og að samningurinn gaagi í gildi þann 17. ágúst 1942.

Ég bið yður, herra sendifulltrúi, að vera fullviss um sérstaka virðingu mína.

Ólafur Thors.

Herra sendifulltrúi  
Charlos J. Warner.

Samningur þessi gildir frá 17. ágúst 1942.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utánríkisráðuneytið, 18. ágúst 1942.*

Ólafur Thors.



85

7. sept.

## TILSKIPUN

um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld  
í íslenskum skipum.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Samkvæmt 31. gr. siglingalaga frá 30. nóvember 1914 skipa ég svo fyrir um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum:

1. gr.

Aftan við bókstafslið A (Lyf til innvortis notkunar) III. töluliðs (Lyfjaskrin III)

2. greinar tilskipunarinnar bætist:

13. Blóðeitrunartölur (Tablettæ sulfanilamidi) 0,30 x XXV: 1 glas.

14. Lungnabólgtölur (Tablettæ sulfapyridini) 0,50 x XXV: 2 glös.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 7. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

86

9. sept.

## RÍKISSTJÓRABRÉF

um þinglausnir og þingrof.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi það er nú situr, 60. löggjafarþing, hefur samþykkt frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá ríkisins, 18. maí 1920, sbr. stjórnarskipunarlög nr. 22, 24. marz 1934 og nr. 78, 1. sept. 1942, og verður því samkvæmt 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. téð stjórnarskipunarlög, að rjúfa Alþingi.

Þingrof kemur þó ekki þannig til framkvæmda nú þegar, að umboð þingmanna falli niður á þessum degi, sbr. 3. gr. stjórnarskipunarlaganna nr. 78, 1. sept. 1942, en störfum yfirstandandi þings er hins vegar að verða lokið. Hef ég því ákveðið að slíta aukafundi Alþingis, 60. löggjafarþingi, í dag, miðvikudaginn 9. september 1942, en jafnframt mæli ég svo fyrir samkvæmt framansögðu, að Alþingi skuli rofið frá þeim degi að telja, er almennum kosningum til Alþingis verður lokið á þessu hausti.

*Gjört í Reykjavík, 9. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

87

15. sept.

um viðauka við lög nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér að nauðsyn beri til að stytta fresti þá, er um ræðir í 26. og 66. gr. laga nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, við kosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942.

Með því að ég fellst á að brýn nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

## 1. gr.

Við alþingiskosningar þær, er fram eiga að fara 18. og 19. okt. 1942, skulu öll framboð í kjördæmum tilkynnt hlutaðeigandi yfirkjörstjórn skriflega og eigi síðar en 28 dögum fyrir kjördag. Þegar landlistar eru bornir fram skulu þeir tilkynntir landskjörstjórn á sama hátt og eigi síðar en 27 dögum fyrir kjördag.

## 2. gr.

Þeir kjósendur, er neyta vilja kosningarréttar síns utan kjörfundar við alþingiskosningar 18. og 19. okt. 1942, eiga rétt á að greiða atkvæði úr því að 25 dagar eða styttri tími er til kjördags, en fari kosningin fram fyrir þann tíma, er hún ógild. Atkvæði telst greitt þann dag, sem fylgibréfið er dagsett.

## 3. gr.

Lög þessi þölast þegar gildi.

*Gjört á Þingvöllum, 15. september 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

## HAFNARLÖG

88

15. sept.

fyrir Grundarfjörð.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til hafnargerðar í Grundarfirði veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 200000 — tvö hundruð þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði Eyrarsveitar.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 300000 — þrjú hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Eyrarsveitar kann að

- 88 fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sveitarsjóðs og sýslunefndar Snæfellsnessýslu.  
15. sept. Tillagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

## 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Eyrarsveitar. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Eyrarsveitar.

## 4. gr.

Hafnarmerki skulu ákveðin í reglugerð.

## 5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Eyrarsveitar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, sem þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 500—20000 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

## 6. gr.

Hreppsnefnd Eyrarsveitar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

## 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn. Skal nefndin kosin á sama hátt og til sama tíma og aðrar fastanefndir, er hreppsnefnd kýs. Heimilt er þó að kjósa í nefndina menn, er ekki eiga sæti í hreppsnefnd.

## 8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og hreppsnefnd hefur ábyrgð á eignum hafnarinnar.

## 9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík

lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, 88  
sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd. 15. sept.

## 10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Grundarfjarðarhöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjagjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaupúinu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a og b.

## 11. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í rikissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkvæmt 10. gr., má taka lögtaki.

## 12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

## 13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjulíðum.

## 14. gr.

Nú hefur hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

## 15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhállans.

88

15. sept.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlök, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitar-sjóðs.

17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvíkjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Með mál þau, sem rísa út brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Þingvöllum, 15. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

89

15. sept.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 27. júní 1925, um innlenda skiptimynt.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. gr., 3. gr. og 4. gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:  
Fjármálaráðuneytið skal með reglugerð ákveða stærð, þunga og málmblöndu skiptimyntarinnar.

Greinatala laganna breytist samkvæmt þessu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Þingvöllum, 15. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## L Ö G

90

25. sept.

## um lendingarbætur á Skálum.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til lendingarbóta á Skálum, Sauðaneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu, skal úr ríkissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðherra hefur samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 75 þús. kr., gegn jafnmiklu tillagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Skálakaupfélagsins að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 75 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Sauðaneshrepps kann að taka í innlandri lánsstofnun til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færan.

## 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar, eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Skálakaupfélagsins. Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, ella greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

## 4. gr.

Meðfram strandlengju lendingarinnar eða lendingarbótunum, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Sauðaneshrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum 1000—10000 kr.

## 5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Sauðaneshrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Sauðaneshrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

90

25. sept.

6. gr.  
Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Hreppssjóður Sauðaneshrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis atvinnuáráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árslegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Skálakauptúns allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskveiða frá Skálum, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka Skálalendingar, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. dag desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðs að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnuáráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Sauðaneshrepps semur og atvinnuáráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

91

25. sept.

## um raforkusjóð.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkusjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að því, að gerðar verði rafveitur og reist verði raforkuver og raforkustöðvar í sveitum, kauptúnum og hinum smærri kaupstöðum.

## 2. gr.

Ríkissjóður leggur fram til raforkusjóðs af tekjuafgangi áráanna 1941 og 1942 10 millj. kr. og 500 þús. krónur á ári eftir 1942. Nú nema  $\frac{2}{5}$  hlutar tekjuafgangs áráanna 1941 og 1942 ekki hinni tilteknu upphæð, og skal það, sem á vantar, þá lagt fram úr framkvæmdasjóði ríkisins.

Fé raforkusjóðs skal geymt og ávaxtað í banka.

## 3. gr.

Raforkusjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

## 4. gr.

Ekki má greiða fé úr sjóðnum, fyrr en Alþingi hefur sett nánari ákvæði um fjárveitingar úr honum.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

92

25. sept.

## um sölu þjóðjarðanna Ólafsvíkur og Ytri-Bugs.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafsvíkurhreppi þjóðjarðirnar Ólafsvík í Ólafsvíkurhreppi og Ytri-Bug í Fróðárhreppi.



**92** Lönd þau, er Ólafsvikurhreppur eignast í þessum kaupum, er honum óheimilt að  
25. sept. selja, en heimilt er honum að leigja þau, og fer um leiguna samkv. reglugerð, er sam-  
þykkt sé af ríkisstjórn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**93**  
25. sept.

## L Ö G

um að reisa nýjar síldarverksmiðjur.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Ríkið lætur reisa nýjar síldarverksmiðjur á þessum stöðum:

1. Á Siglufirði .....	10	þúsund	mála	verksmiðju.
2. – Sauðárkróki .....	5	—	—	—
3. – Raufarhöfn .....	5	—	—	—
4. – Húsavík .....	9	—	—	—
5. – Skagaströnd .....	5	—	—	—
6. – Hólmavík .....	5	—	—	—

Enn fremur lætur ríkið reisa verksmiðju til herzlu síldarlýsis, þegar rannsóknir  
sýna, að það sé tímabært.

2. gr.

Til byrjunarframkvæmda samkv. 1. gr., sem hefjist svo fljótt sem ástæður leyfa,  
heimilast ríkisstjórninni að taka lán innan lands fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt  
að 10 milljónir króna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur verksmiðja þeirra, er um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti  
eftir lögum nr. 1 1. janúar 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Magnús Jónsson.*

## L Ö G

94

25. sept.

um breyting á lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 24. gr. laganna í stað „kr. 4500.00“ komi: kr. 7000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1942.

*Gjört í Reykjavík, 25. september 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

## AUGLÝSING

95

5. nóv.

um staðfestingu ríkisstjóra á reglugerð fyrir lærdómsdeild  
Verzlunarskóla Íslands.

Samkvæmt tillögum ráðuneytisins hefur ríkisstjóri staðfest eftirfarandi reglugerð fyrir lærdómsdeild Verzlunarskóla Íslands.

1. gr.

Verzlunarskóli Íslands hefur heimild til að starfrækja lærdómsdeild samkvæmt reglugerð þessari. Burtfararpróf úr henni nefnist stúdentspróf og jafngildir það samskonar prófi Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans á Akureyri.

2. gr.

Námið í lærdómsdeild og prófið sjálft skal ná yfir þessar námsgreinar: íslenzku, ensku, þýzku, frönsku, latínu, dönsku, sögu, framleiðslu og vörufræði (náttúrufræði, efna- og eðlisfræði) stærðfræði, bókfærslu og endurskoðun, hagfræði og stjórnfræði.

3. gr.

Skipta skal vikustundum námsgreina sem næst því sem hér segir, miðað við tvö skólaár:

Íslenzka .....	2	2	4
Enska .....	5	4	9
Þýzka .....	2	2	4
Franska .....	5	5	10
Latína .....	4	„	4
Danska .....	1	„	1

95	Saga .....	2	2	4
5. nív.	Framleiðslu- og vörufræði (náttúrufræði, efna- og eðlisfræði) .	4	4	8
	Stærðfræði .....	5	5	10
	Bókfærsla og endurskoðun .....	2	2	4
	Hagfræði og stjórnfræði .....	2	2	4
		31	31	62

Enn fremur skulu nemendur fullnægja kröfum skólans um íþróttaiðkanir og söng.

Námsefni og markmið kennslunnar skal vera sem hér segir: Í námsgreinum þeim, sem sameiginlegar eru verzlunardeildinni og lærdómsdeildinni skal náminu í þeirri síðarnefndu hagað þannig að það taki við af námi hinnar fyrrnefndu. Verzlunarprófið veitir rétt til þess að stunda nám í lærdómsdeildinni, samkvæmt nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar, enda hafi kennsla undir verzlunarprófið verið miðuð við fjögurra ára nám og nái yfir þær námsgreinar, sem nú skal greina og kennslustundafjöldi sem næst því, er hér segir: íslenska 16, enska 19, þýzka 14, danska 14, bókfærsla 15, reikningur og stærðfræði 15, saga 8, landafræði 6, hagfræði 4, verzlunarréttur 4, vörufræði 2, stjórnfræði 1, enn fremur sé kennd vélritun, hraðritun og skrift og stundaðar íþróttir.

Annars skal námsefni og markmið kennslu í lærdómsdeild vera sem hér segir:

**Íslenska:** Leggja skal sérstaka áherzlu á lestur og skýringu íslenskra bókmennta, einkum kveðskapar og á vandvirkni og lipurð nemenda í meðferð móðurmálsins í ræðu og riti.

**Enska:** Nemendur skulu einkum æfdir í lestri og meðferð ensks nútímamáls og þar á meðal lesa nokkuð af kveðskap og ritum eða ritgerðum um viðskiptamál og hagfræði. Þeir skulu lesa undir umsjón kennara að minnsta kosti eitt samfelld rit og gera skriflegar æfingar.

**Þýzka:** Nemendur skulu einkum æfdir í lestri og meðferð þýzks nútímamáls og þar á meðal lesa nokkuð af kveðskap og ritum eða ritgerðum um verzlunarmál og hagfræði. Þeir skulu lesa undir umsjón kennara að minnsta kosti eitt samfelld rit og gera skriflegar æfingar.

**Franska:** Nemendur skulu læra góðan frumburð á málinu og meginatriði franskrar málfræði. Þeir skulu lesa svo mikið í frönsku máli, að þeir verði samilega læsir á franskar bækur almenns efnis. Svo skal og hafa nokkrar æfingar í kennslustundum, munnlegar eða skriflegar, eftir því, sem tími vinnst til.

**Latína:** Nemendur skulu læra vel beygingarfræðina og kynnast helztu frumgreinum setningafræðinnar. Til styrktar málfræðináminu skulu þeir lesa eins mikið í óbundnu máli latnesku og tími vinnst til. Til stuðnings málfræðináminu má hafa skriflegar æfingar öðru hvoru. Nemendum skal bent á latneska orðstofna í nýju málunum, einkum í fræðiorðum, eftir því sem tók eru á. Kennslunni má einnig haga aðallega á þann hátt — sérstaklega eða í sambandi við kennslu nýju málanna —, að kenna notkun og uppruna alþjóðlegra orða og fræðiheita þeirra greina, sem helzt heyra til almennri menntun og undirbúningi undir háskólanám. Ef þessum skilyrðum er fullnægt er skólanum heimilt að taka upp að öðru leyti í stað latínu spænskukennslu, eins og hann hefur haft, eða ítölskukennslu eða aukna frönsku-kennslu.

**Danska:** Nemendur skulu lesa texta úr dönsku nútímamáli, eftir föngum rit eða ritgerðir um viðskiptamál og hagfræði. 95  
5. nóv.

**Saga:** Nemendur skulu hafa á valdi sínu greinilegt yfirlit um almenna sögu, helztu atburði hennar og menn og kunna skil á sambandi þeirra. Þeir skulu einnig kynnast frumatriðum sögufræðinnar um söguheimildir og söguskilning. Leggja skal eftir föngum áherzlu á sögu seinustu tíma og stjórnarfars og hagsögu.

**Framleiðslu- og vörufræði (náttúrufræði, efnafræði og eðlisfræði):** Nemendur skulu hafa lært ágríp dýrafræði og grasfræði og nokkur höfuðatriði eðlisfræði, efnafræði og jarðfræði. Kennslunni skal eftir föngum hagað með tilliti til þess, að nemendur kynnist islenskum náttúru- og framleiðsluskilyrðum og vörum. Þegar kennsla í þessum greinum fer fram til verzlunarprófs skal skólastjóri samræma kennslu og kennslustundafjölda í báðum deildum.

**Stærðfræði:** Nemendur skulu læra notkun stærðfræði og æfast í exakt hugsun. Þeir skulu læra algebru og geometríu og allýtarlegt ágríp af hornafræði.

**Bókfærsla og endurskoðun:** Nemendur skulu læra og æfast eftir föngum í helztu atriðum sem snerta endurskoðun, gagnrýningu reikninga og status og helztu viðskiptavenjur í sambandi við þetta.

**Hagfræði og stjórnfræði:** Nemendur skulu læra almenna og hagnýta hagfræði og yfirlit um stjórnarfar og félagsmál með sérstöku tilliti til Íslands.

#### 4. gr.

Til þess að stunda nám í lærdómsdeildinni þarf nemandi að hafa hlotið við verzlunarpróf lágmarkseinkunnina 5,67, nema sérstök heimild skólastjóra komi til, og getur hann þá krafizt þess að nemandi taki upp eitthvað af burtfararprófinu. Nemandi, sem lokið hefur bæði gagnafræðaprófi og verzlunarprófi, getur fengið að sleppa til stúdentsprófsins þeirri náttúrufræði, sem hann, að mati skólastjóra, hefur tekið gagnfræðapróf í. Utanskólanemandi, sem ætlar að ganga undir stúdentspróf, skal senda skólastjóra umsókn um það og skal fylgja henni greinileg skýrsla um, hvað nemandinn hafi lesið, í hvaða skóla eða hjá hvaða kennara hann hafi stundað nám og vottorð um þessi og önnur efni, sem nauðsynleg teljast.

#### 5. gr.

Próf milli bekkja og stúdentspróf fara að jafnaði fram í lok skólaárs. Ef sérstaklega stendur á getur skólastjórinn fært próftímamann að einhverju eða öllu leyti. Undir stúdentspróf getur nemandi ekki gengið fyrr en liðið er eitt ár frá því að hann lauk verzlunarprófi. Ef lengri tími líður milli prófanna en fimm ár, getur skólastjóri ákveðið, ef honum þykir ástæða til, að nemandinn taki upp aftur verzlunarprófið eða eitthvað af því. Til þess að flytjast milli bekkja þarf nemandinn lágmarks-einkunnina 4,25. Til þess að standast stúdentspróf má aðaleinkunn hans ekki vera lægri en 4,25. Rita skal einkunnir allar í löggilta einkunnabók. Á sama hátt skal rita einkunnir á prófskírteini þau, sem nemendur fá að prófi loknu. Einkunnir skal miða við Örstedskerfi.

#### 6. gr.

Stúdentsprófið skal sýna, hvort nemandi hafi öðlast þá þekkingu, er reglugerð skólans gerir ráð fyrir, og hlotið þann þroska, sem útheimtist til þess, að stunda nám við háskóla eða aðrar æðri menntastofnanir.

Stúdentspróf er munnlegt og skriflegt (verklegt).

95 Prófa skal bæði munnlega og skriflega (verklega) í íslenzku, dönsku, ensku og  
5. nóv. þýzku.

Skriflega prófið skal vera:

í íslenzku: ritgerð, nemendur skulu fá að velja á milli eigi færri en þriggja verkefna,

í dönsku: þýðing úr íslenzku á dönsku eða (og) ritgerð á dönsku,

í ensku: still eða (og) ritgerð,

í þýzku: still eða (og) ritgerð.

Skólastjóri getur látið skriflegar úrlausnir koma í stað munnlegs prófs í einstökum greinum og ákveðið hvort sleppa megi einhverju námsefni eða hluta þess, sem áður hefur verið prófað í, og setur að öðru leyti reglur um prófið samkvæmt reglugerð þessari.

Prófdómara skipar kennslumálaráðuneytið í samráði við skólastjóra.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 5. nóvember 1942.*

**Magnús Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

96  
5. nóv.

## RÍKISSTJÓRABRÉF

er stefnir Alþingi saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenska ríkis, 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 14. nóvember 1942, kl. 14.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, og hefst hún kl. 13.

*Gjört í Reykjavík, 5. nóvember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**STJÓRNARSKIPUNARLÖG**

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920,  
sbr. stjórnarskipunarlög 24. marz 1934 og 1. sept. 1942.

97

16. des.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á stjórnarskipunarlög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 3. málgr. 75. gr. stjórnarskrárinnar bætist ný málgr., svo hljóðandi: Þegar Alþingi samþykkir þá breytingu á stjórnarskipunarlögum Íslands, sem greinir í ályktunum þess frá 17. maí 1941, hefur sú samþykkt eins þings gildi sem stjórnarskipunarlög, er meiri hluti allra kosningabærra manna í landinu hefur með leynilegri atkvæðagreiðslu samþykkt hana. Þó er óheimilt að gera með þessum hætti nokkrar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, sem beinlínis leiðir af sambandslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*

**RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR**

um breytingu um stundarsakir á konungsráðgjafi 29. des. 1924,  
um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

98

16. des.

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Að ég hér með samkvæmt tillögu forsætisráðherra set eftirfarandi ákvæði:

Forsætisráðherra dr. juris Björn Þórðarson fer með öll þau mál, er samkvæmt konungsráðgjafi 29. des. 1924 heyra undir forsætisráðherra, nema utanríkismál. Auk þess fer hann með kirkjumál, heilbrigðismál, — þar undir sjúkrahús og heilsu-  
hæli, — svo og tryggingamál, sveitarstjórnarmál, — þar undir fátækramál og atvinnubótafé.

Utanríkis- og atvinnumálaráðherra Vilhjálmur Þór fer með utanríkismál og þau mál, er samkvæmt téðum konungsráðgjafi heyra undir atvinnu- og samgöngumálaráðherra, og ekki eru með þessum úrskurði falin öðrum ráðherrum.

Dóms- og menntamálaráðherra dr. juris Einar Arnórsson fer með öll þau mál, er samkvæmt téðum konungsráðgjafi heyra undir dóms- og kirkjumálaráðherra, og ekki eru með þessum úrskurði falin öðrum ráðherra.

- 98 Fjármála- og viðskiptamálaráðherra Björn Ólafsson fer með öll þau mál, er  
16. des. samkvæmt téðum konungsúrskurði heyra undir fjármálaráðherra, og auk þess  
verzlunarmál, önnur en útflutningsverzlun.

*Gjört í Reykjavík, 16. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*

- 99  
19. des.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 79 frá 1. sept. 1942, um dómnefnd í verðlagsmálum.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laga nr. 79/1942 orðist svo:

Ríkisstjórnin getur ákveðið með auglýsingu, að ekki megi frá útgáfudegi auglýsingar og þar til nánar verður ákveðið, þó ekki lengur en til loka febrúarmánaðar 1943, selja nokkra vöru í heildsölu eða smásölu, innlenda eða erlenda, við hærra verði en lægst var á henni á hverjum stað hinn 18. des. 1942. Sams konar bann við hækkan verðlags má og láta taka til farmgjalda og flutninga á landi, sjó og í lofti, viðgerða, smíða, saumaskapar, prentunar og annars slíks. Ef ágreiningur eða vafi verður um það, við hvaða verðlag skuli miða, sker dómnefnd úr.

Dómnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur hún bæði af sjálfsdáðum og að fyrirlagi ráðuneytisins vald og skyldu til að ákveða hámarksverð á hvers konar vöru og verðmæti, sem í 1. málsg. segir, þar á meðal hámark álagningar, umboðs-launa og annarrar þóknunar, sem máli skiptir um verðlag í landinu. Svo getur dómnefnd og úrskurðað um aðra kostnaðarliði, sem máli skipta um verðlagningu á vöru. Þá getur dómnefnd ákveðið greiðslu fyrir flutninga, viðgerðir, smíðar, saumaskap, prentun og því um líkt.

Ákvæði 1. og 2. málsg. taka ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum milli réttra aðila.

2. gr.

1. málsliður 3. málsg. 12. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglugerð, er sett kynni að verða samkvæmt þeim, eða ákvæðum auglýsingar samkvæmt 1. mgr. 5. gr., varða sektum frá 100—100000 krónum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

# AUGLÝSING RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

100

19. des.

um bann gegn verðhækkun.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga frá 19. des. 1942 er hér með bannað að selja í heildsölu eða smásölu á landi hér nokkra vöru innlenda eða erlenda við herra verði en lægst var á henni á hverjum stað 18. des. 1942. Bann þetta um hækkun verðlags tekur og til farmgjalds og flutninga á landi, lofti og sjó, viðgerða, smíða, saumaskapar, prentunar og annars slíks.

Ákvæði þessi gilda fyrst um sinn til og með 28. febr. 1943.

Brot á ákvæðum auglýsingar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga 19. des. 1942 og 12. gr. laga nr. 79/1942.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## RÍKISSTJÓRAÚRSKURÐUR

101

22. des.

um breyting á ríkisstjóraúrskurði 16. des. 1942.

um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924,

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég hér með, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, set eftirfarandi ákvæði:

Af málum þeim, sem samkvæmt ríkisstjóraúrskurði 16. desember 1942, um breytingu um stundarsakir á konungsúrskurði 29. des. 1924, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., heyra undir forsætisráðherra og atvinnumálaráðherra, fer félagsmálaráðherra Jóhann Sæmundsson með alþýðutryggingamál, húsnæðismál og byggingafélög, sveitarstjórnarmál, — þar undir fátækramál og atvinnubótafé, — og önnur félagsmál.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*



## L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur í janúar 1943.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Þar til samþykkt hafa verið og staðfest fjárlög fyrir árið 1943, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1942, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu eða heimiluð til eins árs í senn.

Með sama hætti er framlengd heimild til handa stjórnnum Landsbankans og Búnaðarbankans til lífeyrisgreiðslna.

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. febr. 1943.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1943.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 71 28. nóv. 1919, um laun embættismanna.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknar hafa að byrjunarlaunum 3500 krónur, en launin hækka eftir hver 5 ár um 400, 300 og 300 kr. í þessari röð upp í 4500 kr.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka dýralæknar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1943.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

104

28. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1943 með viðauka.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1943 að innheimta með 40% viðauka vitagjald, þær aukatekjur ríkissjóðs, sem taldar eru í lögum nr. 27 27. júní 1921, I.—VI. kafla, og stimpilgjald samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1921.

## 2. gr.

Viðaukann skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um 40%, en broti úr cyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Rísi ágreiningur um það, hvort reikna skuli gjald með 40% viðauka eða ekki, sker fjármálaráðuneytið úr.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1943.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*

## L Ö G

105

28. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1943.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1943 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*

